ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 49

25. árgangur

26.7.2018

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2018/EES/49/01 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1943 frá 4. nóvember 2016 um notkun á paraffínolíu til að húða egg til að stýra stofnstærð varpfugla skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 1

2018/EES/49/02 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1950 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja ekki tiltekin sæfandi, virk efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 3

2018/EES/49/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1282 frá 14. júlí 2017 um að samþykkja ekki 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 8

2018/EES/49/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2334 frá 14. desember 2017 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 9

2018/EES/49/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2317 frá 13. desember 2017 um viðurkenningu á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt..... 11

2018/EES/49/06 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/894 frá 24. maí 2017 um breytingu á III. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar arfgerðargreiningu sauðfjár..... 13

2018/EES/49/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/338 frá 7. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldissvín, gyltur, aukategundir svína til eldis eða undaneldis, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, allar aðrar fuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og fráfærugrísi (leyfishafi er BASF SE) 16

2018/EES/49/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/347 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir smágrísi og gyltur og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1847/2003 og (EB) nr. 2036/2005 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) 20

2018/EES/49/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/129 frá 25. janúar 2018 um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 23

2018/EES/49/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/130 frá 25. janúar 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Berg and Schmidt GmbH Co. KG) 27

2018/EES/49/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/327 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sem fóðuraukefni fyrir vatnakarpa (leyfishafi er Huvepharma NV) 30

2018/EES/49/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/328 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Adisseo France SAS) 33

2018/EES/49/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/346 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 36

2018/EES/49/14 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/221 frá 15. febrúar 2018 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla 39

2018/EES/49/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/222 frá 15. febrúar 2018 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins sem annast vöktun á veiru- og bakteríu-mengun í samlokum 41

2018/EES/49/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/70 frá 16. janúar 2018 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, klórpýrifosmetýl, sýprókónasól, dífenókónasól, flúasínam, flútríafól, próhexadíón og natríumklóríð í eða á tilteknum afurðum..... 43

2018/EES/49/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/73 frá 16. janúar 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kvikasilfurssambönd í eða á tilteknum afurðum..... 72

2018/EES/49/18 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/78 frá 16. janúar 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2-fenýlfenól, bensúlfúrónmetýl, dímetaklór og lúfenúrón í eða á tilteknum afurðum 85

2018/EES/49/19 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/62 frá 17. janúar 2018 um að skipta út I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 110

2018/EES/49/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2469 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur vegna umsókna sem um getur í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði 183

2018/EES/49/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði 191

2018/EES/49/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2468 frá 20. desember 2017 um stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði 321

2018/EES/49/23 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/155 frá 31. janúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun 330

2018/EES/49/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1354 frá 20. júlí 2017 um hvernig eigi að leggja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB 335

2018/EES/49/25 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013 frá 2. ágúst 2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara 339

2018/EES/49/26 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum 365

2018/EES/49/27 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/55 frá 9. janúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar að bæta Lýðveldinu Singapúr við þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi 379

2018/EES/49/28 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1128 frá 14. júní 2017 um flytjanleika efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri á innri markaðnum 383

2018/EES/49/29 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB 394

2018/EES/49/30 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/336 frá 8. mars 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint..... 399

2018/EES/49/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1515 frá 31. ágúst 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið fyrir viðmiðunarárið 2018 512

2018/EES/49/32 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/561 frá 29. janúar 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar kröfur um prótín í stoðblöndum 530

2018/EES/49/33 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1951 frá 25. október 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 með því að framlengja hana til 2020 533

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1943 **2018/EES/49/01**

frá 4. nóvember 2016

um notkun á paraffínolíu til að húða egg til að stýra stofnstærð varpfugla skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 3. mars 2016 fór Bretland þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún tæki ákvörðun, skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um það hvort paraffínolía, sem er notuð til að húða egg varpfugla, s.s. gæsa og máva, til að stýra stofnstærð þeirra og takmarka þann möguleika að fuglar rekist á loftför á og í kringum flugvelli og flughafnir, sé sæfivara að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Samkvæmt upplýsingum sem Bretland lagði fram fá fósturvísar, sem eru að þroskast, ekki nægilegt súrefni þegar eggin eru olíuhúðuð því olían stíflar gropur í eggjaskurninni sem leiðir til þess að fuglafósturvísarnir kafna.

3) Mikilvægt er að taka fyrst til athugunar hvort paraffínolía, sem er notuð til að olíuhúða egg, uppfyllir skilgreininguna á sæfivöru eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

4) Paraffínolía uppfyllir skilyrði skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar fyrir „efni“ eða „blöndu“ í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]).

5) Paraffínolíu er ætlað að stýra stofnstærð varpfugla, s.s. gæsa og máva, sem uppfylla skilgreininguna á skaðlegri lífveru sem mælt er fyrir um í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar eð þeir geta haft skaðleg áhrif á dýr eða menn.

6) Upplýsingarnar sem liggja fyrir benda til þess að paraffínolía sé notuð til að olíuhúða egg í þeim tilgangi að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti.

7) Þar eð paraffínolía myndar eingöngu áþreifanlega hindrun fyrir öndunarstarfsemi marklífverunnar og efnafræðileg eða líffræðileg verkun paraffínolíu á sér aldrei stað er ekki hægt að líta svo á að henni sé ætlað að virka efnafræðilega á lífveruna.

8) Þar eð paraffínolía kemur eingöngu í veg fyrir áhrif skaðlegra lífvera með öðrum áhrifum en eðlisfræðilegum eða vélrænum uppfyllir hún ekki skilgreininguna á sæfivöru, eins og kveðið er á um skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Paraffínolía er ekki sæfivara að því er varðar a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þegar hún er notuð til að húða egg til að stýra stofnstærð varpfugla.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 90. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1950 **2018/EES/49/02**

frá 4. nóvember 2016

um að samþykkja ekki tiltekin sæfandi, virk efni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með 2. hluta II. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir samsetningar virks efnis/vöruflokks sem fengu ekki stuðning 4. ágúst 2014 og þar sem hver einstaklingur gat tilkynnt um áhuga sinn á að taka yfir hlutverk þátttakanda vegna eins eða fleira þessara samsetninga efna og vöruflokka innan tólf mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar skv. 3. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Nokkrum samsetningum efnis/vöruflokks hefur ekki verið sýndur áhugi eða, ef áhugi var sýndur, tilkynningu verið hafnað skv. 4. eða 5. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014.

3) Í samræmi við 20. gr. þeirrar reglugerðar ætti ekki að samþykkja þessar samsetningar efna og vöruflokka til notkunar í sæfivörur.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Virku efnin, sem skráð eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, eru ekki samþykkt í vöruflokkana sem þar eru tilgreindir.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 300, 8.11.2016, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

VIÐAUKI

Samsetningar virks efnis/vöruflokks sem eru ekki samþykktar:

— samsetningar efnis/vöruflokks í töflunni hér á eftir, þ.m.t. öll nanóefnaform,

— öll nanóefnaform allra samsetninga efnis/vöruflokks í töflunni í 1. hluta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014 fyrir utan þau nanóefnaform, sem eru skráð í þá töflu, og

— öll nanóefnaform allra samsetninga virks efnis/vöruflokks sem hafa fengið samþykki 4. ágúst 2014, fyrir utan þau sem hafa fengið sérstakt samþykki.

Færslunúmer í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014	Efnaheiti	Skýrslugjafar-aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur eða vöruflokkar
1021	1,3-díklór-5,5-dímetýlhýdantóín (endurskilgreint skv. 152. færslu)	NL	204-258-7	118-52-5	11
166	setalkóníumklóríð (sjá færslu 948)	IT	204-526-3	122-18-9	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
167	bensýldímetýl(oktadekýl)ammóníumklóríð (sjá færslu 948)	IT	204-527-9	122-19-0	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
213	bensódódekíníumklóríð (sjá færslu 948)	IT	205-351-5	139-07-1	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
214	míristalkóníumklóríð (sjá færslu 948)	IT	205-352-0	139-08-2	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
331	dídekýldímetýlammóníumbrómíð (sjá færslu 949)	IT	219-234-1	2390-68-3	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
384	dímetýldíoktýlammóníumklóríð (sjá færslu 949)	IT	226-901-0	5538-94-3	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
399	bensýldódekýldímetýlammóníumbrómíð (sjá færslu 948)	IT	230-698-4	7281-04-1	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
418	kísildíoxíð — myndlaust	FR	231-545-4	7631-86-9	18
449	koparsúlfat	FR	231-847-6	7758-98-7	2
554	p-[(díjoðmetýl)súlfónýl]tólúen	UK	243-468-3	20018-09-1	2
587	dekýldímetýloktýlammóníumklóríð (sjá færslu 949)	IT	251-035-5	32426-11-2	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
601	bensýldímetýlóleýlammóníumklóríð (sjá færslu 948)	IT	253-363-4	37139-99-4	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
615	3-fenoxýbensýl-(1RS,3RS;1RS,3SR)-3-(2,2-díklórvínýl)-2,2-dímetýlsýklóprópankar-boxýlat (permetrín)	IE	258-067-9	52645-53-1	9

Færslunúmer í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014	Efnaheiti	Skýrslugjafar-aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur eða vöruflokkar
637	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-kókosalkýldímetýl, klóríð (sjá færslu 948)	IT	263-080-8	61789-71-7	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
638	fjórgreind ammóníumsambönd, díkókos-alkýldímetýl, klóríð (sjá færslu 949)	IT	263-087-6	61789-77-3	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
639	fjórgreind ammóníumsambönd, bis(hert tólgaralkýl)dímetýl, klóríð (sjá færslu 949)	IT	263-090-2	61789-80-8	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
647	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C8-18-alkýldímetýl, klóríð (sjá færslu 948)	IT	264-151-6	63449-41-2	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
668	fjórgreind ammóníumsambönd, dí-C6-12-alkýldímetýl, klóríð (sjá færslu 949)	IT	269-925-7	68391-06-0	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
670	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C8-16-alkýldímetýl, klóríð (sjá færslu 948)	IT	270-324-7	68424-84-0	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
689	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C10-16-alkýldímetýl, klóríð (sjá færslu 948)	IT	273-544-1	68989-00-4	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
692	amín, C10-16-alkýldímetýl, N-oxíð	PT	274-687-2	70592-80-2	2
697	fjórgreind ammóníumsambönd, dí-C8-18-alkýldímetýl, klóríð (sjá færslu 949)	IT	277-453-8	73398-64-8	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
1000	díhýdrogenbis[mónóperoxýþalat(2-)-O1,OO1]magnesat(2-)-hexahýdrat	PL	279-013-0	14915-85-4	2
998	dísartréskjarni, þó ekki úr kjörnum Azadirachta Indica sem dregnir eru út með vatni og unnir frekar með lífrænum leysum og ekki úr kaldpressaðri olíu úr kjörnum Azadirachta Indica sem dregnir eru út með koltvísýringi í yfirmarksástandi	DE	283-644-7	84696-25-3	18

Færslunúmer í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014	Efnaheiti	Skýrslugjafar-aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur eða vöruflokkar
741	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C8-18-alkýldímetýl, brómíð (sjá færslu 948)	IT	293-522-5	91080-29-4	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
1020	1,3-díklór-5-etýl-5-metýlimídasólidín-2,4-díón (endurskilgreint skv. 777. færslu)	NL	401-570-7	89415-87-2	11
778	1-(4-klórfenýl)-4,4-dímetýl-3-(1,2,4-tríasól-1-ýlmetýl)pentan-3-ól (tebúkónasól)	DK	403-640-2	107534-96-3	9
805	myndefni dímetýladípats, dímetýlglútarats, dímetýlsúksínats og vetnisperoxíðs (Perestane)	HU	432-790-1	Á ekki við	2
923	alkýlbensýldímetýlammóníumklóríð/bensalkóníumklóríð (sjá færslu 948)	IT	Blanda	8001-54-5	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
949	fjórgreind ammóníumsambönd (díalkýldímetýl(alkýl úr C6–C18, mettuð og ómettuð, og tólgaralkýl, kókosalkýl og sojaalkýl) klóríð, brómíð eða metýlsúlföt) (DDAC)	IT	blanda EINECS-skráðra efna	Á ekki við	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
950	fjórgreind ammóníumsambönd (alkýltrímetýl(alkýl úr C8–C18, mettuð og ómettuð, og tólgaralkýl, kókosalkýl og sojaalkýl) klóríð, brómíð eða metýlsúlföt) (TMAC)	IT	blanda EINECS-skráðra efna	Á ekki við	8
948	fjórgreind ammóníumsambönd (bensýlalkýldímetýl(alkýl úr C8–C22, mettuð og ómettuð, tólgaralkýl, kókosalkýl og sojaalkýl) klóríð, brómíð eða hýdroxíð) (BKC)	IT	blanda EINECS-skráðra efna	Á ekki við	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12
849	3-fenoxýbensýl-(1R)-cis,trans-2,2-dímetýl-3-(2-metýlpróp-1-enýl)sýklóprópankarboxýlat (d-fenótrín)	IE	Á ekki við	188023-86-1	18
1001	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12-16-alkýldímetýl, klóríð (önnur en efnið sem fellur undir 671. færslu)	IT	Á ekki við	Á ekki við	1, 2, 3, 4, 8, 10, 11, 12, 22

Færslunúmer í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 1062/2014	Efnaheiti	Skýrslugjafar-aðildarríki	EB-númer	CAS-númer	Vöruflokkur eða vöruflokkar
1002	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12-18-alkýldímetýl, klóríð (önnur en efnið sem fellur undir 667. færslu)	IT	Á ekki við	Á ekki við	1, 2, 3, 4, 10, 11, 12, 22
1003	fjórgreind ammóníumsambönd, C12-14-alkýl[(etýlfenýl)metýl]dímetýl, klóríð (önnur en efnið sem fellur undir 725. færslu)	IT	Á ekki við	Á ekki við	1, 2, 3, 4, 10, 11, 12, 22
1005	fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12-14-alkýldímetýl, klóríð (önnur en efnið sem fellur undir 724. færslu)	IT	Á ekki við	Á ekki við	1, 2, 3, 4, 10, 11, 12, 22
1006	silfur-sink-ál-bórfosfatgler/gleroxíð, sem inniheldur silfur og sink	SE	Á ekki við	398477-47-9	2, 7, 9
1009	fjórgreind ammóníumsambönd, dí-C8-10-alkýldímetýl, klóríð (önnur en efnið sem fellur undir 673. færslu)	IT	Á ekki við	Á ekki við	1, 2, 3, 4, 5, 6, 10, 11, 12
1011	fjórgreind ammóníumsambönd, kókos-alkýltrímetýl, klóríð (önnur en efnið sem fellur undir 635. færslu)	IT	Á ekki við	Á ekki við	8
1012	álnatríumsílíkat-silfursinkflóki/silfursinkseólít	SE	Á ekki við	130328-20-0	2, 7, 9
598	(±)-1-(β-allýloxý-2,4-díklórfenýletýl)imídasól (ímasalíl af tæknilegum hreinleika)	DE	Plöntuverndar-vara	73790-28-0	3

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1282 **2018/EES/49/03**

frá 14. júlí 2017

um að samþykkja ekki 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 2. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Póllandi barst umsókn 26. nóvember 2009, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]), um að færa virka efnið 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón (EB-nr. ekki úthlutað, CAS-nr. 2527-66-4) á skrá í I. viðauka við þá tilskipun, til notkunar í vörur í vöruflokki 13, varnarefni fyrir vökva sem eru notaðir í málmvinnslu, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar, eftir því sem við á, vöruflokki 13 eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

2) Pólland lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 24. mars 2016 í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 16. desember 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

4) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokk 13 og innihalda 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í þeim sviðsmyndum sem metnar voru fyrir þennan vöruflokk við mat á umhverfisáhættu greindist óviðunandi áhætta.

5) Því er ekki rétt að samþykkja 2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

2-metýl-1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón (EB-nr. ekki úthlutað, CAS-nr. 2527-66-4) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 15.7.2017, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2334 **2018/EES/49/04**

frá 14. desember 2017

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efninu kreósóti var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Samþykki fyrir kreósóti fellur úr gildi 30. apríl 2018. Í samræmi við 1. mgr. 13. gr reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 var lögð fram umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir þessu virka efni 27. október 2016.

3) Hinn 14. júlí 2017 upplýsti Bretland, sem lögbært matsyfirvald, þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar um það að framkvæma þurfi heildarmat. Gefinn er 365 daga frestur fyrir framkvæmd heildarmats skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Á meðan á matinu stendur er lögbæru matsyfirvaldi heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram nægileg gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema það sé réttlætanlegt vegna eðlis gagnanna, sem krafist er, eða vegna sérstakra aðstæðna.

4) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“) útbúa álit um endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar og leggja það fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Þar eð kreósót er flokkað sem krabbameinsvaldur í undirflokki 1B og uppfyllir viðmiðanir fyrir flokkun sem þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum og er eitrað (PBT-efni) eða mjög þrávirkt efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB-efni) (PBT eða vPvB) í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]), uppfyllir það að auki viðmiðanir fyrir útilokun sem settar eru fram í a- og e-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Því er frekari rannsókn nauðsynleg til að skilgreina hvort a.m.k. eitt af skilyrðunum í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar sé uppfyllt og hvort endurnýja megi því samþykki fyrir kreósóti.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir kreósóti renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir kreósóti í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Að teknu tilliti til þess tíma sem gefinn er fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar og til þess tíma sem þarf til að ákvarða hvort a.m.k. eitt af skilyrðunum í fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar sé uppfyllt og hvort endurnýja megi því samþykkið fyrir kreósóti er viðeigandi að fresta lokadagsetningu samþykkisins fyrir kreósóti til 31. október 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

7) Samþykki fyrir kreósóti ætti að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir kreósóti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 er frestað til 31. október 2020.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 14. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2317 **2018/EES/49/05**

frá 13. desember 2017

um viðurkenningu á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensíns og dísileldsneytis og breytingu á tilskipun ráðsins 93/12/EBE ([1]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 7. gr. c,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ([2]), einkum annarri undirgrein 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 7. gr. b og 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og í IV. viðauka við hana og í 17. og 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB og í V. viðauka við hana er mælt fyrir um svipaðar viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti og svipaðar málsmeðferðarreglur um sannprófun á því að lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti uppfylli þessar viðmiðanir.

2) Þegar telja skal lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti með, að því er a-, b- og c-lið 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB varðar, ættu aðildarríkin að krefjast þess að rekstraraðilar sýni að lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 2.–5. mgr. 17. gr. þeirrar tilskipunar.

3) Framkvæmdastjórnin getur ákveðið að valfrjálsar landsbundnar eða alþjóðlegar áætlanir, sem setja staðla um framleiðslu lífmassaafurða, innihaldi nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og/eða sýni fram á að sendingar af lífeldsneyti eða fljótandi lífeldsneyti uppfylli viðmiðanirnar um sjálfbærni sem settar eru fram í 3. til 5. mgr. 17. gr. og/eða að engum efnum hafi verið breytt af ásetningi eða þeim fleygt til að sendingin eða hluti hennar myndi falla undir IX. viðauka. Þegar rekstraraðili leggur fram sannanir eða gögn, sem aflað er í samræmi við valfrjálsa áætlun sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, að því marki sem þau falla undir þá ákvörðun um viðurkenningu, skal aðildarríki ekki krefjast þess að birgir leggi fram frekari gögn sem sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni hafi verið uppfylltar.

4) Beiðni um að viðurkenna að valfrjálsa áætlunin „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ sýni fram á að lífeldsneytissendingar uppfylli viðmiðanir um sjálfbærni, sem settar eru fram í tilskipunum 98/70/EB og 2009/28/EB, var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 27. september 2017. Áætlunin, sem á aðsetur í 5-11 Lavington Street, London SE1 0NZ Bretlandi, nær til kornvara, olíufræja og sykurrófna, sem framleidd eru í Bretlandi, að fyrsta afhendingarstað þessara nytjaplantna. Gera ætti skjöl viðurkenndu áætlunarinnar aðgengileg á gagnsæisvettvanginum sem var komið á fót samkvæmt tilskipun 2009/28/EB.

5) Í mati sínu á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að hún taki með fullnægjandi hætti tillit til viðmiðana um sjálfbærni, sem settar eru framí tilskipun 98/70/EB og tilskipun 2009/28/EB, auk þess sem beitt er massajöfnuðaraðferð í samræmi við kröfur 1. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

6) Í mati á valfrjálsu áætluninni „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ kom fram að hún uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur um áreiðanleika, gagnsæi og óháða endurskoðun og uppfyllir einnig aðferðafræðilegar kröfur í IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífeldsneytis og fljótandi lífeldsneytis.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 331, 14.12.2017, bls. 79. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58.

([2]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Valfrjálsa ætlunin „Red Tractor Farm Assurance Combinable Crops & Sugar Beet“ (hér á eftir nefnd „áætlunin“), en beiðni um viðurkenningu hennar var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 27. september 2017, sýnir að sendingar á kornvörum, olíufræjum og sykurrófum, sem eru framleidd í samræmi við staðla fyrir framleiðslu á lífeldsneyti og fljótandi lífeldsneyti sem settir eru fram í áætluninni, uppfylla viðmiðanir um sjálfbærni eins og mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB og 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB.

Áætlunin inniheldur einnig nákvæm gögn að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB og 2. mgr. 7. gr. b í tilskipun 98/70/EB að því er varðar losun, á ársgrundvelli, vegna breytinga á kolefnisbirgðum vegna breytinga á landnýtingu (e_l), sem um getur í 1. lið C-hluta IV. viðauka við tilskipun 98/70/EB og 1. lið í C-hluta V. viðauka við tilskipun 2009/28/EB, sem sýnt er fram á að jafngildi núlli.

2. gr.

Ef gerðar eru breytingar á efni áætlunarinnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 27. september 2017 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á grundvöll þessarar ákvörðunar, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin leggur mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort áætlunin taki enn með fullnægjandi hætti til viðmiðana um sjálfbærni sem liggja að baki viðurkenningu hennar.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur fellt þessa ákvörðun úr gildi, m.a. við eftirfarandi aðstæður:

a) ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að áætlunin hafi ekki komið til framkvæmda þáttum sem hafa afgerandi þýðingu fyrir þessa ákvörðun eða ef alvarlegt rof hefur orðið í uppbyggingu þessara þátta,

b) ef ekki er lögð ársskýrsla fyrir framkvæmdastjórnina vegna áætlunarinnar skv. 6. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og 6. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB,

c) ef ekki eru innleiddir staðlar með áætluninni vegna óháðrar endurskoðunar, sem eru tilgreindir í framkvæmdargerðum sem um getur í þriðju undirgrein 5. mgr. 7. gr. c í tilskipun 98/70/EB og þriðju undirgrein 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/28/EB, eða endurbætur á öðrum hlutum áætlunarinnar sem teljast hafa afgerandi þýðingu fyrir áframhaldandi viðurkenningu.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir til 15. desember 2022.

Gjört í Brussel 13. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/894 **2018/EES/49/06**

frá 24. maí 2017

um breytingu á III. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar arfgerðargreiningu sauðfjár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [var áður „smitandi heilahrörnunarsjúkdómar“] í nautgripum, sauðfé og geitum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.

2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli starfa eftir árlegri áætlun um vöktun vegna smitandi svampheilakvilla í samræmi við III. viðauka við reglugerðina þar sem mælt er fyrir um reglur varðandi vöktunarkerfi. Í II. hluta kafla A í þeim viðauka er mælt fyrir um reglur um vöktun vegna sauðfjár og geita og í lið 8.2 í II. hluta þess kafla er kveðið á um að öll aðildarríkin skuli ákvarða príonprótínarfgerð fyrir tákna 136, 141, 154 og 171 úr lágmarksúrtaki hjá sauðfé, sem er dæmigert fyrir allan sauðfjárstofninn í viðkomandi aðildarríki, sem skal vera a.m.k. 600 dýr ef um er að ræða aðildarríki þar sem fullorðið sauðfé er fleira en 750 000 dýr og a.m.k. 100 dýr fyrir önnur aðildarríki.

3) Frá því að krafan um arfgerðargreiningu með slembiúrtaki, sem sett er fram í lið 8.2 í II. hluta kafla A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, var innleidd hafa upprunaleg markmið, um að kortleggja arfgerðir sauðfjár sem eru smitnæmar fyrir riðuveiki og um að sanngreina þolnar arfgerðir sauðfjár fyrir hvert land, náðst. Arfgerðargreining sauðfjár með slembiúrtaki er þó áfram gagnleg í aðildarríkjum sem, í samræmi við 6. gr. a í reglugerð (EB) nr. 999/2001 og kafla C í VII. viðauka við hana, starfa eftir kynbótaáætlun til að velja m.t.t. þols gegn smitandi svampheilakvilla í sauðfjárstofnum sínum og þar sem kynbótaáætlunin miðar að því að hafa áhrif á erfðaþætti alls heildarsauðfjárstofnsins. Að því er varðar þessi aðildarríki gerir arfgerðargreining með slembiúrtaki af hluta alls sauðfjárstofnsins þeim kleift að meta hvort kynbótaáætlunin, sem farið er eftir, hafi tilætluð áhrif, sem er að auka tíðni ARR-genasamsætunnar og draga um leið úr algengi þeirra genasamsæta sem sýnt hefur verið fram á að stuðli að næmleika gagnvart smitandi svampheilakvilla.

4) Í kafla C í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar fram lágmarkskröfur fyrir kynbótaáætlanir sem miða að því að mynda þol gegn smitandi svampheilakvilla í sauðfé í aðildarríkjunum og í 1. lið 1. hluta í þeim kafla er kveðið á um að kynbótaáætlunin skuli beinast að hópum með mikið erfðafræðilegt gildi. Samkvæmt annarri málsgrein 1. liðar er aðildarríkjum, þar sem kynbótaáætlun er til staðar, heimilt að ákveða að leyfa sýnatöku og arfgerðargreiningu eingöngu á undaneldishrútum í hópum sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni. Þetta ákvæði er notað þegar kynbótaáætlun aðildarríkis miðar að því að hafa áhrif á erfðaþátt heildarsauðfjárstofnsins. Því ætti að takmarka kröfuna um arfgerðargreiningu með slembiúrtaki, sem sett er fram í lið 8.2 í II. hluta kafla A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, við þau aðildarríki sem starfa eftir kynbótaáætlun og sem leyfa sýnatöku og arfgerðargreiningu á undaneldishrútum í hópum sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni.

5) Í áliti vísindanefndar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu (BIOHAZ) frá 13. júlí 2006 ([2]) um kynbótaáætlun sem miðar að því að mynda þol gegn smitandi svampheilakvilla, (hér á eftir nefnt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar), var talið að núgildandi krafa, sem mælt er fyrir um í lið 8.2 í II. hluta kafla A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 um að arfgerðargreina með slembiúrtaki 100 eða 600 sauðkindur á ári, háð

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 117. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2006) 382, 1–46.

stærð stofnsins í aðildarríkinu, virtist vera ófullnægjandi til að vakta áhrif kynbótaáætlunar á heildarsauðfjárstofn í aðildarríki miðað við smæð úrtaksins sem krafist er. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar var mælt með því að auka úrtaksstærðina og tekið var fram að ef gert væri ráð fyrir að algengi arfgerðarinnar, sem vöktunin beinist að, sé 50% þyrfti að prófa 1 560 dýr á hverju ári til að greina breytingu upp á 5% á algengi arfgerðar með 95% öryggisstigi. Þar eð ólíklegt er að breyting sem nemur 5% verði á algengi arfgerðar í öllum sauðfjárstofninum innan eins árs er rétt að framkvæma slíka arfgerðargreiningu með slembiúrtaki þriðja hvert ár.

6) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar er einnig mælt með því að safna faraldsfræðilegum gögnum sem skipta máli, s.s. varðandi landsvæði, tegund hóps og kyn dýrsins, með tilliti til síðari aðlögunar og vöktunar á réttu úrtakssniði. Því er rétt að gefa aðildarríkjum tækifæri til að ákvarða nákvæma úrtaksstærð og tíðni dæmigerðrar sýnatöku og arfgerðargreiningar sauðfjárstofnsins í hverju landi fyrir sig, með tilliti til faraldsfræðilegra gagna sem safnað hefur verið í fyrri sýnatökuherferðum, að því tilskildu að úrtakssniðið geri kleift að greina að lágmarki breytingu upp á 5% á algengi arfgerðar á þriggja ára tímabili með 95% öryggisstigi.

7) Því ætti að fella brott kröfuna um arfgerðargreiningu með slembiúrtaki, sem sett er fram í lið 8.2 í II. hluta kafla A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, og í hennar stað komi krafa, sem sett er fram í 1. hluta kafla C í VII. viðauka við þá reglugerð, þar sem mælt er fyrir um að aðildarríki, sem starfa eftir kynbótaáætlun fyrir sauðfé og sem leyfa sýnatöku og arfgerðargreiningu á undaneldishrútum í hópum sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni, ættu að arfgerðargreina slembiúrtak af sauðfé sem er dæmigert fyrir sauðfjárstofninn í aðildarríkinu, annaðhvort með a.m.k. 1 560 dýrum á þriggja ára fresti eða með úrtaksstærð og tíðni sem aðildarríkið ákvarðar á grundvelli viðmiðananna sem eru skilgreindar í fyrri forsendu.

8) Því ætti að breyta III. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

9) Þar eð arfgerðargreining með slembiúrtaki er skipulögð fyrir hvert almanaksár ætti þessi breyting að koma til framkvæmda 1. janúar 2018.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum III. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 8. liðar II. hluta kafla A komi eftirfarandi:

„8. **Arfgerðargreining**

Ákvarða skal príonprótínarfgerð fyrir tákna 136, 154 og 171 fyrir hvert jákvætt tilvik smitandi svampheilakvilla í sauðfé. Tilvik smitandi svampheilakvilla í sauðfé með arfgerð þar sem alanín er kóðað í báðum genasamsætunum í tákna 136, arginín er kóðað í báðum genasamsætunum í tákna 154 og arginín í báðum genasamsætunum í tákna 171 skulu þegar í stað tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar. Ef sjúkdómstilvik smitandi svampheilakvilla, sem greinist jákvætt, er afbrigðilegt riðuveikitilvik skal einnig ákvarða príonprótínarfgerðina fyrir tákna 141.“

b) Í stað 8. liðar I. hluta A í kafla B komi eftirfarandi:

„8. Arfgerðin og, ef unnt er, búfjárkyn alls sauðfjár sem var jákvætt fyrir smitandi svampheilakvilla og sýni voru tekin úr í samræmi við 8. lið í II. hluta kafla A.“

2) Í 1. hluta kafla C í VII. viðauka bætist eftirfarandi 8. liður við:

„8. Ef aðildarríki leyfir, í samræmi við aðra málsgrein 1. liðar, sýnatöku og arfgerðargreiningu á undaneldishrútum í hópum sem ekki eru inni í kynbótaáætluninni skal ákvarða príonprótínarfgerð fyrir tákna 136, 141, 154 og 171 fyrir lágmarksúrtak sem er dæmigert fyrir allan sauðfjárstofninn í aðildarríkinu, annaðhvort:

a) á þriggja ára fresti með lágmarksúrtaki sem nemur a.m.k. 1 560 dýrum eða

b) með tíðni og úrtaksstærð sem aðildarríkið ákvarðar á grundvelli samræmis við eftirfarandi viðmiðanir:

i. úrtakssniðið miðast við faraldsfræðileg gögn sem skipta máli og er safnað í fyrri könnunum, þ.m.t. gögn varðandi príonprótínarfgerð sauðfjár fyrir tákna 136, 141, 154 og 171 út frá búfjárkyni, landsvæði, aldri, kyni og tegund hóps,

ii. úrtakssniðið gerir kleift að greina að lágmarki breytingu upp á 5% á algengi arfgerðar á þriggja ára tímabili, með 80% styrk og 95% öryggisstigi.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/338 **2018/EES/49/07**

frá 7. mars 2018

um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldissvín, gyltur, aukategundir svína til eldis eða undaneldis, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, allar aðrar fuglategundir (að undanskildum varpfuglum) og fráfærugrísi (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, eldissvín, gyltur, aukategundir svína til eldis eða undaneldis, eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, allar fuglategundir til eldis eða ræktunar eða sem aldar eru til varps og fráfærugrísi.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 28. september 2017 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún bæti kynbótalegt gildi og/eða nýtingu á fosfór hjá marktegundunum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 65, 8.3.2018, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(11), 5024.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinni-hald	Hámarksinni-hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a27	BASF SE	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis:* Efnablanda 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770), með lágmarksinnihald: Fast form: 5 000 FTU (1)/g Vökvaform: 5 000 FTU/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* 6-fýtasi sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (DSM 25770) *Greiningaraðferð* (2): Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóðuraukefninu: — litmæling sem byggist á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat Til að magnákvarða fýtasavirkni í forblöndum: — litmæling byggð á ensímefnahvarfi fýtasa við fýtat — VDLUFA 27.1.3	Eldissvín Gyltur Aukategundir svína til eldis eða til undaneldis	—	100 FTU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 3. Til notkunar fyrir fráfærugrísi, þar til þeir eru allt að 35 kg.	28.3.2028
				Fráfærugrísir		125 FTU			
				Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur		750 FTU			
				Eldiskalkúnar Kalkúnar sem eru aldir til undaneldis		125 FTU			
				Allar aðrar fuglategundir (að undanskildum varpfuglum)					

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinni-hald	Hámarksinni-hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða fýtasavirkni í fóðri: — litmæling byggð á ensímefna-hvarfi fýtasa við fýtat — EN ISO 30024						

(1) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/347 **2018/EES/49/08**

frá 5. mars 2018

um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir smágrísi og gyltur og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1847/2003 og (EB) nr. 2036/2005 (leyfishafi er Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 var leyfð án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1847/2003 ([3]) og fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005 ([4]). Aukefnið var síðan fært í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem fóðuraukefni fyrir gyltur og smágrísi. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 20. apríl 2016 og 4. júlí 2017 ([5]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkt fyrir gyltur í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrísi og fyrir fráfærugrísi í því skyni að bæta verulega fóðurstuðul. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1847/2003 og (EB) nr. 2036/2005 til samræmis við það.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1847/2003 frá 20. október 2003 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis og um varanlegt leyfi fyrir aukefni sem er þegar leyft í fóðri (Stjtíð. ESB L 269, 21.10.2003, bls. 3).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005 frá 14. desember 2005 um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður (Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2005, bls. 13).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4478 og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4932.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1847/2003

Reglugerð (EB) nr. 1847/2003 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. gr. falli brott.

2) Ákvæði II. viðauka falli brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2036/2005

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2036/2005 falli færsla E1703 brott.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 29. september 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 29. mars 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinni-hald	Hámarksinni-hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4d1703	Danstar Ferment AG, fulltrúi er Lallemand SAS	*Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 sem inniheldur að lágmarki: — 1×10^{10} CFU/g aukefnis (hjúpað form), — 2×10^{10} CFU/g aukefnis (óhjúpað form), *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-1079 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa og útdrætti úr geri (EN15789:2009) Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð 15790:2008).	Gyltur Fráfærugrísir	—	1×10^{9}	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við notkun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 3. Til notkunar fyrir gyltur í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrísi. 4. Til notkunar fyrir fráfærugrísi þar til þeir eru u.þ.b. 35 kg.	29. mars 2028

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/129 **2018/EES/49/09**

frá 25. janúar 2018

um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, sem fóðuraukefni til notkunar í fóður og drykkjarvatn. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. maí 2017 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-arginín, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi varnarráðstöfunum væri beitt.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé áhrifaríkur gjafi amínósýruarginíns fyrir allar dýrategundir og til að viðbætt L-arginín hafi full áhrif í jórturdýrum ætti að verja það gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin lét í álitum sínum í ljós áhyggjur varðandi öryggi L-arginíns þegar það er gefið í drykkjarvatn. Matvælaöryggisstofnunin hefur þó ekki lagt til hámarksinnihald fyrir L-arginín. Enn fremur mælir Matvælaöryggisstofnunin með viðbót L-arginíns í viðeigandi magni. Ef L-arginíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, er rétt að gera notandanum aðvart um að taka verði tillit til fæðutengdrar viðbótar af öllum lífsnauðsynlegum og hálfnauðsynlegum amínósýrum.

6) Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

7) Mat á L-arginíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(6), 4858.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinni-hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c362	—	L-arginín	*Samsetning aukefnis* Duft með a.m.k. 98% L-argíníninnihaldi (miðað við þurrt efni) og 0,5% hámarks-vatnsinnihaldi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* L-arginín ((S)-2-amíno-5-gú-anidínpentansýra) sem er framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 80099 Efnaformúla: $C_6H_{14}N_4O_2$ CAS-númer: 74-79-3 *Greiningaraðferð* (1) Til að greina eiginleika L-argíníns í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-arginine monograph“. Til að magnákvarða arginín í fóðuraukefninu og í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS).	Allar dýrategundir				1. Setja má L-arginín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 3. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði, stöðugleika við hita-meðhöndlun og stöðugleika í drykkjarvatni. 4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og for-blöndurnar: „Þegar L-argíníni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauð-synlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	15. febrúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarksinni-hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða arginín í forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndu: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS) — reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009.					5. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni, einkum með tilliti til þess að aukefnið er ætandi fyrir húð og augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/130 **2018/EES/49/10**

frá 25. janúar 2018

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sem fóðuraukefni fyrir eldissvín (leyfishafi er Berg and Schmidt GmbH Co. KG) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldissvín.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 25. janúar 2017 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist áhrifaríkt til að bæta endanlega líkamsþyngd og fóðurstuðul hjá eldissvínum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(2), 4707.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinni-hald	Hámarksinni-hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a26	Berg and Schmidt GmbH Co. KG	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755), með virkni að lágmarki 15 000 EPU (1)/g (fast form) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (BCCM/MUCL 49755) *Greiningaraðferð* (2) Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa: litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-β-xýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum.	Eldissvín	—	1 500 EPU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	15. febrúar 2028

(1) 1 EPU er það magn ensíms sem leysir 0,0083 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH-gildið 4,7 og 50 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/327 **2018/EES/49/11**

frá 5. mars 2018

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sem fóðuraukefni fyrir vatnakarpa (leyfishafi er Huvepharma NV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir vatnakarpa.

4) Blandan var þegar leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043 ([2]) fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aukategundir alifugla til eldis og varps, fráfærugrísi og eldissvín og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1906 ([3]) fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. júlí 2017 ([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist áhrifaríkt til að bæta kynbótalegt gildi vatnakarpa. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1043 frá 30. júní 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IM SD135), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, fráfærugrísi, eldissvín og aukategundir alifugla til eldis og til varps og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2148/2004, (EB) nr. 828/2007 og (EB) nr. 322/2009 (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjtíð. ESB L 167, 1.7.2015, bls. 63).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1906 frá 18. október 2017 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjtíð. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 33).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4942.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinni-hald	Hámarksinni hald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1617	Huvepharma NV	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis:* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), með virkni að lágmarki 6 000 EPU (1)/g (fast og fljótandi form) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135) *Greiningaraðferð* (2) Til greiningar á eiginleikum að því er varðar virkni endó-1,4-betaxýlanasa: litmæling, sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-β-xýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum.	Vatnakarpi	—	1 050 EPU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	26.3.2028

(1) 1 EPU er það magn ensíms sem leysir 0,0083 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngildi) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH-gildið 4,7 og 50 °C.

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/328 **2018/EES/49/12**

frá 5. mars 2018

um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Adisseo France SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. júlí 2017 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Bacillus subtilis* DSM 29784 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna og á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blandan, sem um er að ræða, geti mögulega bætt kynbótalegt gildi eldiskjúklinga. Þessi niðurstaða getur átt við kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur þegar blandan er notuð í sama skammti.. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með*Bacillus subtilis* DSM 29784 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4933.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi eining (CFU)/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1829	Adisseo France SAS	*Bacillus subtilis* DSM 29784	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. Fast form *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænleg gró *Bacillus subtilis* DSM 29784 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda *Bacillus subtilis* DSM 29784 í aukefni, forblöndum og fóðri: Dreifingaraðferð EN 15784 Sanngreining á *Bacillus subtilis* DSM 29784: Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	—	1×10^{8}	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Má nota í fóður sem inniheldur eftirfarandi leyfð hníslalyf: mónensínnatríum, narasín/níkarbasín, natríumsalínómýsín, lasalósíð-A-natríum, díklasúríl, narasín, madúramísínammóníum, róbenidín-hýdróklóríð eða dekókínat. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húð-, öndunar- og augnvörn.	26.3.2028

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/346 **2018/EES/49/13**

frá 5. mars 2018

um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733, í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. júlí 2017 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að viðkomandi blanda geti hugsanlega bætt framleiðslu votfóðurs úr fóðurefni sem er auðvelt, meðalerfitt og erfitt að votfóðursverka. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(7), 4934.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					CFU aukefnis/kg fersks efnis			
Tæknileg aukefni: aukefni í votfóður								
1k20758	*Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Lífvænlegar frumur *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 *Greiningaraðferð* (1) Ákvörðun á heildarfjölda í fóðurauk-efninu: dreifingaraðferð á MSR-agar: EN 15787. Sanngreining á fóðuraukefninu: Raf-dráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^{8} CFU/kg fersks efnis. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráð-stöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	29. mars 2028

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/221 **2018/EES/49/14**

frá 15. febrúar 2018

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum m-lið 23. gr. a,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([2]), einkum 5. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir matvæli og fóður og fyrir heilbrigði dýra. Tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB eru skráðar í VII. viðauka við þá reglugerð, þ.m.t. sú sem ber ábyrgð á smitandi svampheilakvilla.

2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla sem og sértæk verkefni hennar.

3) Tilnefning tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla, sem er sem stendur staðsett í Bretlandi, verður afnumin 31. desember 2018 sem afleiðing af tilkynningu Bretlands í samræmi við 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

4) Nauðsynlegt er að hafa áfram tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla í því skyni að tryggja mikil gæði og áreiðanleika aðferða til að greina smitandi svampheilakvilla sem og að tryggja samræmda beitingu þeirra í Sambandinu. Framkvæmdastjórnin auglýsti því 29. maí 2017 eftir umsóknum til að velja og tilnefna tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla. Að valferlinu loknu ættu valin samtök Istituto Zooprofilattico Sperimentale del Piemonte, Liguria e Valle d'Aosta (IZSPLVA) og Istituto Superiore di Sanità (ISS), undir stjórn þeirra fyrrnefndu, að vera tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla.

5) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 999/2001 og (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.

6) Til að koma í veg fyrir röskun á starfsemi tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla og til að gefa nýtilnefndri tilvísunarrannsóknarstofu ESB nægilegan tíma til að verða að fullu starfhæf, þykir rétt að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gildi frá og með 1. janúar 2019.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. liðar í B-kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„1. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla eru samtök Istituto Zooprofilattico Sperimentale del Piemonte, Liguria e Valle d'Aosta (IZSPLVA) og Istituto Superiore di Sanità (ISS), undir stjórn IZSPLVA:

Istituto Zooprofilattico Sperimentale del Piemonte, Liguria e Valle d'Aosta (IZSPLVA)

Via Bologna 148

10154 Torino

Ítalía

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 16.2.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

Istituto Superiore di Sanità (ISS)
Viale Regina Elena 299
00161 Roma
Ítalía“.

2. gr.

Í stað 13. liðar í I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 komi eftirfarandi:

„13. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á smitandi svampheilakvilla**

Rannsóknarstofan sem um getur í 1. lið B-kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/222 **2018/EES/49/15**

frá 15. febrúar 2018

um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins sem annast vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum 5. og 6. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins (hér á eftir nefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB) fyrir matvæli og fóður og fyrir heilbrigði dýra. Tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB eru skráðar í VII. viðauka við þá reglugerð, þ.m.t. sú sem ber ábyrgð á vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum.

2) Tilnefning tilvísunarrannsóknarstofu ESB sem annast vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum, sem er staðsett í Bretlandi, verður afnumin 31. desember 2018 sem afleiðing af tilkynningu Bretlands í samræmi við 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

3) Þar eð eru helstu matarbornu áhætturnar í samlokum stafa af salmonellu, kólígerlum og veirum ættu tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir greiningu og prófun vegna sjúkdóma sem berast milli manna og dýra (salmonella), tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á *Escherichia coli*, þ.m.t. *E. Coli* (VTEC) sem mynda verósýtótoxín, og tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir matarbornar veirur, eftir því sem við á, að framkvæma greiningarprófanir fyrir salmonellu, kólígerlum og veirum, sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB sem annast vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum hefur annast hingað til. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB sem annast vöktun á sjávarlífeitri ætti að taka yfir starfsemi í tengslum við flokkun framleiðslusvæða fyrir samlokur og eftirlit með þeim. Af þessum sökum er ekki lengur þörf fyrir tilvísunarrannsóknarstofu ESB sem annast vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum og ætti því að fjarlægja hana af skránni í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.

5) Til að koma í veg fyrir röskun á starfsemi, sem er sem stendur framkvæmd af tilvísunarrannsóknarstofu ESB sem annast vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum, þykir rétt að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gildi frá og með 1. janúar 2019.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 falli 4. liður brott.

2. gr.

Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir greiningu og prófun vegna sjúkdóma sem berast milli manna og dýra (salmonella), tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á *Escherichia coli*, þ.m.t. *E. Coli* (VTEC) sem mynda verósýtótoxín, og tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir matarbornar veirur, eftir því sem við á, skulu taka yfir þá starfsemi sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB, sem annast vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum, hefur annast hingað til að því er varðar greiningarprófanir fyrir salmonellu, kólígerlum og veirum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 16.2.2018, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

Tilvísunarrannsóknarstofa ESB sem annast vöktun á sjávarlífeitri skal taka yfir starfsemi í tengslum við flokkun framleiðslusvæða fyrir samlokur og eftirlit með þeim.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/70 **2018/EES/49/16**

frá 16. janúar 2018

um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, klórpýrifosmetýl, sýprókónasól, dífenókónasól, flúasínam, flútríafól, próhexadíón og natríumklóríð í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir flúasínam, flútríafól og próhexadíón. Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir klórpýrifosmetýl. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir ametóktradín, sýprókónasól og dífenókónasól. Að því er varðar natríumklóríð voru ekki fastsett sértæk hámarksgildi leifa né heldur var efnið skráð í IV. viðauka við þá reglugerð og því gildir staðalgildi, sem er 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið ametóktradín til notkunar á „kryddjurtir og æt blóm“ var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.

	0256030	Blöð af selleríi	0256030-001	Ætihvönn (blöð og stilkar)	*Angelica archangelica*
			0256030-002	Blóðkollar	*Sanguisorba officinalis*
			0256030-003	Kúmenlauf	*Carum carvii*
			0256030-004	Kóríanderlauf	*Coriandrum sativum*
			0256030-005	Fýlusveipþyrnir	*Eryngium foetidum*
			0256030-006	Dilllauf	*Anethum graveolens*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0256030-007	Fenníkulauf	*Foeniculum vulgare*
			0256030-008	Grikkjasmáralauf	*Trigonella foenum-graecum*
			0256030-009	Rúðujurt	*Ruta graveolens*
			0256030-010	Skessujurtalauf	*Levisticum officinale*
			0256030-011	Viskurætur	*Pimpinella major*
			0256030-012	Maríustakkur	*Sanguisorba minor*
			0256030-013	Súrsmæra	*Rumex flexuosus*
			0256030-014		*Rumex hydrolapathum*
			0256030-015		*Rumex rugosus*, sh.: *Rumex acetosa* undirteg. *ambiguus*
			0256030-016		*Rumex sanguineus*
			0256030-017	Spánarkerfill	*Myrrhis odorata*
	0256040	Steinselja	0256040-001	Seljurótarblöð	*Petroselinum crispum* convar. *radicosum*
	0256050	Salvía	0256050-001	Hjólkrónur	*Borago officinalis*
			0256050-002	Sólargull	*Helichrysum italicum*
			0256050-003	Grísk salvía	Salvia fruticosa, sh.: *Salvia triloba*
			0256050-004	Mexíkósalvía	*Salvia leucantha*
			0256050-990	Aðrar tegundir og blendingar af ættkvíslinni *Salvia*, ót.a.	
	0256060	Rósmarín	0256060-001	Ólífubuski	*Santolina rosmarinifolia*, sh.: *Santolina virens*
			0256060-002	Grænbuski	*Santolina viridis*
	0256070	Garðablóðberg	0256070-001	Villiblóðberg	*Thymus serpyllum*
			0256070-002	Pottamæra	*Origanum onites*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0256070-003	Sítrónusmálauf	*Micromeria biflora*, sh.: *Satureja biflora*
			0256070-004	Sítrónublóðberg	*Thymus × citriodorus*
			0256070-005	Meiran	*Origanum majorana*, sh.: *Majorana hortensis*
			0256070-006	Spánarblóðberg	*Thymus mastichina*
			0256070-007	Kjarrminta	*Origanum vulgare*
			0256070-008	Sumarsar	*Satureja hortensis*
			0256070-009	Sýrlandskjarrminta	*Origanum syriacum*
			0256070-010	Vetrarsar	*Satureja montana*
	0256080	Basilíka og æt blóm	0256080-001	Eplaminta	*Mentha suaveolens*
			0256080-002	Hófnafli	*Centella asiatica*
			0256080-003	Ilmminta	*Mentha ×piperita* nm. *citrata*
			0256080-004	Korsíkuminta	*Mentha requienii*
			0256080-005	Dvergbítar (æt blóm)	*Cucurbita pepo*, graskershópur
			0256080-006	Engiferminta	*Mentha ×gracilis*
			0256080-007	Dvergbasilíka	*Ocimum basilicum* var. *minimum*
			0256080-008	Mausbasil	*Ocimum americanum*
			0256080-009	Helgibasilíka	*Ocimum tenuiflorum*
			0256080-010	Hjartafró	*Melissa officinalis*
			0256080-011	Sítrónubasil	*Ocimum ×citriodorum*
			0256080-012	Dísarfingur	*Calamintha nepeta*, sh.: *Clinopodium nepeta*
			0256080-013	Eðlublað	*Houttuynia cordata*
			0256080-014	Morgunfrú (æt blóm)	*Tagetes minuta*
			0256080-015		*Tagetes tenuifolia*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0256080-016	Aðrar tegundir af ættkvíslinni *Tagetes*, ót.a.	
			0256080-017	Skjaldflétta (blöð og æt blóm)	*Tropaeolum majus*
			0256080-018		*Tropaeolum minus*
			0256080-019	Hagamynta	*Mentha pulegium*
			0256080-020	Piparminta	*Mentha ×piperita*
			0256080-021	Morgunfrú (æt blóm)	*Calendula officinalis*
			0256080-022	Rísakursfró	*Limnophila aromatica*
			0256080-023	Garðminta	*Mentha spicata*, sh.: *Mentha viridis*
			0256080-024	Taílensk basilíka	*Ocimum basilicum* var. *thyrsiflorum*
			0256080-025	Víetnömsk minta	*Persicaria odorata*
			0256080-026	Vatnaminta	*Mentha aquatica*
			0256080-990	Önnur æt blóm	
			0256080-991	Aðrar tegundir og blendingar af ættkvíslinni *Mentha*, ót.a.	
	0256090	Lárviðarlauf	0256090-001	Karrílauf	*Murraya koeningii*, sh.: *Bergera koenigi*
			0256090-002	Kaffírlímónulauf	*Citrus hystrix*
			0256090-003	Síamskanilbarkartré	*Senna siamea*
			0256090-004	Villt betellauf	*Piper sarmentosum*
			0256090-005	Lauf af kryddskrúfupálma	*Pandanus amaryllifolius*
	0256100	Fáfnisgras	0256100-001	Sætujárnurt	*Lippia dulcis*, sh.: *Phyla dulcis*
			0256100-002	Ilmnjóli	*Dysphania ambrosioides*
			0256100-003	Ísópur	*Hyssopus officinalis*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0256100-004	Sítrónugras	*Cymbopogon citratus*
			0256100-005	Mexíkósk kjarrminta	*Lippia graveolens*
			0256100-006	Netlur	*Urtica dioica*
			0256100-007	Aðrar tegundir af ættkvíslinni *Urtica*, ót.a.	
			0256100-008	Rússneskt fáfnisgras	*Artemisia dracunculoides*
			0256100-009	Sykurlauf	*Stevia rebaudiana*
	0260010	Baunir (með fræbelg)	0260010-001	Asúkibaunir	*Vigna angularis*
			0260010-002	Augnbaunir	*Vigna unguiculata* var. *unguiculata*
			0260010-003	Breiðbaunir/hestabaunir	*Vicia faba* (allar undirteg. og var.)
			0260010-004	Borlotti-baunir/cannelini-baunir/flögubaunir/ garðbaunir/snittubaunir/belgbaunir	*Phaseolus vulgaris* (allar undirteg. og var.)
			0260010-005	Linsuflækjur	*Vicia ervilia*, sh.: *Ervum ervilia*
			0260010-006	Þyrpibaunir	*Cyamopsis tetragonoloba*
			0260010-007	Risabaunir	*Canavalia ensiformis*
			0260010-008	Hjálmbaunir	*Lablab purpureus*
			0260010-009	Smjörbaunir	*Phaseolus lunatus* var. *lunatus*
			0260010-010	Mónöntuflækjur	*Vicia monanthos*
			0260010-011	Mungbaunir	*Vigna radiata*
			0260010-012	Hrísgrjónabaunir	*Vigna umbellata*
			0260010-013	Glæsibaunir	*Phaseolus coccineus*
			0260010-014	Sojabaunir/ungsojabaunir í belg	*Glycine max*
			0260010-015	Stinkbaunir	*Parkia speciosa*
			0260010-016	Flækjur	*Vicia sativa* var. *sativa*
			0260010-017	Spergilbaunir	*Vigna unguiculata* var. *sesquipedalis*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	0260020	Baunir (án fræbelgs)	0260020-001	Tegundir skráðar undir kenninúmerum 0260010–xxx, án fræbelgs	
	0260030	Ertur (með fræbelg)	0260030-001	Vængjabaunir	*Tetragonolobus purpureus*
			0260030-002	Varpabaunir	*Lathyrus sativus*
			0260030-003	Kjúklingabaunir	*Cicer arietinum* undirteg. *arietinum*
			0260030-004	Garðertur/grænar ertur/sykurertur/gular baunir	*Pisum sativum* (allar undirteg. og var.)
			0260030-005	Móringatré/móringabelgir	Moringa oleifera, sh.: *Moringa pterygosperma*
			0260030-006	Dúfnabaunir	*Cajanus cajan*
	0260040	Ertur (án fræbelgs)	0260040-001	Tegundir skráðar undir kenninúmerum 0260030–xxx, án fræbelgs	
	0260050	Linsubaunir	0260050-001	Lúpínur/lúpínubaunir	*Lupinus albus* undirteg. *albus*
			0260050-002		*Lupinus angustifolius*
			0260050-003		*Lupinus luteus*
			0260050-004		*Lupinus mutabilis*
	0270010	Sperglar	0270010-001	Humlaspírur	*Humulus lupulus*
	0270020	Salatþistlar	0270020-001	Hjólkrónustilkar	*Borago officinalis*
	0270050	Ætiþistlar	0270050-001	Mjölbananablóm	*Musa acuminata*
					Musa balbisiana
					Blendingar af *Musa acuminata x Musa balbisiana*
	0270060	Blaðlaukar	0270060-001	Villiblaðlaukur	*Allium kurrat*, sh.: *Allium ampeloprasum ampeloprasum* var. *kurrat*
	0270080	Bambussprotar	0270080-001	Blómsúra	*Fallopia japonica*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	0280010	Ræktaðir sveppir	0280010-001	Ætisveppir	*Agaricus bisporus*
			0280010-002	Maíssót	*Ustilago maydis*
			0280010-003	Enokitake-sveppir	*Flammulina velutipes*
			0280010-004	Prótínsigð	*Fusarium venenatum*
			0280010-005	Mókempur	*Agaricus arvensis*
			0280010-006	Júdaseyru	*Auricularia auricula-judae*
			0280010-007	Namekoskrýfa	*Pholiota nameko*
			0280010-008	Ostruvængir	*Pleurotus ostreatus*
			0280010-009	Matsokkur	*Volvariella volvacea*
			0280010-010	Skeggkóralsveppir	*Hericium erinaceus*
			0280010-011	Tókasveppir	*Lentinula edodes*
			0280010-012	Beykisveppir	*Hypsizygus tessulatus*, sh.: *Hypsizygus marmoreus*
			0280010-013	Snæskjálfar	*Tremella fuciformis*
			0280010-014	Blásveppir	*Clytocibe nuda*, sh.: *Lepista nuda*
			0280010-990	Aðrir ræktaðir sveppir	
			0280010-991	Aðrar tegundir af ættkvíslinni *Pleurotus*, ót.a.	
	0280020	Villtir sveppir	0280020-001	Kóngssveppir	*Boletus edulis*
			0280020-002	Kantarellur	*Cantharellus* spp.
			0280020-003	Gulbroddar	*Hydnum repandum*
			0280020-004	Lúðursveppir	*Craterellus cornucopioides*
			0280020-005	Myrklar	*Morchella* spp.

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0280020-006	Svartkeppir	*Tuber melanosporum*
			0280020-007	Piemont-jarðkeppir	*Tuber magnatum*
			0280020-008	Vorkollur	*Calocybe gambosa*
			0280020-009	Nornabendlar	*Marasmius oreades*
			0280020-010	Eðaltrýfflar	*Tuber aestivum*, sh.: *Tuber uncinatum*
			0280020-990	Aðrir villtir sveppir	
			0280020-991	Aðrar tegundir af ættkvíslinni *Tuber*, ót.a.	
	0280990	Mosar og skófir	0280990-001	Fjallagrös	*Cetraria islandica*
			0280990-990	Aðrir mosar og skófir	
	0290000	Hópur Þörungar og dreifkjörnungslífverur	0290000-001	Fjörugrös	*Chondrus crispus*
			0290000-002	Kombu	*Saccharina japonica*
			0290000-003	Spirulina	*Arthrospira maxima*
			0290000-004		*Arthrospira platensis*
			0290000-005	Klóþang	*Ascophyllum nodosum*
			0290000-990	Aðrir þörungar	
			0290000-991	Aðrir dreifkjörnungar	
0300000	0300010	Baunir	0300010-001	Tegundir skráðar undir kenninúmerum 0260010–xxx, þurrkuð fræ að undanskildum sojabaunum/ungsojabaunum í belg ([2])	
	0300030	Ertur	0300030-001	Tegundir skráðar undir kenninúmerum 0260030-xxx, þurrkuð fræ að undanskildu móringatré/móringabelgjum	

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0400000	0401060	Repjufræ	0401060-001	Hreðkufræ	*Raphanus sativus* convar. *oleifer*
			0401060-002	Arfanepjufræ	*Brassica rapa* undirteg. *oleifera*
	0401070	Sojabaunir	0401070-001	Móringatrésfræ	Moringa oleifera, sh.: *Moringa pterygosperma*
	0401100	Risagraskersfræ	0401100-001	Vatnsmelónufræ	*Citrullus vulgaris*, sh.: *Citrullus lanatus*
			0401100-990	Önnur fræ af tegundum plantna af graskersætt, ót.a.	
	0401110	Litunarþistilsfræ	0401110-001	Maríuþistilsfræ	*Silybum marianum*
			0401110-002	Nígerurtarfræ	*Guizotia abyssinica*
	0401120	Hjólkrónufræ	0401120-001	Akursteinkufræ	*Buglossoides arvensis*, sh.: *Lithospermum arvense*
			0401120-002	Kvöldljósafræ	*Oenothera biennis*
			0401120-003	Júdasarsjóðsfræ	*Lunaria annua*
			0401120-004		*Lunaria rediviva*
			0401120-005	Fræ af blaðmintu	*Perilla frutescens*
			0401120-006	Sævarkollafræ	*Echium plantagineum*
	0401150	Kristpálmafræ	0401150-001	Vínþrúgufræ	*Vitis vinifera*
			0401150-002	Hafþyrnisfræ	*Hippophaë rhamnoides*
	0402020	Olíupálmakjarnar	0402020-001	Arganhnetur	*Argania spinosa*
			0402020-002	Lífpálmahnetur	*Attalea speciosa*, sh.: *Orbignya phalerata*
			0402020-003	Jójóbarunnahnetur	*Simmondsia chinensis*
			0402020-004	Sheahnetur	*Vitellaria paradoxa*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0500000	0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorn-tegundir	0500020-001	Skrauthalar	*Amaranthus caudatus*
			0500020-002		*Amaranthus cruentus*
			0500020-003		*Amaranthus hypochondriacus*
			0500020-004	Chenopodium pallidicaule	*Chenopodium pallidicaule*
			0500020-005	Frumbyggjanjóli	*Chenopodium quinoa*
			0500020-006	Chia-fræ	*Salvia hispanica*
	0500030	Maís	0500030-001	Indjánamaís	*Zea mays* var. *indurata*
	0500040	Hirsi	0500040-001	Svartfingragras	*Digitaria iburua*
			0500040-002	Kanarígras	*Phalaris canariensis*
			0500040-003	Fingrahirsi	*Eleusine coracana* undirteg. *coracana*
			0500040-004	Kólfhirsi	*Setaria italica*
			0500040-005	Táragras	*Coix lacryma-jobi*
			0500040-006	Smáhirsi	*Panicum sumatrense*
			0500040-007	Perluhirsi	*Pennisetum glaucum*
			0500040-008	Hvingresi	*Eragrostis tef*
			0500040-009	Hvítfingragras	*Digitaria exilis*
	0500060	Hrísgrjón	0500060-001	Afrísk hrísgrjón	*Oryza glaberrima*
			0500060-002	Blendingur Nerica®	*Oryza sativa x oryza glaberrima*
			0500060-003	Villiris	*Zizania aquatica*
	0500080	Dúrra	0500080-001	Dúrra	*Sorghum bicolor*
			0500080-002	Súdangras	*Sorghum* × *drummondii*
			0500080-990	Aðrar tegundir af ættkvíslinni *Sorghum*, ót.a.	

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	0500090	Hveiti	0500090-001	Harðhveiti	*Triticum turgidum* undirteg. *durum*, sh.: *Triticum durum*
			0500090-002	Einkornhveiti	*Triticum monococcum* undirteg. *monococcum*
			0500090-003	Tvíkornahveiti	*Triticum turgidum* undirteg. *dicoccon*; sh.: *Triticum dicoccum*
			0500090-004	Taumhveiti	*Triticum turgidum* undirteg. *turanicum*
			0500090-005	Spelt	*Triticum aestivum* undirteg. *spelta*; sh.: *Triticum spelta*
			0500090-006	Rúghveiti	×*Triticosecale*
			0500090-007	Tritordeum	×*Tritordeum*
			0500090-990	Aðrar tegundir af ættkvíslinni *Triticum*, ót.a.	
0600000	0631030	Rósir	0631030-001	Möndlur	*Amygdalus communis*, sh.: *Prunus dulcis*
			0631030-002	Indíánakrans	*Monarda didyma*
			0631030-003	Beiskjuappelsínur	*Citrus aurantium*
			0631030-004	Fuglabelgtré	*Robinia pseudoacacia*
			0631030-005	Garðalójurt	*Antennaria dioica*
			0631030-006	Prestafífill	*Chrysanthemum morifolium*
			0631030-007	Kanill	*Cinnamomum* spp.
			0631030-008	Ljómasalvía	*Salvia sclarea*
			0631030-009	Garðakornblóm	*Centaurea cyanus*
			0631030-010	Sifjarlykill	*Primula veris*
			0631030-011	Fagurfífill	*Bellis perennis*
			0631030-012	Lithrís	*Genista tinctoria*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0631030-013	Svartyllir	*Sambucus nigra*
			0631030-014	Deplasól	*Papaver rhoeas*
			0631030-015	Gullkyndill	*Verbascum thapsus*
			0631030-016	Snæþyrnir	*Crataegus* spp.
			0631030-017	Beitilyng	*Calluna vulgaris*
			0631030-018	Vetrarstokkrós	*Alcea rosea*, sh.: *Althaea rosea*
			0631030-019	Hestakastanía	*Aesculus hippocastanum*
			0631030-020	Keisaraspori	*Consolida regalis*, sh.: *Delphinium consolida*
			0631030-021	Lofnarblóm	*Lavandula angustifolia*, sh.: *Lavandula officinalis*
			0631030-022	Stokkrós	*Malva sylvestris*
			0631030-023	Mjaðurt	*Filipendula ulmaria*
			0631030-024	Glókyndill	*Verbascum* spp.
			0631030-025	Appelsínur	*Citrus sinensis*
			0631030-026	Læknabóndarós	*Paeonia officinalis*
			0631030-027	Rauðsmári	*Trifolium pratense*
			0631030-028	Helgilótus	*Nelumbo nucifera*
			0631030-029	Litunarþistlar	*Carthamus tinctorius*
			0631030-030	Sandagull	*Helichrysum arenarium*
			0631030-031	Jóhannesarjurt	*Hypericum perforatum*
			0631030-032	Sólblóm	*Helianthus annuus*
			0631030-033	Sætólífur	*Osmanthus fragrans*
			0631030-034	Ilmfjóla	*Viola odorata*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0631030-035	Ljósatvítönn	*Lamium album*
			0631030-036	Vallhumall	*Achillea millefolium*
			0631030-037	Ilmberkja	*Cananga odorata*
	0632010	Jarðarber	0632010-001	Malurt	*Artemisia absinthium*
			0632010-002	Akurmáni	*Agrimonia eupatoria*
			0632010-003	Refasmári	*Medicago sativa*
			0632010-004	Aloe (hlaup úr laufum)	*Aloë barbadensis*, sh.: *Aloë vera*
			0632010-005	Ljónslappi	*Alchemilla alpina*
			0632010-006	Sortulyng	*Arctostaphylos uva-ursi*
			0632010-007	Aðalbláber	*Vaccinium myrtillus*
			0632010-008	Birki	*Betula pendula*
			0632010-009	Beiskjuappelsínur	*Citrus aurantium*
			0632010-010	Brómber	*Rubus* sect. Rubus
			0632010-011	Auðnutré	*Peumus boldus*
			0632010-012	Barosma betulina	*Barosma betulina*, sh.: *Agathosma betulina*
			0632010-013	Bókhveiti	*Fagopyrum esculentum*
			0632010-014	Kattarnípa	*Nepeta cataria*
			0632010-015	Dvalinsblómskúfur	*Centaurium erythraea*
			0632010-016	Indlandsvendill	*Swertia chirata*
			0632010-017	Ljómasalvía	*Salvia sclarea*
			0632010-018	Burstajafni	*Lycopodium clavatum*
			0632010-019	Hárdepla	*Veronica officinalis*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0632010-020	Lyfjárnurt	*Verbena officinalis*
			0632010-021	Garðakornblóm	*Centaurea cyanus*
			0632010-022	Rauðber	*Vaccinium vitis-idaea*
			0632010-023	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	*Ribes nigrum*
			0632010-024		*Ribes rubrum*
			0632010-025	Damiana	*Turnera diffusa*
			0632010-026	Fuglahjálmgras	*Galeopsis segetum*
			0632010-027	Roðasólhattur	*Echinacea angustifolia*
			0632010-028		*Echinacea pallida*
			0632010-029		*Echinacea purpurea*
			0632010-030	Svartyllir	*Sambucus nigra*
			0632010-031	Gúmviðir	*Eucalyptus globulus*
			0632010-032	Lyfjaaugnfró	*Euphrasia officinalis*
			0632010-033	Klóelfting	*Equisetum arvense*
			0632010-034	Reykjurt	*Fumaria officinalis*
			0632010-035	Læknastrábelgur	*Galega officinalis*
			0632010-036	Burnirót	*Rhodiola rosea*
			0632010-037	Gullhrís	*Solidago virgaurea*
			0632010-038	Krosshnappur	*Glechoma hederacea*
			0632010-039	Gymnema sylvestre	*Gymnema sylvestre*
			0632010-040	Loðknýti	*Herniaria hirsuta*
			0632010-041	Snæþyrnir	*Crataegus* spp.

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0632010-042	Heslihnetur	*Corylus avellana*
			0632010-043	Þrenningarfjóla	*Viola tricolor*
			0632010-044	Beitilyng	*Calluna vulgaris*
			0632010-045	Hampur	*Cannabis sativa* undirteg. *sativa*
			0632010-046		*Cannabis sativa* undirteg. *spontanea*
			0632010-047	Sóldalafífill	*Geum urbanum*
			0632010-048	Heilagþistill	*Cnicus benedictus*
			0632010-049	Vallarhélukrans	*Marrubium vulgare*
			0632010-050	Hestakastanía	*Aesculus hippocastanum*
			0632010-051	Gríska fjallate	*Sideritis* spp.
			0632010-052	Gynostemma pentaphyllum	*Gynostemma pentaphyllum*
			0632010-053	Blóðarfi	*Polygonum aviculare*
			0632010-054	Maríustakkur	*Alchemilla vulgaris*
			0632010-055	Límónubrúðarlauf	*Backhousia citriodora*
			0632010-056	Sítrónujárnurt	*Lippia triphylla*, sh.: *Lippia citriodora*
			0632010-057	Lindiblóm	*Tilia cordata*
			0632010-058		*Tilia platyphyllos*
			0632010-059		*Tilia tomentosa*, sh.: *Tilia argentea*
			0632010-060	Stokkrós	*Malva sylvestris*
			0632010-061	Læknastokkrós	*Althaea officinalis*
			0632010-062	Mjaðurt	*Filipendula ulmaria*
			0632010-063	Mistilteinn	*Viscum album*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0632010-064	Sumardrekakollur	*Dracocephalum moldavica*
			0632010-065	Búrót	*Artemisia vulgaris*
			0632010-066	Mórber (svört og hvít)	*Morus alba*
			0632010-067		*Morus nigra*
			0632010-068	Glókyndill	*Verbascum* spp.
			0632010-069	Rauðgreni	*Picea abies*
			0632010-070	Hafrar	*Avena sativa*
			0632010-071	Ólífur	*Olea europaea*
			0632010-072	Papæjualdin	*Carica papaya*
			0632010-073	Sefapíslarblóm	*Passiflora incarnata*
			0632010-074	Mjölbananar	*Plantago major*
			0632010-075	Hindber (rauð og gul)	*Rubus idaeus*
			0632010-076	Rauðsmári	*Trifolium pratense*
			0632010-077	Selgresi	*Plantago lanceolata*
			0632010-078	Klettasólrós	*Cistus incanus*, sh.: *Cistus creticus*, sh.: *Cistus villosus*
			0632010-079	Rómarmalurt	*Artemisia pontica*
			0632010-080	Hjartarfi	*Capsella bursa-pastoris*
			0632010-081	Tágamura	*Potentilla anserina*
			0632010-082	Gljáknýti	*Herniaria glabra*
			0632010-083	Ambrajurt	*Artemisia abrotanum*
			0632010-084	Jóhannesarjurt	*Hypericum perforatum*
			0632010-085	Sætubrómber	*Rubus chingii* var. *suavissimus*, sh.: *Rubus suavissimus*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0632010-086	Appelsínur	*Citrus sinensis*
			0632010-087	Blámasmári	*Trigonella caerulea*, sh.: *Trigonella coerulea*
			0632010-088	Anganmaðra	*Galium odoratum*
			0632010-089	Regnfang	*Tanacetum vulgare*
			0632010-090	Teviður	*Melaleuca alternifolia*
			0632010-091	Gullgin	*Linaria vulgaris*
			0632010-092	Valhnetur	*Juglans nigra*
			0632010-093		*Juglans regia*
			0632010-094	Ljósatvítönn	*Lamium album*
			0632010-095	Geithvönn	*Angelica sylvestris*
			0632010-096	Villijarðarber	*Fragaria vesca*
			0632010-097	Sigurskúfur	*Epilobium angustifolium*, sh.: *Chamaenerium angustifolium*
			0632010-098	Haustnornahesli	*Hamamelis virginiana*
			0632010-099	Hulduljós	*Stachys officinalis*, sh.: *Betonica officinalis*
			0632010-100	Vallhumall	*Achillea millefolium*
			0632010-101	Gulmaðra	*Galium verum*
			0632010-102	Mánasteinsmári	*Melilotus officinalis*
			0632010-103	Klifurmintur	*Minthostachys* spp.
	0632020	Rauðrunnalauf	0632020-001	Hunangsrunni	*Cyclopia genistoides*
			0632020-002		*Cyclopia intermedia*
			0632020-003		*Cyclopia sessiflora*
			0632020-004		*Cyclopia subternata*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	0632030	Indíánaþyrnislauf	0632030-001	Musterishneta	*Ginkgo biloba*
			0632030-002	Nónaldin	*Morinda citrifolia*
			0632030-003	Móringatrésblöð	Moringa oleifera, sh.: *Moringa pterygosperma*
	0633010	Garðabrúða	0633010-001	Roðaíris	*Iris versicolor*
			0633010-002	Sverðblaðka	*Acorus calamus*
			0633010-003	Húsapuntur	*Elymus repens*, sh.: *Agropyron repens*
			0633010-004	Sifjarlykill	*Primula veris*
			0633010-005	Roðasólhattur	*Echinacea angustifolia*
			0633010-006		*Echinacea pallida*
			0633010-007		*Echinacea purpurea*
			0633010-008	Iðunnarsunna	*Inula helenium*
			0633010-009	Hreingrandi	*Rhus aromatica*
			0633010-010	Burnirót	*Rhodiola rosea*
			0633010-011	Sóldalafífill	*Geum urbanum*
			0633010-012	Læknastokkrós	*Althaea officinalis*
			0633010-013	Mexíkósk garðabrúða	*Valeriana edulis* undirteg. *procera*, sh.: *Valeriana procera*
			0633010-014	Viskurót	*Pimpinella major*
			0633010-015	Krameria lappacea	*Krameria lappacea*, sh.: *Krameria triandra*
			0633010-016	Vindlar	*Smilax* spp.
			0633010-017	Senegarót	*Polygala senega*
			0633010-018	Engjamura	*Potentilla erecta*
			0633010-019	Geithvönn	*Angelica sylvestris*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	0633020	Ginseng	0633020-001	Síberíuginseng	*Eleutherococcus senticosus*, sh.: *Acanthopanax senticosus*
	0639000	Undirhópur d) Öðrum plöntuhlutum	0639000-001	Plantago ovata (fræ, hýði)	*Plantago ovata*
			0639000-002	Kryddbaldursbrá (fræ)	*Matricaria recutita*; sh.: *Matricaria chamomilla*
			0639000-003	Kirsuber (sæt) (stilkar)	*Cerasus avium*, sh.: *Prunus avium*
			0639000-004	Kínabörkur	*Chinchona calisaya*
			0639000-005		Cinchona pubescens, sh.: *Cinchona succirubra*
			0639000-006	Kakóbaunir (hýði)	*Theobroma cacao*
			0639000-007	Marsdenia cundurango (börkur)	*Marsdenia cundurango*
			0639000-008	Fjallafura (sprotar)	*Pinus mugo*
			0639000-009	Þinur (sprotar)	*Abies* spp.
			0639000-010	Flóatunga (fræ)	*Plantago afra*, sh.: *Plantago psylium*
			0639000-011	Hreingrandi (börkur)	*Rhus aromatica*
			0639000-012	Paullinia cupana (fræ)	*Paullinia cupana*
			0639000-013	Læknakólfur (fræ)	*Hibiscus sabdariffa*
			0639000-014	Hestakastanía (fræ, börkur)	*Aesculus hippocastanum*
			0639000-015	Einir (börkur, viður, sprotar)	*Juniperus communis*
			0639000-016	Handroanthus impetiginosus (börkur)	*Handroanthus impetiginosus*, sh.: *Tabebuia impetiginosa*
			0639000-017	Blakkaviður (börkur, viður)	*Guajacum officinale*
			0639000-018	Steinselja (aldin)	*Petroselinum crispum*
			0639000-019	Pípukassía (aldin)	*Cassia fistula*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			0639000-020	Sviðatré (börkur, viður)	*Quassia amara*
			0639000-021	Rauður sandelviður (börkur, viður)	*Pterocarpus santalinus*
			0639000-022	Sáputré (börkur)	*Quillaja saponaria*
			0639000-023	Kirsuberjatré (stilkar)	*Cerasus vulgaris*, sh.: *Prunus cerasus*
			0639000-024	Sykurmaís (fræni, stílar)	*Zea mays* convar. *saccharata*
			0639000-025	Geithvönn (aldin)	*Angelica sylvestris*
			0639000-026	Haustnornahesli (börkur)	*Hamamelis virginiana*
			0639000-990	Önnur jurtate úr öðrum plöntuhlutum	
	0640000	Hópur Kakóbaunir	0640000-001	Kólahnetur	*Cola acuminata*
					Cola nitida
			0640000-002	Stjörnukakó	*Theobroma grandiflora*
	0650000	Hópur Jóhannesarbrauð	0650000-001	Archidendron pauciflorum	*Archidendron pauciflorum*
0800000	0810020	Ilmfrú	0810020-001	Ilmfrú	*Nigella sativa*
	0810030	Sellerí	0810030-001	Ætihvönn	*Angelica archangelica*
			0810030-002	Skessujurt	*Levisticum officinale*
	0810040	Kóríander	0810040-001	Fýlusveipþyrnir	*Eryngium foetidum*
	0810070	Fenníkur	0810070-001	Beiskar fenníkur	*Foeniculum vulgare* var. *vulgare*
			0810070-002	Stilkfenníkur	*Foeniculum vulgare* var. *dulce*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	0810090	Múskat	0810090-001	Annattó	*Bixa orellana*
			0810090-002	Kertahnetur	*Aleurites moluccana*
			0810090-003	Akasía	*Acacia* spp.
			0810090-004	Kalabasmúskat	*Monodora myristica*
	0820020	Kínapipar	0820020-001	Aníspipar	*Zanthoxylum piperitum*
			0820020-002	Úsasípipar	*Zanthoxylum tessmannii*, sh.: *Fagara tessmannii*
	0820030	Kúmen	0820030-001	Karúm	*Trachyspermum ammi*
	0820040	Kardimommur	0820040-001	Meiran	*Origanum majorana*, sh.: *Majorana hortensis*
			0820040-002	Stjörnuanís	*Illicium verum*
	0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	0820060-001	Rósapipar	*Schinus terebinthifolius*
			0820060-002	Jövupipar	*Piper cubeba*
			0820060-003	Paradísarkorn	*Aframomum melegueta*
			0820060-004	Langpipar	*Piper longum*
			0820060-005	Perúpipar	*Schinus molle*
			0820060-006	Súmak	*Rhus coriaria*
			0820060-007	Benínpipar	*Piper guineense*
	0820070	Vanilla	0820070-001	Tahítívanilla	*Vanilla tahitiensis*
			0820070-002	Tonkabaunir	*Dipteryx odorata*
			0820070-003	Vesturindíuvanilla	*Vanilla pompona*
	0830010	Kanill	0830010-001	Kanilbarkartré	*Cinnamomum burmannii*
			0830010-002		*Cinnamomum cassia*, sh.: *Cinnamomum aromaticum*
			0830010-003		*Cinnamomum loureirii*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	0840030	Túrmerik/gullinrót	0840030-001	Púkatað	*Ferula assa-foetida*
			0840030-002	Jövurót	*Curcuma zanthorrhiza*, sh.: *Curcuma xanthorrhiza*
			0840030-003	Skjannarót	*Curcuma zedoaria*
	0850010	Negull	0850010-001	Blómknappar af kanilbarkartré	*Cinnamomum burmannii*
			0850010-002		*Cinnamomum cassia*, sh.: *Cinnamomum aromaticum*
			0850010-003		*Cinnamomum loureirii*
	0850020	Kapers	0850020-001	Skjaldflétta	*Tropaeolum majus*
			0850020-002		*Tropaeolum minus*
0900000	0900020	Sykurreyr	0900020-001	Lauf af eyðimerkurlilju	*Agave* spp.
			0900020-002	Strá af sætri dúrru	*Sorghum bicolor* undirteg. *bicolor*
	0900030	Kaffifífilsrætur	0900030-001	Köldugrasrætur	*Polypodium vulgare*
			0900030-002	Jakonrætur	*Smallanthus sonchifolius*
	0900990	Annað	0900990-001	Birki (safi úr stofni)	*Betula papyrifera*
			0900990-002	Mannaaskur (safi úr stofni)	*Fraxinus ornus*
			0900990-003	Hlynur (safi úr stofni)	*Acer* spp.
			0900990-004	Þokkapálmar (safi úr stofni)	*Jubaea chilensis*
			0900990-005		*Phoenix canariensis*
			0900990-990	Aðrar sykurplöntur	
1000000	1011000	Undirhópur a) Svín	1011000-001	Villisvín (alin)	*Sus scrofa ferus*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	1012000	Undirhópur b) Nautgripir	1012000-001	Amerískir bufflar	*Bison bison*
			1012000-002	Banteng	*Bos javanicus*
			1012000-003	Bufflar	*Bubalus arnee bubalis*
			1012000-004	Evrópskir bufflar	*Bison bonasus*
			1012000-005	Gayal	*Bos gaurus frontalis*
			1012000-006	Jakuxar (tamdir)	*Poëphagus mutus grunniens*
			1012000-007	Zebu	*Bos taurus indicus*
			1012000-990	Blendingar af ættkvíslunum *Bison*, *Bos*, *Bubalus* og *Poëphagus*	
	1013000	Undirhópur c) Sauðfé	1013000-001	Múfflonfé (alið)	*Ovis aries musimon*
	1015000	Undirhópur e) Hestar	1015000-001	Asnar	*Equus africanus asinus*
			1015000-002	Múlasnar	*Equus caballus x Equus africanus asinus*
			1015000-003	Hestar	*Equus caballus*
			1015000-004	Múldýr	*Equus africanus asinus x Equus caballus*
	1016000	Undirhópur f) Alifuglar	1016000-001	Virginíutannhænur	*Colinus virginianus*
			1016000-002	Hænsni (þ.m.t. silkihænsni)	*Gallus gallus domesticus*
			1016000-003	Tyrkjadúfur	*Streptopelia decaocto*
			1016000-004	Endur	*Anas platyrhynchos*
			1016000-005	Gæsir	*Anser anser*
			1016000-006	Grænir páfuglar	*Pavo muticus*
			1016000-007	Perluhænsn	*Numida meleagris*
			1016000-008	Japanskar kornhænur	*Coturnix japonica*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			1016000-009	Moskusendur	*Cairina moschata*
			1016000-010	Hnúðsvanir	*Cygnus olor*
			1016000-011	Akurhænur	*Ættkvíslarnar Alectoris og Perdix*
			1016000-012	Páfuglar	*Pavo cristatus*
			1016000-013	Fasanar	*Phasianus colchicus*
			1016000-014	Dúfur	*Columba livia*
			1016000-015	Kornhænur	*Coturnix coturnix*
			1016000-016	Kalkúnar	*Meleagris gallopavo*
			1016000-017	Turtildúfur	*Streptopelia turtur*
			1016000-990	Aðrir aldir fuglar af ættbálknum Anseriformes	
			1016000-991	Aðrir aldir fuglar af ættbálknum Columbiformes	
			1016000-992	Aðrir aldir fuglar af ættbálknum Galliformes	
	1017000	Undirhópur g) Önnur alin landdýr	1017000-001	Alpaka	*Vicugna pacos*
			1017000-002	Baktríuúlfaldi	*Camelus ferus bactrianus*
			1017000-003	Flóðsvín	*Hydrochoerus hydrochaeris*
			1017000-004	Skógarkanínur	*Sylvilagus floridanus*
			1017000-005	Drómedarar	*Camelus dromedarius*
			1017000-006	Elandantilópur	*Taurotragus oryx*
			1017000-007	Elgir	*Alces alces*
			1017000-008	Emúar	*Dromaius novaehollandiae*
			1017000-009	Dádýr	*Dama dama*

1)	2)	3)	4)	5)	6)
			1017000-010	Naggrísir	*Cavia aperea porcellus*
			1017000-011	Hérar (aldir)	*Lepus europaeus*
			1017000-012	Lamadýr	*Lama glama*
			1017000-013	Nandúar	*Rhea americana*
			1017000-014	Strútar	*Struthio camelus*
			1017000-015	Kragasvín	*Tayassu tajacu*
			1017000-016	Kanínur	*Oryctolagus cuniculus*
			1017000-017	Krónhirtir	*Cervus elaphus*
			1017000-018	Hreindýr	*Rangifer tarandus*
			1017000-019	Rádýr	*Capreolus capreolus*
			1017000-990	Önnur alin landdýr	
	1020010	Mjólk. Nautgripir	1020010-001	Tegundir skráðar undir kenninúmerum 1012000–xxx	
	1020020	Mjólk. Sauðfé	1020020-001	Tegundir skráðar undir kenninúmerum 1013000–xxx	
	1020040	Mjólk. Hestar	1020040-001	Tegundir skráðar undir kenninúmerum 1015000–xxx	
	1020990	Mjólk. Annað	1020990-001	Baktríuúlfaldi	*Camelus ferus bactrianus*
			1020990-002	Drómedarar	*Camelus dromedarius*
			1020990-003	Elgir	*Alces alces*
			1020990-004	Hreindýr	*Rangifer tarandus*
			1020990-990	Önnur dýr sem framleiða mjólk	

1)	2)	3)	4)	5)	6)
	1030990	Fuglsegg. Annað	1030990-001	Emúar	*Dromaius novaehollandiae*
			1030990-002	Nandúar	*Rhea americana*
			1030990-003	Strútar	*Struthio camelus*
			1030990-990	Aðrir fuglar sem verpa eggjum	
	1050000	Hópur Froskdýr og skriðdýr	1050000-001	Krókódílar	*Crocodilia* spp.
			1050000-002	Froskalappir	*Rana* spp.
			1050000-003	Slöngur	Undirættbálkurinn Serpentes
			1050000-004	Skjaldbökur	Ættbálkurinn Chelonia
			1050000-990	Önnur froskdýr og skriðdýr	
			1050000-991	Aðrar froskalappir af froskum sem tilheyra ekki ættkvíslinni *Rana*	
	1060000	Hópur Landhryggleysingjar	1060000-001	Ánamaðkar	
			1060000-002	Skordýr	
			1060000-003	Sniglar	*Helix* spp.
			1060000-990	Aðrir landhryggleysingjar	
			1060000-991	Aðrir ætir sniglar sem tilheyra ekki ættkvíslinni *Helix*	
	1070000	Hópur Villt landhryggdýr	1070000-001	Villtir veiðifuglar	
			1070000-002	Villt loðveiðidýr	
			1070000-003	Kengúrur	Macropus spp.

Á.E.V. Á ekki við.

([1]) Hámarksgildi leifa gilda ekki um afurðir eða hluta afurða sem, vegna eiginleika sinna og eðlis, eru notaðir sérstaklega sem innihaldsefni í fóður, þangað til sérstök hámarksgildi leifa verða fastsett í tiltekna flokkinn 1200000.

([2]) Hlutinn „*að undanskildum sojabaunum/ungsojabaunum í belg*“ skal gilda frá og með 1. janúar 2020.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2469 **2030/EES/49/20**

frá 20. desember 2017

um stjórnsýslu- og vísindakröfur vegna umsókna sem um getur í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 13. gr. og 3. mgr. 35. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er mælt fyrir um reglur um setningu nýfæðis á markað og notkun þess í Sambandinu.

2) Samkvæmt 13. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 þarf framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi stjórnsýslu- og vísindagögn vegna umsóknanna sem um getur í 1. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

3) Með fyrirvara um 5. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ætti framkvæmdastjórnin að staðfesta hvort umsókn fellur innan gildissviðs þeirrar reglugerðar og gildi umsóknarinnar.

4) Umsóknir, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ættu að innihalda fullnægjandi upplýsingar og vísindagögn til að framkvæmdastjórnin geti staðfest gildi þeirra og til að gera Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) kleift að inna af hendi yfirgripsmikið áhættumat á nýfæðinu.

5) Umsóknirnar ættu að innihalda ítarlegar lýsingar á áætlun um öryggismat, óunnin gögn, upplýsingar um mikilvægi prófunarefnisins, sem er notað í eiturefnafræðilegu rannsóknunum, og prófunaraðferðir vegna greiningar og lýsingar á eiginleikum tilbúnu nanóefnanna.

6) Reynslan hefur sýnt að í tilteknum tilvikum er raunhæft að búast við því að aðrir hópar íbúa neyti nýfæðis, sem er ætlað fyrir sérstaka hópa íbúanna, og að áhættustjórnunarráðstafanir geti reynst nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegri heilbrigðisáhættu fyrir þessa aðra hópa íbúa. Þess vegna ætti að leggja fram fullnægjandi upplýsingar í umsókninni til að gera það kleift að meta áhættur fyrir þessa hópa íbúa.

7) Ef umsækjandinn leggur fram umsókn um að bæta við, fjarlægja eða breyta notkunarskilyrðum, nákvæmum skilgreiningum, sértækum viðbótarkröfum varðandi merkingu eða kröfum um vöktun á leyfðu nýfæði eftir setningu á markað er e.t.v. ekki nauðsynlegt fyrir umsækjandann að leggja fram öll þau gögn sem krafist er vegna áhættumatsins ef hann leggur fram sannprófanlegan rökstuðning.

8) Til að tryggja að eiturefnafræðilegar prófanir séu gerðar samkvæmt tilteknum kröfum ættu þær að fara fram í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB ([2]). Ef þessar prófanir eru framkvæmdar utan yfirráðasvæðis Sambandsins ættu þær að fylgja meginreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir ([3]).

9) Álit Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að veita fullnægjandi upplýsingar til að ganga úr skugga um hvort tillögð notkun á nýfæðinu sé örugg fyrir neytendur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/10/EB frá 11. febrúar 2004 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á íðefnum (Stjtíð. ESB L 50 20.2.2004, bls. 44).

([3]) „OECD Series on Principles of Good Laboratory Practice and Compliance Monitoring.“ Númer 1. OECD Principles on Good Laboratory Practice (endurskoðuð útgáfa frá 1997) ENV/MC/CHEM(98)17.

10) Til að hægt sé að njóta góðs af gagnavernd, eins og mælt er fyrir um í 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ætti að færa rök fyrir kröfum um vernd einkaleyfisverndaðra gagna og hafa ætti öll viðkomandi gögn í sérstökum hluta umsóknarinnar.

11) Samkvæmt 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 er nauðsynlegt að mæla fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna gildistöku þeirrar reglugerðar.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið og viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framkvæmd 13. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 að því er varðar stjórnsýslu- og vísindakröfur vegna umsóknanna sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og umbreytingarráðstafananna sem um getur í 3. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([1]) og reglugerðar (ESB) 2015/2283, er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

„umsókn“: sjálfstæð málsskjöl sem innihalda upplýsingarnar og vísindagögnin sem lögð eru fram í því skyni að fá leyfi fyrir nýfæði skv. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

3. gr.

Skipulag, innihald og framlagning umsóknar

1. Umsókn skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina á rafrænu formi og skal samanstanda af eftirfarandi:

a) fylgibréf,

b) tæknileg málsskjöl,

c) samantekt úr málsskjölunum.

2. Fylgibréfið, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal samið í samræmi við sniðmátið í I. viðauka.

3. Tæknilegu málsskjölin, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu innihalda:

a) stjórnsýslugögn eins og kveðið er á um í 4. gr.,

b) vísindagögn eins og kveðið er á um í 5. gr.

4. Ef umsækjandinn leggur fram umsókn um að breyta notkunarskilyrðum, nákvæmum skilgreiningum, sértækum viðbótarkröfum varðandi merkingu eða kröfum um vöktun á leyfðu nýfæði eftir setningu á markað er e.t.v. ekki nauðsynlegt fyrir umsækjandann að leggja fram öll þau gögn sem krafist er skv. 5. gr. þessarar reglugerðar ef hann leggur fram sannprófanlegan rökstuðning þar sem útskýrt er að tillagðar breytingar hafi ekki áhrif á niðurstöður úr fyrirliggjandi áhættumati.

5. Til viðbótar við upplýsingarnar, sem um getur í a-,b- og e-lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, skulu koma fram í samantektinni úr málsskjölunum, sem um getur í c-lið 1. mgr. þessarar greinar, ástæðurnar fyrir því af hverju notkunin á nýfæðinu er í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

4. gr.

Kröfur um stjórnsýslugögn

Til viðbótar við upplýsingarnar, sem settar eru fram í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, skal umsóknin innihalda eftirtalin stjórnsýslugögn:

a) heiti framleiðanda eða framleiðenda nýfæðisins, ef það er(u) ekki sá sami/þeir sömu og umsækjandi, heimilisfang og samskiptaupplýsingar,

b) nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar aðilans sem ber ábyrgð á málsskjölunum og hefur heimild til að hafa samskipti við framkvæmdastjórnina fyrir hönd umsækjandans,

c) framlagningardagur málsskjalanna,

d) efnisyfirlit málsskjalanna,

e) ítarleg skrá yfir skjöl sem fylgja með málsskjölunum, þ.m.t. tilvísanir í titla, bindi og síður,

f) skrá yfir þá hluta málsskjalanna sem á að meðhöndla sem trúnaðarmál og sannprófanlegur rökstuðningur í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og reglurnar sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð. Ef framleiðsluferlið inniheldur trúnaðargögn skal leggja fram samantekt um framleiðsluferlið sem trúnaður hvílir ekki á,

g) upplýsingar og skýringar sem renna stoðum undir það að umsækjandinn eigi rétt á að vísa til vísindaþekkingar eða vísindagagna, sem njóta einkaleyfisverndar, í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Þær upplýsingar skulu hafðar í aðskildri möppu.

5. gr.

Kröfur um vísindagögn

1. Málsskjöl, sem lögð eru fram til stuðnings umsókn um leyfi fyrir nýfæði, skulu gera það kleift að gera yfirgripsmikið áhættumat á nýfæðinu.

2. Ef umsókn um leyfi fyrir nýfæði felur í sér notkun á tilbúnum nanóefnum, eins og um getur í viii. og ix. lið a-liðar 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, skal umsækjandinn láta í té prófunaraðferðir vegna greiningar og lýsingar á eiginleikum í samræmi við kröfurnar í 4. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Umsækjandinn skal láta í té afrit af gögnum um málsmeðferð og stefnuáætlun sem fylgt var við söfnun gagnanna.

4. Umsækjandinn skal láta í té lýsingu á áætlun um öryggismat og samsvarandi áætlun um eiturefnafræðilegar prófanir og hann skal færa rök fyrir því hvers vegna tilteknar rannsóknir eða upplýsingar voru teknar með eða þeim sleppt.

5. Umsækjandinn skal láta í té, sé þess óskað, óunnin gögn fyrir einstakar rannsóknir, birtar og óbirtar, sem umsækjandinn framkvæmdi eða sem voru framkvæmdar fyrir hans hönd, umsókn sinni til stuðnings. Þessar upplýsingar taka til gagna sem voru notuð til að fá fram niðurstöður úr einstökum rannsóknum og niðurstöður úr athugunum.

6. Ef ekki er hægt að útiloka að aðrir hópar íbúa neyti nýfæðis, sem er ætlað fyrir sérstakan hóp íbúa, skulu framlögð öryggisgögn einnig ná yfir þessa hópa.

7. Fyrir hverja líffræðilega rannsókn eða eiturefnarannsókn skal umsækjandinn gera grein fyrir því hvort prófunarefnið er í samræmi við tillagða forskrift eða fyrirliggjandi forskrift. Ef prófunarefnið er frábrugðið þessari forskrift skal umsækjandi sýna fram á mikilvægi þessara gagna fyrir nýfæðið sem er til umfjöllunar.

Eiturefnarannsóknir skulu gerðar í stöðvum sem uppfylla kröfurnar í tilskipun 2004/10/EB eða, ef þær eru gerðar utan yfirráðasvæðis Sambandsins, skulu þær fylgja meginreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir (GLP). Umsækjandinn skal láta í té sannanir fyrir því að farið sé að þessum kröfum og skal rökstyðja öll frávik frá stöðluðum aðferðarlýsingum.

8. Umsækjandi skal bera fram tillögu að heildarniðurstöðu að því er varðar öryggi við tillagða notkun á nýfæðinu. Gera skal heildarmat á mögulegri áhættu fyrir heilbrigði manna með tilliti til þekktra eða líklegra váhrifa á menn.

6. gr.

Sannprófun á gildi umsóknar

1. Við móttöku umsóknar skal framkvæmdastjórnin tafarlaust staðfesta hvort umsóknin fellur undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/2283 og hvort umsóknin uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við Matvælaöryggisstofnunina. Matvælaöryggisstofnunin skal skýra framkvæmdastjórninni frá sjónarmiðum sínum að því er varðar hvort umsóknin uppfyllir viðkomandi kröfur, sem settar eru fram í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, innan 30 virkra daga.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjanda, að því er varðar gildi umsóknar, og komast að samkomulagi við umsækjandann um þann frest sem hann hefur til að leggja fram þær upplýsingar.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 getur umsókn talist gild þó að hún innihaldi ekki alla þættina sem krafist er skv. 3. til 5. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að umsækjandi hafi lagt fram viðeigandi rökstuðning fyrir hvern þann þátt sem vantar.

5. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa umsækjandann, aðildarríkin og Matvælaöryggistofnunina um það hvort umsóknin teljist gild eða ekki. Ef umsóknin telst ekki gild skal framkvæmdastjórnin tilgreina ástæðurnar fyrir því hvers vegna hún er ekki gild.

7. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar

1. Álit Matvælaöryggisstofnunarinnar skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) auðkenni nýfæðisins,

b) mat á framleiðsluferlinu,

c) gögn um samsetningu,

d) nákvæmar skilgreiningar,

e) notkunarsögu nýfæðisins og/eða uppruna þess,

f) tillagða notkun og notkunarmagn og inntekið magn sem gert er ráð fyrir,

g) upptöku, dreifingu, efnaskipti og útskilnað (ADME),

h) næringarfræðilegar upplýsingar,

i) eiturefnafræðilegar upplýsingar,

j) ofnæmisvirkni,

k) heildaráhættumat fyrir nýfæðið við tillagða notkun og notkunarmagn, með áherslu á óvissu og takmarkanir, ef við á,

l) ef fæðutengd váhrif eru yfir heilbrigðismiðaða, leiðbeinandi gildinu, sem er fastsett í heildaráhættumatinu, skal mat á váhrifum af völdum nýfæðisins vera ítarlegt og veita upplýsingar um hversu mikið vægi hver matvælaflokkur eða matvæli, sem notkunin er leyfð fyrir eða sem sótt hefur verið um notkun fyrir, hefur í heildarváhrifum af völdum matvæla,

m) niðurstöður.

2. Framkvæmdastjórnin getur beðið um viðbótarupplýsingar í beiðni sinni um álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

8. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Eigi síðar en 1. janúar 2018 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um skrár yfir beiðnir sem um getur í 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té allar þær upplýsingar sem þeim hafa borist varðandi hverja beiðni sem um getur í 1. mgr.

3. Sérhver beiðni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal uppfærð af hálfu umsækjanda til þess að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og í þessari reglugerð.

4. Þrátt fyrir þetta gilda 1. og 2. mgr. ekki um beiðnir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem frummatsskýrsla hefur verið send um til framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([1]) fyrir 1. janúar 2018, og þar sem rökstudd andmæli hafa ekki verið borin fram vegna setningar viðkomandi nýfæðis á markað innan tímabilsins sem er fastsett í 4. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Frestur til að leggja fram umsóknirnar, sem um getur í 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, rennur út 1. janúar 2019.

9. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir fylgibréf sem fylgir umsókn um nýfæði

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Stjórnarsvið

Skrifstofa

Eining

Dagsetning: .....

Efni: Umsókn um leyfi fyrir nýfæði í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2283.

(Tilgreinið með því að merkja greinilega við í viðeigandi reit)

☐ Umsókn um leyfi fyrir nýju nýfæði.

☐ Umsókn um að bæta við, fjarlægja eða breyta skilyrðum fyrir notkun á nýfæði sem þegar hefur verið leyft. Tilgreina skal tilvísun í það leyfi.

☐ Umsókn um að bæta við, fjarlægja eða breyta nákvæmum skilgreiningum fyrir nýfæði sem þegar hefur verið leyft. Tilgreina skal tilvísun í það leyfi.

☐ Umsókn um að bæta við, fjarlægja eða breyta sértækum viðbótarkröfum varðandi merkingu á nýfæði sem þegar hefur verið leyft. Tilgreina skal tilvísun í það leyfi.

☐ Umsókn um að bæta við, fjarlægja eða breyta kröfum um vöktun á nýfæði, sem þegar hefur verið leyft, eftir setningu á markað. Tilgreina skal tilvísun í það leyfi.

Umsækjandi/umsækjendur eða fulltrúi/fulltrúar hans í Sambandinu

(nafn/nöfn, heimilisfang/heimilisföng…)

.....

.....

.....

leggur/leggja þessa umsókn fram í því skyni að uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.

Auðkenni nýfæðisins (upplýsingar um auðkenni nýfæðis skulu lagðar fram, allt eftir því undir hvaða flokk(a) nýfæðið fellur):

.....

.....

Trúnaðarkvöð ([1]). Eftir því sem við á skal tilgreina hvort umsóknin inniheldur trúnaðargögn í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283

☐ Já

☐ Nei

Gagnavernd ([2]). Eftir því sem við á skal tilgreina hvort umsóknin inniheldur beiðni um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283:

☐ Já

☐ Nei

([1]) Umsækjendur skulu nota sniðið, sem er fastsett í II. viðauka, til að tilgreina hvaða upplýsingar þeir óska eftir að séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og skulu leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að renna stoðum undir beiðnina um trúnaðarkvöð.

([2]) Umsækjandi skal tilgreina þann/þá hluta umsóknar sem inniheldur/innihalda gögn sem njóta einkaleyfisverndar, sem farið er fram á vernd fyrir, þar sem kafli/kaflar og blaðsíðunúmer koma skýrt fram. Umsækjandi skal leggja fram sannprófanlegan rökstuðning/yfirlýsingu vegna kröfu um einkaleyfisvernd.

Matvælaflokkar, notkunarskilyrði og kröfur um merkingu

Matvælaflokkur	Sértæk notkunarskilyrði	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu

Virðingarfyllst,

Undirritun .....

Hjálagt:

☐ Fullnaðarmálsskjöl

☐ Samantekt á málsskjölum

☐ Skrá yfir þá hluta málsskjalanna sem farið er fram á að séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál og sannprófanlegur rökstuðningur fyrir slíkum kröfum

☐ Upplýsingar sem styðja vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar sem varða umsókn um nýfæði

☐ Afrit af stjórnsýslugögnum um umsækjanda eða umsækjendur

———

II. VIÐAUKI

Rökstuðningur vegna trúnaðarupplýsinga

Þessi viðauki skal uppfærður meðan málsmeðferð við umsókn fer fram í hvert sinn sem umsækjandi leggur fram beiðni um að farið sé með upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ef framleiðsluferlið inniheldur trúnaðargögn skal leggja fram samantekt um framleiðsluferlið sem trúnaður hvílir ekki á.

Upplýsingar sem farið er fram á að litið sé á sem trúnaðarmál	**Rökstuðningur**
Kafli x.y (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	
X. viðauki (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	
Kafli x.y (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	
X. viðauki (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2470 **2030/EES/49/21**

frá 20. desember 2017

um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ([1]), einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er mælt fyrir um reglur um setningu nýfæðis á markað og notkun þess innan Sambandsins.

2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ([2]).

3) Skrá Sambandsins yfir nýfæði skal gilda með fyrirvara um önnur ákvæði sem mælt er fyrir um í sértækri löggjöf sviðsins.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði

2) Samkvæmt 20. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 þarf framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi stjórnsýslu- og vísindagögn varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum.

3) Með fyrirvara um 5., 15. og 16. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 ætti framkvæmdastjórnin að staðfesta hvort tilkynning fellur innan gildissviðs þeirrar reglugerðar og gildi tilkynningarinnar eða umsóknarinnar.

4) Tilkynningar, sem um getur í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ættu að innihalda fullnægjandi upplýsingar og vísindagögn til að framkvæmdastjórnin geti staðfest gildi þeirra og til að gera aðildarríkjunum og Matvælaöryggisstofnuninni kleift að meta reynsluna af öruggri notkun á hefðbundnum matvælum frá þriðja landi.

5) Umsóknir, sem um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, ættu að innihalda fullnægjandi upplýsingar og vísindagögn til að framkvæmdastjórnin geti staðfest gildi þeirra og til að gera Matvælaöryggisstofnuninni kleift að inna af hendi yfirgripsmikið áhættumat.

6) Ef umsækjandinn leggur fram tilkynningu eða umsókn um að bæta við, fjarlægja eða breyta notkunarskilyrðum, nákvæmum skilgreiningum, sértækum viðbótarkröfum varðandi merkingu eða kröfum um vöktun á leyfðum hefðbundnum matvælum frá þriðja landi eftir setningu á markað er e.t.v. ekki nauðsynlegt fyrir umsækjandann að leggja fram öll þau gögn sem krafist er vegna öryggismatsins ef hann leggur fram fullnægjandi sannprófanlegan rökstuðning.

7) Upplýsingaskipti milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunarinnar ættu að gera það kleift leggja tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi fyrir framkvæmdastjórnina ef nauðsyn krefur.

8) Álit Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að veita fullnægjandi upplýsingar til að ganga úr skugga um hvort tillögð notkun á hefðbundnu matvælunum frá þriðja landi sé örugg fyrir neytendur.

9) Samkvæmt 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 þarf framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um kröfurnar sem um getur í 20. gr. þeirrar reglugerðar.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið og viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framkvæmd 20. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 að því er varðar stjórnsýslu- og vísindakröfur varðandi hefðbundin matvæli frá þriðju löndum og umbreytingarráðstafanirnar sem um getur í 3. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar.

Hún gildir um tilkynningar og umsóknir eins og um getur í 14. og 16. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2. gr.

Skilgreiningar

Auk skilgreininganna, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([1]) og reglugerðar (ESB) 2015/2283, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tilkynning“: sjálfstæð málsskjöl sem innihalda upplýsingarnar og vísindagögnin sem lögð eru fram skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283,

b) „umsókn“: sjálfstæð málsskjöl sem innihalda upplýsingarnar og vísindagögnin sem lögð eru fram skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

3. gr.

Skipulag, innihald og framlagning tilkynningar

1. Tilkynning skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina á rafrænu formi og skal samanstanda af eftirfarandi:

a) fylgibréf,

b) tæknileg málsskjöl,

c) samantekt úr málsskjölunum.

2. Fylgibréfið, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal samið í samræmi við sniðmátið í I. viðauka.

3. Tæknilegu málsskjölin, sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu innihalda:

a) stjórnsýslugögn eins og kveðið er á um í 5. gr.,

b) vísindagögn eins og kveðið er á um í 6. gr.

4. Ef umsækjandinn leggur fram tilkynningu um að breyta notkunarskilyrðum, nákvæmum skilgreiningum, sértækum kröfum varðandi merkingu eða kröfum um vöktun á leyfðum hefðbundnum matvælum frá þriðja landi eftir setningu á markað er e.t.v. ekki nauðsynlegt fyrir umsækjandann að leggja fram öll þau gögn sem krafist er skv. 6. gr. ef hann leggur fram sannprófanlegan rökstuðning þar sem útskýrt er að tillagðar breytingar hafi ekki áhrif á niðurstöður úr fyrirliggjandi öryggismati.

5. Í samantektinni úr málsskjölunum, sem um getur í c-lið 1. mgr., skulu koma fram sannanir fyrir því að notkun hefðbundnu matvælanna frá þriðja landi sé í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

4. gr.

Skipulag, innihald og framlagning umsóknar

1. Umsókn skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina á rafrænu formi og skal samanstanda af eftirfarandi:

a) fylgibréf,

b) tæknileg málsskjöl,

c) samantekt úr málsskjölunum,

d) tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi sem um getur í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2015/2283,

e) svör umsækjanda við tilhlýðilega rökstuddum andmælum varðandi öryggi.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

2. Fylgibréfið, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal samið í samræmi við sniðmátið í II. viðauka.

3. Tæknilegu málsskjölin, sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu innihalda:

a) stjórnsýslugögn eins og kveðið er á um í 5. gr.,

b) vísindagögn eins og kveðið er á um í 6. gr.

4. Ef umsækjandinn leggur fram umsókn um að breyta notkunarskilyrðum, nákvæmum skilgreiningum, sértækum kröfum varðandi merkingu eða kröfum um vöktun á leyfðum hefðbundnum matvælum frá þriðja landi eftir setningu á markað er e.t.v. ekki nauðsynlegt fyrir umsækjandann að leggja fram öll þau gögn sem krafist er skv. 6. gr. ef hann leggur fram sannprófanlegan rökstuðning þar sem útskýrt er að tillagðar breytingar hafi ekki áhrif á niðurstöður úr fyrirliggjandi öryggismati.

5. Í samantektinni úr málsskjölunum, sem um getur í c-lið 1. mgr., skulu koma fram sannanir fyrir því að notkun hefðbundnu matvælanna frá þriðja landi sé í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

5. gr.

Stjórnsýslugögn sem skulu lögð fram í tilkynningu eða umsókn

Til viðbótar við upplýsingarnar, sem settar eru fram í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, skulu tilkynningarnar og umsóknirnar innihalda eftirtalin stjórnsýslugögn:

a) nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar aðilans sem ber ábyrgð á málsskjölunum og hefur heimild til að hafa samskipti við framkvæmdastjórnina fyrir hönd umsækjandans,

b) framlagningardagur málsskjalanna,

c) efnisyfirlit málsskjalanna,

d) ítarleg skrá yfir skjöl sem fylgja með málsskjölunum, þ.m.t. tilvísanir í titla, bindi og síður,

e) skrá yfir þá hluta málsskjalanna sem á að meðhöndla sem trúnaðarmál í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og reglurnar sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Vísindagögn sem skulu lögð fram í tilkynningu eða umsókn

1. Málsskjöl, sem lögð eru fram til stuðnings tilkynningu eða umsókn um leyfi fyrir hefðbundnum matvælum frá þriðja landi skulu gera það kleift að meta reynsluna af öruggri notkun á hefðbundnum matvælum frá þriðja landi.

2. Umsækjandinn skal láta í té afrit af gögnum um málsmeðferð sem fylgt var við söfnun gagnanna.

3. Umsækjandinn skal láta í té lýsingu á áætlun um öryggismat og hann skal færa rök fyrir því hvers vegna tilteknar rannsóknir eða upplýsingar voru teknar með eða þeim sleppt.

4. Umsækjandi skal bera fram tillögu að heildarniðurstöðu að því er varðar öryggi við tillagða notkun á hefðbundnu matvælunum frá þriðja landi. Gera skal heildarmat á mögulegri áhættu fyrir heilbrigði manna með tilliti til þekktra eða líklegra váhrifa á menn.

7. gr.

Sannprófun á gildi tilkynningar

1. Við móttöku tilkynningar um hefðbundin matvæli frá þriðja landi skal framkvæmdastjórnin tafarlaust staðfesta hvort viðkomandi matvæli falli undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2015/2283 og hvort tilkynningin uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 3., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjanda, að því er varðar gildi tilkynningar, og upplýsa umsækjandann um þann frest sem hann hefur til að leggja fram þær upplýsingar.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 getur tilkynning talist gild þó að hún innihaldi ekki alla þættina sem krafist er skv. 3., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að umsækjandi hafi lagt fram sannprófanlegan rökstuðning fyrir hvern þann þátt sem vantar.

4. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa umsækjandann, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina um ástæðurnar fyrir því að tilkynningin telst ekki gild.

8. gr.

Sannprófun á gildi umsóknar

1. Við móttöku umsóknar um leyfi fyrir hefðbundnum matvælum frá þriðja landi skal framkvæmdastjórnin án tafar sannprófa hvort umsóknin uppfylli kröfurnar í 4. til 6. gr.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara fram á viðbótarupplýsingar frá umsækjanda, að því er varðar þætti varðandi gildi umsóknar, og upplýsa umsækjandann um þann frest sem hann hefur til að leggja fram þær upplýsingar.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um 16. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 getur umsókn talist gild þó að hún innihaldi ekki alla þættina sem krafist er skv. 4. til 6. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að umsækjandi hafi lagt fram sannprófanlegan rökstuðning fyrir hvern þann þátt sem vantar.

4. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa umsækjandann, aðildarríkin og Matvælaöryggistofnunina um það hvort umsóknin teljist gild eða ekki. Ef umsóknin telst ekki gild skal framkvæmdastjórnin tilgreina ástæðurnar fyrir því hvers vegna hún er ekki gild.

9. gr.

Tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi

1. Við móttöku gildrar tilkynningar getur samráð milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunarinnar farið fram á fyrstu þremur mánuðum tímabilsins sem fastsett er í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.

2. Tilhlýðilega rökstuddu andmælin varðandi öryggi, sem aðildarríki eða Matvælaöryggisstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti og lýsing á hefðbundnu matvælunum frá þriðja landi,

b) vísindaleg yfirlýsing um það hvers vegna hefðbundnu matvælin frá þriðja landi geti skapað öryggisáhættu fyrir heilbrigði manna.

10. gr.

Upplýsingar sem eiga að koma fram í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar

1. Álit Matvælaöryggisstofnunarinnar skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti og lýsing á eiginleikum hefðbundnu matvælanna frá þriðja landi,

b) mat á reynslunni af öruggri notkun í þriðja landi,

c) heildaráhættumat þar sem öryggi hefðbundinna matvæla frá þriðja landi er ákvarðað, ef unnt er, og athyglinni beint að óvissu og takmörkunum þar sem við á,

d) niðurstöður.

2. Framkvæmdastjórnin getur beðið um viðbótarupplýsingar í beiðni sinni um álit Matvælaöryggisstofnunarinnar.

11. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Tilkynningarnar, eins og um getur í 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2019.

12. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Sniðmát fylgibréfs sem fylgir tilkynningu um hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt kröfunum í 14. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Stjórnarsvið

Skrifstofa

Eining

Dagsetning: .....

Efni: Tilkynning um leyfi fyrir hefðbundnum matvælum frá þriðja landi í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/2283.

(Tilgreinið með því að merkja greinilega við í viðeigandi reit)

☐ Tilkynning um leyfi fyrir nýjum hefðbundnum matvælum.

☐ Tilkynning um að bæta við, fjarlægja eða breyta skilyrðum fyrir notkun á hefðbundnum matvælum sem þegar hafa verið leyfð. Tilgreina skal tilvísun í þá tilkynningu.

☐ Tilkynning um að bæta við, fjarlægja eða breyta nákvæmum skilgreiningum fyrir hefðbundin matvæli sem þegar hafa verið leyfð. Tilgreina skal tilvísun í þá tilkynningu.

☐ Tilkynning um að bæta við, fjarlægja eða breyta sértækum viðbótarkröfum varðandi merkingu á hefðbundnum matvælum sem þegar hafa verið leyfð. Tilgreina skal tilvísun í þá tilkynningu.

☐ Tilkynning um að bæta við, fjarlægja eða breyta kröfum um vöktun á hefðbundnum matvælum, sem þegar hafa verið leyfð, eftir setningu á markað. Tilgreina skal tilvísun í þá tilkynningu.

Umsækjandi/umsækjendur eða fulltrúi/fulltrúar hans í Sambandinu

(nafn/nöfn, heimilisfang/heimilisföng…)

.....

.....

.....

leggur/leggja þessa tilkynningu fram í því skyni að uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.

Auðkenni hefðbundnu matvælanna:

.....

.....

Trúnaðarkvöð ([1]). Eftir því sem við á skal tilgreina hvort umsóknin inniheldur trúnaðargögn í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283

☐ Já

☐ Nei

Matvælaflokkar, notkunarskilyrði og kröfur um merkingu

Matvælaflokkur	Sértæk notkunarskilyrði	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu
—		

Virðingarfyllst,

Undirskrift .....

([1]) Umsækjendur skulu nota sniðið, sem er fastsett í III. viðauka, til að tilgreina hvaða upplýsingar þeir óska eftir að séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og skulu leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að renna stoðum undir beiðnina um trúnaðarkvöð.

Hjálagt:

☐ Fullgerð tæknileg málsskjöl

☐ Samantekt á málsskjölum

☐ Skrá yfir þá hluta málsskjalanna sem farið er fram á að séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál og sannprófanlegur rökstuðningur fyrir slíkum kröfum

☐ Afrit af stjórnsýslugögnum um umsækjanda eða umsækjendur

———

II. VIÐAUKI

Sniðmát fylgibréfs sem fylgir umsókn um hefðbundin matvæli frá þriðja landi samkvæmt kröfunum í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Stjórnarsvið

Skrifstofa

Eining
Dagsetning: .....

Efni: Umsókn um leyfi fyrir hefðbundnum matvælum frá þriðja landi samkvæmt kröfunum í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283

Umsækjandi/umsækjendur eða fulltrúi/fulltrúar hans innan Evrópusambandsins

(nafn/nöfn, heimilisfang/heimilisföng…)

.....

.....

.....

leggur/leggja þessa umsókn fram í því skyni að uppfæra skrá Sambandsins yfir nýfæði.

Auðkenni hefðbundnu matvælanna:

.....

.....

Trúnaðarkvöð ([1]). Eftir því sem við á skal tilgreina hvort umsóknin inniheldur trúnaðargögn í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283

☐ Já

☐ Nei

Matvælaflokkar, notkunarskilyrði og kröfur um merkingu

Matvælaflokkur	Sértæk notkunarskilyrði	Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu

Virðingarfyllst,

Undirskrift:.....

Hjálagt:

☐ Fullgerð umsókn

☐ Samantekt úr umsókninni

☐ Skrá yfir þá hluta umsóknarinnar sem farið er fram á að séu meðhöndlaðir sem trúnaðarmál og sannprófanlegur rökstuðningur fyrir slíkum kröfum

☐ Skjalfest gögn sem varða tilhlýðilega rökstudd andmæli varðandi öryggi

☐ Afrit af stjórnsýslugögnum um umsækjanda eða umsækjendur

———

([1]) Umsækjendur skulu nota sniðið, sem er fastsett í III. viðauka, til að tilgreina upplýsingarnar sem þeir óska eftir að séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og skulu leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að renna stoðum undir beiðnina um trúnaðarkvöð.

III. VIÐAUKI

Rökstuðningur vegna trúnaðarupplýsinga

Þessi viðauki skal uppfærður meðan málsmeðferð við tilkynningu eða umsókn fer fram í hvert sinn sem umsækjandi leggur fram beiðni um að farið sé með upplýsingar sem trúnaðarmál.

Ef framleiðsluferlið inniheldur trúnaðargögn skal leggja fram samantekt um framleiðsluferlið sem trúnaður hvílir ekki á.

Upplýsingar sem farið er fram á að litið sé á sem trúnaðarmál	**Rökstuðningur**
Kafli x.y (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	
X. viðauki (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	
Kafli x.y. (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	
X. viðauki (lagt fram DD/MM/ÁÁÁÁ)	

FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/155 **2030/EES/49/23**

frá 31. janúar 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 ([2]) er mati á virkum efnum úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis og meðskýrslugjafaraðildarríkis í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun. Þar eð mati á virkum efnum, sem samþykki fyrir rennur út á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024, hefur ekki enn verið úthlutað til skýrslugjafaraðildarríkis eða meðskýrslugjafaraðildarríkis er rétt að slík úthlutun fari fram nú.

2) Í ljósi lengdar matsferlisins fyrir virk efni og nýlegrar tilkynningar Bretlands skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið ([3]) er nauðsynlegt að endurúthluta mati á virku efnunum, sem eru tilgreind í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012, þar sem Bretland er skýrslugjafaraðildarríkið eða meðskýrslugjafaraðildarríkið og sem engin viðbótarmálsskjöl hafa enn verið lögð fram fyrir. Virku efnin sem um er að ræða eru álammóníumsúlfat, asoxýstróbín, búpírímat, karbetamíð, klórmekvat, etýlen, fenbúkónasól, flúópíkólíð, flúkinkónasól, flútríafól, hvítlaukskjarni, metasaklór, mýklóbútaníl, paklóbútrasól, pipar, plöntuolíur/sítrónelluolía, própakvisafóp, kvisalófóp-p-etýl, kvisalófóp-p-tefúrýl, tríallat og þvagefni.

3) Úthlutunin ætti að vera með þeim hætti að ábyrgðinni og vinnunni verði dreift jafnt á milli aðildarríkjanna.

4) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er að því gefnu að fresturinn til að leggja fram viðbótarmálsskjöl fyrir nokkur af þeim virku efnum sem um er að ræða renni út 28. febrúar 2018.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 686/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 1.2.2018, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012 frá 26. júlí 2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum, í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun (Stjtíð. ESB L 200, 27.7.2012. bls. 5).

([3]) Stjtíð. ESB C 326, 26.10.2012, bls. 13.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslnanna fyrir virku efnin álammóníumsúlfat, asoxýstróbín, búpírímat, karbetamíð, klórmekvat, etýlen, fenbúkónasól, flúópíkólíð, flúkinkónasól, flútríafól, hvítlaukskjarna, metasaklór, mýklóbútaníl, paklóbútrasól, pipar, plöntuolíur/sítrónelluolíu, própakvisafóp, kvisalófóp-p-etýl, kvisalófóp-p-tefúryl, tríallat og þvagefni í B-hluta komi eftirfarandi samsvarandi færslur:

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
„Álammóníumsúlfat	IE	PT“
„Asoxýstróbín	AT	NO“
„Búpírímat	NL	PL“
„Karbetamíð	SE	BE“
„Klórmekvat	AT	IT“
„Etýlen	NL	ES“
„Fenbúkónasól	SI	AT“
„Flúópíkólíð	AT	ES“
„Flúkinkónasól	CZ	SK“
„Flútríafól	SK	CZ“
„Hvítlaukskjarni	IE	DK“
„Metasaklór	NL	PT“
„Mýklóbútaníl	AT	ES“
„Paklóbútrasól	AT	RO“
„Pipar	BE	IE“
„Plöntuolíur/sítrónelluolía	FR	CZ“
„Própakvisafóp	AT	EE“
„Kvisalófóp-P-etýl	FI	SE“
„Kvisalófóp-P-tefúryl	HR	AT“
„Tríallat	NL	CZ“
„Þvagefni	EL	FI“

2) Eftirfarandi C-hluti bætist við:

„C-HLUTI

ÚTHLUTUN Á MATI Á VIRKUM EFNUM SEM SAMÞYKKI FYRIR RENNUR ÚT EFTIR 31. DESEMBER 2021 OG EIGI SÍÐAR EN 31. DESEMBER 2024

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
1,4-dímetýlnaftalín	AT	PL
Asekínósýl	DE	NL

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Adoxophyes orana GV stofn BV-0001	DE	FR
Ametóktradín	DE	NL
Amínópýralíð	FI	DK
Amísúlbróm	EL	FI
Askorbínsýra	NL	FR
Aureobasidium pullulans (stofnar DSM 14940 og DSM 14941)	AT	DE
Bacillus firmus I-1582	FR	DK
Bacillus pumilus QST 2808	IT	NL
Benalaxýl-M	PT	IT
Bensóvindíflúpýr	FR	AT
Bixafen	CZ	BE
Candida oleophila af stofni O	SI	DE
Klórantranilípról	IE	DE
Sýflúmetófen	ES	AT
Dínatríumfosfónat	FR	EL
Emamektín	NL	SI
Esfenvalerat	AT	PT
Evgenól	ES	EL
Fenpýrasamín	LV	LT
Flúbendíamíð	EL	AT
Flúmetralín	HU	EL
Flúópýram	AT	HR
Flúxapýroxað	FR	EL
Geraníól	ES	EL
Halósúlfúrónmetýl	IT	PL
Helicoverpa armigera-kjarnmargflötungaveira (HearNPV)	EE	FR
Ipkónasól	BE	FR
Ísópýrasam	NO	EL
lambda-sýhalótrín	SE	FR
Maltódextrín	IE	FR

Virkt efni	Skýrslugjafaraðildarríki	Meðskýrslugjafaraðildarríki
Mandípropamíð	AT	PT
Metaflúmísón	SE	EL
Metam (þ.m.t. -kalíum og -natríum)	BE	ES
Metóbrómúrón	FR	NO
Metsúlfúrónmetýl	DK	SE
Appelsínuolía	FR	CZ
Paecilomyces fumosoroseus stofn Fe9901	PL	NL
Penflúfen	PL	IE
Penþíópýrað	SE	CZ
Fosfan	ES	DE
Kalíumfosfónöt (áður kalíumfosfít)	FR	EL
Prósúlfúrón	FR	SK
Pseudomonas sp. stofn DSMZ 13134	NL	BG
Pýridalýl	NL	BE
Pýríófenón	LV	EL
Pýroxsúlam	DK	FI
S-absísínsýra	NL	DK
Sedaxan	FR	AT
Natríumsilfurþíósúlfat	NL	LV
Spínetóram	HR	ES
Spírómesífen	IT	AT
Spírótetramat	AT	NO
Spodoptera littoralis-kjarnmargflötungaveira	EE	FR
Streptomyces lydicus WYEC 108	NL	DE
Tembótríón	AT	FR
Þíenkarbasón	FR	EL
Þýmól	ES	EL
Trichoderma asperellum (stofn T34)	SE	IT
Trichoderma atroviride af stofni I-1237	IT	SK
Valífenalat (áður valífenal)	HU	SI
Kúrbítsgulmósaíkveira, veikur stofn	DK	AT“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1354 **2030/EES/49/24**

frá 20. júlí 2017

um hvernig eigi að leggja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/53/ESB frá 16. apríl 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði og niðurfellingu á tilskipun 1999/5/EB ([1]), einkum 10. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 45. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB er kveðið á um að ef um er að ræða notkunartakmarkanir eða leyfiskröfur varðandi notkun, skulu upplýsingarnar, sem eru á umbúðunum, gera kleift að auðkenna aðildarríkin eða landsvæðið innan aðildarríkisins þar sem notkunartakmarkanir eða leyfiskröfur varðandi notkun eru fyrir hendi, og að slíkar upplýsingar séu hluti af leiðbeiningunum sem fylgja þráðlausa fjarskiptabúnaðinum.

2) Samkvæmt 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem tilgreint er hvernig eigi að leggja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr.

3) Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM), sem komið var á fót í samræmi við 45. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er tilgreint hvernig eigi að leggja fram upplýsingarnar sem kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB og gilda aðeins um þráðlausan fjarskiptabúnað sem er háður notkunartakmörkunum eða leyfiskröfum varðandi notkun í a.m.k. einu aðildarríki.

2. gr.

1. Ef þráðlaus fjarskiptabúnaður er háður notkunartakmörkunum eða leyfiskröfum varðandi notkun, eins og kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, skal eftirfarandi koma fram á umbúðum þráðlausa fjarskiptabúnaðarins á skýran og læsilegan hátt:

a) skýringarmynd, eins og sett er fram í I. viðauka, eða

b) orðin „Takmarkanir eða kröfur í“, á tungumáli sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður og er auðskiljanlegt endanlegum notendum, þar sem á eftir koma skammstafanir aðildarríkja, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka, ef slíkar takmarkanir eða kröfur eru fyrir hendi.

2. Ef þráðlausi fjarskiptabúnaðurinn er háður notkunartakmörkunum eða leyfiskröfum varðandi notkun, eins og kveðið er á um í 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB, skal skráin yfir þau aðildarríki og landsvæði innan aðildarríkjanna þar sem slíkar takmarkanir eða kröfur gilda, sem og tegundir takmarkananna eða krafnanna, sem gilda í hverju aðildarríki og á hverju landsvæði innan aðildarríkjanna, koma fram í leiðbeiningunum, sem fylgja þráðlausa fjarskiptabúnaðinum, á tungumáli sem er auðskiljanlegt endanlegum notendum eins og hlutaðeigandi aðildarríki ákveður það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 190, 21.7.2017, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 62.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gildir frá og með 9. ágúst 2018.

Þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem kemur á markað eftir 8. ágúst 2017 og samrýmist þessari reglugerð, telst vera í samræmi við 10. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/53/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Skýringarmynd

1. Skýringarmyndin skal vera í formi töflu.
2. Á skýringarmyndinni skal vera eftirfarandi tákn:



3. Á skýringarmyndinni skal einnig tilgreina, fyrir neðan táknið eða við hlið táknsins, sem um getur í 2. lið, skammstafanir fyrir aðildarríkin, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka, ef einhverjar notkunartakmarkanir eða leyfiskröfur varðandi notkun eru fyrir hendi.
4. Svo framarlega sem skýringarmyndin og innihald hennar eru sýnileg og læsileg má útfærsla þeirra vera mismunandi (t.d. mismunandi litir, feitletur eða útlínuletur, mismunandi þykkt lína).
5. Dæmi um skýringarmynd:



ES	LU	RO
CZ	FR	HU
SI	DK	HR

	BG	EE	BE

II. VIÐAUKI

Skammstafanir

Skammstafanirnar fyrir aðildarríkin eru sem hér segir:

Belgía (BE), Búlgaría (BG), Tékkland (CZ), Danmörk (DK), Þýskaland (DE), Eistland (EE), Írland (IE), Grikkland (EL), Spánn (ES), Frakkland (FR), Króatía (HR), Ítalía (IT), Kýpur (CY), Lettland (LV), Litáen (LT), Lúxemborg (LU), Ungverjaland (HU), Malta (MT), Holland (NL), Austurríki (AT), Pólland (PL), Portúgal (PT), Rúmenía (RO), Slóvenía (SI), Slóvakía (SK), Finnland (FI), Svíþjóð (SE) og Bretland (UK).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 813/2013 **2030/EES/49/25**

frá 2. ágúst 2013

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2009/125/EB ætti framkvæmdastjórnin að setja fram kröfur varðandi visthönnun, að því er varðar orkutengdar vörur sem eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta með hönnun að því er varðar umhverfisáhrif þeirra, án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.

2) Ákvæði um orkunýtni katla voru sett í tilskipun ráðsins 92/42/EBE frá 21. maí 1992 um kröfur varðandi orkunýtni nýrra heitavatnskatla sem brenna fljótandi eða loftkenndu eldsneyti ([2]).

3) Í a-lið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin ætti, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um visthönnun, að innleiða, eftir því sem við á, framkvæmdarráðstafanir fyrir vörur sem gefa mikla möguleika á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á kostnaðarhagkvæman hátt, s.s. fyrir hitunar- og vatnshitunartæki.

4) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn á tækni-, umhverfis- og efnahagslegum þáttum hitara fyrir rými og sambyggðra hitara (fyrir rými og vatnshitara) , sem eru venjulega notaðir í Sambandinu. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá Sambandinu og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.

5) Þeir umhverfisþættir hitara fyrir rými og sambyggðra hitara sem eru taldir vera mikilvægir að því er þessa reglugerð varðar eru orkunotkun á notkunartímanum og (að því er varðar hitara með varmadælu) hljóðaflsstig. Til viðbótar, að því er varðar hitara sem nota jarðefnaeldsneyti, telst losun köfnunarefnisoxíða, kolsýrings, efnisagna og vetniskolefna til mikilvægra umhverfisþátta.

6) Ekki er viðeigandi að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar losun kolsýrings, efnisagna og vetniskolefna þar sem engar hentugar evrópskar mæliaðferðir eru enn til staðar. Í því skyni að þróa slíkar mæliaðferðir veitti framkvæmdastjórnin evrópskum staðlastofnunum umboð til að taka til athugunar kröfur varðandi visthönnun að því er þessa losun varðar við endurskoðun þessarar reglugerðar. Heimilt er að viðhalda eða taka upp landsákvæði um kröfur varðandi visthönnun að því er varðar losun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara á kolsýringi, efnisögnum og vetniskolefnum þar til samsvarandi kröfur Sambandsins varðandi visthönnun öðlast gildi. Þetta hefur ekki áhrif á ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/142/EB frá 30. nóvember 2009 varðandi tæki sem brenna gasi ([3]), sem takmarka myndefni frá bruna að því er varðar tæki sem brenna gasi í tengslum við heilbrigði.

7) Undirbúningsrannsóknin sýnir að kröfur varðandi aðra mæliþætti visthönnunar, sem um getur í 1. hluta I. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, eru ekki nauðsynlegar ef um er að ræða hitara fyrir rými og sambyggða hitara. Einkum telst losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við kælimiðla, sem notaðir eru í hitara með varmadælu til upphitunar á evrópskum byggingum í dag, ekki veruleg. Við endurskoðun þessarar reglugerðar verður endurmetið hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar þessa losun gróðurhúsalofttegunda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 136. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

([2]) Stjtíð. EB L 167, 22.6.1992, bls. 17.

([3]) Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 10.

8) Gildissvið þessarar reglugerðar ætti að taka til hitakatla fyrir rými, hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku og hitara fyrir rými með varmadælu, sem framleiða varma fyrir vatnshitakerfi til að hita rými, og sambyggða hitakatla og sambyggða hitara með varmadælu, sem framleiða varma fyrir vatnshitakerfi til að hita rými og varma til að skila heitu neyslu- og grávatni. Þessir hitarar eru hannaðir til að nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti, þ.m.t. úr lífmassa (nema að hann sé í meirihluta), rafmagn og umhverfis- eða frávarma.

9) Hitarar sem eru hannaðir til að nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem er að mestu leyti (meira en 50%) framleitt úr lífmassa, hafa tiltekna tæknilega eiginleika sem krefjast frekari tækni-, efnahags- og umhverfisgreiningar. Með hliðsjón af niðurstöðu greiningarinnar ætti að ákveða kröfur varðandi visthönnun fyrir þessa hitara á síðara stigi, ef við á.

10) Árleg orkunotkun sem tengist hiturum fyrir rými og sambyggðum hiturum var áætluð 12 089 PJ (u.þ.b. 289 milljón tonn olíuígilda) í Sambandinu árið 2005, sem samsvarar 698 Mt losunar koltvísýrings. Ef ekki verður gripið til sértækra ráðstafana er gert ráð fyrir að árlega orkunotkunin verði 10 688 PJ árið 2020. Árleg losun köfnunarefnisoxíða sem tengist hiturum fyrir rými og sambyggðum hiturum var áætluð 821 kt SO_x-jafngildi í Sambandinu árið 2005. Ef ekki eru gerðar sértækar ráðstafanir er gert ráð fyrir að árleg losun verði 783 kt SO_x-jafngildi árið 2020. Undirbúningsrannsóknin sýnir að mögulegt er að draga verulega úr orkunotkun á notkunarstigi og losun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara á köfnunarefnisoxíðum.

11) Mögulegt er að draga úr orkunotkun hitara fyrir rými og sambyggðra hitara með því að beita fyrirliggjandi, kostnaðarhagkvæmri tækni sem ekki er háð einkaleyfi og getur lækkað samanlagðan kostnað við að kaupa og nota þessar vörur.

12) Í Sambandinu eru næstum því fimm milljón íbúðir með sameiginlegt opið loftrásarkerfi. Af tæknilegum ástæðum er ekki mögulegt að skipta út núverandi hitakötlum fyrir rými og sambyggðum hitakötlum fyrir orkunýtna þéttikatla í íbúðum með sameiginlegt opið loftrásarkerfi. Kröfurnar í þessari reglugerð heimila að katlar sem eru ekki þéttikatlar og eru sérstaklega hannaðir fyrir slíka samskipan, verði áfram á markaði en það er til að koma í veg fyrir óþarfa kostnað fyrir neytendur, til að gefa framleiðendum tíma til að þróa katla sem nota orkunýtnari hitunartækni og gefa aðildarríkjunum tíma til að yfirfara landsbundnar byggingarreglugerðir.

13) Gert er ráð fyrir að samanlögð áhrif krafnanna varðandi visthönnun, sem settar eru fram í þessari reglugerð og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar hitara fyrir rými, sambyggðra hitara, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku ([1]) leiði til þess að árið 2020 verði áætlaður, árlegur orkusparnaður u.þ.b. 1 900 PJ (u.þ.b. 45 milljón tonn olíuígilda), sem samsvarar u.þ.b. 110 Mt losunar koltvísýrings og að það dragi úr árlegri losun köfnunarefnisoxíða sem nemur u.þ.b. 270 kt SO_x-jafngilda, samanborið við það ef ekki væri gripið til neinna ráðstafana.

14) Kröfur varðandi visthönnun ættu að samræma kröfur um orkunotkun, hljóðaflsstig og losun köfnunarefnisoxíða að því er varðar hitara fyrir rými og sambyggða hitara í öllu Sambandinu og bæta þannig starfsemi innri markaðarins og aukinn vistvænleika þessara vara.

15) Kröfur varðandi visthönnun ættu ekki hafa áhrif á virkni eða að verð hitara fyrir rými eða sambyggðra hitara sé viðráðanlegt frá sjónarhóli endanlegs notanda og ættu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi eða umhverfið.

16) Kröfur varðandi visthönnun skulu innleiddar í áföngum til að veita framleiðendum hæfilegan tímaramma til að endurhanna vörur sem falla undir þessa reglugerð. Tímasetningin ætti að miðast við að taka tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að markmið þessarar reglugerðar náist tímanlega.

17) Mæliþætti vöru ætti að mæla og reikna út með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka mið af viðurkenndum mæli- og reikniaðferðum sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. samhæfðum stöðlum, þar sem þeir eru fyrir hendi, sem eru samþykktir af evrópskum staðlastofnunum samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1025/2012 um evrópska stöðlun ([2]).

([1]) Stjtíð. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 316, 14. 11. 2012, bls. 12.

18) Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB eru gildandi aðferðir við samræmismat tilgreindar í þessari reglugerð.

19) Til að auðvelda eftirlit með að farið sé að kröfum ættu framleiðendur að veita upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2009/125/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

20) Til að takmarka enn frekar umhverfisáhrif hitara fyrir rými og sambyggðra hitara ættu framleiðendur að veita upplýsingar um sundurhlutun, endurvinnslu og/eða förgun.

21) Til viðbótar við þær lagalega bindandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að tilgreina viðmiðanir fyrir bestu, fáanlegu tækni til að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum um vistvænleika hitara fyrir rými og sambyggðra hitara á vistferlinum.

22) Fella ætti úr gildi tilskipun 92/42/EB, að undanskildri 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. tilskipunarinnar og III. og V. viðauka við hana og mæla ætti fyrir um ný ákvæði í þessari reglugerð til að tryggja að gildissvið hennar sé rýmkað svo hún nái yfir aðra hitara en katla, til að bæta enn frekar orkunýtni hitara fyrir rými og sambyggðra hitara og til að bæta aðra mikilvæga umhverfisþætti að því er varðar hitara fyrir rými og sambyggða hitara.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í reglugerð þessari eru settar fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar að setja á markað og/eða taka í notkun hitara fyrir rými og sambyggða hitara, með nafnvarmaafköst sem nema ≤ 400 kW, þ.m.t. þá sem eru hluti af pökkum með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku eða þá sem eru hluti af pökkum með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku, eins og skilgreint er í 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) hitara sem eru sérstaklega hannaðir til að nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem er að mestu framleitt úr lífmassa,

b) hitara sem nota eldsneyti í föstu formi,

c) hitara sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ([1]),

d) hitara sem framleiða varma eingöngu í þeim tilgangi að útvega heitt neyslu- eða grávatn,

e) hitara til að hita og dreifa varmaberum sem notast við lofthita, t.d. gufu eða loft,

f) hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með 50 kW hámarksraforkuafköst eða meira,

g) varmagjafa sem eru hannaðir fyrir hitara og hitarahús, sem skulu vera búin slíkum varmagjöfum sem eru settir á markað fyrir 1. janúar 2018 til að koma í stað sams konar varmagjafa og sams konar hitarahúsa. Skýrt skal tekið fram á vörunni sem í stað kemur eða umbúðum hennar fyrir hvaða hitara hún er ætluð.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2009/125/EB, gilda eftirfarandi skilgreiningar í þessari reglugerð:

1) „hitari“: hitari fyrir rými eða sambyggður hitari,

2) „hitari fyrir rými“: tæki sem

   a) framleiðir varma fyrir vatnshitakerfi til að ná og viðhalda æskilegu innihitastigi í lokuðu rými eins og t.d. byggingu, íbúðarhúsi eða herbergi og

   b) búið er einum eða fleiri varmagjöfum,

3) „sambyggður hitari“: hitari fyrir rými sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengt ytri aðföngum neyslu- eða grávatns,

4) „vatnshitakerfi“: kerfi sem notar vatn sem varmabera til að dreifa varma sem er framleiddur miðlægt til allra hitaflata til hitunar rýmis í byggingum eða hluta þeirra,

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

5) „varmagjafi“: sá hluti hitara sem framleiðir varma með einu fleiri af eftirfarandi ferlum:

   a) bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis,

   b) nýtingu júláhrifa í rafviðnámshitöldum,

   c) upptöku varma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma,

   þar sem varmagjafi, sem er hannaður fyrir hitara og hitarahús, sem skulu vera búin slíkum varmagjafa skal einnig teljast hitari,

6) „hitarahús“: sá hluti hitara sem er hannaður til að koma varmagjafa fyrir í,

7) „nafnvarmaafköst“ (*Prated*): tilgreind varmaafköst hitara þegar hann hitar rými og, ef við á, við hitun vatns við stöðluð málgildisskilyrði, gefin upp í kW, og að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu eru stöðluð málgildisskilyrði til að ákveða nafnvarmaafköst viðmiðunarhönnunarskilyrði, eins og þau eru sett fram í töflu 4 í III. viðauka,

8) „stöðluð málgildisskilyrði“: vinnsluskilyrði hitara við miðlungs loftslagsskilyrði, til að ákvarða nafnvarmaafköst, árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, hljóðaflsstig og losun köfnunarefnisoxíða,

9) „lífmassi“: lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa af líffræðilegum uppruna frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegur og lagareldi, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og heimilis- og rekstrarúrgangs,

10) „lífmassaeldsneyti“: loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem framleitt er úr lífmassa,

11) „jarðefnaeldsneyti“: loftkennt eða fljótandi eldsneyti úr jarðefnum,

12) „hitaketill fyrir rými“: hitari fyrir rými sem framleiðir varma með bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis og/eða með nýtingu júláhrifa í rafviðnámshitöldum,

13) „sambyggður hitaketill“: hitaketill fyrir rými sem er hannaður til að framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- og grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengdur ytri aðföngum neyslu- og grávatns,

14) „rafhitaketill fyrir rými“: hitaketill fyrir rými sem framleiðir varma með því að nýta eingöngu júláhrif í rafviðnámshitöldum,

15) „sambyggður rafhitaketill“: sambyggður hitaketill sem framleiðir varma með því að nýta eingöngu júláhrif í rafviðnámshitöldum,

16) „hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku“: hitari fyrir rými sem framleiðir varma og rafmagn samtímis í einu ferli,

17) „hitari fyrir rými með varmadælu“: hitari fyrir rými sem notar umhverfisvarma úr lofti, vatni eða jörðu og/eða frávarma til að framleiða varma, hitari fyrir rými með varmadælu getur verið með einn eða fleiri viðbótarhitara sem nýta júláhrif í rafviðnámshitöldum eða bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis,

18) „sambyggður hitari með varmadælu“: hitari fyrir rými með varmadælu sem er hannaður til framleiða einnig varma til að skila heitu neyslu- eða grávatni við tiltekið hitastig, í ákveðnu magni og tilteknu streymi, innan tiltekins tíma og er tengdur ytri aðföngum neyslu- og grávatns,

19) „viðbótarhitari“: hitari sem er ekki gerð krafa um og framleiðir varma þegar eftirspurn eftir varma er meiri en nafnvarmaafköst hitarans sem fellur undir kröfurnar,

20) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar“ (η_s): hlutfallið á milli eftirspurnar eftir hitun rýmis á tilgreindu árstíðabundnu tímabili, sem hitari gefur og árlegrar orkunotkunar sem nauðsynleg er til að mæta þessari eftirspurn, gefið upp í %,

21) „orkunýtni vatnshitunar“ (η_{wh}): hlutfallið á milli notorku í neyslu- eða grávatni sem sambyggður hitari gefur og orkunnar sem nauðsynleg er til að framleiða hana, gefið upp í %,

22) „hljóðaflsstig“ (L_{WA}): A-vegið hljóðaflsstig, innan- og/eða utandyra, gefið upp í dB,

23) „umreiknistuðull“ (CC): stuðull sem endurspeglar áætlaða 40% meðalframleiðslunýtni í ESB, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ([1]) en gildi stuðulsins er CC = 2,5.

Viðbótarskilgreiningar að því er varðar II. til V. viðauka eru settar fram í I. viðauka.

3. gr.

Kröfur varðandi visthönnun og tímaáætlun

1. Kröfurnar varðandi visthönnun hitara eru settar fram í II. viðauka.

2. Allar kröfur varðandi visthönnun gilda í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) frá 26. september 2015:

i) hitarar skulu uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í a-lið 1. liðar og 3. og 5. lið II. viðauka,

ii) sambyggðir hitarar skulu uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í a-lið 2. liðar II. viðauka,

b) frá 26. september 2017:

i) rafmagnshitarar fyrir rými, sambyggðir rafmagnshitarar, hitarar fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku og sambyggðir hitarar með varmadælu skulu uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í b-lið 1. liðar II. viðauka,

ii) sambyggðir hitarar skulu uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í b-lið 2. liðar II. viðauka,

c) frá 26. september 2018 skulu hitarar uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í a-lið 4. liðar II. viðauka.

3. Samræmi við kröfur varðandi visthönnun skal mælt og reiknað í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í III. viðauka.

4. gr.

Samræmismat

1. Aðferðin við samræmismat sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/125/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun með fyrirvara um 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. og III. og V. viðauka tilskipunar ráðsins 92/42/EBE.

2. Að því er varðar samræmismat skulu tæknigögnin innihalda vöruupplýsingarnar sem settar eru fram í b-lið 5. liðar II. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB til að tryggja að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita sannprófunaraðferðinni sem sett er fram í IV. viðauka þessarar reglugerðar.

6. gr.

Leiðbeinandi viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu hitarana sem eru á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar eru settar fram í V. viðauka.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara að því er varðar hitara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Endurskoðunin skal sérstaklega fela í sér mat á eftirfarandi þáttum:

a) hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við kælimiðla,

b) umfang krafnanna varðandi visthönnun að því er varðar losun kolsýrings, vetniskolefna, og efnisagna, sem heimilt er að innleiða, á grundvelli mæliaðferða sem eru í þróun,

c) hvort viðeigandi sé að setja strangari kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkunýtni hitakatla fyrir rými og sambyggða hitakatla, að því er varðar hljóðaflsstig og losun köfnunarefnisoxíða,

d) hvort viðeigandi sé að setja kröfur varðandi visthönnun að því er varðar hitara sem sérstaklega eru hannaðir til að nota loftkennt eða fljótandi eldsneyti sem er að mestu framleitt úr lífmassa,

e) réttmæti gildisins fyrir umreiknistuðulinn,

f) hvort vottun þriðja aðila sé viðeigandi.

([1]) Stjtíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1.

8. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Til og með 26. september 2015 mega aðildarríkin heimila að hitarar, sem eru í samræmi við gildandi landsbundin ákvæði þegar þessi reglugerð er samþykkt, séu settir á markað og/eða teknir í notkun, að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar og hljóðaflsstig.

2. Til og með 26. september 2018 mega aðildarríkin heimila að hitarar, sem eru í samræmi við gildandi landsbundin ákvæði þegar þessi reglugerð er samþykkt, séu settir á markað og/eða teknir í notkun, að því er varðar losun köfnunarefnisoxíða.

9. gr.

Niðurfelling

Tilskipun ráðsins 92/42/EBE er felld úr gildi, að undanskilinni 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. tilskipunarinnar og III. til V. viðauka hennar, án þess að það hafi áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi lögleiðingu og beitingu þeirrar tilskipunar þar til kröfurnar varðandi visthönnun, sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð, taka gildi.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda að því er varðar II. til V. viðauka

Í II. til V. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Skilgreiningar sem varða hitara

1) „reiðuhamur“: ástand þar sem hitari er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birting upplýsinga eða stöðu,

2) „aflþörf í reiðuham“ (P_{SB}): aflþörf hitara í reiðuham, gefin upp í kW,

3) „miðlungs loftslagsskilyrði“: hitaskilyrði sem einkenna borgina Strassborg,

4) „hitastýring“: búnaður sem er viðmót notanda að því er varðar gildi og tímastillingu æskilegs hitastigs innandyra og kemur viðkomandi gögnum í skilflöt hitarans, s.s. miðverkið, og aðstoðar þannig við að stýra hitastigi innanhúss,

5) „heildarvarmagildi“ (GCV): heildargildi varmalosunar einingarmagns af eldsneyti við algjöran bruna þess með súrefni og þegar afurðum brennslunnar er aftur komið í umhverfishita og þetta magn felur í sér þéttivarma allrar vatnsgufu í eldsneytinu og vatnsgufu sem myndast vegna bruna vetnis sem er í eldsneytinu,

6) „sambærileg tegund“: tegund sem sett er á markað með sömu tæknilegu mæliþætti, sem settir eru fram í töflu 1 og 2 (eftir því sem við á) í 5. lið II. viðauka og önnur tegund sem sami framleiðandi setur á markað,

Skilgreiningar í tengslum við hitakatla fyrir rými, sambyggða hitakatla og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku

7) „eldsneytishitaketill fyrir rými“: hitaketill fyrir rými sem framleiðir varma með bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis og getur verið búinn einum eða fleiri viðbótarvarmagjöfum sem nýta júláhrif í rafviðnámshitöldum,

8) „sambyggður eldsneytishitaketill“: sambyggður hitaketill sem framleiðir varma með bruna jarðefnaeldsneytis og/eða lífmassaeldsneytis og getur verið búinn einum eða fleiri viðbótarvarmagjöfum sem nýta júláhrif í rafviðnámshitöldum,

9) „ketill af tegund B1“: eldsneytishitaketill fyrir rými sem notar dragsúgsbeini sem á að tengjast náttúrulegri dragsúgsloftrás sem hreinsar leifar brunans út úr rýminu þar sem eldsneytishitaketillinn fyrir rými er staðsettur og dregur brunaloftið beint úr rýminu, ketill af tegund B1 er eingöngu markaðssettur sem ketill af tegund B1,

10) „sambyggður ketill af tegund B1“: sambyggður eldsneytishitaketill sem notar dragsúgsbeini sem á að tengjast náttúrulegri dragsúgsloftrás sem hreinsar leifar brunans út úr rýminu þar sem sambyggði eldsneytishitaketillinn er staðsettur og dregur brunaloftið beint úr rýminu, sambyggður ketill af tegund B1 er aðeins markaðssettur sem sambyggður ketill af tegund B1,

11) „árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham“ (η_{son}):

   – að því er varðar eldsneytishitakatla fyrir rými og sambyggða eldsneytishitakatla er vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst og notnýtni við 30% af nafnvarmaafköstum, gefin upp í %,

   – að því er varðar rafhitakatla fyrir rými og sambyggða rafhitakatla er notnýtni við nafnvarmaafköst, gefin upp í %,

   – að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem eru ekki með viðbótarhitara er notnýtni við nafnvarmaafköst gefin upp í %,

– að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku sem eru með viðbótarhitara er vegið meðaltal notnýtni við nafnvarmaafköst þegar viðbótarhitarinn er óvirkur og notnýtni við nafnvarmaafköst þegar viðbótarhitarinn er virkur gefin upp í %,

12) „notnýtni“ (η): hlutfall notvarmaafkasta og heildarorkuílags hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, gefið upp í %, þar sem heildarorkuílag er gefið upp sem heildarvarmagildi (GCV) og/eða með því að margfalda endanlega orku með umreiknistuðlinum (CC),

13) „notvarmaafköst“ (P): varmaframleiðsla hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils eða hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem er flutt til varmaberans, gefið upp í kW,

14) „raforkunýtni“ (η_{el}): hlutfall raforkuframleiðslu og heildarorkuílags hitara fyrir rými með samvinnslu raf- og varmaorku, gefin upp í %, þar sem heildarorkuílag er gefið upp sem heildarvarmagildi (GCV) og/eða sem endanleg orka margfölduð með umreiknistuðlinum (CC),

15) „aflþörf kveikibrennara“ (P_{ign}): aflþörf brennara sem ætlaður er til að kveikja á aðalbrennaranum, gefin upp sem W með tilliti til heildarvarmagildis (GCV),

16) „þéttiketill“: hitaketill fyrir rými eða sambyggður hitaketill, þar sem vatnsgufan í myndefnunum frá bruna er þétt að hluta til, við venjulegar notkunaraðstæður og við ákveðinn ganghita vatns, til að nýta gufunarvarma þessarar vatnsgufu til hitunar,

17) „aukaraforkunotkun“: árleg raforkuþörf vegna tilgreindrar notkunar hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, reiknað út frá raforkunotkun við fullt álag (elmax), hlutaálag (elmin), í reiðuham og sjálfgefnum notkunarstundum í hverjum ham, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

18) „varmatap í reiðuham“ (P_{stby}): varmatap hitaketils fyrir rými, sambyggðs hitaketils eða hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku í notkunarham án varmaþarfar, gefið upp í kW,

Skilgreiningar sem tengjast hiturum fyrir rými með varmadælu og sambyggðum hiturum með varmadælu

19) „hitastig utandyra“ (T_j): þurr lofthiti utandyra, gefinn upp sem gráður á selsíus, tilgreina má rakastig með samsvarandi vothita,

20) „málnýtnistuðull“ (COP_{rated}) eða „málfrumorkuhlutfall“ (PER_{rated}): tilgreind varmarýmd, gefin upp í kW, deilt með orkuílagi, gefið upp sem kW með tilliti til heildarvarmagildis (GCV) og/eða í kW með tilliti til endanlegrar orku margfölduð með umreiknistuðli (CC), þegar hitað er við stöðluð málgildisskilyrði,

21) „viðmiðunarhönnunarskilyrði“: samsetning viðmiðunarhönnunarhitastigs, hæsta tvígildishitastigsins og hæsta notkunarhitastigs, eins og sett er fram í töflu 4 í III. viðauka,

22) „viðmiðunarhönnunarhitastig“ (Tdesignh): hitastig utandyra, gefið upp sem gráður á selsíus, eins og sett er fram í töflu 4 í III. viðauka, þegar hlutfall hlutaálags er 1,

23) „hlutfall hlutaálags“ ($pl(T_j)$): hitastig utandyra að frádregnum 16 °C, deilt með viðmiðunarhönnunarhitastigi að frádregnum 16 °C,

24) „hitunartímabil“: notkunarskilyrði sem lýsa, fyrir hvert bil, samsetningu hitastigs utandyra og fjölda klukkustunda sem þetta hitastig varir á því tímabili,

25) „bil“ (bin_j): samsetning hitastigs utandyra og bilstunda, eins og sett er fram í töflu 5 í III. viðauka,

26) „bilstundir“ (H_j): fjöldi klukkustunda á hitunartímabili, gefið upp sem klukkustundir á ári, með hitastig utandyra fyrir hvert bil, eins og sett er fram í töflu 5 í III. viðauka,

27) „hlutaálag vegna hitunar“ ($Ph(T_j)$): hitunarálag við tiltekið hitastig utandyra, sem reiknað er út frá hönnunarálagi sem er margfaldað með hlutfalli hlutaálags, gefið upp í kW,

28) „árstíðabundinn nýtnistuðull“ (SCOP) eða „árstíðabundið frumorkuhlutfall“ (SPER) er heildarnýtnistuðull hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar rafmagn, eða heildarfrumorkuhlutfall hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar eldsneyti, sem er dæmigerður fyrir allt tilgreinda hitunartímabilið, reiknað út sem árleg viðmiðunareftirspurn eftir hitun, deilt með árlegri raforkunotkun,

29) „árleg viðmiðunareftirspurn eftir hitun“ (Q_H): viðmiðunareftirspurn eftir hitun á tilteknu hitunartímabili og notast til grundvallar útreikninga á árstíðabundnum nýtnistuðli (SCOP) eða árstíðabundnu frumorkuhlutfalli (SPER) og er reiknað út sem margfeldi hönnunarálags vegna hitunar og jafngildisklukkustunda í virkum ham á ársgrundvelli, gefið upp sem kWh,

30) “árleg orkunotkun” (Q_{HE}): orkunotkun sem er nauðsynleg til að uppfylla árlega viðmiðunareftirspurn eftir hitun á tilgreindu hitunartímabili, gefin upp í kWh sem heildarvarmagildi (*GCV*) og/eða í kWh sem endanleg orka margfölduð með umreiknistuðli (*CC*),

31) „árlegar jafngildisklukkustundir í virkum ham“ (H_{HE}): áætlaður fjöldi klukkustunda á ári fyrir hönnunarálag hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðra hitara með varmadælu, til að uppfylla árlega viðmiðunareftirspurn eftir hitun, gefið upp sem h,

32) „nýtnistuðull í virkum ham“ ($SCOP_{on}$ eða „frumorkuhlutfall í virkum ham“ ($SPER_{on}$): meðalnýtnistuðull hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar raforku í virkum ham, eða frumorkuhlutfall hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar eldsneyti í virkum ham, fyrir tiltekið hitunartímabil,

33) „viðbótarhitunarafköst“ ($sup(T_j)$): nafnvarmaafköst (Psup) viðbótarhitara sem er viðbót við hitunarafköst sem eru gefin upp til að uppfylla hlutaálag vegna hitunar ef hitunarafköstin sem gefin eru upp eru minni en hlutaálag vegna hitunar, gefið upp sem kW,

34) „nýtnistuðull sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ ($COPbin(T_j)$) eða „frumorkuhlutfall sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ ($PERbin(T_j)$): nýtnistuðull hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar raforku, eða frumorkuhlutfall hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu, sem notar eldsneyti, sem á sérstaklega við um hvert bil á tímabili og ákvarðast af hlutaálagi, hitunarafköstum sem gefin eru upp og nýtnistuðli sem gefinn er upp fyrir tilgreind bil og er reiknað fyrir önnur bil með inn- eða framreikningi og leiðrétt, ef nauðsyn krefur, með lækkunarstuðlinum,

35) „hitunarafköst sem gefin eru upp“ ($Pdh(T_j)$): hitunarafköst sem hitari fyrir rými með varmadælu eða sambyggður hitari með varmadælu skilar við hitastig utandyra, gefið upp í kW,

36) „afkastastýring“: geta hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu til að breyta afköstum sínum með því að breyta rúmmálsstreymi a.m.k. eins af vökvunum sem eru nauðsynlegir fyrir kælingarferlið, tilgreina skal hana sem „fasta“ ef ekki er hægt að breyta rúmmálsstreyminu eða „breytilega“ ef rúmmálsstreyminu er breytt eða breytt í röðum sem hafa tvö eða fleiri þrep,

37) „hönnunarálag vegna hitunar“ (Pdesignh): nafnvarmaafköst (Prated) hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu við viðmiðunarhönnunarhitastig þar sem hönnunarálag vegna hitunar er það sama og hlutaálag vegna hitunar þar sem hitastig utandyra er það sama og viðmiðunarhönnunarhitastig, gefið upp í kW,

38) „nýtnistuðull sem gefinn er upp“ ($COPd(T_j)$) eða „frumorkuhlutfall sem er gefið upp“ ($PERd(T_j)$): nýtnistuðull eða frumorkuhlutfall við takmarkaðan fjölda tilgreindra bila,

39) „tvígildishitastig“ (T_{biv}): hitastig utandyra sem framleiðandi gefur upp fyrir hitun og við það sem afköst, sem gefin eru upp, eru jöfn hlutaálagi vegna hitunar og ef hitastig er undir því þá þarf að bæta hitunarafköst til að ná fram hlutaálagi fyrir hitun, gefið upp sem gráður á selsíus,

40) „notkunarhitastigsmörk“ (TOL): hitastig utandyra sem framleiðandi gefur upp fyrir hitun, en við lægra hitastig mun hitarinn fyrir rými með loft í vatn varmadælu, eða sambyggði hitarinn með loft í vatn varmadælu, ekki getað skilað neinum hitunarafköstum og hitunarafköstin, sem gefin eru upp eru núll, gefin upp sem gráður á selsíus,

41) „notkunarhitastigsmörk vegna vatnshitunar“ (WTOL): hitastig vatnsfrárásar, sem framleiðandi gefur upp fyrir hitun, en við hærra hitastig getur hitarinn fyrir rými með varmadælu eða sambyggði hitarinn með varmadælu, ekki skilað neinum hitunarafköstum og afköstin sem gefin eru upp fyrir hitun eru núll, gefið upp í gráðum á selsíus,

42) „hitunarafköst á hringrásartímabili“ (Pcych): heildarhitunarafköst á prófunartímabili hringrásar vegna hitunar, gefin upp sem kW,

43) „orkunýtni á hringrásartímabili“ (COPcyc eða PERcyc): meðalnýtnistuðull eða meðalfrumorkuhlutfall á prófunartímabili hringrásar, reiknað út sem heildarhitunarafköst á tímabilinu, gefið upp í kWh, deilt með heildarorkuinnaflinu á sama tímabili, gefið upp í kW fyrir heildarvarmagildi (GCV) og/eða í kWh fyrir endanlega orku margfaldaða með umreiknistuðli (CC),

44) „lækkunarstuðull“ (Cdh): mælikvarði á tap á orkunýtni vegna hringrásar hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðra hitara með varmadælu en ef Cdh er ekki ákvarðaður með mælingu þá er sjálfgefinn lækkunarstuðull Cdh = 0,9,

45) „virkur hamur“: það ástand sem samsvarar klukkustundum hitunarálags lokaðs rýmis og sem virkjar hitunaraðgerð en þetta ástand getur falið í sér hringrás hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu til að ná og viðhalda því hitastigi innandyra sem krafist er,

46) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem hitari fyrir rými með varmadælu eða sambyggður hitari með varmadælu er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk, þ.m.t. ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði og ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB ([1]),

47) „slökkt á hitastilli“: það ástand sem samsvarar klukkustundum þegar ekkert hitunarálag er og hitunaraðgerð er virk og þar sem kveikt er á hitunaraðgerð en hitarinn fyrir rými með varmadælu eða sambyggði hitarinn með varmadælu starfar ekki en ekki telst vera slökkt á hitastilli þegar kveikt er á hringrás í virkum ham,

48) „notkunarhamur sveifarhússhitara“: ástand þar sem hitari er virkjaður til að koma í veg fyrir að kælimiðillinn færist yfir í þjöppuna til að takmarka styrk kælimiðilsins í olíu þegar þjappan er ræst,

49) „aflþörf þegar slökkt er á búnaði“ (P_{OFF}): aflþörf hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu þegar slökkt er á hitaranum, gefið upp í kW,

50) „aflþörf hitastillis þegar slökkt er á búnaði“ (PTO): aflþörf hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu þegar slökkt er á hitastilli, gefið upp í kW,

51) „aflþörf þegar kveikt er á sveifarhússhitara“ (PCK): aflþörf hitara fyrir rými með varmadælu eða sambyggðs hitara með varmadælu þegar kveikt er á sveifarhússhitara, gefið upp í kW,

52) „lághitavarmadæla“: hitari fyrir rými með varmadælu sem er sérstaklega hannaður til notkunar við lágt hitastig og sem getur ekki skilað hituðu vatni með 52°C frárásarhita og þurrhita (vothita) við inntak við – 7 °C (– 8 °C) við viðmiðunarhönnunarskilyrði í miðlungs loftslagi,

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

53) „notkun við lágt hitastig“: notkun þar sem hitari fyrir rými með varmadælu skilar uppgefnum hitunarafköstum sínum við 35°C úttakshita varmaskiptis innandyra,

54) „notkun við miðlungshitastig“: notkun þar sem hitari fyrir rými með varmadælu eða sambyggður hitari með varmadælu skilar uppgefnum hitunarafköstum sínum við 55°C úttakshita varmaskiptis innandyra,

Skilgreiningar sem varða vatnshitun í sambyggðum hiturum:

55) „álagslýsing“: tiltekin röð vatnsúttekta, eins og tilgreint er í töflu 7 í VII. viðauka, hver sambyggður hitari uppfyllir a.m.k. eina álagslýsingu,

56) „vatnsúttekt“: tilgreind samsetning á notrennslishraða vatns, nothita vatns, notorkuinnihaldi og hámarkshitastigi, eins og tilgreint er í töflu 7 í III. viðauka,

57) „notrennslishraði vatns“ (f): lágmarksrennslishraði, gefinn upp í lítrum á mínútu, á heitu vatni til viðmiðunarorku, eins og tilgreint er í töflu 7 í VII. viðauka,

58) „nothiti vatns“ (Tm): hitastig vatns, gefið upp í gráðum á selsíus, þegar heitt vatn byrjar að leggja til viðmiðunarorkunnar, eins og tilgreint er í töflu 7 í VII. viðauka,

59) „notorkuinnihald“ (Qtap): orkuinnihald heits vatns, gefið upp í kW, sem afhent er við hitastig sem er jafnt eða hærra en nothiti vatns og við rennslishraða vatns sem er jafn eða meiri en notrennslishraði vatns, eins og tilgreint er í töflu 7 í III. viðauka,

60) „orkuinnihald heits vatns“: margfeldi tiltekinnar varmarýmdar vatns, meðaltal hitamismunar á milli úttektar heits vatns og kalda vatnsins sem tekið er inn og heildarmassa heita vatnsins sem er afhent,

61) „toppgildi hitastigs“ (Tp): lágmarkshitastig vatns, gefið upp í gráðum á selsíus, sem þarf að ná við vatnsúttekt, eins og tilgreint er í töflu 7 í III. viðauka,

62) „viðmiðunarorka“ (Qref): samanlagt notorkuinnihald vatnsúttekta, gefið upp í kW, í tiltekinni álagslýsingu, eins og tilgreint er í töflu 7 í III. viðauka,

63) „hámarksálagslýsing“: álagslýsing með mestu viðmiðunarorku sem sambyggður hitari getur gefið frá sér samhliða því að uppfylla skilyrði þeirrar álagslýsingar um hitastig og rennslishraða,

64) „tilgreind álagslýsing“: álagslýsingin sem notuð er við samræmismat,

65) „dagleg raforkunotkun“ (Qelec): raforkunotkun vegna vatnshitunar í 24 klukkustundir samfleytt við tilgreinda álagslýsingu, gefin upp í kWh með tilliti til endanlegrar orku,

66) „dagleg eldsneytisnotkun“ (Q_{fuel}): eldsneytisnotkun vegna vatnshitunar í 24 klukkustundir samfleytt, við tilgreinda álagslýsingu, gefin upp í kWh með tilliti til heildarvarmagildis (*GCV*).

———

II. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. KRÖFUR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÁRSTÍÐABUNDNA ORKUNÝTNI RÝMISHITUNAR

a) Frá 26. september 2015 skal árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar og notnýtni hitara ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Eldsneytishitaketill fyrir rými með nafnvarmaafköst ≤ 70 kW og sambyggður eldsneytishitaketill með nafnvarmaafköst ≤ 70 kW, að undanskildum kötlum af tegund B1 með nafnvarmaafköst ≤ 10 kW og sambyggðum hitakötlum af tegund B1 með nafnvarmaafköst ≤ 30 kW:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 86%.

Katlar af tegund B1 með nafnvarmaafköst ≤ 10 kW og sambyggðir katlar af tegund B1 með nafnvarmaafköst ≤ 30 kW:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 75%.

Eldsneytishitakatlar fyrir rými með nafnvarmaafköst > 70 kW og > 400 kW og sambyggðir eldsneytishitakatlar með nafnvarmaafköst > 70 kW og > 400 kW:

Nýtni við 100% nafnvarmaafköst skal ekki fara undir 86% og nýtni við 30% nafnvarmaafköst skal ekki fara undir 94%.

Rafhitakatlar fyrir rými og sambyggðir rafhitakatlar:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 30%.

Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 86%.

Hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, að undanskildum lághitavarmadælum:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 100%.

Lághitavarmadælur:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 115%.

b) Frá 26. september 2017 skal árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar rafhitakatla fyrir rými, sambyggðra rafhitakatla, hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggðra hitara með varmadælu ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Rafhitakatlar fyrir rými og sambyggðir rafhitakatlar:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 36%.

Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 100%.

Hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, að undanskildum lághitavarmadælum:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 110%.

Lághitavarmadælur:

Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar skal ekki fara undir 125%.

2. KRÖFUR UM ORKUNÝTNI VATNSHITUNAR

a) Frá 26. september 2015 skal orkunýtni vatnshitunar sambyggðra hitara ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Tilgreind álagslýsing	**3XS**	**XXS**	**XS**	**S**	**M**	**L**	**XL**	**XXL**	**3XL**	**4XL**
Orkunýtni vatnshitunar	22%	23%	26%	26%	30%	30%	30%	32%	32%	32%

b) Frá 26. september 2017 skal orkunýtni vatnshitunar sambyggðra hitara ekki fara undir eftirfarandi gildi:

Tilgreind álagslýsing	**3XS**	**XXS**	**XS**	**S**	**M**	**L**	**XL**	**XXL**	**3XL**	**4XL**
Orkunýtni vatnshitunar	32%	32%	32%	32%	36%	37%	38%	60%	64%	64%

3. KRÖFUR UM HLJÓÐAFLSSTIG

Frá 26. september 2015 skal hljóðaflsstig hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggðra hitara með varmadælu ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

Nafnvarmaafköst ≤ 6 kW		Nafnvarmaafköst > 6 kW og ≤ 12 kW		Nafnvarmaafköst > 12 kW og ≤ 30 kW		Nafnvarmaafköst > 30 kW og ≤ 70 kW	
Hljóðaflsstig (L_{WA}), inni	Hljóðaflsstig (L_{WA}), úti	Hljóðaflsstig (L_{WA}), inni	Hljóðaflsstig (L_{WA}), úti	Hljóðaflsstig (L_{WA}), inni	Hljóðaflsstig (L_{WA}), úti	Hljóðaflsstig (L_{WA}), inni	Hljóðaflsstig (L_{WA}), úti
60 dB	65 dB	65 dB	70 dB	70 dB	78 dB	80 dB	88 dB

4. KRÖFUR VARÐANDI LOSUN KÖFNUNAREFNISOXÍÐA

a) Frá 26. september 2018 skal losun köfnunarefnisoxíða, sem gefin er upp sem köfnunarefnistvíoxíð, frá hiturum ekki fara yfir eftirfarandi gildi:

– eldsneytishitakatlar fyrir rými og sambyggðir eldsneytishitakatlar, sem nota loftkennt eldsneyti: 56 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– eldsneytishitakatlar fyrir rými og sambyggðir eldsneytishitakatlar, sem nota fljótandi eldsneyti: 120 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með ytri bruna sem nota loftkennt eldsneyti: 70 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með ytri bruna sem nota fljótandi eldsneyti: 120 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með brunahreyfli sem notar loftkennt eldsneyti: 240 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, með brunahreyfli sem notar fljótandi eldsneyti: 420 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, með ytri bruna sem nota loftkennt eldsneyti: 70 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, með ytri bruna sem nota fljótandi eldsneyti: 120 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, með brunahreyfli sem notar loftkennt eldsneyti: 240 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

– hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, með brunahreyfli sem notar fljótandi eldsneyti: 420 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis.

5. KRÖFUR UM VÖRUUPPLÝSINGAR

Frá 26. september 2015 skal gefa upp eftirfarandi vöruupplýsingar varðandi hitara:

a) Í notendahandbókum fyrir þá sem sjá um uppsetningu og fyrir endanlega notendur og á vefsetrum með opnum aðgangi, sem framleiðendur, viðurkenndir fulltrúar þeirra, eða innflytjendur halda úti, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

– hvað varðar hitakatla fyrir rými, sambyggða hitakatla og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, tæknilegu mæliþættirnir í töflu 1, mældir og reiknaðir út í samræmi við III. viðauka,

– hvað varðar hitara fyrir rými með varmadælu, sambyggða hitara með varmadælu, tæknilegu mæliþættirnir í töflu 2, mældir og reiknaðir út í samræmi við III. viðauka,

– allar sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar hitari er settur saman, settur upp eða honum haldið við,

– að því er varðar katla af tegund B1 og sambyggða katla af tegund B1, eiginleika þeirra og eftirfarandi staðlaður texti: „Þessum katli, sem gerður er fyrir náttúrlegan dragsúg, er eingöngu ætlað að tengjast sameiginlegri loftrás á milli margra íbúða í byggingum sem fyrir eru og sem hreinsar leifar brunans út úr rýminu þar sem ketillinn er staðsettur.“ Hann dregur brunaloftið beint út úr rýminu og notar dragsúgsbeini. Vegna minni nýtni skal forðast alla aðra notkun á þessum kötlum, sem gæti leitt til meiri orkunotkunar og hærri rekstrarkostnaðar.“,

– hvað varðar varmagjafa sem eru hannaðir fyrir hitara og hitarahús, sem skulu búin slíkum varmagjöfum, eiginleika þeirra og kröfur um uppsetningu svo að gætt sé samræmis við kröfur um visthönnun sem gilda um hitara og, eftir því sem við á, skrá yfir samsetningar sem framleiðandi mælir með,

– upplýsingar sem auðvelda sundurhlutun, endurvinnslu eða förgun þegar varan er úr sér gengin.

b) Að því er varðar samræmismat skv. 4. gr. skulu tækniskjölin innihalda eftirfarandi þætti:

– atriðin sem tilgreind eru í a-lið,

– hvað varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu og þegar upplýsinga hefur verið aflað um tiltekna tegund, sem er samstæða inni- og útieiningar, með útreikningi á grundvelli hönnunar og/eða framreikningi á öðrum samstæðum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um slíka útreikninga og/eða framreikninga og um prófanir sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna, sem gerðir hafa verið, þ.m.t. upplýsingar um reiknilíkanið fyrir útreikning á afköstum slíkra kerfa og um mælingar sem eru gerðar til að sannprófa þessa tegund,

c) Eftirfarandi upplýsingar skulu merktar varanlega á hitarann:

– ef við á, „ketill af tegund 1“ eða „sambyggður ketill af tegund B1“,

– að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, raforkuafköst.

Tafla 1

Kröfur um upplýsingar að því er varðar hitakatla fyrir rými, sambyggða hitakatla og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku

Tegund(-ir): [Upplýsingar til að auðkenna tegund(-ir) sem upplýsingarnar eiga við]

Þéttiketill: [já/nei]

Lághita (**) ketill: [já/nei]

B1 ketill: [já/nei]

Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: [já/nei] Ef já, er viðbótarhitari fyrir hendi: [já/nei]

Sambyggður hitari: [já/nei]

Liður	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**	**Liður**	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**
Nafnvarmaafköst	*Prated*	x	kW	**Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar**	η_s	x	%
Hitakatlar fyrir rými og sambyggðir hitakatlar: Notvarmaafköst				Hitakatlar fyrir rými og sambyggðir hitakatlar: Notnýtni			
Við nafnvarmaafköst og háhitaskilyrði(*)	P_4	x,x	kW	Við nafnvarmaafköst og háhitaskilyrði(*)	η_4	x,x	%
Við 30% af nafnvarmaafköstum og lághitaskilyrði (*)	P_1	x,x	kW	Við 30% af nafnvarmaafköstum og lághitaskilyrði (**)	η_1	x,x	%
Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Notvarmaafköst				Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Notnýtni			
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið gerður óvirkur	$P_{CHP100\ +\ Sup0}$	x,x	kW	Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið gerður óvirkur	$\eta_{CHP100\ +\ Sup0}$	x,x	%
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið virkjaður	$P_{CHP100\ +\ Sup100}$	x,x	kW	Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið virkjaður	$\eta_{CHP100\ +\ Sup100}$	x,x	%
Hitari fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku: Raforkunýtni				Viðbótarhitari			
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið gerður óvirkur	$\eta_{el,CHP100\ +\ Sup0}$	x,x	%	Nafnvarmaafköst	*Psup*	x,x	kW
Við nafnvarmaafköst hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, þar sem viðbótarhitari hefur verið virkjaður	$\eta_{el,CHP100\ +\ Sup100}$	x,x	%	Tegund orkuílags			
Aukaraforkunotkun				Annað			
Við fullt álag	*elmax*	x,xxx	kW	Varmatap í reiðuham	P_{stby}	x,xxx	kW
Við hlutaálag	*elmin*	x,xxx	kW	Aflþörf kveikibrennara	P_{ign}	x,xxx	kW
Í reiðuham	P_{SB}	x,xxx	kW	Losun köfnunarefnisoxíða	NO_x	x	mg/kWh

Að því er varðar sambyggða hitara:

Tilgreind álagslýsing					**Orkunýtni vatnshitunar**	η_{wh}	x	%
Dagleg raforkunotkun	Q_{elec}	x,xxx	kWh		Dagleg eldsneytisnotkun	Q_{fuel}	x,xxx	kWh
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.							

(*) Háhitaskilyrði merkir 60°C framrásarhitastig við inntak hitarans og 80°C bakrásarhitastig við úttak hitarans.

(**) Lághitaskilyrði merkir 30°C að því er varðar þéttikatla, 37°C að því er varðar lághitakatla og 50°C framrásarhitastig að því er varðar aðra hitara (við inntak hitarans).

Tafla 2

Kröfur um upplýsingar að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu

Tegund(-ir): [Upplýsingar til að auðkenna tegund(-ir) sem upplýsingarnar eiga við]
Loft í vatn varmadæla: [já/nei]
Vatn í vatn varmadæla: [já/nei]
Saltvatn í vatn varmadæla: [já/nei]
Lághitavarmadæla: [já/nei]
Viðbótarhitari fyrir hendi: [já/nei]
Sambyggður hitari með varmadælu: [já/nei]
Gefnir skulu upp mæliþættir fyrir notkun við miðlungs hitastig, nema ef um er að ræða lághitavarmadælur. Gefnir skulu upp mæliþættir fyrir notkun við lágt hitastig að því er varðar lághitavarmadælur.
Mæliþættir skulu gefnir upp fyrir miðlungs loftslagsskilyrði.

Liður	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**	**Liður**	**Tákn**	**Gildi**	**Eining**
Nafnvarmaafköst (*)	*Prated*	x	kW	**Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar**	η_s	x	%
Hitunarafköst sem gefin eru upp vegna hlutaálags við 20 °C hitastig innandyra og hitastig utandyra Tj				Nýtnistuðull eða frumorkuhlutfall sem gefin eru upp vegna hlutaálags við 20 °C hitastig innandyra og hitastig utandyra Tj			
T_j = – 7 °C	*Pdh*	x,x	kW	T_j = – 7 °C	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
T_j = + 2 °C	*Pdh*	x,x	kW	T_j = + 2 °C	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
T_j = + 7 °C	*Pdh*	x,x	kW	T_j = + 7 °C	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
T_j = + 12 °C	*Pdh*	x,x	kW	T_j = + 12 °C	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
T_j = tvígildishitastig	*Pdh*	x,x	kW	T_j = tvígildishitastig	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %

T_j = Notkunarhitastigsmörk	*Pdh*	x,x	kW	T_j = Notkunarhitastigsmörk	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Að því er varðar loft í vatn varmadælu: T_j = – 15 °C (ef *TOL* < – 20 °C)	*Pdh*	x,x	kW	Að því er varðar loft í vatn varmadælu: T_j = – 15 °C (ef *TOL* < – 20 °C)	*COPd eða PERd*	x,xx eða x,x	– eða %
Tvígildishitastig	T_{biv}	x	°C	Að því er varðar loft í vatn varmadælu: Notkunarhitastigsmörk	*TOL*	x	°C
Hitunarafköst á hringrásartímabili	*Pcych*	x,x	kW	Nýtni á hringrásartímabili	*COPcyc eða PERcyc*	x,xx eða x,x	– eða %
Lækkunarstuðull (**)	*Cdh*	x,x	—	Notkunarhitastigsmörk vegna vatnshitunar	*WTOL*	x	°C
Aflþörf í öðrum ham en virkum ham				Viðbótarhitari			
Í ham þegar slökkt er á búnaði:	P_{OFF}	x,xxx	kW	Nafnvarmaafköst (*)	*Psup*	x,x	kW
Slökkt á hitastilli	P_{TO}	x,xxx	kW				
Reiðuhamur	P_{SB}	x,xxx	kW	Tegund orkuílags			
Kveikt á sveifarhússhitara	P_{CK}	x,xxx	kW				
Annað							
Afkastastýring	föst/breytileg			Að því er varðar loft í vatn varmadælu: Málloftstreymi, utandyra	—	x	m^3/h
Hljóðaflsstig, innandyra/utandyra	L_{WA}	x/x	dB	Að því er varðar vatn í vatn varmadælu eða saltvatn í vatn varmadælu: Málsaltvatn eða rennslishraði vatns, varmaskiptir utandyra	—	x	m^3/h
Losun köfnunarefnisoxíða	NO_x	x	mg/kWh				
Að því er varðar sambyggðan hitara með varmadælu:							
Tilgreind álagslýsing	x			**Orkunýtni vatnshitunar**	η_{wh}	x	%
Dagleg raforkunotkun	Q_{elec}	x,xxx	kWh	Dagleg eldsneytisnotkun	Q_{fuel}	x,xxx	kWh
Samskiptaupplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.						

(*) Að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara fyrir varmadælu, eru nafnvarmaafköstin Prated jafnt og hönnunarálag hitunar Pdesignh, og nafnvarmaafköst viðbótarhitara Psup eru jöfn og viðbótargeta til hitunar sup(Tj).

(**) Ef Cdh er ekki ákvarðaður af mælingum þá er sjálfgefinn lækkunarstuðull Cdh = 0,9.

III. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Í þeim tilgangi að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og til sannprófunar á því að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni. Þær skulu uppfylla öll skilyrði og tæknilega mæliþætti sem settir eru fram í liðum 2 til 5.

2. Almenn skilyrði sem varða mælingar og útreikninga

   a) Að því er varðar mælingarnar í 2. til 5. lið, skal umhverfishiti innandyra ákveðinn 20°C ± 1°C.

   b) Að því er varðar útreikningana í 3. til 5. lið skal raforkunotkun margfölduð með umreiknistuðlinum *CC* 2,5.

   c) Losun köfnunarefnisoxíða skal mæld sem summa köfnunarefnismónoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð.

   d) Að því er varðar hitara sem eru búnir viðbótarhiturum skulu mælingar og útreikningar á nafnvarmaafköstum, árstíðabundinni orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, hljóðaflsstigi og losun köfnunarefnisoxíða taka tillit til viðbótarhitarans.

   e) Uppgefin gildi fyrir nafnvarmaafköst, árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, hljóðaflsstig og losun köfnunarefnisoxíða skulu námunduð að næstu heilu tölu.

   f) Allir varmagjafar sem eru hannaðir fyrir hitara og öll hitarahús, sem eiga að vera búin slíkum varmagjafa, skal prófa með viðeigandi hitarahúsi og varmagjafa, eftir því sem við á.

3. Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar hitakatla fyrir rými, sambyggðra hitakatla og hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku

   Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar ηs skal reiknuð sem árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar í virkum ham ηson, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu, aukaraforkunotkun, varmatap í reiðuham, aflþörf kveikibrennara (ef við á) og, að því er varðar hitara fyrir rými fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, leiðrétt með því að bæta við raforkunýtni, margfaldað með umreiknistuðlinum CC 2,5.

4. Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggðra hitara með varmadælu

   a) Til að ákvarða málnýtnistuðul COPrated eða málfrumorkuhlutfall PERrated, hljóðaflsstig eða losun köfnunarefnisoxíða skulu notkunarskilyrðin vera stöðluð málgildisskilyrði, sem sett eru fram í töflu 3 og nota skal sömu afköst sem gefin eru upp vegna hitunar.

   b) Nýtnistuðull í virkum ham $SCOP_{on}$ eða frumorkuhlutfall í virkum ham $SPER_{on}$ skal reiknað út á grundvelli hlutaálags vegna hitunar $Ph(T_j)$, viðbótarafköstum vegna hitunar $sup(T_j)$ (ef við á) og nýtnistuðli sem á sérstaklega við um tiltekið bil $COPbin(T_j)$ eða frumorkuhlutfalli sem á sérstaklega við um tiltekið bil $PERbin(T_j)$, vegið með þeim bilstundum sem ástand bilsins er til staðar, á grundvelli eftirfarandi skilyrða:

      – viðmiðunarhönnunarskilyrðin, sem sett eru fram í töflu 4,

      – evrópska viðmiðunarhitunartímabilið við miðlungs loftslagsskilyrði sem sett eru fram í töflu 5,

      – áhrif lækkunar orkunýtni vegna hringrásar, eftir því með hvaða hætti hitunarafköstum er stjórnað, ef við á.

   c) Árleg viðmiðunareftirspurn eftir hitun Q_H skal vera hönnunarálagið fyrir hitun Pdesignh við miðlungs, kaldari og heitari loftslagsskilyrði, margfaldað með árlegum jafngildisklukkustundum í virkum ham HHE, 2066.

   d) Árleg orkunotkun QHE skal reiknuð út sem summa:

      – hlutfalls árlegrar viðmiðunareftirspurnar eftir hitun Q_H og nýtnistuðuls fyrir virkan ham $SCOP_{on}$ eða frumorkuhlutfalls fyrir virkan ham $SPER_{on}$ og

      – orkunotkunar á hitunartímabili þegar slökkt er á búnaði, slökkt á hitastilli, í reiðuham og þegar kveikt er á sveifarhússhitara.

e) Árstíðabundinn nýtnistuðull SCOP eða árstíðabundið frumorkuhlutfall SPER skal reiknað út sem hlutfall árlegrar viðmiðunareftirspurnar eftir varma Q_H og árlegrar orkunotkunar Q_{HE}.

f) Árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar ηs skal reiknuð út sem árstíðabundinn nýtnistuðull SCOP deilt með lækkunarstuðlinum CC eða árstíðabundnu frumorkuhlutfalli SPER, leiðrétt út frá upplýsingum um hitastýringu og, að því er varðar vatn eða saltvatn í vatn hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu, raforkunotkun einnar eða fleiri grunnvatnsdælu.

5. Orkunýtni vatnshitunar sambyggðra hitara

Orkunýtni vatnshitunar sambyggðs hitara η_{wh} skal reiknuð út sem hlutfallið á milli viðmiðunarorku Q_{ref} fyrir tilgreinda álagslýsingu og orkunnar sem nauðsynleg er til framleiðslunnar samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) mælingar skulu gerðar eftir þeim álagslýsingum sem settar eru fram í töflu 7,

b) mælingar skulu gerðar með 24 klukkustunda mælingarlotum, eins og hér segir:

– 00:00 til 06:59: engin vatnsúttekt,

– frá 07:00: vatnsúttekt samkvæmt tilgreindri álagslýsingu,

– frá lokum síðustu vatnsúttektar til 24:00: engin vatnsúttekt,

c) tilgreind álagslýsing skal vera hámarksálagslýsing eða næsta álagslýsing fyrir neðan hana,

d) að því er varðar sambyggða hitara með varmadælu, gilda eftirfarandi viðbótarskilyrði:

– sambyggðir hitarar með varmadælu skulu prófaðir við skilyrðin sem sett eru fram í töflu 3,

– sambyggðir hitarar með varmadælu sem nýta útblástur frá loftræstingu sem varmagjafa skulu prófaðir við skilyrðin sem sett eru fram í töflu 6.

Tafla 3

Stöðluð málgildisskilyrði fyrir hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu

Varmagjafi	Varmaskiptir utandyra	Varmaskiptir innandyra			
	Þurrhiti (vothiti) við inntak	Hitarar fyrir rými með varmadælu og sambyggðir hitarar með varmadælu, að undanskildum lághitavarmadælum		Lághitavarmadælur	
		Hitastig við inntak	Hitastig við úttak	Hitastig við inntak	Hitastig við úttak
Útiloft	+ 7 °C (+ 6 °C)	+ 47 °C	+ 55 °C	+ 30 °C	+ 35 °C
Útblástursloft	+ 20 °C (+ 12 °C)				
	Hitastig við inntak/úttak				
Vatn	+ 10 °C/+ 7 °C				
Saltvatn	0 °C/– 3 °C				

Tafla 4

Viðmiðunarhönnunarskilyrði fyrir hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu, hitastig gefið upp sem þurr lofthiti (votlofthiti innan sviga)

Viðmiðunarhönnunarhitastig	Tvígildishitastig	Notkunarhitastigsmörk
Tdesignh	T_{biv}	*TOL*
– 10 (– 11) °C	hámark + 2 °C	hámark – 7 °C

Tafla 5

Evrópskt viðmiðunarhitunartímabil við miðlungs loftslagsskilyrði að því er varðar hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu

bin_j	T_j [°C]	H_j [h/annum]
1 til 20	– 30 til – 11	0
21	-10	1
22	-9	25
23	-8	23
24	-7	24
25	-6	27
26	-5	68
27	-4	91
28	-3	89
29	-2	165
30	-1	173
31	0	240
32	1	280
33	2	320
34	3	357
35	4	356
36	5	303
37	6	330
38	7	326
39	8	348
40	9	335
41	10	315
42	11	215
43	12	169
44	13	151
45	14	105
46	15	74
Heildarfjöldi klukkustunda:		4910

Tafla 6

Hámarksframboð útblásturslofts frá loftræstingu [m^3/h], við 5,5 g/m^3 raka

Tilgreind álagslýsing	**XXS**	**XS**	**S**	**M**	**L**	**XL**	**XXL**	**3XL**	**4XL**
Hámarksframboð útblásturs-lofts frá loftræstingu	109	128	128	159	190	870	1021	2943	8830

Tafla 7

Álagslýsingar vatnshitunar fyrir sambyggða hitara

	3XS			**XXS**			**XS**			**S**			
	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	T_p
h	**kWh**	l/min	°C	**kWh**	l/min	°C	**kWh**	l/min	°C	**kWh**	l/min	°C	°C
07:00	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
07:05	**0,015**	2	25										
07:15	**0,015**	2	25										
07:26	**0,015**	2	25										
07:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25	**0,525**	3	35	**0,105**	3	25	
07:45													
08:01													
08:05													
08:15													
08:25													
08:30				**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
08:45													
09:00	**0,105**	2	25										
09:30	**0,105**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
10:00													
10:30													
11:00													
11:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
11:45	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
12:00	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
12:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
12:45	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25	**0,525**	3	35	**0,315**	4	10	55
14:30	**0,015**	2	25										
15:00	**0,015**	2	25										
15:30	**0,015**	2	25										
16:00	**0,015**	2	25										
16:30													
17:00													
18:00				**0,105**	2	25				**0,105**	3	25	
18:15				**0,105**	2	25				**0,105**	3	40	
18:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
19:00	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
19:30	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							

	3XS			**XXS**			**XS**			**S**			
	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	Q_{tap}	f	T_m	T_p
h	**kWh**	l/min	°C	**kWh**	l/min	°C	**kWh**	l/min	°C	**kWh**	l/min	°C	°C
20:00				**0,105**	2	25							
20:30							**1,05**	3	35	**0,42**	4	10	55
20:45				**0,105**	2	25							
20:46													
21:00				**0,105**	2	25							
21:15	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
21:30	**0,015**	2	25							**0,525**	5	45	
21:35	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
21:45	**0,015**	2	25	**0,105**	2	25							
Q_{ref}	**0,345**			**2,100**			**2,100**			**2,100**			

	M				**L**				**XL**			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p
h	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C
07:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
07:05	**1,4**	6	40		**1,4**	6	40					
07:15									**1,82**	6	40	
07:26									**0,105**	3	25	
07:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25					
07:45					**0,105**	3	25		**4,42**	10	10	40
08:01	**0,105**	3	25						**0,105**	3	25	
08:05					**3,605**	10	10	40				
08:15	**0,105**	3	25						**0,105**	3	25	
08:25					**0,105**	3	25					
08:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
08:45	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
09:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
09:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
10:00									**0,105**	3	25	
10:30	**0,105**	3	10	40	**0,105**	3	10	40	**0,105**	3	10	40
11:00									**0,105**	3	25	
11:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
11:45	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
12:00												
12:30												

	M				**L**				**XL**			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p
h	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C
12:45	**0,315**	4	10	55	**0,315**	4	10	55	**0,735**	4	10	55
14:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
15:00									**0,105**	3	25	
15:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
16:00									**0,105**	3	25	
16:30	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
17:00									**0,105**	3	25	
18:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
18:15	**0,105**	3	40		**0,105**	3	40		**0,105**	3	40	
18:30	**0,105**	3	40		**0,105**	3	40		**0,105**	3	40	
19:00	**0,105**	3	25		**0,105**	3	25		**0,105**	3	25	
19:30												
20:00												
20:30	**0,735**	4	10	55	**0,735**	4	10	55	**0,735**	4	10	55
20:45												
20:46									**4,42**	10	10	40
21:00					**3,605**	10	10	40				
21:15	**0,105**	3	25						**0,105**	3	25	
21:30	**1,4**	6	40		**0,105**	3	25		**4,42**	10	10	40
21:35												
21:45												
Q_{ref}	**5,845**				**11,655**				**19,07**			

	XXL				**3XL**				**4XL**			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p
h	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C
07:00	**0,105**	3	25		**11,2**	48	40		**22,4**	96	40	
07:05												
07:15	**1,82**	6	40									
07:26	**0,105**	3	25									
07:30												
07:45	**6,24**	16	10	40								
08:01	**0,105**	3	25		**5,04**	24	25		**10,08**	48	25	
08:05												
08:15	**0,105**	3	25									

	XXL				**3XL**				**4XL**			
	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p	Q_{tap}	f	T_m	T_p
h	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C	**kWh**	l/min	°C	°C
08:25												
08:30	**0,105**	3	25									
08:45	**0,105**	3	25									
09:00	**0,105**	3	25		**1,68**	24	25		**3,36**	48	25	
09:30	**0,105**	3	25									
10:00	**0,105**	3	25									
10:30	**0,105**	3	10	40	**0,84**	24	10	40	**1,68**	48	10	40
11:00	**0,105**	3	25									
11:30	**0,105**	3	25									
11:45	**0,105**	3	25		**1,68**	24	25		**3,36**	48	25	
12:00												
12:30												
12:45	**0,735**	4	10	55	**2,52**	32	10	55	**5,04**	64	10	55
14:30	**0,105**	3	25									
15:00	**0,105**	3	25									
15:30	**0,105**	3	25		**2,52**	24	25		**5,04**	48	25	
16:00	**0,105**	3	25									
16:30	**0,105**	3	25									
17:00	**0,105**	3	25									
18:00	**0,105**	3	25									
18:15	**0,105**	3	40									
18:30	**0,105**	3	40		**3,36**	24	25		**6,72**	48	25	
19:00	**0.105**	3	25									
19:30												
20:00												
20:30	**0.735**	4	10	55	**5,88**	32	10	55	**11,76**	64	10	55
20:45												
20:46	**6,24**	16	10	40								
21:00												
21:15	**0.105**	3	25									
21:30	**6,24**	16	10	40	**12,04**	48	40		**24,08**	96	40	
21:35												
21:45												
Q_{ref}	**24,53**				**46,76**				**93,52**			

IV. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í II. viðauka.

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu af hverri tegund.

2. Hitarategundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð ef:

   a) gildin sem gefin eru upp eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka,

   b) árstíðabundin orkunýtni rýmishitunar η_s er ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   c) orkunýtni vatnshitunar fyrir rými η_s er ekki meira en 8% lægri en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   d) hljóðaflsstigið L_{WA} er ekki meira en 2 db hærra en það gildi sem gefið er upp fyrir einingunа og

   e) losun köfnunarefnisoxíða, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð, er ekki meira en 20% hærri en það gildi sem gefið er upp fyrir einingunа.

3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í a-lið 2. liðar fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Ef niðurstöðurnar sem um getur í b- til e-lið 2. liðar fást ekki skulu yfirvöld aðildarríkis velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar.

4. Hitarategundin skal teljast uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð ef:

   a) gildin sem gefin eru upp fyrir hverja af einingunum þremur eru í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka,

   b) meðaltal árstíðabundinnar orkunýtni rýmishitunar η_s, fyrir einingarnar þrjár, er ekki meira en 8% lægra en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   c) meðaltal orkunýtni vatnshitunar η_{wh}, fyrir einingarnar þrjár er ekki meira en 8% lægra en gildið sem gefið er upp við nafnvarmaafköst einingarinnar,

   d) meðaltal eininganna þriggja fyrir hljóðaflsstigið L_{WA} er ekki meira en 2 db hærra en það gildi sem gefið er upp fyrir einingunа og

   e) meðaltalslosun köfnunarefnisoxíða, fyrir einingarnar þrjár, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð, er ekki meira en 20% hærri en það gildi sem gefið er upp fyrir einingunа.

5. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 4. lið fást ekki telst tegundin og allar aðrar sambærilegar tegundir ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu gefa yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni upp niðurstöður úr prófunum og aðrar viðeigandi upplýsingar innan eins mánaðar frá því að ákvörðun um að tegundin uppfylli ekki ákvæðin liggur fyrir.

Yfirvöld í aðildarríkjum skulu nota mæli- og útreikningsaðferðirnar sem settar eru fram í III. viðauka.

———

V. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir sem um getur í 6. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, fáanlega tækni á markaði fyrir hitara að því er varðar árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar, orkunýtni vatnshitunar, hljóðaflsstig og losun köfnunarefnisoxíða, tilgreind með eftirfarandi hætti:

1. Viðmiðun fyrir árstíðabundna orkunýtni rýmishitunar við notkun við miðlungs hitastig: 145%

2. Viðmiðanir fyrir orkunýtni vatnshitunar sambyggðra hitara:

Tilgreind álagslýsing	**3XS**	**XXS**	**XS**	**S**	**M**	**L**	**XL**	**XXL**	**3XL**	**4XL**
Orkunýtni vatnshitunar	35%	35%	38%	38%	75%	110%	115%	120%	130%	130%

3. Viðmiðanir fyrir hljóðaflsstig (L_{WA}) utandyra fyrir hitara fyrir rými með varmadælu og sambyggða hitara með varmadælu við nafnvarmaafköst:

   a) ≤ 6 kW: 39 dB;

   b) > 6 kW og ≤ 12 kW: 40 dB;

   c) > 12 kW og ≤ 30 kW: 41 dB;

   d) > 30 kW og ≤ 70 kW: 67 dB.

4. Viðmiðanir fyrir losun köfnunarefnisoxíða, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð:

   a) fyrir hitakatla fyrir rými og sambyggða hitakatla, sem nota loftkennt eldsneyti: 14 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis,

   b) fyrir hitakatla fyrir rými og sambyggða hitakatla, sem nota fljótandi eldsneyti: 50 mg/kWh eldsneytisílag með tilliti til heildarvarmagildis.

Viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í 1. til 4. lið gefa ekki endilega til kynna að hægt sé að ná samsetningu þessara gilda í einum hitara.

_____

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/61/ESB **2030/EES/49/26**

frá 15. maí 2014

um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með stafrænu hagkerfi er innri markaðurinn að breytast á veigamikinn hátt. Með nýjungum sínum, hraða og viðskiptum yfir landamæri gefur það möguleika á enn frekari samruna innri markaðarins. Sýn Sambandsins er stafrænt hagkerfi sem tryggir sjálfbærar, efnahagslegar og félagslegar bætur sem grundvallast á nútímalegri þjónustu á Netinu og hraðri Nettengingu. Hágæða stafrænt grunnvirki rennir stoðum undir nánast öll svið nútíma- og nýsköpunarhagkerfis og er skipulagslega mikilvægt hvað varðar félagslega samheldni og samheldni milli svæða. Því verða allir borgarar, sem og einkageirinn og hið opinbera, að hafa möguleika á að vera hluti af stafræna hagkerfinu.

2) Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi útbreiðslu (e. *roll-out*) háhraðanets og hafa í því skyni stutt við metnaðarfull markmið tengd háhraðaneti, sem sett eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, sem ber titilinn „Stafræn áætlun fyrir Evrópu — Stafræn tækni sem drifkraftur fyrir vöxt í Evrópu“ („Stafræna áætlunin“), nánar tiltekið að gefa öllum Evrópubúum aðgang að hefðbundnu breiðbandi fyrir 2013 og að tryggja að fyrir 2020 hafi allir Evrópubúar aðgang að mun meiri nethraða, eða yfir 30 megabitum á sekúndu, og að a.m.k. 50% evrópskra heimila í Sambandinu verði áskrifendur að Nettengingu sem er yfir 100 megabitum á sekúndu (Mb/s).

3) Í ljósi hraðrar tækniþróunar, veldisvaxtar í umferð á háhraðanetum og aukinni eftirspurn eftir rafrænni þjónustu, ættu þau markmið sem mælt er fyrir um í Stafrænu áætluninni að teljast algert lágmark og ætti Sambandið að miða að metnaðarfyllri markmiðum tengdum háhraðaneti til að ná fram meiri vexti, samkeppnishæfni og framleiðni. Með tilliti til endurskoðunar á þessari tilskipun ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort og hvernig þessi tilskipun getur frekar stuðlað að því markmiði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 23.5.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 327, 12.11.2013, bls. 102.

([2]) Stjtíð. ESB C 280, 27.9.2013, bls. 50.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 8. maí 2014.

4) Í Stafrænu áætluninni var enn fremur bent á að þörf væri á stefnum til að lækka kostnað við uppbyggingu háhraðanets á öllu yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. viðeigandi skipulagning og samhæfing og að draga úr stjórnsýsluálagi. Í því samhengi verður byrjunarfjárfesting aðildarríkjanna að vera umtalsverð til að hægt sé að deila efnislegum grunnvirkjum. Um leið og markmið Stafrænu áætlunarinnar eru höfð til hliðsjónar og tekið er mið af þeirri umtalsverðu skerðingu sem orðið hefur á fjármagninu sem ætlað er fyrir háhraðatengingu gegnum Sjóðinn fyrir samtengda Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ([1]), ættu aðildarríki, til að uppfylla markmið þessarar tilskipunar, að geta notað fjármagn Sambandsins sem stendur til boða samkvæmt gildandi ákvæðum Sambandsins.

5) Lækkun kostnaðar við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum myndi einnig stuðla að stafvæðingu hins opinbera, gera stafræn vogunaráhrif í öllum greinum atvinnulífsins möguleg sem og lækka kostnað fyrir opinbera stjórnsýslu og gera þjónustu við borgara skilvirkari.

6) Með tilliti til þess að þörf er á aðgerðum á vettvangi Sambandsins til efla útbreiðslu háhraðatengingar, m.a. með því að lækka kostnað fyrir háhraðagrunnvirki eins og fram kemur í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 13.-14. desember 2012, er lögð áhersla á það í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar með yfirskriftinni „Stefna um innri markað II“ að þörf er á frekara átaki til að uppfylla fljótt þau markmið sem mælt er fyrir um í Stafrænu áætluninni, m.a. með því að fjalla um áskoranir sem tengjast fjárfestingum í háhraðaneti.

7) Útbreiðsla á föstum og þráðlausum háhraða rafrænum fjarskiptanetum í öllu Sambandinu krefst töluverðra fjárfestinga, en verulegur hluti af því er kostnaður við mannvirkjagerð. Með því að takmarka kostnaðarsama mannvirkjagerð yrði útbreiðsla háhraðaneta skilvirkari.

8) Stóran hluta af þessum kostnaði má rekja til óskilvirkni í útbreiðsluferlinu sem tengist notkun á fyrirliggjandi, óvirkum grunnvirkjum (s.s. lögnum, pípum, mannopum, tengikössum, stólpum, möstrum, loftnetsbúnaði, turnum og öðrum stuðningsmannvirkjum), flöskuhálsum í tengslum við samhæfingu í mannvirkjagerð, íþyngjandi stjórnsýslumeðferð við leyfisveitingu og flöskuhálsum í tengslum við uppbyggingu á netum í byggingum, sem leiða til mikilla fjárhagslegra hindrana, einkum í dreifbýli.

9) Þess er vænst að aðgerðir, sem miða að því að nýta fyrirliggjandi grunnvirki með skilvirkari hætti og lækka kostnað og draga úr hindrunum í tengslum við nýja mannvirkjagerð, muni stuðla mjög að því að tryggja hraða og víðtæka uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum en um leið viðhalda virkri samkeppni án þess að hafa neikvæð áhrif á öryggi þeirra opinberu grunnvirkja sem til eru og snurðulausan rekstur þeirra.

10) Sum aðildarríki hafa samþykkt ráðstafanir sem ætlaðar eru til að lækka kostnað við útbreiðslu háhraðanets. Slíkar aðgerðir eru þó fáar og dreifðar. Aukin beiting þessara ráðstafana innan Sambandsins gæti haft umtalsverð áhrif á að koma á rafrænum innri markaði. Þar að auki kemur mismunur á kröfum samkvæmt reglum stundum í veg fyrir samvinnu á milli veitukerfa og getur skapað tálma fyrir innkomu nýrra rekstraraðila neta og nýrra viðskiptatækifæra, hindrað þróun innri markaðar fyrir notkun og uppbyggingu á efnislegum grunnvirkjum fyrir háhraða rafræn fjarskiptanet. Að lokum virðast framtaksverkefni aðildarríkjanna ekki alltaf vera heildstæð; hins vegar er nauðsynlegt að grípa til aðgerða í öllu útbreiðsluferlinu og þvert á geira til að ná fram samræmdum og umtalsverðum áhrifum.

11) Þessi tilskipun miðar að því að mæla fyrir um tiltekin lágmarksréttindi og -skyldur sem gilda innan Sambandsins til að auðvelda útbreiðslu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum og samræmingu þvert á atvinnugreinar. Þetta ætti að tryggja jöfn lágmarkssamkeppnisskilyrði en í samræmi við nálægðarregluna ætti þetta ekki að hafa áhrif á gildandi bestu starfsvenjur og ráðstafanir, sem samþykktar eru á lands- og staðbundnum vettvangi og sem leiða af sér fleiri ítarleg ákvæði og skilyrði sem og viðbótarráðstafanir sem styðja þessi réttindi og skyldur.

12) Í samræmi við meginregluna um *sérlög* gildir það að þegar sértækari stjórnvaldsráðstafanir, sem samræmast lögum Sambandsins, eiga við þá ættu þær að ganga framar lágmarksréttindum og -skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Því ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á regluramma Sambandsins um rafræn fjarskipti sem settur er fram í

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB ([1]) sem og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB ([2]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB ([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB ([4]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/77/EB ([5]), þ.m.t. á landsráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt þeim regluramma, s.s. tilteknar samhverfar eða ósamhverfar stjórnvaldsráðstafanir.

13) Það getur verið töluvert árangursríkara fyrir rekstraraðila rafrænna fjarskiptaneta, einkum nýja rekstraraðila, að endurnota fyrirliggjandi efnisleg grunnvirki, þ.m.t. annarra veitukerfa, vegna útbreiðslu á rafrænum fjarskiptanetum, einkum á svæðum þar sem engin hentug rafræn fjarskiptanet eru fyrir hendi eða þar sem ef til vill er ekki hagkvæmt að byggja upp ný efnisleg grunnvirki. Þar að auki gætu samlegðaráhrif þvert á geira minnkað umtalsvert þörfina fyrir mannvirkjagerð vegna uppbyggingar á rafrænum fjarskiptanetum og þar með einnig félagslegan og umhverfistengdan kostnað sem tengist þeim, s.s. mengun, ónæði og umferðarteppur. Því ætti þessi tilskipun ekki aðeins að gilda um veitendur almennra fjarskiptaneta heldur alla eigendur eða handhafa afnotaréttar, í seinna tilvikinu án þess að það hafi áhrif á eignarrétt þriðja aðila, að stórum efnislegum grunnvirkjum sem hafa allsherjar útbreiðslu og henta til að hýsa tiltekna þætti rafræns fjarskiptanets, s.s. efnisleg net til að afhenda raforku, gas og vatn, fyrir skólp- og frárennsliskerfi, hitun og flutningaþjónustu.

14) Í því skyni að bæta uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum á innri markaðinum, ætti í þessari tilskipun að mæla fyrir um réttindi veitenda almennra fjarskiptaneta til að fá aðgang að efnislegum grunnvirkjum án tillits til staðsetningar þeirra, samkvæmt réttlátum og sanngjörnum skilmálum í samræmi við eðlilega beitingu eignarréttar. Sú skylda að veita aðgang að efnislegum grunnvirkjum ætti ekki að hafa áhrif á réttindi eiganda lóðarinnar eða byggingarinnar þar sem grunnvirkið er staðsett.

15) Vegna þess að efnisleg grunnvirki eins nets eru ekki ólík efnislegum grunnvirkjum annars nets geta þau oft hýst margvíslega þætti rafrænna fjarskiptaneta á sama tíma, þ.m.t. veitt aðgang að háhraðanetþjónustu með a.m.k. 30 Mb/s hraða í samræmi við meginregluna um tæknilegt hlutleysi, án þess að hafa áhrif á meginþjónustuna og með sem minnstum aðlögunarkostnaði. Að meginreglu til er því hægt að nota efnislegt grunnvirki, sem aðeins er ætlað að hýsa aðra netþætti án þess að verða sjálft virkur netþáttur, s.s. ef um er að ræða svartan ljósleiðara, til að rúma rafræna fjarskiptakapla, rafrænan fjarskiptabúnað eða aðra þætti í tengslum við rafrænt fjarskiptanet, án tillits til raunverulegrar notkunar efnislega grunnvirkisins eða eignarhalds, ef eigandi grunnvirkisins hefur ekki áhyggjur af öryggissjónarmiðum eða ef framtíðarviðskipti hans eru ekki í hættu. Að meginreglu til er einnig hægt að nota efnisleg grunnvirki, sem notuð eru fyrir almenn fjarskiptanet, til að rúma þætti úr öðrum netum og því geta aðildarríkin kosið að beita meginreglunni um gagnkvæmni í viðeigandi tilvikum og heimilað almennum rekstraraðilum fjarskiptaneta að bjóða aðgang að sínum netum í tengslum við uppbyggingu á öðrum netum. Án þess að hafa áhrif á tiltekna almannahagsmuni sem tengjast veitingu aðalþjónustunnar, ætti að hvetja til samvirkni milli rekstraraðila neta til að stuðla að því að ná markmiðum Stafrænu áætlunarinnar á sama tíma.

16) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á neinar sérstakar verndarráðstafanir sem þörf er á til að tryggja öryggi og lýðheilsu, netöryggi og heildstæði neta, einkum mikilvægra grunnvirkja, og til að tryggja að aðalþjónustan, sem rekstraraðili netsins veitir, verði ekki fyrir áhrifum, einkum hvað varðar veitukerfi fyrir neysluvatn, en hins vegar gætu almennar reglur í landslöggjöf, sem banna rekstraraðilum neta að semja um aðgang að efnislegum grunnvirkjum til veitenda rafrænna fjarskiptaneta, komið í veg fyrir stofnun markaðar fyrir aðgang að efnislegum grunnvirkjum. Því ætti að fella niður slíkar almennar reglur. Um leið ættu þær ráðstafanir sem settar eru fram í þessari tilskipun ekki að hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna á að gera það fýsilegra fyrir rekstraraðila veitukerfa að veita aðgang að grunnvirkjum með því að undanskilja tekjurnar af þeirri þjónustu, sem liggja til grundvallar útreikningi á gjaldskrá endanlegra notenda fyrir aðalstarfsemi rekstraraðila veitukerfa, í samræmi við gildandi lög Sambandsins.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

([5]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/77/EB frá 16. september 2002 um samkeppni á mörkuðum fyrir rafræn fjarskiptanet og þjónustu (Stjtíð. EB L 249, 17.9.2002, bls. 21).

17) Rekstraraðila neta er heimilt að synja um aðgang að tilteknum efnislegum grunnvirkjum af hlutlægum ástæðum. Einkum getur efnislegt grunnvirki verið tæknilega óhentugt vegna sérstakra aðstæðna að því er varðar grunnvirki sem hefur verið óskað eftir aðgangi að, s.s. vegna vöntunar á rými á þeim tíma eða vegna þarfa á rými í framtíðinni sem sýnt er fram á með fullnægjandi hætti, t.d. með fjárfestingaráætlunum sem eru aðgengilegar öllum. Við sérstakar aðstæður getur sameiginleg notkun á grunnvirki teflt í tvísýnu öryggi eða lýðheilsu, heildstæði neta og netöryggi, þ.m.t. mikilvægra grunnvirkja, eða getur stofnað í hættu veitingu þjónustu, sem einkum er veitt í gegnum sama grunnvirkið. Ef rekstraraðili nets veitir nú þegar aðgang að efnislegu netgrunnvirki í heildsölu, sem myndi uppfylla þarfir aðgangsbeiðanda (e. *access seeker*), gæti aðgangur að undirliggjandi efnislegu grunnvirki haft óhagstæð efnahagsleg áhrif á viðskiptalíkan rekstraraðilans og fjárfestingarhvata og jafnframt hugsanlega leiða af sér óþarfa tvöföldun á netþáttum. Samtímis gildir það að ef lagðar eru á aðgangsskyldur að efnislegu grunnvirki samkvæmt regluramma Sambandsins um rafræn fjarskipti, s.s. skyldur fyrirtækja sem hafa verulegan markaðsstyrk, þá fellur slíkt þegar undir sértækar lagalegar skuldbindingar, sem þessi tilskipun hefur ekki áhrif á.

18) Ef fyrirtæki, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, óska eftir aðgangi á tilgreindu svæði ættu rekstraraðilar neta að bjóða samnýtingu á búnaði sínum samkvæmt réttmætum og sanngjörnum skilmálum og skilyrðum, einkum að því er varðar verð, nema aðgangi sé neitað af hlutlægum ástæðum. Með hliðsjón af aðstæðum þá gætu nokkrir þættir haft áhrif á skilyrðin fyrir slíkum aðgangi, t.d.: viðbótarkostnaður vegna viðhalds og breytinga, fyrirbyggjandi verndarráðstafanir, sem gera þarf til að takmarka neikvæð áhrif á öryggi og heildstæði neta, fyrirkomulag vegna bótaábyrgðar ef um skemmdir er að ræða, notkun opinberra styrkja til að byggja grunnvirkið, þ.m.t. sérstakir skilmálar og skilyrði sem tengjast styrknum eða kveðið er á um samkvæmt landslögum í samræmi við lög Sambandsins, getan til að afhenda eða veita aðstöðu í grunnvirki til að uppfylla skyldur um veitingu opinberrar þjónustu, takmarkanir sem stafa af landsákvæðum, sem miða að umhverfisvernd, lýðheilsu og almannaöryggi eða til að uppfylla markmið borgar- og byggðaskipulags.

19) Ef ágreiningur kemur upp í viðskiptaviðræðunum um tæknileg og viðskiptaleg skilyrði ætti hvor málsaðili um sig að geta leitað til landsbundinnar nefndar um lausn ágreiningsmála til að fyrirskipa lausn fyrir aðilana til að komast hjá því að lausn verði hafnað á óréttmætum grundvelli eða að sett séu ósanngjörn skilyrði. Við ákvörðun á verði fyrir aðgang ætti nefndin um lausn ágreiningsmála að tryggja að veitandi aðgangs hafi sanngjarnt tækifæri til að endurheimta kostnaðinn, sem stofnað var til við það að veita aðgang að efnislegum grunnvirkjum hans, að teknu tilliti til sérstakra landsbundinna skilyrða og gjaldskrármynsturs sem komið var á til að gefa sanngjarnt tækifæri á að endurheimta kostnað að teknu tilliti til fyrri úrræða landsbundinna stjórnvalda. Við það ætti nefndin um lausn ágreiningsmála einnig að taka tillit til þeirra áhrifa sem sá aðgangur sem óskað er eftir hefur á viðskiptaáætlun veitanda aðgangs, þ.m.t. fjárfestingar veitanda aðgangs, einkum fjárfestingar í efnislega grunnvirkinu sem sóst er eftir aðgangi að. Í því sérstaka tilviki þar sem veitendur almennra fjarskiptaneta fá aðgang að efnislegu grunnvirki getur fjárfesting í slíku grunnvirki stuðlað beint að markmiðum Stafrænu áætlunarinnar og ófrjáls afnot geta haft áhrif á samkeppni á síðari stigum. Þess vegna ætti hvers kyns aðgangsskylda að taka fullt tillit til þess hvort þessar fjárfestingar séu fjárhagslega hagkvæmar á grundvelli áhættulýsingar þeirra, tímaáætlunar fyrir arðsemi fjárfestinga, áhrifa sem aðgangur hefur á samkeppni á síðari stigum og af þessum sökum á verð og arðsemi fjárfestinga, afskrifta á neteignum á þeim tíma sem aðgangsbeiðnin er lögð fram, greiningar á viðskiptatækifærum, sem liggur til grundvallar fjárfestingarinnar, einkum í tengslum við efnislegu grunnvirkin sem notuð eru til að veita háhraða rafræna fjarskiptaþjónustu, og möguleika á sameiginlegri uppbyggingu, sem aðgangsbeiðanda var áður boðið.

20) Til að geta skipulagt uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum á skilvirkan hátt og til að tryggja sem hagkvæmasta notkun á fyrirliggjandi grunnvirkjum sem henta til útbreiðslu á rafrænum fjarskiptanetum, ættu fyrirtæki, sem bjóða eða hafa heimild til að bjóða almenn fjarskiptanet, að geta fengið aðgang að lágmarksupplýsingum um þau efnislegu grunnvirki sem eru til staðar á uppbyggingarsvæðinu. Slíkar lágmarksupplýsingar ættu að gera kleift að meta möguleikana á að nota fyrirliggjandi grunnvirki á tilgreindu svæði, sem og að draga úr tjóni á fyrirliggjandi efnislegum grunnvirkjum. Í ljósi fjölda hagsmunaaðila og til að auðvelda aðgang að þessum upplýsingum, einnig þvert á geira og yfir landamæri, ætti að gera slíkar lágmarksupplýsingar aðgengilegar í gegnum miðlæga upplýsingaþjónustu. Þessi miðlæga upplýsingaþjónusta ætti að veita aðgang að lágmarksupplýsingum sem þegar eru aðgengilegar á rafrænu formi, með fyrirvara um takmarkanir til að tryggja netöryggi og heildstæði neta, einkum mikilvægra grunnvirkja, eða til að vernda lögmæt rekstrar- og viðskiptaleyndarmál.

21) Í þessari tilskipun ætti ekki að leggja neinar nýjar kortlagningarskyldur á aðildarríkin heldur ætti í henni að kveða á um að lágmarksupplýsingar, sem aðilar hjá hinu opinbera hafa þegar safnað saman og eru aðgengilegar á rafrænu formi í samræmi við landsbundin framtaksverkefni sem og lögum Sambandsins, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

2007/2/EB ([1]), séu gerðar aðgengilegar miðlægu upplýsingaþjónustunni, t.d. með tengli. Þetta myndi gefa veitendum almennra fjarskiptaneta samræmdan aðgang að upplýsingum um efnisleg grunnvirki og um leið tryggja öryggi og heildstæði slíkra upplýsinga, einkum hvað varðar mikilvæg landsbundin grunnvirki. Það að slíkar upplýsingar séu gerðar aðgengilegar ætti ekki að hafa áhrif á þær kröfur um gagnsæi sem þegar gilda um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB ([2]). Ef upplýsingar, sem eru aðgengilegar hinu opinbera, tryggja ekki nægilega þekkingu á fyrirliggjandi efnislegum grunnvirkjum á tilgreindu svæði eða af ákveðinni gerð, ættu rekstraraðilar neta að gera upplýsingarnar aðgengilegar fyrirtækjum, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet.

22) Ef þessar lágmarksupplýsingar eru ekki aðgengilegar í gegnum miðlægu upplýsingaþjónustuna ætti engu að síður að tryggja möguleikann á að fyrirtæki, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, geti með beinum hætti krafist slíkra tilgreindra upplýsinga frá hvaða rekstraraðila nets sem er á viðkomandi svæði. Ef beiðnin er þar að auki sanngjörn, einkum ef hún er nauðsynleg með tilliti til möguleikans á samnýtingu á fyrirliggjandi efnislegum grunnvirkjum eða til að samræma mannvirkjagerð, ætti að gefa fyrirtækjum, sem bjóða eða hafa heimild til að bjóða almenn fjarskiptanet, kost á því að gera vettvangskönnun og óska eftir upplýsingum um áætlaða mannvirkjagerð samkvæmt skilyrðum sem eru gagnsæ, hófleg og án mismununar og án þess að hafa áhrif á þær verndarráðstafanir sem samþykktar eru til að tryggja netöryggi og heildstæði neta, eða til að vernda trúnað og rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Hvetja ætti til þess að rekstraraðilarnir sjálfir eða fyrir milligöngu miðlægra upplýsingaþjónusta tryggi aukið gagnsæi með tilliti til áætlaðrar mannvirkjagerðar, einkum á svæðum þar sem nýtingin er mest, með því að senda slíkar upplýsingar áfram til viðurkenndra rekstraraðila, ef þær liggja fyrir.

23) Komi upp ágreiningur varðandi aðgang að upplýsingunum um efnisleg grunnvirki með það fyrir augum að byggja upp háhraða rafræn fjarskiptanet ætti nefndin um lausn ágreiningsmála að geta leyst slíkan ágreining með bindandi ákvörðun. Úrskurðir nefndarinnar ættu í öllum tilvikum ekki að hafa áhrif á möguleika málsaðila til að vísa málinu fyrir dómstóla.

24) Samhæfing í mannvirkjagerð sem tengist efnislegum grunnvirkjum getur tryggt umtalsverðan sparnað og lágmarkað óþægindin á svæðinu sem verður fyrir áhrifum vegna uppbyggingar á nýjum rafrænum fjarskiptanetum. Af þessum sökum ætti að banna reglutakmarkanir sem koma að jafnaði í veg fyrir samningaviðræður á milli rekstraraðila neta um samræmingu á slíkri mannvirkjagerð með það fyrir augum að byggja einnig upp háhraða rafræn fjarskiptanet. Ef um er að ræða mannvirkjagerð sem ekki er fjármögnuð úr opinberum sjóðum, ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á það að hagsmunaaðilarnir geri með sér samkomulag um samhæfingu í mannvirkjagerð samkvæmt þeirra eigin fjárfestinga- og viðskiptaáætlunum og þeirri tímasetningu sem þeir velja sér.

25) Þegar mannvirkjagerð er að öllu leyti eða að hluta til fjármögnuð með almannafé ætti framkvæmdin að miða að því að hámarka sameiginlegt notagildi með því að nýta jákvæð úthrif þvert á geira og tryggja jöfn tækifæri til að samnýta tiltæk og áætluð efnisleg grunnvirki með uppbyggingu rafrænna fjarskiptaneta í huga. Þótt megintilgangur mannvirkjagerðar, sem er fjármögnuð með almannafé, ætti ekki að verða fyrir neikvæðum áhrifum þá ætti sá rekstraraðili nets sem stendur með beinum eða óbeinum hætti að framkvæmdum viðkomandi mannvirkis, t.d. fyrir tilstilli undirverktaka, að verða við réttmætum beiðnum, sem eru lagðar fram tímanlega, um samræmingu á uppbyggingu á þáttum háhraða rafrænna fjarskiptaneta, t.d. að tryggja að allur viðbótarkostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna seinkana, verði greiddur og að sem minnstar breytingar verði á upphaflegum áætlunum, samkvæmt hóflegum og gagnsæjum skilmálum án mismununar. Án þess að hafa áhrif á gildandi reglur um ríkisaðstoð ættu aðildarríki að geta kveðið á um reglur um uppskiptingu á kostnaði sem tengist samræmdri uppbyggingu. Sérstök málsmeðferð við lausn deilumála ætti að liggja fyrir til að tryggja skjóta lausn á deilum sem snúast um þessa samninga um samræmingu, samkvæmt hóflegum og sanngjörnum skilmálum án mismununar. Slík ákvæði ættu ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að taka frá flutningsgetu fyrir rafræn fjarskiptanet, jafnvel þegar sérstakar beiðnir eru ekki fyrir hendi, með það fyrir augum að mæta framtíðareftirspurn eftir efnislegum grunnvirkjum og hámarka notagildi mannvirkja, eða til að samþykkja ráðstafanir sem leiða af sér svipaðan rétt til samræmingar á mannvirkjum fyrir rekstraraðila annarra tegunda neta, t.d. gas- eða raforkuneta.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 90).

26) Þörf gæti verið á mörgum mismunandi leyfum fyrir uppbyggingu á rafrænum fjarskiptanetum eða nýjum netþáttum, þ.m.t. byggingar-, borgarskipulags- og umhverfisleyfi og önnur leyfi, til að vernda almenna hagsmuni aðildarríkjanna og Sambandsins. Sá fjöldi leyfa sem krafist er fyrir uppbyggingu mismunandi tegunda rafrænna fjarskiptaneta og staðbundnar aðstæður þar sem uppbyggingin á að fara fram, getur haft í för með sér að nauðsynlegt sé að beita margskonar aðferðum og skilyrðum. Þó svo að hvert lögbært yfirvald haldi rétti sínum til að taka þátt og viðhaldi heimild sinni til ákvarðanatöku í samræmi við nálægðarregluna ættu allar viðeigandi upplýsingar um aðferðirnar og almenn skilyrði, sem gilda um mannvirki, að vera aðgengileg fyrir milligöngu miðlægu upplýsingaþjónustunnar. Þetta gæti dregið úr flækjum og aukið skilvirkni og gagnsæi, einkum fyrir nýja aðila eða smærri rekstraraðila sem ekki eru virkir á því svæði. Aðildarríki ættu þar að auki að geta tryggt réttindi fyrirtækja, sem bjóða eða hafa heimild til að bjóða almenn fjarskiptanet, til að leggja fram leyfisbeiðni sína í gegnum miðlægu upplýsingaþjónustuna.

27) Til að tryggja að málsmeðferð við leyfisveitingu virki ekki sem hindrun við fjárfestingu og hafi ekki neikvæð áhrif á innri markaðinn, ættu aðildarríki að sjá til þess að í öllum tilvikum verði tekin ákvörðun innan fjögurra mánaða um það hvort heimila eigi leyfisbeiðni um uppbyggingu á rafrænum fjarskiptanetum eða nýjum netþáttum án þess að það hafi áhrif á önnur tilgreind tímamörk eða skuldbindingar, sem mælt er fyrir um fyrir rétta framkvæmd ferlisins, sem gildir um málsmeðferðina við leyfisveitingu í samræmi við landsbundin lög eða lög Sambandsins. Slík ákvörðun getur verið óbein eða bein samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Aðildarríki ættu, eftir því sem við á, að tryggja að þjónustuveitendur, sem verða fyrir tjóni vegna tafa lögbærs yfirvalds til að veita leyfi innan gildandi tímamarka, eigi rétt á bótum.

28) Til að tryggja að slíkri málsmeðferð við leyfisveitingu sé lokið innan hæfilegra tímamarka gætu aðildarríkin íhugað að koma á verndarráðstöfunum, t.d. óbeinu samþykki, eða gera ráðstafanir til að einfalda málsmeðferðina við leyfisveitingu, m.a. með því að fækka fjölda leyfa sem þarf fyrir uppbyggingu á rafrænum fjarskiptanetum eða með því að undanskilja tiltekna flokka umfangslítilla eða staðlaðra mannvirkja frá leyfisveitingum. Yfirvöld á landsbundnum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi ættu að rökstyðja allar synjanir á slíkum leyfum innan síns valdsviðs, á grundvelli viðmiðana og skilyrða sem eru hlutlæg, gagnsæ, hófleg og án mismununar. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á neinar ráðstafanir sem aðildarríkin samþykkja til að undanskilja tiltekna þætti rafrænna fjarskiptaneta frá leyfisveitingu, hvort sem þeir eru virkir eða óvirkir.

29) Til að ná markmiðum Stafrænu áætlunarinnar er gert ráð fyrir að uppbygging grunnvirkja verði nálægt staðsetningu endanlegs notanda um leið og meðalhófsreglan er að fullu virt að því er varðar takmarkanir á eignarrétti í ljósi almannahagsmuna. Auðvelda ætti uppsetningu á háhraða rafrænu fjarskiptaneti til endanlegs notanda um leið og tæknilegt hlutleysi er tryggt, einkum með innbyggðu efnislegu grunnvirki, tilbúið fyrir háhraðatengingu. Þar sem uppsetning smágerðra lagna við smíði byggingar felur aðeins í sér takmarkaðan viðbótarkostnað, meðan uppsetning á háhraðagrunnvirkjum í byggingum eftir á getur verið umtalsverður hluti af kostnaði við uppbyggingu á háhraðaneti, þá ættu allar nýjar byggingar eða byggingar, sem gangast undir meiri háttar endurbætur, að vera búnar efnislegu grunnvirki sem gerir tengingu endanlegra notenda við háhraðanet mögulega. Með tilliti til útbreiðslu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum ættu ný fjölbýlishús og fjölbýlishús, sem gangast undir meiri háttar endurbætur, að vera búin aðgangspunkti sem veitir veitanda nets aðgang að innbyggðu grunnvirkinu. Byggingaverktakar ættu þar að auki að sjá til þess að tómar lagnir séu frá öllum íbúðum að aðgangspunktinum sem staðsettur er inni í eða fyrir utan fjölbýlishúsið. Í sumum tilvikum, t.a.m. ný einbýlishús eða ákveðin tegund af meiri háttar endurbótum á einangruðum svæðum, er möguleiki á háhraðatengingu talinn, af hlutlægum ástæðum, vera of fjarlægur til að hægt sé að réttlæta að bygging sé útbúin með aðgangspunkti eða efnislegu innbyggðu grunnvirki sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu, eða það telst óhóflegt að útbúa byggingu á þann hátt af öðrum efnahagslegum eða umhverfislegum ástæðum eða vegna varðveislu menningararfleifðar í þéttbýli, s.s. fyrir tilgreinda flokka minnismerkja.

30) Til að hjálpa væntanlegum kaupendum og leigjendum að þekkja byggingar sem eru með innbyggðu efnislegu grunnvirki, sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu og hefur þ.a.l. umtalsverða sparnaðarmöguleika, og til að stuðla að því að gera byggingar tilbúnar fyrir háhraðatengingu ættu aðildarríkin sjálfviljug að geta þróað valfrjálsa merkingu sem sýnir að bygging sé „tilbúin fyrir háhraðatengingu“ ef hún er búin slíku grunnvirki og aðgangspunkti í samræmi við þessa tilskipun.

31) Þegar veitendur almennra fjarskiptaneta standa fyrir uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum á tilgreindu svæði er stærðarhagkvæmnin umtalsverð ef þeir geta tengt net sitt við aðgangspunkt byggingarinnar, án tillits til þess hvort áskrifandi hefur látið í ljós skýran áhuga á þjónustunni á þeim tíma, en að því tilskildu að sem minnst verði hreyft við einkaeigninni með því að nota fyrirliggjandi, efnislegt grunnvirki og að svæðið, sem hreyft er við, verði endurbyggt. Um leið og netið hefur verið tengt við aðgangspunktinn er mögulegt að tengja annan viðskiptavin með töluvert lægri kostnaði, einkum með aðgangi að lóðréttum lagnarhluta sem er tilbúinn fyrir háhraðatengingu í byggingunni, ef hann er

til staðar. Því markmiði er einnig náð ef byggingin sjálf er þegar með háhraða rafrænu fjarskiptaneti sem allir veitendur almennra fjarskiptaneta, sem hafa virkan áskrifanda í byggingunni, hafa aðgang að gegn gagnsæjum, hóflegum skilmálum og skilyrðum sem eru án mismununar. Þetta getur einkum átt við í aðildarríkjum sem hafa gert ráðstafanir á grundvelli 12. gr. í tilskipun 2002/21/EB.

32) Nýjar byggingar ættu að vera með innbyggðu grunnvirki, sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu, og, ef um er að ræða fjölbýlishús, með aðgangspunkti. Gefa ætti aðildarríkjunum ákveðinn sveigjanleika til að ná fram þessu markmiði. Hvað þetta varðar þá miðar þessi tilskipun ekki að því að samræma reglur um tengdan kostnað, þ.m.t. um endurheimt kostnaðar sem hlýst af því að útbúa byggingar með innbyggðu efnislegu grunnvirki, sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu, og aðgangspunkti.

33) Í ljósi félagslegs ávinnings sem kemur til af þátttöku í stafrænu samfélagi og með tilliti til kostnaðar við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum, þar sem hvorki er til staðar óvirkt eða virkt tilbúið háhraðagrunnvirki til reiðu í húsnæði endanlegra notenda, né aðrir möguleikar til að sjá áskrifanda fyrir tengingu við háhraða rafræn fjarskiptanet, ættu veitendur almennra fjarskiptaneta að hafa heimild til að tengja net sitt við einkaeign á eigin kostnað, að því tilskildu að sem minnst verði hreyft við einkaeigninni, t.d., ef það er mögulegt, með því að endurnota það efnislega grunnvirki sem er til staðar í byggingunni eða tryggja að það svæði sem hreyft er við verði að fullu endurbyggt.

34) Í samræmi við nálægðarregluna ætti þessi tilskipun ekki að hafa áhrif á möguleika aðildarríkjanna til að úthluta þeim eftirlitsverkefnum sem kveðið er á um til þeirra yfirvalda sem best eru fallin til að uppfylla þau, í samræmi við landsbundna stjórnskipun um úthlutun valdheimilda og -sviðs og þær kröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun.

35) Tilnefnda landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála ætti að tryggja óhlutdrægni og sjálfstæði gagnvart hlutaðeigandi málsaðilum og hafa yfir að ráða viðeigandi valdheimildum og tilföngum.

36) Aðildarríkin ættu að kveða á um viðurlög, sem eru viðeigandi, skilvirk, hófleg og letjandi, sem beita ætti ef ekki er farið að þeim landsráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þessari tilskipun.

37) Til að tryggja skilvirkni miðlægu upplýsingaþjónustunnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, ættu aðildarríkin að sjá til þess að miðlæga upplýsingaþjónustan hafi yfir að ráða fullnægjandi tilföngum og tryggja að upplýsingar um tilgreint svæði séu teknar saman á sem ákjósanlegastan hátt og gerðar aðgengilegar í miðlægu upplýsingaþjónustunni til að tryggja sem besta skilvirkni úthlutaðra verkefna, þ.m.t. í svæðisbundinni fasteignaskrá. Í þessu tilliti gætu aðildarríkin íhugað möguleg samlegðaráhrif og stærðarhagkvæmni í tengslum við upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar í skilningi 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ([1]), með það í huga að byggja á því skipulagi sem fyrir er og hámarka ávinninginn fyrir endanlega notendur.

38) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að greiða fyrir uppbyggingu efnislegra grunnvirkja sem henta fyrir háhraða rafræn fjarskiptanet í öllu Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs eða áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

39) Með tilskipun þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til friðhelgi einkalífs og verndun við-skiptaleyndarmála, frelsi til að atvinnurekstrar, rétturinn til eigna og rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns. Aðildarríkin skulu beita ákvæðum þessarar tilskipunar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Þessi tilskipun miðar að því að greiða fyrir og hvetja til útbreiðslu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum með því að stuðla að sameiginlegri nýtingu á núverandi efnislegum grunnvirkjum, og hvetja til skilvirkari uppbyggingar á nýjum efnislegum grunnvirkjum þannig að útbreiðsla slíkra neta sé möguleg með lægri kostnaði.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

2. Með þessari tilskipun eru settar lágmarkskröfur varðandi mannvirkjagerð og efnisleg grunnvirki, með það í huga að samræma tiltekna þætti í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna á þessum sviðum.

3. Aðildarríkjum er heimilt að viðhalda eða innleiða ráðstafanir í samræmi við lög Sambandsins sem ganga lengra en þær lágmarkskröfur sem komið er á með þessari tilskipun, með það í huga að ná betur þeim markmiðum sem um getur í 1. mgr.

4. Ef ákvæði þessarar tilskipunar stangast á við ákvæði í tilskipunum 2002/21/EB, 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/22/EB eða 2002/77/EB skal viðeigandi ákvæði þeirra tilskipana gilda.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í tilskipun 2002/21/EB.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „rekstraraðili nets“: fyrirtæki, sem býður fram eða hefur heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, sem og fyrirtæki, sem býður fram efnislegu grunnvirki sem er ætlað að veita:

   a) þjónustu í tengslum við framleiðslu, flutninga eða dreifingu:

      i. gass,

      ii. rafmagns, þ.m.t. götulýsingu,

      iii. upphitunar,

      iv. vatns, þ.m.t. losun eða hreinsun skólps, og frárennsliskerfa,

   b) flutningaþjónustu, þ.m.t. járnbrautir, vegir, hafnir og flugvellir,

2) „efnislegt grunnvirki“ (e. *physical infrastructure*): netþáttur sem er ætlað að hýsa aðra netþætti án þess að verða sjálfur að virkum þætti í netinu, s.s. rör, möstur, lagnir, brunnar til að sinna eftirliti, mannop, tengikassar, byggingar eða inngangar að byggingum, loftnetsbúnaður, turnar og súlur. Hins vegar eru kaplar, þ.á m. svartur ljósleiðari, sem og netþættir sem eru notaðir til að afhenda neysluvatn, eins og það er skilgreint í 1. mgr. 2. gr. í tilskipun ráðsins 98/83/EB ([1]), ekki efnisleg grunnvirki í skilningi þessarar tilskipunar,

3) „háhraða rafrænt fjarskiptanet“: rafrænt fjarskiptanet sem getur veitt breiðbandsaðgangsþjónustu með a.m.k. 30 megabita hraða á sekúndu,

4) „mannvirkjagerð“: heildarafrakstur af bygginga- eða mannvirkjagerð sem getur, sem slíkt, þjónað fjárhagslegu eða tæknilegu hlutverki og nær yfir einn eða fleiri þætti efnislegs grunnvirkis,

5) „opinber aðili“: ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvald, aðili sem heyrir undir opinberan rétt eða samtök sem mynduð eru af einum eða fleiri slíkum aðilum eða einum eða fleiri slíkum aðilum sem heyra undir opinberan rétt,

6) „aðilar sem heyra undir opinberan rétt“ aðilar sem hafa öll eftirfarandi einkenni til að bera:

   a) þeim er komið á fót í þeim sérstaka tilgangi að fullnægja þörfum almennings en starfa hvorki á sviði iðnaðar né viðskipta,

   b) þeir hafa réttarstöðu lögaðila og

   c) þeir eru fjármagnaðir að fullu eða að mestu leyti af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum, eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt, eða starfsemi þeirra er undir eftirliti slíkra yfirvalda eða aðila, eða þeir hafa stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þar sem meirihluti stjórnarmanna er skipaður af ríkis-, svæðis- eða staðaryfirvöldum eða öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt,

7) „innbyggt efnislegt grunnvirki“: efnislegt grunnvirki eða búnaður, þ.m.t. þættir sem eru undir sameiginlegu eignarhaldi, sem er á þeim stað endanlegs notenda sem ætlaður er til að hýsa fasttengd og/eða þráðlaus aðgangsnet, þar sem slík aðgangsnet eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu og tengja aðgangspunkt byggingarinnar við nettengipunktinn,

([1]) Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

8) „innbyggt efnislegt grunnvirki sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu“: innbyggt efnislegt grunnvirki sem ætlað er að hýsa þætti háhraða rafrænna fjarskiptaneta eða auðvelda afhendingu þeirra,

9) „meiri háttar endurbætur“: bygginga- eða mannvirkjagerð þar sem endanlegur notandi er staðsettur og sem nær yfir skipulagslegar breytingar á öllu innbyggða efnislega grunnvirkinu eða umtalsverðum hluta þess, og sem krefst byggingarleyfis,

10) „leyfi“: bein eða óbein ákvörðun lögbærs yfirvalds sem tekin er eftir að fyrirtæki gerir ráðstafanir til að standa að bygginga- eða mannvirkjagerð á löglegan hátt,

11) „aðgangspunktur“: efnislegur staður inni í eða fyrir utan byggingu sem er aðgengilegur fyrirtækjum, sem bjóða eða hafa heimild til að bjóða almenn fjarskiptanet, þar sem tenging við innbyggt efnislegt grunnvirki, sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu, er gerð aðgengileg.

3. gr.

Aðgangur að fyrirliggjandi efnislegu grunnvirki

1. Aðildarríki skulu tryggja að allir rekstraraðilar neta hafi rétt til að bjóða fyrirtækjum, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet, aðgang að efnislegu grunnvirki sínu með uppbyggingu á þáttum háhraða rafrænna fjarskiptaneta í huga. Eins geta aðildarríkin veitt rekstraraðilum almennra fjarskiptaneta rétt til að bjóða aðgang að efnislegu grunnvirki sínu í þeim tilgangi að byggja upp önnur net en rafræn fjarskiptanet.

2. Aðildarríki skulu tryggja að öllum rekstraraðilum neta beri skylda til að verða við öllum réttmætum beiðnum um aðgang að efnislegum grunnvirkjum þeirra samkvæmt sanngjörnum og eðlilegum skilmálum og skilyrðum, þ.m.t. verð, með uppbyggingu á þáttum háhraða rafrænna fjarskiptaneta í huga, að fenginni skriflegri beiðni frá fyrirtæki, sem býður fram eða hefur heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet. Slík skrifleg beiðni skal tilgreina fyrir hvaða þætti verkefnisins aðgangs er óskað, þ.m.t. tilgreind tímamörk.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að hver synjun um aðgang sé byggð á hlutlægum, gagnsæjum og hóflegum viðmiðunum, s.s.:

a) tæknilegu hæfi hins efnislega grunnvirkis sem óskað hefur verið eftir aðgangi að, til að hýsa þá þætti háhraða rafrænna fjarskiptaneta sem um getur í 2. mgr.,

b) tiltæku rými til að hýsa þá þætti háhraða rafrænu fjarskiptanetanna sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. framtíðarþörf rekstraraðila netsins fyrir rými, sem sýnt er fram á með fullnægjandi hætti,

c) athugunarefnum er varða öryggi og lýðheilsu,

d) heildstæði og öryggi allra neta, einkum í tengslum við mikilvæg landsbundin grunnvirki,

e) hættu á að skipulagða rafræna fjarskiptaþjónustan valdi alvarlegri truflun á annarri þjónustustarfsemi sem notar sama efnislega grunnvirki,

f) aðgengi að öðrum raunhæfum leiðum að efnislegu netgrunnvirki í heildsölu, sem rekstraraðili nets býður fram og hentar til bjóða fram háhraða rafræn fjarskiptanet, að því tilskildu að slíkur aðgangur sé falur samkvæmt sanngjörnum og eðlilegum skilmálum og skilyrðum.

Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðili nets staðfesti ástæður fyrir synjuninni innan tveggja mánaða frá viðtökudegi fullbúinnar beiðni um aðgang.

4. Sé aðgangi synjað eða hafi samkomulagi um sérstaka skilmála og skilyrði, þ.m.t. verð, ekki verið náð innan tveggja mánaða frá viðtökudegi beiðni um aðgang, skulu aðildarríki tryggja að báðir málsaðilar eigi rétt á að vísa málinu til lögbærrar landsbundinnar nefndar um lausn ágreiningsmála.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála, sem um getur í 4. mgr., gefi út, með fullu tilliti til meðalhófsreglunnar, bindandi ákvörðun til lausnar á deilumálinu sem hafið er skv. 4. mgr., þ.m.t. að setja sanngjarna og eðlilega skilmála og skilyrði, þ.m.t. verð, eftir því sem við á.

Landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála skal leysa deiluna eins fljótt og hægt er og í öllu falli innan fjögurra mánaða frá viðtökudegi fullfrágenginnar beiðni, nema ef um sérstakar aðstæður er að ræða, án þess að hafa áhrif á möguleika málsaðila til að vísa málinu fyrir dómstóla.

Tengist deilan aðgangi veitanda rafræns fjarskiptanets að grunnvirki og sé landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála landsbundið eftirlitsyfirvald skal hún, eftir því sem við á, taka tillit til þeirra markmiða sem sett eru fram í 8. gr. tilskipunar 2002/21/EB. Fastsetji nefndin um lausn ágreiningsmála verð skal tryggt að veitandi aðgangs hafi sanngjarnt tækifæri til að bæta sér upp kostnaðinn og tillit skal tekið til þeirra áhrifa sem aðgangurinn sem óskað er eftir hefur á viðskiptaáætlun þess sem veitir aðganginn, þ.m.t. fjárfestingar sem rekstraraðili netsins, sem sóst er eftir aðgangi hjá, gerir, einkum í efnislegum grunnvirkjum sem notuð eru til að veita háhraða rafræna fjarskiptaþjónustu.

6. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á eignarrétt eiganda efnislega grunnvirkisins í tilvikum þar sem rekstraraðili nets er ekki eigandinn, og eignarrétt annarra þriðju málsaðila, t.d. landeigenda og eigendur einkaeigna.

4. gr.

Gagnsæi að því er varðar efnislegt grunnvirki

1. Aðildarríkin skulu tryggja að til að óska eftir aðgangi að efnislegu grunnvirki í samræmi við 2. mgr. 3. gr., hafi öll fyrirtæki sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet rétt til aðgangs, sé þess óskað, að eftirtöldum lágmarkupplýsingum varðandi fyrirliggjandi efnisleg grunnvirki hvaða rekstraraðila nets sem er:

a) staðsetningu, og lagnaleiðir,

b) tegund grunnvirkis og núverandi notkun þess og

c) tengilið.

Aðildarríki skulu tryggja að fyrirtækið, sem óskar eftir aðgangi, tilgreini svæðið þar sem það hyggst byggja upp þætti háhraða rafrænna fjarskiptaneta.

Aðildarríki geta aðeins heimilað að aðgangur að lágmarksupplýsingum sé takmarkaður ef það er nauðsynlegt í ljósi öryggis neta og heildstæðis þeirra, þjóðaröryggis, lýðheilsu eða öryggis almennings, trúnaðarkvaða eða rekstrar- og viðskiptaleyndarmála.

2. Aðildarríki geta krafist þess að allir opinberir aðilar, sem vegna verkefna sinna hafa í vörslu sinni, á rafrænu formi, þætti þeirra lágmarksupplýsinga sem um getur í 1. mgr. um efnislegt grunnvirki rekstraraðila nets, geri þessar upplýsingar aðgengilegar með rafrænum hætti fyrir milligöngu miðlægu upplýsingaþjónustunnar fyrir 1. janúar 2017, og aðildarríkin skulu krefjast þess að slíkir opinberir aðilar geri upplýsingarnar aðgengilegar fyrirtækjum, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet samkvæmt beiðni, með fyrirvara um takmarkanir sem um getur í 1. mgr. Allar uppfærslur á þessum upplýsingum og allir nýir þættir lágmarksupplýsinganna sem um getur í 1. mgr., sem opinber aðili tekur við, skulu gerð aðgengileg miðlægu upplýsingaþjónustunni innan tveggja mánaða frá viðtökudegi upplýsinganna. Lengja má tímabilið um einn mánuð í mesta lagi, ef það er nauðsynlegt til að tryggja áreiðanleika upplýsinganna sem veittar eru.

3. Lágmarksupplýsingar, sem gerðar eru aðgengilegar miðlægu upplýsingaþjónustunni skv. 2. mgr., skulu strax vera aðgengilegar fyrir milligöngu miðlægu upplýsingaþjónustunnar á rafrænu formi og samkvæmt hóflegum og gagnsæjum skilmálum án mismununar. Aðildarríkin skulu tryggja að lágmarksupplýsingarnar samkvæmt þessari málsgrein verði gerðar aðgengilegar í gegnum miðlægu upplýsingaþjónustuna eigi síðar en 1. janúar 2017.

4. Séu lágmarksupplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., ekki aðgengilegar í gegnum miðlægu upplýsingaþjónustuna skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar neta veiti fyrirtæki, sem býður fram eða hefur heimild til bjóða fram almenn fjarskiptanet, aðgang að slíkum upplýsingum samkvæmt sérstakri skriflegri beiðni þess. Í beiðninni skal tilgreina svæðið þar sem fyrirhugað er að byggja upp þætti háhraða rafrænna fjarskiptaneta. Veita skal aðgang að upplýsingum innan tveggja mánaða frá viðtökudegi skriflegu beiðninnar samkvæmt hóflegum og gagnsæjum skilmálum án mismununar, með fyrirvara um takmarkanirnar sem um getur í 1. mgr.

5. Við sérstaka skriflega beiðni frá fyrirtæki, sem býður fram eða hefur heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, skulu aðildarríkin krefjast þess af rekstraraðilum neta að þeir verði við réttmætum beiðnum um vettvangsskoðun á sérstökum þáttum efnislegra grunnvirkja þeirra. Í slíkri beiðni skal tilgreint hvaða þætti netanna um er að ræða í tengslum við uppbyggingu á þáttum háhraða rafrænna fjarskiptaneta. Vettvangsskoðanir á tilgreindum netþætti skulu leyfðar samkvæmt hóflegum og gagnsæjum skilmálum án mismununar innan eins mánaðar frá viðtökudegi skriflegu beiðninnar, með fyrirvara um takmarkanirnar sem um getur í 1. mgr.

6. Aðildarríki skulu tryggja að ef upp kemur ágreiningur í tengslum við þau réttindi og skyldur sem kveðið er á um í þessari grein eigi báðir málsaðilar rétt á að vísa deilunni til landsbundinnar nefndar um lausn ágreiningsmála. Landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála skal, með fullu tilliti til meðalhófsreglunnar, gefa út bindandi ákvörðun til lausnar á deilunni eins fljótt og hægt er og í öllu falli innan tveggja mánaða, nema ef um sérstakar aðstæður er að ræða, án þess að það hafi áhrif á möguleika málsaðila til að vísa málinu fyrir dómstóla.

7. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um undanþágur frá skyldunum sem kveðið er á um í 1. til 5. mgr. ef fyrirliggjandi efnisleg grunnvirki eru ekki talin nógu tæknilega hentug fyrir uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum eða ef um mikilvæg landsbundin grunnvirki er að ræða. Slíkar undanþágur skulu tilhlýðilega rökstuddar. Hagsmunaaðilar skulu fá tækifæri til að gera athugasemdir við drögin að undanþágunum innan hæfilegs tíma. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

8. Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrirtækin, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet og sem fá aðgang að upplýsingum samkvæmt þessari grein, geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja virðingu við trúnað og rekstrar- og viðskiptaleyndarmál.

5. gr.

Samhæfing í mannvirkjagerð

1. Aðildarríki skulu tryggja að sérhver rekstraraðili nets hafi rétt til að gera samninga um samhæfingu í mannvirkjagerð við fyrirtæki, sem bjóða eða hafa heimild til að bjóða rafræn fjarskiptanet, með uppbyggingu á þáttum háhraða rafrænna fjarskiptaneta í huga.

2. Aðildarríki skulu tryggja að allir rekstraraðilar nets, sem standa með beinum eða óbeinum hætti að mannvirkjagerð sem er að öllu leyti eða að hluta til fjármögnuð úr opinberum sjóðum, verði við öllum réttmætum beiðnum fyrirtækja, sem bjóða eða hafa heimild til að bjóða almenn fjarskiptanet, um samhæfingu í mannvirkjagerð með skilmálum sem eru gagnsæ og án mismununar, með uppbyggingu á þáttum háhraða rafrænna fjarskiptaneta í huga. Slík beiðni skal uppfyllt að því tilskildu:

a) að hún hafi ekki í för með sér neinn viðbótarkostnað, þ.m.t. vegna viðbótartafa, fyrir þá mannvirkjagerð sem fyrirhuguð var í upphafi,

b) að hún muni ekki hindra stjórnun á samhæfingu mannvirkjagerðarinnar og

c) að beiðnin um samhæfingu sé lögð inn eins fljótt og auðið er og í öllu falli a.m.k. einum mánuði áður en endanlegt verkefni er lagt fyrir lögbær yfirvöld með tilliti til leyfisveitingar.

Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um reglur um skiptingu kostnaðar sem tengist samhæfingu í mannvirkjagerð.

3. Náist ekki samkomulag um samhæfingu í mannvirkjagerð skv. 2. mgr. innan eins mánaðar frá viðtökudegi formlegrar beiðni um samningaviðræður, skulu aðildarríki tryggja að málsaðilar eigi rétt á að vísa málinu til lögbæru landsbundnu nefndarinnar um lausn ágreiningsmála.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála, sem um getur í 3. mgr., gefi út, með fullu tilliti til meðalhófsreglunnar, ákvörðun til lausnar á deilumálinu sem hafið er skv. 3. mgr., og ákveði, eftir því sem við á, skilmála, skilyrði og verð sem eru sanngjörn og án mismununar.

Landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála skal leysa deiluna eins fljótt og hægt er og í öllu falli innan tveggja mánaða frá viðtökudegi fullbúinnar beiðni nema ef um sérstakar aðstæður er að ræða, án þess að hafa áhrif á möguleika málsaðila til að vísa málinu fyrir dómstóla.

5. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um undanþágur frá skuldbindingunum, sem kveðið er á um í þessari grein, fyrir mannvirki sem hafa litla þýðingu, t.d. með tilliti til verðgildis, stærðar eða endingar, eða ef um er að ræða mikilvægt landsbundið grunnvirki. Slíkar undanþágur skulu tilhlýðilega rökstuddar. Hagsmunaaðilar skulu fá tækifæri til að gera athugasemdir við drögin að undanþágunum innan hæfilegs tíma. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

6. gr.

Gagnsæi að því er varðar áætlaða mannvirkjagerð

1. Til að gera samninga um samhæfingu í mannvirkjagerð, sem um getur í 5. gr., skulu aðildarríkin krefjast þess að rekstraraðilar neta geri aðgengilegar, eftir sérstaka skriflega beiðni frá fyrirtæki, sem býður fram eða hefur heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, eftirtaldar lágmarksupplýsingar varðandi yfirstandandi eða áætlaðar framkvæmdir sem tengjast efnislegum grunnvirkjum þeirra og sem leyfi hefur fengist fyrir, leyfisbeiðni bíður umfjöllunar eða fyrirhugað er að leggja fram fyrstu umsókn til lögbærra yfirvalda fyrir leyfisveitingu innan næstu sex mánaða:

a) staðsetning og tegund framkvæmda,

b) netþættina sem um ræðir,

c) áætluð dagsetning fyrir upphaf framkvæmda og tímalengd þeirra og

d) tengilið.

Í beiðni frá fyrirtæki, sem býður fram eða hefur heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, skal koma fram á hvaða svæði fyrirtækið hyggst byggja upp þætti háhraða rafrænna fjarskiptaneta. Innan tveggja vikna frá viðtökudegi skriflegu beiðninnar skulu rekstraraðilar neta afhenda upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt hóflegum og gagnsæjum skilmálum án mismununar. Aðildarríki geta aðeins heimilað að aðgangur að lágmarksupplýsingum sé takmarkaður ef það er talið nauðsynlegt í ljósi netöryggis og heildstæði, þjóðaröryggis, lýðheilsu eða öryggis almennings, trúnaðarkvaða eða rekstrar- og viðskiptaleyndarmála.

2. Rekstraraðili netsins getur synjað beiðninni skv. 1. mgr. ef:

a) hann hefur gert umbeðnar upplýsingar aðgengilegar öllum á rafrænu formi eða

b) aðgangur að slíkum upplýsingum er tryggður fyrir milligöngu miðlægu upplýsingaþjónustunnar.

3. Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðili netsins geri umbeðnar lágmarksupplýsingar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar fyrir milligöngu miðlægu upplýsingaþjónustunnar.

4. Aðildarríki skulu tryggja, ef ágreiningur kemur upp í tengslum við réttindi og skyldur sem kveðið er á um í þessari grein, að báðir málsaðilar eigi rétt á að vísa deilunni til landsbundinnar nefndar um lausn ágreiningsmála. Landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála skal, með fullu tilliti til meðalhófsreglunnar, gefa út bindandi ákvörðun til lausnar á deilunni eins fljótt og hægt er og í öllu falli innan tveggja mánaða, nema ef um sérstakar aðstæður er að ræða, án þess að það hafi áhrif á möguleika málsaðila til að vísa málinu fyrir dómstóla.

5. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágur frá skuldbindingunum sem kveðið er á um í þessari grein fyrir mannvirki sem eru lítils virði eða ef um er að ræða mikilvægt landsbundið grunnvirki. Slíkar undanþágur skulu tilhlýðilega rökstuddar. Hagsmunaaðilar skulu fá tækifæri til að gera athugasemdir við drögin að undanþágunum innan hæfilegs tíma. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

7. gr.

Málsmeðferð við leyfisveitingar

1. Aðildarríki skulu tryggja að allar viðeigandi upplýsingar varðandi skilyrði og málsmeðferðarreglur, sem gilda um leyfisveitingar fyrir mannvirkjagerð sem þörf er á til að byggja upp þætti rafrænna fjarskiptaneta, þ.m.t. upplýsingar varðandi undanþágur sem gilda um slíka þætti að því er varðar tiltekin eða öll leyfi sem krafist er samkvæmt landslögum, séu aðgengilegar fyrir milligöngu miðlægu upplýsingaþjónustunnar.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um rétt allra fyrirtækja, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, til að leggja fram, með rafrænum hætti fyrir milligöngu miðlægu upplýsingaþjónustunnar, umsóknir fyrir leyfi sem krafist er fyrir mannvirkjagerð sem þörf er á til að byggja upp þætti háhraða rafrænna fjarskiptaneta.

3. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld veiti eða synji leyfum innan fjögurra mánaða frá viðtökudegi fullbúinnar leyfisbeiðni, án þess að það hafi áhrif á önnur tilgreind tímamörk eða skuldbindingar, sem mælt er fyrir um fyrir rétta framkvæmd málsmeðferðarinnar sem gildir um leyfisveitingar, í samræmi við landslög eða lög Sambandsins, eða rétta framkvæmd kærumeðferðar. Í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum er aðildarríkjum heimilt að kveða á um að framlengja megi tímamörk. Framlenging skal ekki vera lengri en nauðsynlegt er til að veita leyfi eða synja því. Styðja skal synjunina viðeigandi rökum á grundvelli hlutlægra, gagnsærra og hóflegra viðmiðana án mismununar.

4. Aðildarríkjum er heimilt að tryggja að öll fyrirtæki, sem bjóða fram eða hafa heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, sem hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að tímamörkin, sem gilda skv. 3. mgr., voru ekki virt, eigi rétt á skaðabótum vegna tjónsins í samræmi við landslög.

8. gr.

Innbyggt efnislegt grunnvirki

1. Aðildarríki skulu tryggja að allar nýbyggingar á stað endanlegs notanda, þ.m.t. þættir í þeim sem eru undir sameiginlegu eignarhaldi, sem umsóknir um byggingarleyfi voru lagðar inn fyrir eftir 31. desember 2016, séu útbúnar með innbyggðu efnislegu grunnvirki, sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu og nær að nettengipunktunum. Sama skuldbinding gildir ef um er að ræða meiri háttar endurbætur, sem umsóknir um byggingarleyfi hafa verið lagðar inn fyrir eftir 31. desember 2016.

2. Aðildarríki skulu tryggja að öll nýbyggð fjölbýlishús, sem umsóknir um byggingarleyfi hafa verið lagðar inn fyrir eftir 31. desember 2016, séu útbúin með aðgangspunkti. Sama skuldbinding gildir ef um er að ræða meiri háttar endurbætur varðandi fjölbýlishús, sem umsóknir um byggingarleyfi hafa verið lagðar inn fyrir eftir 31. desember 2016.

3. Byggingar, sem eru útbúnar í samræmi við þessa grein, skulu teljast uppfylla skilyrði til að fá valfrjálsu merkinguna „tilbúin fyrir háhraðatengingu“ í aðildarríkjum sem hafa valið að taka upp slíka merkingu.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágur frá skuldbindingunum, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., fyrir tiltekna flokka bygginga, einkum einbýlishús, eða meiri háttar endurbætur í tilvikum þar sem það væri óhóflega íþyngjandi að uppfylla þessar skuldbindingar, t.d. með tilliti til kostnaðar fyrir sjálfstæða eða sameiginlega eigendur eða með tilliti til byggingartegundar, t.d. tilteknir flokkar minnismerkja, sögulegra bygginga, orlofshúsa, hernaðarbygginga eða annarra bygginga sem eru notaðar með þjóðaröryggi í huga. Slíkar undanþágur skulu tilhlýðilega rökstuddar. Hagsmunaaðilar skulu fá tækifæri til að gera athugasemdir við drögin að undanþágunum innan hæfilegs tíma. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

9. gr.

Aðgangur að innbyggðu efnislegu grunnvirki

1. Aðildarríki skulu tryggja að allir veitendur almennra fjarskiptaneta hafi rétt til þess að breiða út net sitt að aðgangspunktinum á eigin kostnað, sbr. þó fyrstu undirgrein 3. mgr.

2. Aðildarríki skulu tryggja að allir veitendur almennra fjarskiptaneta hafi rétt til aðgangs að öllum innbyggðum efnislegum grunnvirkjum sem til eru, með uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum í huga, ef tvöföldun grunnvirkja er tæknilega óframkvæmanleg eða efnahagslega óhagkvæm, sbr. þó fyrstu undirgrein 3. mgr.

3. Aðildarríki skulu tryggja að handhafar afnotaréttar að aðgangspunkti og innbyggðu efnislegu grunnvirki uppfylli allar réttmætar beiðnir um aðgang frá veitanda almenna fjarskiptanetsins samkvæmt sanngjörnum skilmálum og skilyrðum sem eru án mismununar, þ.m.t. verð, eftir því sem við á.

Hafi samkomulag um aðgang, sem um getur í 1. eða 2. mgr., ekki náðst innan tveggja mánaða frá viðtökudegi formlegrar beiðni um aðgang, skulu aðildarríki tryggja að báðir málsaðilar hafi rétt til að vísa málinu til lögbæru landsbundnu nefndarinnar um lausn ágreiningsmála til að meta hvort farið sé að kröfunum, sem kveðið er á um í þessum málsgreinum. Landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála skal, með fullu tilliti til meðalhófsreglunnar, gefa út bindandi ákvörðun til lausnar á deilunni eins fljótt og hægt er og í öllu falli innan tveggja mánaða, nema ef um sérstakar aðstæður er að ræða, án þess að það hafi áhrif á möguleika málsaðila til að vísa málinu fyrir dómstóla.

4. Aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágur frá 1.-3. mgr. fyrir byggingar þar sem aðgangur að fyrirliggjandi neti, sem tengist þar sem endanlegur notandi er staðsettur og sem hentar fyrir veitingu háhraða rafrænnar fjarskiptaþjónustu, er tryggður með hlutlægum, gagnsæjum og hóflegum skilmálum og skilyrðum sem eru án mismununar.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ef innbyggt efnislegt grunnvirki, sem er tilbúið fyrir háhraðatengingu, er ekki fyrir hendi hafi allir veitendur almennra fjarskiptaneta rétt til að tengja net sitt í húsnæði áskrifanda, með fyrirvara um samning við áskrifandann, að því tilskildu að það hafi lágmarksáhrif á einkaeign þriðja aðila.

6. Þessi grein skal hvorki hafa áhrif á eignarrétt eiganda aðgangspunktsins eða innbyggða efnislega grunnvirkisins í tilvikum þar sem eigandi afnotaréttar á grunnvirkinu eða aðgangspunktinum er ekki handhafi afnotaréttar að þeim einingum, né á eignarrétt annarra þriðju málsaðila, t.d. landeigenda og eigenda bygginga.

Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur um nægilegar fébætur fyrir aðila sem verða fyrir tjóni vegna þess að þau réttindi sem kveðið er á um í þessari grein voru nýtt.

10. gr.

Þar til bærir aðilar

1. Aðildarríki skulu tryggja að einn eða fleiri þar til bærir aðilar taki að sér hvert verkefni sem vísað er til landsbundnu nefndarinnar um lausn ágreiningsmála.

2. Landsbundna nefndin um lausn ágreiningsmála sem aðildarríki tilnefnir skv. 1. mgr. skal vera lagalega aðgreind frá og óháð öllum rekstraraðilum neta. Aðildarríki geta heimilað landsbundnu nefndinni um lausn ágreiningsmála að innheimta gjöld til að standa straum af kostnaði við framkvæmd verkefnanna sem henni eru falin.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að allir aðilar sýni landsbundnu nefndinni um lausn ágreiningsmála fulla samvinnu.

4. Aðildarríki skulu tilnefna einn eða fleiri þar til bæra aðila á landsbundnum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi til að sinna starfi miðlægu upplýsingaþjónustunnar sem um getur í 4., 6. og 7. gr. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd þessara verkefna, geta aðildarríki leyft að gjald verð tekið fyrir notkun á miðlægu upplýsingaþjónustunni.

5. Eigi síðar en 1. júlí 2016 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða þar til bærir aðilar, í samræmi við þessa grein, eigi að framkvæma verkefni samkvæmt þessari tilskipun og um breytingar þar á, áður en slík útnefning eða breyting öðlast gildi.

6. Öllum ákvörðunum þar til bærra aðila, sem um getur í þessari grein, skal vera unnt að áfrýja til dómstóla í samræmi við landslög.

11. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum landsráðstafana, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera viðeigandi, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

12. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 2018. Skýrslan skal hafa að geyma samantekt á áhrifum þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari tilskipun og mat á framvindu í átt að því að ná fram markmiðum hennar, m.a. hvort og hvernig tilskipunin gæti frekar stuðlað að því að ná fram metnaðarfyllri markmiðum fyrir háhraðatengingu en þau sem sett eru fram í Stafrænu áætluninni.

13. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2016. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. júlí 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/55 **2030/EES/49/27**

frá 9. janúar 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar að bæta Lýðveldinu Singapúr við þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998 ([2]) eru tilgreind þau þriðju lönd sem viðurkennt er að beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um að verja almenningsflug gegn ólöglegu athæfi sem stofnar flugvernd í almenningsflugi í hættu.

2) Framkvæmdastjórnin hefur einnig sannreynt að Lýðveldið Singapúr uppfyllir viðmiðanir til að viðurkenna jafngildi krafna um flugvernd í þriðju löndum sem settar eru fram í E-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 ([3]).

3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 til samræmis við það.

4) Veita ætti viðeigandi frest áður en þessi reglugerð tekur gildi, að teknu tilliti til þess að breytinga á rekstri eða mannvirkjum á flugvöllum, eða hvort tveggja, kann að verða krafist.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. febrúar 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 10, 13.1.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Stjtíð. ESB L 299, 14.11.2015, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 (Stjtíð ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fylgiskjals 3-B í 3. kafla komi eftirfarandi:

„FYLGISKJAL 3-B

FLUGVERND LOFTFARA

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI

Að því er varðar flugvernd loftfara hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi:

Kanada

Færeyjar, að því er varðar Vágar-flugvöll

Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll

Guernsey

Eyjan Mön á Írlandshafi

Jersey

Montenegró (Svartfjallaland)

Lýðveldið Singapúr, að því er varðar Singapore Changi flugvöll

Bandaríkin

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um að samþykktar hafi verið aðgerðir, þ.m.t. mótvægisaðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“,

2) í stað fylgiskjals 4-B í 4. kafla komi eftirfarandi:

„FYLGISKJAL 4-B

FARÞEGAR OG HANDFARANGUR

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI

Að því er varðar farþega og handfarangur hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi:

Kanada

Færeyjar, að því er varðar Vágar-flugvöll

Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll

Guernsey

Eyjan Mön á Írlandshafi

Jersey

Montenegró (Svartfjallaland)

Lýðveldið Singapúr, að því er varðar Singapore Changi flugvöll

Bandaríkin

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um að samþykktar hafi verið aðgerðir, þ.m.t. mótvægisaðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“,

3) í stað fylgiskjals 5-A í 5. kafla komi eftirfarandi:

„FYLGISKJAL 5-A

LESTARFARANGUR

ÞRIÐJU LÖND SEM OG ÖNNUR LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI, SEM VI. BÁLKUR Í ÞRIÐJA HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GILDIR EKKI UM, SKV. 355. GR. ÞESS SÁTTMÁLA, SEM VIÐURKENNT ER AÐ BEITI FLUGVERNDARKRÖFUM SEM JAFNGILDA SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM UM FLUGVERND Í ALMENNINGSFLUGI

Að því er varðar lestarfarangur hefur verið viðurkennt að eftirfarandi þriðju lönd sem og önnur lönd og yfirráðasvæði, sem VI. bálkur í þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gildir ekki um, skv. 355. gr. þess sáttmála, beiti flugverndarkröfum sem jafngilda sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi:

Kanada

Færeyjar, að því er varðar Vágar-flugvöll

Grænland, að því er varðar Kangerlussuaq-flugvöll

Guernsey

Eyjan Mön á Írlandshafi

Jersey

Montenegró (Svartfjallaland)

Lýðveldið Singapúr, að því er varðar Singapore Changi flugvöll

Bandaríkin

Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna ef hún hefur upplýsingar sem benda til þess að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir og hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Sambandinu, séu ekki lengur jafngildar sameiginlegum grunnkröfum Sambandsins.

Tilkynna skal hlutaðeigandi yfirvöldum aðildarríkjanna tafarlaust ef framkvæmdastjórnin hefur upplýsingar um að samþykktar hafi verið aðgerðir, þ.m.t. mótvægisaðgerðir, sem staðfesta að flugverndarkröfur, sem hlutaðeigandi þriðja land eða annað land eða yfirráðasvæði beitir, séu aftur orðnar jafngildar sameiginlegu grunnkröfunum.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1128 **2030/EES/49/28**

frá 14. júní 2017

um flytjanleika efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri á innri markaðnum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Greiður aðgangur í gervöllu Sambandinu að efnisveituþjónustu á Netinu, sem er löglega veitt neytendum í búsetuaðildarríki þeirra, er mikilvægur fyrir snurðulausa starfsemi innri markaðarins og fyrir skilvirka beitingu meginreglnanna um frjálsa för fólks og frjálsa þjónustustarfsemi. Þar sem innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra, sem byggist m.a. á frjálsri för fólks og frjálsri þjónustustarfsemi, er nauðsynlegt að tryggja að neytendur geti notað flytjanlega efnisveituþjónustu á Netinu sem veitir aðgang að efni eins og tónlist, leikjum, kvikmyndum, skemmtidagskrám eða íþróttaviðburðum, ekki aðeins í búsetuaðildarríki þeirra heldur einnig þegar þeir eru tímabundið staddir í öðru aðildarríki vegna tómstunda, ferðalaga, viðskiptaferða eða hreyfanleika vegna náms. Þess vegna ætti í slíkum tilvikum að eyða hindrunum sem hamla aðgangi að og notkun á slíkri efnisveituþjónustu á Netinu.

2) Sú tækniþróun sem hefur leitt til útbreiðslu færanlegs búnaðar eins og fartölva, spjaldtölva og snjallsíma auðveldar æ meir notkun efnisveituþjónustu á Netinu með því að veita aðgang að henni án tillits til þess hvar neytendur eru staddir. Krafa neytenda um aðgang að efni og nýjungum í efnisveituþjónustu er stöðugt vaxandi, ekki aðeins í búsetuaðildarríki þeirra heldur einnig þegar þeir eru tímabundið staddir í öðru aðildarríki.

3) Neytendur taka í síauknum mæli þátt í samningsbundnu fyrirkomulagi með þjónustuveitendum um efnisveituþjónustu á Netinu. Samt sem áður hafa neytendur, sem eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, oft ekki aðgang að og not af efnisveituþjónustu á Netinu sem þeir hafa öðlast rétt til aðgangs að og notkunar á með löglegum hætti í búsetuaðildarríki sínu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 264, 20.7.2016, bls. 86.

([2]) Stjtíð. ESB C 240, 1.7.2006, bls. 72.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. maí 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. júní 2017.

4) Nokkrar hindranir eru í vegi fyrir því að neytendum, sem eru tímabundið í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, sé veitt efnisveituþjónusta á Netinu. Tiltekin þjónusta á Netinu er t.d. að veita aðgang að efni eins og tónlist, leikjum, kvikmyndum eða skemmtidagskrám sem eru verndaðar með höfundarrétti eða skyldum réttindum samkvæmt lögum Sambandsins. Sem stendur er munur milli geira á hindrunum á því að efnisveituþjónusta á Netinu sé flytjanleg yfir landamæri. Hindranirnar stafa af því að réttindi til þess að flytja efni sem er verndað af höfundarrétti eða skyldum réttindum, s.s. hljóð- og myndmiðlaverk, eru oft bundin leyfi fyrir tiltekin landsvæði, og því að veitendur efnisveituþjónustu á Netinu gætu kosið að þjóna einungis tilteknum mörkuðum.

5) Sama gildir um efni á borð við íþróttaviðburði, sem er ekki verndað af höfundarrétti eða skyldum réttindum samkvæmt lögum Sambandsins en gæti notið verndar af höfundarrétti eða skyldum réttindum samkvæmt landslögum eða annarri sérstakri landslöggjöf, og sem skipuleggjendur slíkra viðburða veita einnig oft leyfi fyrir eða þeir sem veita efnisveituþjónustu á Netinu bjóða á tilteknu landsvæði. Útsendingar útvarpsfyrirtækja á slíku efni eru einnig verndaðar af skyldum réttindum sem hafa verið samræmd á vettvangi Sambandsins. Enn fremur fela útsendingar slíks efnis oft í sér höfundarréttarvarin atriði, t.d. tónlist, byrjunar- eða lokaskot myndbands eða myndræna útfærslu. Einnig hafa tilteknir þættir útsendinga slíks efnis, einkum þeir sem tengjast útsendingum atburða sem hafa mikla þýðingu fyrir samfélagið ásamt stuttum fréttaþáttum um viðburði sem vekja mikinn áhuga meðal almennings, verið samræmdir með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB ([1]). Að lokum felur hljóð- og myndmiðlunarþjónusta í skilningi tilskipunar 2010/13/ESB í sér þjónustu sem veitir aðgang að efni á borð við íþróttaviðburði, fréttir eða fréttatengda þætti.

6) Efnisveituþjónusta á Netinu er í sívaxandi mæli markaðssett í pakka þar sem efni, sem ekki er verndað af höfundarrétti eða skyldum réttindum, er ekki aðgreinanlegt frá efni sem er verndað af höfundarrétti eða skyldum réttindum án þess að það dragi verulega úr gildi þjónustunnar sem neytendum er veitt. Þetta á einkum við þegar um er að ræða áskriftarefni eins og íþróttaviðburði eða aðra viðburði sem neytendur hafa mikinn áhuga á. Til þess að gera þeim sem veita efnisveituþjónustu á Netinu kleift að gefa neytendum fullan aðgang að efnisveituþjónustu sinni á Netinu þegar neytendur eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, er nauðsynlegt að þessi reglugerð taki einnig til slíks efnis sem efnisveituþjónusta á Netinu notar og að hún gildi því um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu í skilningi tilskipunar 2010/13/ESB jafnt og útsendinga útvarpsfyrirtækja í heild sinni.

7) Réttindi er varða verk sem eru vernduð af höfundarrétti og efni sem er verndað af skyldum réttindum („verk og annað verndað efni“) er samræmt m.a. í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB ([2]), 2001/29/EB ([3]), 2006/115/EB ([4]) og 2009/24/EB ([5]). Ákvæði alþjóðasamninga á sviði höfundarréttar og skyldra réttinda sem Sambandið hefur gert, einkum samnings Alþjóðviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum sem fylgir með sem 1. viðauki C við samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar frá 15. apríl 1994, samnings Alþjóðahugverkastofnunarinnar um höfundarrétt frá 20. desember 1996 og samnings Alþjóðahugverkastofnunarinnar um flutning og hljóðrit frá 20. desember 1996, með áorðnum breytingum, eru óaðskiljanlegur hluti réttarkerfis Sambandsins. Lög Sambandsins ætti, eftir því sem mögulegt er, að túlka með þeim hætti að þau samræmist reglum þjóðaréttar.

8) Nauðsynlegt er að þeir sem veita efnisveituþjónustu og nota verk eða annað verndað efni, s.s. bækur, hljóð- og myndmiðlaverk, tónlistarupptökur eða útsendingar, hafi rétt til að nota slíkt efni fyrir viðkomandi landsvæði.

9) Til þess að þeir sem veita efnisveituþjónustu á Netinu geti sent efni sem er verndað af höfundarrétti eða skyldum réttindum þarf heimild viðkomandi rétthafa, t.d. höfunda, listflytjenda, framleiðenda eða útvarpsfyrirtækja að því er varðar efni sem felst í útsendingunni. Þetta á jafnt við þegar slíkar útsendingar fara fram í þeim tilgangi að gera neytanda kleift að hala niður efni til þess að nota efnisveituþjónustu á Netinu.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna (Stjtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. EB L 167, 22.6.2001, bls. 10).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarrétti, á sviði hugverkaréttar (Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 28).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit (Stjtíð. ESB L 111, 5.5. 2009, bls. 16).

10) Ekki er alltaf hægt að fá leyfi fyrir viðkomandi réttindum, einkum þegar réttindi á efni eru veitt sem einkaleyfi. Til þess að tryggja að svæðisbundnum réttindum sé fylgt skilmerkilega skuldbinda þeir sem veita efnisveituþjónustu á Netinu sig oft til þess, í leyfissamningum sínum við rétthafa, þ.m.t. útvarpsfyrirtæki eða skipuleggjendur viðburða, að koma í veg fyrir að áskrifendur þeirra hafi aðgang að og geti notað þjónustuna utan landsvæðisins sem þjónustuleyfið gildir um. Með slíkum samningsbundnum takmörkunum sem lagðar eru á þjónustuveitendur er þess krafist að þeir geri ráðstafanir eins og að neita að veita aðgang að þjónustu sinni frá IP-vistfangi sem er staðsett utan viðkomandi landsvæðis. Þess vegna er eina af hindrunum á því að efnisveituþjónusta á Netinu sé flytjanleg yfir landamæri, að finna í samningunum sem gerðir eru milli þeirra sem veita efnisveituþjónustu á Netinu og áskrifenda þeirra, sem endurspeglar ákvæði um svæðisbundnar takmarkanir í samningum sem gerðir eru milli þessara þjónustuveitenda og rétthafa.

11) Taka ætti tillit til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins þegar vega á verndun hugverkaréttinda á móti því mannfrelsi sem tryggt er með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

12) Því er markmiðið með þessari reglugerð að aðlaga samræmda lagarammann um höfundarrétt og skyld réttindi og að koma á sameiginlegri nálgun við að veita áskrifendum efnisveituþjónustu á Netinu, sem eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, með því að losa um hindranir á því að hægt sé að flytja efnisveituþjónustu á Netinu, sem veitt er löglega, yfir landamæri. Þessi reglugerð ætti að tryggja að efnisveituþjónusta á Netinu í öllum viðkomandi geirum sé flytjanleg yfir landamæri og þar með veita neytendum frekari úrræði um löglegan aðgang að efni á Netinu án þess að það hafi áhrif á hátt verndarstig sem er tryggt af höfundarrétti og skyldum réttindum í Sambandinu, án þess að breyta núverandi fordæmum um leyfisveitingar, s.s. veitingu leyfa sem eru bundin við landsvæði, og án þess að hafa áhrif á það fjármögnunarfyrirkomulag sem fyrir er. Aðgreina ætti hugtakið „flytjanleiki efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri“ frá hugtakinu „aðgangur neytenda að efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri sem veitt er í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki“, sem þessi reglugerð tekur ekki til.

13) Með tilliti til þess að fyrir hendi eru löggerningar Sambandsins á sviði skattlagningar er nauðsynlegt að undanskilja skattamál frá gildissviði þessarar reglugerðar. Því ætti þessi reglugerð ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða sem tengjast skattlagningu.

14) Í þessari reglugerð eru skilgreind nokkur hugtök sem eru nauðsynleg fyrir beitingu hennar, þ.m.t. búsetuaðildarríki. Búsetuaðildarríki ætti að ákvarða með tilliti til markmiða þessarar reglugerðar og nauðsynjar þess að tryggja samræmda beitingu hennar í Sambandinu. Skilgreining á búsetuaðildarríki felur í sér að áskrifandinn hefur fasta og varanlega búsetu í því aðildarríki. Veitandi efnisveituþjónustu á Netinu, sem hefur sannprófað búsetuaðildarríkið í samræmi við þessa reglugerð, ætti að geta gengið út frá því, að því er varðar þessa reglugerð, að búsetuaðildarríkið sem sannprófað var, sé eina búsetuaðildarríki áskrifandans. Þjónustuveitendur ætti ekki að þurfa að ganga úr skugga um hvort áskrifendur þeirra séu einnig áskrifendur efnisveituþjónustu á Netinu í öðru aðildarríki.

15) Þessi reglugerð ætti að gilda um efnisveituþjónustu á Netinu sem þjónustuveitendur, eftir að hafa fengið viðeigandi réttindi frá rétthöfum á tilteknu landsvæði, veita áskrifendum sínum á grundvelli samnings, með einhverjum hætti, þ.m.t. streymi, niðurhali, með hugbúnaði eða einhverri annarri tækni sem leyfir notkun á efninu. Að því er varðar þessa reglugerð ætti að líta svo á að hugtakið „samningur“ taki til sérhvers samnings milli þjónustuveitanda og áskrifanda, þ.m.t. sérhvert samkomulag þar sem áskrifandinn samþykkir skilmála og skilyrði þjónustuveitandans um veitingu efnisveituþjónustu á Netinu, hvort heldur er gegn greiðslu eða ekki. Ekki ætti að líta á skráningu til að fá tilkynningar um efni eða einfaldlega samþykki á HTML-smygildum sem samning um veitingu efnisveituþjónustu á Netinu að því er varðar þessa reglugerð.

16) Þessi reglugerð ætti ekki að taka til þjónusta á Netinu sem er ekki hljóð- og myndmiðlunarþjónusta í skilningi tilskipunar 2010/13/ESB og sem notar verk, annað verndað efni eða útsendingar útvarpsfyrirtækja aðeins til stuðnings. Slík þjónusta tekur til vefsetra sem nota verk eða annað verndað efni sem er aðeins til stuðnings, t.d. myndeiningar eða tónlist sem er notuð sem bakgrunnur, þar sem helsti tilgangurinn með slíkum vefsetrum er m.a. sala á vörum.

17) Þessi reglugerð ætti aðeins að gilda um efnisveituþjónustu á Netinu sem áskrifendur hafa aðgang að í reynd og geta notað í búsetuaðildarríki sínu án þess að vera takmarkaðir við tiltekna staðsetningu, þar sem ekki er rétt að krefjast þess að veitendur efnisveituþjónustu á Netinu, sem bjóða ekki flytjanlega efnisveituþjónustu á Netinu í búsetuaðildarríki áskrifanda, bjóði slíka þjónustu yfir landamæri.

18) Þessi reglugerð ætti að gilda um efnisveituþjónustu á Netinu sem er veitt gegn greiðslu. Veitendur slíkrar þjónustu eru í aðstöðu til að sannprófa búsetuaðildarríki áskrifenda sinna. Líta ætti svo á að réttur til að nota efnisveituþjónustu á Netinu sé fenginn gegn greiðslu, hvort heldur greitt er beint til veitanda efnisveituþjónustunnar eða annars aðila, s.s. þjónustuveitanda sem býður pakka sem sameinar rafræna fjarskiptaþjónustu og efnisveituþjónustu á Netinu sem annar þjónustuveitandi rekur. Að því er varðar þessa reglugerð ætti ekki að líta á skyldubundið gjald fyrir útvarpsþjónustu í almannaþágu sem greiðslu fyrir efnisveituþjónustu á Netinu.

19) Veitendur efnisveituþjónustu á Netinu ættu ekki að leggja viðbótargjöld á áskrifendur sína fyrir að veita þeim efnisveituþjónustu sem er flytjanleg yfir landamæri í samræmi við þessa reglugerð. Þó er mögulegt að til þess að fá aðgang að og nota efnisveituþjónustu á Netinu í aðildarríkjum öðrum en búsetuaðildarríki þeirra, gætu áskrifendur þurft að greiða gjöld til rekstraraðila rafrænna fjarskiptaneta sem eru notuð til þess að fá aðgang að slíkri þjónustu.

20) Veitendur efnisveituþjónustu á Netinu, sem er veitt án þess að greitt sé fyrir, sannprófa venjulega ekki búsetuaðildarríki áskrifenda sinna. Ef gildissvið þessarar reglugerðir tæki til slíkrar efnisveituþjónustu á Netinu myndi það fela í sér meiriháttar breytingu á því hvernig þessi þjónusta er veitt og fela í sér óhóflegan kostnað. Að undanskilja þessa þjónustu gildissviði þessarar reglugerðar þýddi þó að veitendur þessarar þjónustu myndu ekki geta nýtt sér það lagalega fyrirkomulag sem kveðið er á um í þessari reglugerð og sem gerir veitendum efnisveituþjónustu á Netinu kleift að bjóða slíka þjónustu sem væri flytjanleg yfir landamæri, jafnvel þegar þeir ákveða að fjárfesta í leiðum sem gera þeim kleift að sannprófa búsetuaðildarríki áskrifendanna. Til samræmis við það ættu veitendur efnisveituþjónustu á Netinu, sem veita hana án þess að fá greitt fyrir, að geta valið að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar svo fremi að þeir uppfylli kröfurnar um sannprófun á búsetuaðildarríki áskrifenda sinna. Ef slíkir veitendur nýta sér þann valkost ættu þeir að uppfylla sömu skuldbindingar og lagðar eru á veitendur efnisveituþjónustu á Netinu sem veitt er gegn greiðslu samkvæmt þessari reglugerð. Enn fremur ættu þeir að tilkynna áskrifendum sínum, viðkomandi handhöfum höfundarréttar og skyldra réttinda og viðkomandi handhöfum annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu um þá ákvörðun sína að nýta þennan valkost tímanlega. Setja mætti þessar upplýsingar á vefsíðu þjónustuveitandans.

21) Til þess að tryggja flytjanleika efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri er nauðsynlegt að krefjast þess af veitendum þjónustunnar, sem þessi reglugerð tekur til, að þeir veiti áskrifendum möguleika á að nota slíka þjónustu í aðildarríki þar sem þeir eru staddir tímabundið með sama hætti og í búsetuaðildarríki sínu. Áskrifendur ættu að hafa aðgang að efnisveituþjónustu á Netinu sem býður sama efni fyrir sömu tegundir og sama fjölda tækja, fyrir sama fjölda notenda og með sams konar virkni og er í boði í búsetuaðildarríki þeirra. Nauðsynlegt er að skuldbindingin um að veita efnisveituþjónustu á Netinu sem er flytjanleg yfir landamæri sé skyldubundin og því ættu aðilarnir ekki að geta undanskilið hana, vikið frá henni eða breytt inntaki hennar. Sérhverja aðgerð þjónustuveitanda, sem kemur í veg fyrir að áskrifendur hafi aðgang að þjónustunni eða geti notað hana þegar þeir eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, t.d. takmörkun á virkni þjónustunnar eða gæðum afhendingar, ber að líta á sem verið sé að sniðganga skuldbindinguna um að veita efnisveituþjónustu á Netinu sem er flytjanleg yfir landamæri og brjóta þar með gegn þessari reglugerð.

22) Krafa um að veiting efnisveituþjónustu til áskrifenda, sem tímabundið eru staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, sé af sömu gæðum og í búsetuaðildarríkinu, gæti haft í för með sér háan kostnað fyrir þá sem veita efnisveituþjónustu á Netinu og þegar upp er staðið einnig fyrir áskrifendur. Því er ekki rétt að krefjast þess í þessari reglugerð að þjónustuveitendur tryggi að gæði veitingar slíkrar þjónustu séu meiri en þau gæði sem fást gegnum staðbundinn Netaðgang sem áskrifandi velur þegar hann er tímabundið staddur í öðru aðildarríki. Í slíkum tilvikum ætti þjónustuveitandinn ekki að bera ábyrgð á því ef þjónustan sem er veitt er af lakari gæðum. Samt sem áður, ef þjónustuveitandinn ábyrgist gagngert tiltekin gæði afhendingar til áskrifenda þegar þeir eru tímabundið staddir í öðru aðildarríki, ætti hann að vera bundinn af þeirri ábyrgðaryfirlýsingu. Á grundvelli upplýsinga sem þjónustuveitandinn hefur yfir að ráða ætti hann að veita áskrifendum sínum upplýsingar fyrir fram um gæði afhendingar efnisveituþjónustu á Netinu í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki þeirra, einkum að gæði afhendingar gætu verið frábrugðin þeim gæðum sem fást í búsetuaðildarríkinu. Þjónustuveitandinn ætti ekki að vera skuldbundinn til að leita upplýsinga með virkum hætti um gæði afhendingar á þjónustu í aðildarríkjum öðrum en búsetuaðildarríki áskrifandans. Viðeigandi upplýsingar mætti setja á vefsíðu þjónustuveitandans.

23) Til þess að tryggja að þeir sem veita efnisveituþjónustu á Netinu, sem þessi reglugerð tekur til, uppfylli þá skuldbindingu að þjónustan sé flytjanleg yfir landamæri án þess að þeir þurfi að öðlast viðkomandi réttindi í öðru aðildarríki, er nauðsynlegt að mæla fyrir um að þessir þjónustuveitendur ættu ætíð rétt á að veita áskrifendum slíka þjónustu þegar þeir eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu. Þetta ætti að ná fram að ganga með því að fastsetja að veiting, aðgangur og notkun slíkrar efnisveituþjónustu á Netinu teljist fara fram í búsetuaðildarríki áskrifandans. Þetta lagalega fyrirkomulag ætti að gilda í þeim eina tilgangi að tryggja að efnisveituþjónusta á Netinu sé flytjanleg yfir landamæri. Efnisveituþjónusta á Netinu ætti að teljast löglega veitt ef bæði þjónustan og efnið er veitt með löglegum hætti í búsetuaðildarríkinu. Þessi reglugerð og einkum lagalega fyrirkomulagið sem felur í sér að veiting, aðgangur að og notkun á efnisveituþjónustu á Netinu telst fara fram í búsetuaðildarríki áskrifandans kemur ekki í veg fyrir að þjónustuveitandi veiti áskrifanda viðbótaraðgang og notkun á efni sem veitandinn býður með löglegum hætti í aðildarríkinu þar sem áskrifandinn er staddur tímabundið.

24) Með tilliti til leyfisveitingar á höfundarrétti eða skyldum réttindum felur lagalega fyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, í sér að viðkomandi aðgerðir til eftirgerðar, miðlunar til almennings og veiting aðgangs að verkum og öðru vernduðu efni, ásamt gerð útdrátta eða endurnýtingu í tengslum við gagnagrunna sem njóta verndar samkvæmt sinnar tegundar rétti, sem fer fram þegar þjónustan er veitt áskrifendum þegar þeir eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, ættu að teljast fara fram í búsetuaðildarríki áskrifendanna. Veitendur efnisveituþjónustu á Netinu, sem þessi reglugerð tekur til, ættu því að teljast framkvæma slíkar aðgerðir á grundvelli viðkomandi leyfa frá hlutaðeigandi rétthöfum fyrir búsetuaðildarríki áskrifenda þeirra. Þegar þjónustuveitendur eiga rétt á aðgerðum til að miðla til almennings eða til eftirgerðar í búsetuaðildarríki áskrifenda sinna á grundvelli leyfis frá hlutaðeigandi rétthöfum, ættu áskrifendur, sem eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu, að geta haft aðgang að og nýtt sér þjónustuna og ef nauðsyn krefur, ráðast í hvers kyns viðeigandi afritunaraðgerðir, s.s.niðurhal, sem þeir ættu rétt á í búsetuaðildarríki sínu. Efnisveituþjónusta á Netinu sem þjónustuveitendur veita áskrifendum sem tímabundið eru staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu og aðgangur slíkra áskrifenda að og notkun á slíkri þjónustu í samræmi við þessa reglugerð ætti ekki að teljast brot á höfundarrétti eða skyldum réttindum eða hverjum öðrum réttindum sem tengjast veitingu, aðgangi að og notkun á efnisveituþjónustu á Netinu.

25) Þeir sem veita efnisveituþjónustu á Netinu og þessi reglugerð tekur til ættu ekki að bera ábyrgð á brotum á hvers kyns samningsákvæðum sem brjóta í bága við skuldbindinguna um að veita áskrifendum möguleika á að nota slíka þjónustu í því aðildarríki þar sem þeir eru staddir tímabundið. Því ættu ákvæði í samningum, sem eru til þess fallin að banna eða takmarka flutning slíkrar efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri, ekki að vera framfylgjanleg. Ekki ætti að leyfa þjónustuveitendum og handhöfum réttinda, sem varða veitingu efnisveituþjónustu á Netinu, að sniðganga beitingu þessarar reglugerðar með því að velja að lög þriðja lands gildi í samningum þeirra á milli. Sama ætti að gilda um samninga sem gerðir eru milli þjónustuveitenda og áskrifenda.

26) Þessi reglugerð ætti að gera áskrifendum kleift að njóta efnisveituþjónustu á Netinu sem þeir eru áskrifendur að í búsetuaðildarríki sínu þegar þeir eru tímabundið staddir í öðru aðildarríki. Áskrifendur ættu aðeins að hafa möguleika á að njóta flytjanleika efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri ef þeir hafa fasta búsetu í aðildarríki Sambandsins. Þessi reglugerð ætti því að skylda þá sem veita efnisveituþjónustu á Netinu til að nota sanngjarnar, hóflegar og skilvirkar leiðir til þess að sannprófa búsetuaðildarríki áskrifenda sinna. Í því skyni ættu þjónustuveitendur að nota sannprófunaraðferðir sem eru skráðar í þessari reglugerð. Þetta útilokar ekki samkomulag milli þjónustuveitenda og rétthafa um þessar sannprófunaraðferðir innan ramma þessarar reglugerðar. Markmiðið með skránni er að skapa réttarvissu að því er varðar sannprófunaraðferðir sem þjónustuveitendur munu beita auk þess að takmarka skerðingu á réttindum áskrifenda til friðhelgi einkalífs. Í hverju tilviki ætti að taka tillit til skilvirkni og meðalhófs tiltekinnar sannprófunaraðferðar í viðkomandi aðildarríki og fyrir tiltekna tegund efnisveituþjónustu á Netinu. Þjónustuveitendur ættu að styðjast við tvenns konar sannprófunaraðferðir nema sannprófa megi búsetuaðildarríki áskrifandans með nægilegri vissu á grundvelli einnar sannprófunaraðferðar. Í tilvikum þar sem þjónustuveitandinn hefur réttmætar ástæður til að efast um búsetuaðildarríki áskrifandans ætti hann að geta endurtekið sannprófun á búsetuaðildarríki áskrifandans. Þjónustuveitandinn ætti að gera nauðsynlegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, sem krafist er samkvæmt gildandi reglum um gagnavernd, varðandi vinnslu persónuupplýsinga sem er safnað í því skyni að sannprófa búsetuaðildarríki áskrifandans samkvæmt þessari reglugerð. Dæmi um slíkar ráðstafanir fela í sér að einstaklingunum séu veittar gagnsæjar upplýsingar um þær aðferðir sem eru notaðar við sannprófunina og tilgang hennar, ásamt viðeigandi öryggisráðstöfunum.

27) Í því skyni að sannprófa búsetuaðildarríki áskrifandans ætti veitandi efnisveituþjónustu á Netinu að styðjast við, ef hægt er, upplýsingar sem þjónustuveitandinn hefur undir höndum, s.s. upplýsingar fyrir reikningagerð. Að því er varðar samninga sem eru gerðir fyrir þann dag sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda og að því er varðar sannprófunina sem gerð er við endurnýjun samnings ætti þjónustuveitandanum aðeins að vera heimilt að biðja áskrifandann um að veita nauðsynlegar upplýsingar til að sannprófa búsetuaðildarríki hans þegar ekki er hægt að ákvarða það á grundvelli þeirra upplýsinga sem þjónustuveitandinn hefur þegar undir höndum.

28) Athugun á IP-vistfangi sem fer fram samkvæmt þessari reglugerð ætti að fara fram í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]) og 2002/58/EB ([2]). Auk þess er það, að því er varðar sannprófun á búsetuaðildarríki áskrifandans, ekki nákvæm staðsetning áskrifandans sem máli skiptir heldur fremur aðildarríkið þar sem áskrifandinn notar aðgang að þjónustunni. Til samræmis við það ætti hvorki að safna né vinna upplýsingar um nákvæma staðsetningu áskrifandans eða aðrar persónuupplýsingar um hann í því skyni. Þegar þjónustuveitandinn hefur réttmætar efasemdir um búsetuaðildarríki áskrifandans og kannar IP-vistfang til að staðfesta búsetuaðildarríkið, ætti eini tilgangurinn með slíkum athugunum að vera sá að komast að því hvort áskrifandinn fer inn á eða notar efnisveituþjónustuna á Netinu innan eða utan búsetuaðildarríkisins. Í slíkum tilvikum ætti því aðeins að safna gögnum sem koma fram við athugun á IP-vistfangi í tvíundarformi og í samræmi við gildandi reglur um gagnavernd. Þjónustuveitandinn ætti ekki að fara fram yfir það upplýsingastig.

29) Handhafi höfundarréttar, skyldra réttinda eða annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu ætti áfram að geta notið samningsfrelsis til að leyfa veitingu, aðgang og notkun á slíku efni samkvæmt þessari reglugerð án þess að sannprófa búsetuaðildarríkið. Þetta getur sérstaklega átt við á sviði tónlistar og rafbóka. Sérhverjum rétthafa ætti að vera frjálst að taka slíkar ákvarðanir þegar hann gerir samninga við þá sem veita efnisveituþjónustu á Netinu. Samningar milli þjónustuveitenda og rétthafa ættu ekki að takmarka möguleika rétthafa á að afturkalla slíkt leyfi að því tilskildu að hann tilkynni það þjónustuveitandanum með sanngjörnum fyrirvara. Leyfi sem einstakur rétthafi veitir leysir sem slíkt ekki þjónustuveitandann undan þeirri skyldu að sannprófa búsetuaðildarríki áskrifandans. Einungis í tilvikum þar sem allir handhafar höfundarréttar, skyldra réttinda eða annarra réttinda á efni sem þjónustuveitandinn notar, ákveða að leyfa veitingu, aðgang að og notkun á efni sínu án sannprófunar á búsetuaðildarríki áskrifandans, ætti skuldbindingin um sannprófun ekki að gilda og nota ætti samninginn milli þjónustuveitandans og áskrifandans um efnisveituþjónustu á Netinu til að ákvarða búsetuaðildarríki þess síðarnefnda. Allir aðrir þættir þessarar reglugerðar ættu áfram að gilda í slíkum tilvikum.

30) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem viðurkenndar eru í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn“). Til samræmis við það ætti að túlka og beita þessari reglugerð í samræmi við þessi réttindi og meginreglur, einkum um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, réttinn til verndar persónuupplýsingum, réttinn til tjáningarfrelsis, frelsis til atvinnurekstrar, sem og eignarréttar, þ.m.t. hugverkaréttar. Við vinnslu allra persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að virða grundvallarréttindi, þ.m.t. réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttinn til verndar persónuupplýsingum skv. 7. og 8. gr. sáttmálans, og nauðsynlegt er að slík vinnsla sé í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB. Einkum ættu veitendur efnisveituþjónustu á Netinu að tryggja að öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð sé nauðsynleg, réttmæt og hæfi viðkomandi tilgangi. Þegar sannvottun áskrifanda nægir til þess að veita þjónustuna ætti ekki að þurfa að auðkenna áskrifandann. Þjónustuveitandinn ætti ekki að geyma gögn, sem er safnað samkvæmt þessari reglugerð í því skyni að sannprófa búsetuaðildarríkið, lengur en nauðsyn krefur til að ljúka slíkri sannprófun. Slíkum gögnum ætti að eyða tafarlaust og varanlega eftir að sannprófun er lokið. Þetta er þó með fyrirvara um geymslu gagna sem var safnað í öðrum lögmætum tilgangi, með fyrirvara um gildandi reglur um gagnavernd, þ.m.t. reglur um geymslu viðkomandi gagna.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31). Tilskipun 95/46/EB fellur úr gildi 25. maí 2018 og í hennar stað kemur, og tekur gildi, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

31) Samningar um leyfisveitingu á efni eru venjulega gerðir til tiltölulega langs tíma. Af þessum sökum og til þess að tryggja að allir neytendur sem eru búsettir innan Sambandsins geti notið efnisveituþjónustu á Netinu, sem hægt er að flytja yfir landamæri, á jafnréttisgrundvelli varðandi tíma og án nokkurrar ótilhlýðilegrar tafar ætti þessi reglugerð einnig að gilda um samninga sem voru gerðir og réttindi sem voru áunnin fyrir þann dag sem hún tók gildi ef þessir samningar og þessi réttindi tengjast flytjanleika efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri sem er veitt eftir þann dag. Slík beiting þessarar reglugerðar er einnig nauðsynleg til þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir veitendur efnisveituþjónustu á Netinu sem þessi reglugerð tekur til og starfa á innri markaðnum, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, með því að gera þjónustuveitendum, sem hafa gert samninga við rétthafa til langs tíma, kleift að bjóða áskrifendum sínum þjónustu sem er flytjanleg yfir landamæri án tillits til þess hvort þjónustuveitandinn getur samið að nýju um slíka samninga. Enn fremur ætti beiting þessarar reglugerðar að tryggja, að þegar þjónustuveitendur gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hægt sé að flytja þjónustuna yfir landamæri, geti þeir boðið flytjanlega þjónustu er varðar allt efni þeirra á Netinu. Þetta ætti einnig að gilda um veitendur efnisveituþjónustu á Netinu sem bjóða pakka sem sameinar rafræna fjarskiptaþjónustu og efnisveituþjónustu á Netinu. Að síðustu ættu, með slíkri beitingu þessarar reglugerðar, rétthafar ekki heldur að þurfa að endursemja um fyrirliggjandi leyfissamninga til að þjónustuveitendur geti boðið þjónustu sem er flytjanleg yfir landamæri.

32) Til samræmis við það, þar sem þessi reglugerð mun gilda um einhverja samninga sem gerðir eru, og réttindi áunnin, fyrir þann dag sem hún kemur til framkvæmda, er einnig rétt að kveða á um hæfilegan frest milli gildistökudags þessarar reglugerðar og þess dags sem hún kemur til framkvæmda til þess að gera rétthöfum og veitendum efnisveituþjónustu á Netinu sem þessi reglugerð tekur til kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlagast nýrri stöðu, auk þess að gera þjónustuveitendum kleift að breyta notendaskilmálum þjónustu sinnar. Breytingar á skilmálum um notkun efnisveituþjónustu á Netinu, þegar hún er boðin í pakka sem sameinar rafræna fjarskiptaþjónustu og efnisveituþjónustu á Netinu, sem eru eingöngu gerðar til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar, ættu ekki að veita áskrifendum neinn rétt, samkvæmt landslögum sem lögleiða regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, til að segja upp samningum sínum um að fá veitta slíka rafræna fjarskiptaþjónustu.

33) Með þessari reglugerð er miðað að því að bæta samkeppnishæfni með því að efla nýsköpun í efnisveituþjónustu á Netinu og laða að fleiri neytendur. Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á beitingu samkeppnisreglna, einkum 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Reglurnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari, skal ekki nota til að hamla samkeppni með einhverjum hætti sem er í andstöðu við sáttmálann.

34) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB ([1]), einkum III. bálk. Þessi reglugerð er í samræmi við það markmið að auðvelda löglegan aðgang að efni sem er verndað af höfundarrétti eða skyldum réttindum ásamt þjónustu sem tengist því.

35) Til þess að ná því markmiði að tryggja flytjanleika efnisveituþjónustu á Netinu yfir landamæri í Sambandinu er rétt að samþykkja reglugerð sem gildir í aðildarríkjunum án frekari lögfestingar. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja samræmda beitingu reglna sem gilda um flytjanleika yfir landamæri í öllum aðildarríkjum og jafnframt gildistöku þeirra á sama tíma að því er varðar alla efnisveituþjónustu á Netinu. Einungis reglugerð tryggir þá réttarvissu sem er nauðsynleg til þess að neytendur njóti til fulls ávinnings af slíkum flytjanleika yfir landamæri alls staðar í Sambandinu.

36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. aðlögun lagaramma svo að flytjanleg efnisveituþjónusta á Netinu yfir landamæri verði veitt í Sambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði. Einkum hefur þessi reglugerð ekki veruleg áhrif á hvernig veitt er leyfi fyrir réttindum og skuldbindur ekki rétthafa og þjónustuveitendur til að endursemja um samninga. Enn fremur er með reglugerð þessari ekki krafist að þjónustuveitendur geri ráðstafanir til að tryggja gæði afhendingar efnisveituþjónustu á Netinu utan búsetuaðildarríkis áskrifendanna. Að síðustu gildir þessi reglugerð ekki um veitendur sem bjóða efnisveituþjónustu á Netinu án greiðslu og sem nýta ekki þann valkost að heimila að þjónustu þeirra sé flytjanleg yfir landamæri. Af þeim sökum hefur hún ekki óhóflegan kostnað í för með sér.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB frá 26. febrúar 2014 um sameiginlega umsýslu höfundarréttar og skyldra réttinda og leyfisveitingar yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum á innri markaðnum (Stjtíð. L 84, 20.3.2014, bls. 72).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er innleidd sameiginleg nálgun í Sambandinu gagnvart efnisveituþjónustu á Netinu, sem er flytjanleg yfir landamæri, með því að tryggja að áskrifendur flytjanlegrar efnisveituþjónustu á Netinu, sem er veitt í búsetuaðildarríki þeirra með löglegum hætti, geti notað þjónustuna þegar þeir eru tímabundið staddir í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki sínu.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um skattamál.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „áskrifandi“: sérhver neytandi sem á grundvelli samnings um að fá veitta efnisveituþjónustu á Netinu hjá þjónustuveitanda, hvort heldur er gegn greiðslu eða án greiðslu, eigi rétt á aðgangi að og notkun á slíkri þjónustu í búsetuaðildarríkinu,

2) „neytandi“: einstaklingur sem, að því er varðar samninga sem þessi reglugerð nær til, kemur fram í tilgangi sem liggur utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein þess einstaklings,

3) „búsetuaðildarríki“: aðildarríkið, ákvarðað á grundvelli 5. gr., þar sem áskrifandinn hefur fasta og varanlega búsetu,

4) „tímabundið staddur í aðildarríki“: það að dvelja í aðildarríki öðru en búsetuaðildarríki til skamms tíma,

5) „efnisveituþjónusta á Netinu“: þjónusta, sem er skilgreind í 56. og 57. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem þjónustuveitandi veitir áskrifendum með löglegum hætti í búsetuaðildarríki þeirra, með skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um og á Netinu, sem er flytjanleg og er:

   i. hljóð- og myndmiðlunarþjónusta, eins og hún er skilgreind í a-lið 1. gr. tilskipunar 2010/13/ESB, eða

   ii. þjónusta sem felst aðallega í veitingu aðgangs og notkun á verkum, öðru vernduðu efni eða flutningi útvarpsfyrirtækja, hvort heldur er línulega eða eftir pöntun,

6) „flytjanleg“: eiginleiki efnisveituþjónustu á Netinu þar sem áskrifendur geta með góðum árangri haft aðgang að og notað efnisveituþjónustu á Netinu í búsetuaðildarríki sínu án þess að takmarkast af tiltekinni staðsetningu.

3. gr.

Skuldbinding um að sjá til þess að efnisveituþjónusta á Netinu sé flytjanleg yfir landamæri

1. Veitandi efnisveituþjónustu á Netinu sem veitt er gegn greiðslu skal gera áskrifanda, sem er tímabundið staddur í aðildarríki, kleift að fá aðgang að efnisveituþjónustunni á Netinu og nota hana á sama hátt og í búsetuaðildarríki hans, þ.m.t. með því að veita aðgang að sama efni, fyrir sömu tegundir og sama fjölda tækja, fyrir sama fjölda notenda og með sams konar virkni.

2. Þjónustuveitandinn skal ekki leggja viðbótargjöld á áskrifandann fyrir aðgang að og not af efnisveituþjónustu á Netinu skv. 1. mgr.

3. Skuldbindingin, sem er sett fram í 1. mgr., skal ekki taka til neins konar gæðakrafna, sem gilda um veitingu efnisveituþjónustu á Netinu, sem þjónustuveitandinn skal uppfylla þegar hann veitir þjónustuna í búsetuaðildarríkinu, nema þjónustuveitandinn og áskrifandinn hafa sérstaklega gert samkomulag um annað.

Þjónustuveitandinn skal ekki grípa til aðgerða til að draga úr gæðum afhendingar efnisveituþjónustu á Netinu þegar hann veitir slíka þjónustu í samræmi við 1. mgr.

4. Þjónustuveitandinn skal, á grundvelli upplýsinga sem hann hefur undir höndum, veita áskrifandanum upplýsingar er varða gæði efnisveituþjónustunnar á Netinu sem veitt er í samræmi við 1. mgr. Upplýsingarnar skulu veittar áskrifandanum áður en efnisveituþjónustan er veitt á Netinu í samræmi við 1. mgr. og með aðferðum sem eru fullnægjandi og hóflegar.

4. gr.

Staðsetning veitingar, aðgangs að og notkunar á efnisveituþjónustu á Netinu

Efnisveituþjónusta á Netinu, samkvæmt þessari reglugerð, sem er veitt áskrifanda sem er tímabundið staddur í aðildarríki, ásamt aðgangi áskrifandans að þjónustunni og notkun á henni skal aðeins teljast fara fram í búsetuaðildarríki áskrifandans.

5. gr.

Sannprófun á búsetuaðildarríki

1. Við gerð og endurnýjun samnings um veitingu efnisveituþjónustu á Netinu gegn greiðslu skal þjónustuveitandinn sannprófa búsetuaðildarríki áskrifandans með því að nota ekki fleiri en tvær af eftirfarandi sannprófunaraðferðum og skal hann tryggja að þær séu sanngjarnar, hóflegar og skilvirkar:

a) kennivottorð, rafræna auðkenningu, einkum slíka sem fellur undir rafræna auðkenningarskipan sem tilkynnt er um í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 ([1]) eða önnur gild persónuskilríki sem staðfesta búsetuaðildarríki áskrifandans,

b) upplýsingar um greiðslufyrirkomulag, s.s. bankareikning eða kredit- eða debetkortsnúmer áskrifandans,

c) uppsetningarstað aðgangskassa, afruglara eða svipaðs tækis sem er notað til að veita áskrifandanum þjónustu,

d) greiðslu áskrifandans á leyfisgjaldi fyrir aðra þjónustu sem veitt er í aðildarríkinu, t.d. útvarpsþjónustu í almannaþágu,

e) þjónustusamning fyrir Net eða síma eða álíka samning sem tengir áskrifandann við aðildarríkið,

f) skráningu á staðbundnum kjörskrám ef viðkomandi upplýsingar eru aðgengilegar öllum,

g) greiðslu staðbundinna skatta ef viðkomandi upplýsingar eru aðgengilegar öllum,

h) veitustofnanareikning áskrifandans sem tengir hann við aðildarríkið,

i) heimilisfang eða póstfang sem reikningar áskrifandans eru sendir til,

j) yfirlýsingu áskrifandans sem staðfestir heimilisfang hans í aðildarríkinu,

k) athugun á IP-vistfangi til að sannreyna aðildarríkið þar sem áskrifandinn hefur aðgang að efnisveituþjónustunni á Netinu.

Sannprófunaraðferðirnar sem koma fram í i- til k-lið skal eingöngu nota ásamt einni sannprófunaraðferð samkvæmt a- til h-lið nema póstfang skv. i-lið sé innifalið í opinberum skrám sem eru aðgengilegar öllum.

2. Ef þjónustuaðilinn hefur réttmætar efasemdir um búsetuaðildarríki áskrifandans á gildistíma samningsins um veitingu efnisveituþjónustu á Netinu getur þjónustuveitandinn endurtekið sannprófunina um búsetuaðildarríki áskrifandans í samræmi við 1. mgr. Í slíkum tilvikum má þó nota sannprófunaraðferðina í k-lið sem einu leiðina. Gögnum, sem leiðir af því að notuð er sannprófunaraðferð samkvæmt k-lið, skal eingöngu safnað í tvíundarformi.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).

3. Þjónustuveitandanum er heimilt að fara fram á að áskrifandinn veiti nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða búsetuaðildarríki áskrifandans í samræmi við 1. og 2. mgr. Ef áskrifandinn leggur ekki fram þessar upplýsingar með þeim afleiðingum að þjónustuveitandinn getur ekki sannreynt búsetuaðildarríki áskrifandans skal þjónustuveitandinn ekki, á grundvelli þessarar reglugerðar, veita áskrifandanum möguleika á að fá aðgang að og nota efnisveituþjónustuna á Netinu þegar hann er tímabundið staðsettur í aðildarríki.

4. Handhafar höfundarréttar eða skyldra réttinda eða handhafar hvers kyns annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu geta leyft veitingu á efni þeirra, aðgang að því og notkun á því samkvæmt þessari reglugerð án þess að ganga úr skugga um búsetuaðildarríkið. Í slíkum tilvikum skal samningurinn milli þjónustuveitandans og áskrifandans um að veita honum efnisveituþjónustu nægja til að ákvarða búsetuaðildarríki áskrifandans.

Handhafar högundarréttar eða skyldra réttinda eða handhafar annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu skulu hafa heimild til að afturkalla veitt leyfi samkvæmt fyrstu undirgrein ef þeir gefa þjónustuveitandanum hæfilegan fyrirvara.

5. Samningurinn milli þjónustuveitandans og handhafa höfundarréttar eða skyldra réttinda eða þeirra sem eru handhafar annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu skal ekki takmarka möguleika slíkra handhafa réttinda til að afturkalla heimildina sem um getur í 4. mgr.

6. gr.

Efnisveituþjónusta á Netinu sem er flytjanleg yfir landamæri án greiðslu

1. Sá sem veitir efnisveituþjónustu á Netinu án þess að fá greitt fyrir getur ákveðið að veita áskrifendum sem eru tímabundið staddir í aðildarríki möguleika á að hafa aðgang að og nota efnisveituþjónustuna á Netinu með því skilyrði að veitandinn sannreyni búsetuaðildarríki áskrifandans í samræmi við þessa reglugerð.

2. Þjónustuveitandinn skal tilkynna áskrifendum sínum, viðkomandi handhöfum höfundarréttar og skyldra réttinda og viðkomandi handhöfum hvers kyns annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu um ákvörðun sína um að veita efnisveituþjónustu á Netinu í samræmi við 1. mgr. áður en þjónustan er veitt. Upplýsingarnar skulu veittar með aðferðum sem eru fullnægjandi og hóflegar.

3. Þessi reglugerð skal gilda um veitendur efnisveituþjónustu á Netinu í samræmi við 1. mgr.

7. gr.

Samningsákvæði

1. Hvers kyns samningsákvæði, m.a. milli veitenda efnisveituþjónustu á Netinu og handhafa höfundarréttar eða skyldra réttinda eða handhafa hvers kyns annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu, ásamt samningsákvæðum milli veitenda og áskrifenda þeirra, sem brjóta í bága við þessa reglugerð, þ.m.t. þau sem banna að efnisveituþjónusta á Netinu sé flytjanleg yfir landamæri eða takmarka slíkan flutning við tiltekið tímabil, skulu ófullnustuhæf.

2. Þessi reglugerð skal gilda óháð gildandi lögum um samninga sem gerðir eru milli veitenda efnisveituþjónustu á Netinu og handhafa höfundarréttar eða skyldra réttinda eða þeirra sem eru handhafar hvers kyns annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu, eða samninga sem gerðir eru milli slíkra veitenda og áskrifenda þeirra.

8. gr.

Vernd persónuupplýsinga

1. Vinnsla persónuupplýsinga sem framkvæmd er innan ramma þessarar reglugerðar, þ.m.t. einkum að því er varðar sannprófun á búsetuaðildarríki áskrifandans skv. 5. gr., skal fara fram í samræmi við tilskipanir 95/46/EB og 2002/58/EB. Einkum skal beiting sannprófunaraðferða í samræmi við 5. gr. og hvers kyns vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð takmarkast við það sem nauðsynlegt og hóflegt er til þess að ná tilganginum.

2. Gögn sem er aflað skv. 5. gr. skal einungis nota til þess að sannprófa búsetuaðildarríki áskrifandans. Þeim skal ekki miðla, þau skulu ekki yfirfærð, þeim skal ekki deila, veita leyfi fyrir eða á annan hátt senda eða birta handhöfum höfundarréttar eða skyldra réttinda eða þeim sem eru handhafar hvers kyns annarra réttinda á efni frá efnisveituþjónustu á Netinu eða öðrum þriðju aðilum.

3. Gögn, aflað skv. 5. gr., skal veitandi efnisveituþjónustunnar á Netinu ekki geyma lengur en nauðsyn krefur til að ljúka sannprófun á búsetuaðildarríki áskrifandans, skv. 1. eða 2. mgr. 5. gr. Þegar slíkri sannprófun er lokið skal gögnunum eytt án tafar og á óafturkræfan hátt.

9. gr.

Beiting fyrirliggjandi samninga og áunninna réttinda

1. Þessi reglugerð skal einnig gilda um samninga sem eru gerðir og réttindi sem eru áunnin fyrir gildistökudag hennar ef þeir skipta máli fyrir veitingu, aðgang að og notkun á efnisveituþjónustu á Netinu, í samræmi við 3. og 6. gr., eftir þann dag.

2. Eigi síðar en 21. maí 2018 skal veitandi efnisveituþjónustu á Netinu sem veitt er gegn greiðslu sannprófa, í samræmi við þessa reglugerð, búsetuaðildarríki þeirra áskrifenda sem gerðu samning um veitingu efnisveituþjónustunnar á Netinu fyrir þann dag.

Innan tveggja mánaða frá þeim degi, sem veitandi efnisveituþjónustu á Netinu veitti fyrst þjónustuna án greiðslu veitir þjónustuna í samræmi við 6. gr., skal veitandinn sannprófa, í samræmi við reglugerð þessa, búsetuaðildarríki þeirra áskrifenda sem gerðu samninga um veitingu efnisveituþjónustu á Netinu fyrir þann dag.

10. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal meta, eigi síðar en 21. mars 2021, og eins og þörf krefur eftir það, beitingu þessarar reglugerðar í ljósi lagalegrar, tæknilegrar og efnahagslegrar þróunar, og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu þar um.

Skýrslan sem um getur í fyrstu málsgrein skal m.a. fela í sér mat á notkun sannprófunaraðferða búsetuaðildarríkisins, sem um getur í 5. gr., með tilliti til nýlega þróaðrar tækni, staðla atvinnulífsins og starfsvenja og, ef nauðsyn krefur, íhuga þörf á endurskoðun. Í skýrslunni skal leggja sérstaka áherslu á áhrif þessarar reglugerðar á lítil og meðalstór fyrirtæki og vernd persónuupplýsinga. Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

11. gr.

Lokaákvæði

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda og með 20. mars 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. júní 2017.

Fyrir Evrópuþingið,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	H. DALLI
forseti.	*forseti.*

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/1814 **2030/EES/49/29**

frá 6. október 2015

um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ([3]) er komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir) til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt.

2) Samkvæmt niðurstöðum leiðtogaráðsins frá 23. og 24. október 2014 um stefnuramma fyrir loftslag og orku fram til ársins 2030 verður vel starfhæft, endurskoðað viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, með gerningi til að koma á stöðugleika á markaði, helsti evrópski gerningurinn til að uppfylla markmið Sambandsins um skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda.

3) Í 5. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er kveðið á um að ár hvert eigi framkvæmdastjórnin að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um starfsemi evrópska kolefnismarkaðarins.

4) Í skýrslunni frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins um stöðu evrópska kolefnismarkaðarins árið 2012 kom fram þörf á ráðstöfunum til að takast á við skipulagslegt ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Áhrifamatið á stefnuramma fyrir loftslag og orku fram til ársins 2030 bendir til að búist sé við áframhaldandi ójafnvægi og að ekki sé unnt að bregðast við því á fullnægjandi hátt með því að laga línulega ferlið að strangara markmiði innan fyrrgreinds

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 424, 26.11.2014, bls. 46.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 8. júlí 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. september 2015.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

ramma. Breyting á línulega þættinum breytir aðeins smám saman heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu (þak viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir). Til samræmis við það myndi einnig aðeins draga úr umframfjöldanum smám saman þannig að markaðurinn yrði að halda áfram starfrækslu í meira en áratug með umframfjölda losunarheimilda, sem nemur u.þ.b. 2 milljörðum eða meira, og þar með koma í veg fyrir að viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir sendi nauðsynlega fjárfestingarvísbendingu um að minnka koltvísýringslosun á kostnaðarhagkvæman hátt og sé drifkraftur nýsköpunar sem byggir á lítilli koltvísýringslosun sem stuðlar að hagvexti og atvinnu.

5) Í því skyni að takast á við þennan vanda og auka þol viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir að því er varðar ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar þannig að viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir sé gert kleift að starfa á skipulegum markaði ætti að koma á fót markaðsstöðugleikavarasjóði (hér á eftir nefndur varasjóður) árið 2018 og ætti að vera unnt að starfrækja hann frá og með árinu 2019. Varasjóðurinn eykur einnig samvirkni með öðrum loftslags- og orkustefnum. Í því skyni að viðhalda eins miklum fyrirsjáanleika og hægt er ætti að setja skýrar reglur um færslu losunarheimilda í varasjóðinn og úttekt þeirra úr honum. Varasjóðurinn ætti að virka þannig að hann stuðli að breytingum á árlegum fjölda losunarheimilda á uppboði. Ef skilyrðin eru uppfyllt ætti að draga fjölda losunarheimilda, sem samsvarar 12% af fjölda losunarheimilda í umferð, eins og sett er fram í nýjustu birtingu framkvæmdastjórnarinnar á heildarfjölda losunarheimilda í umferð, frá fjölda losunarheimilda á uppboði og færa hann í varasjóðinn á hverju ári frá og með 2019. Á sérhverju tilteknu ári ætti að taka samsvarandi fjölda losunarheimilda út úr varasjóðnum til handa aðildarríkjum í sömu hlutföllum og sömu röð og gert var þegar þær voru færðar inn í varasjóðinn og ætti að bæta þeim við þann fjölda losunarheimilda sem fara á uppboð ef viðkomandi heildarfjöldi losunarheimilda í umferð er undir 400 milljónum.

6) Í þessu skyni ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin, án ótilhlýðilegrar tafar eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á heildarfjölda losunarheimilda í umferð fyrir 15. maí á tilteknu ári, að tryggja að uppboðsalmanök sameiginlega uppboðsvettvangsins og, eftir atvikum, séruppboðsvettvanganna séu leiðrétt með tilliti til losunarheimilda sem færðar eru í varasjóðinn eða sem taka á út úr honum. Dreifa ætti leiðréttingu á fjölda losunarheimilda sem skal bjóða á uppboði á 12 ára tímabil í kjölfar breytingar á viðkomandi uppboðsalmanaki. Með tilliti til nauðsynjar þess að uppboðsferlið gangi snurðulaust fyrir sig ætti, ef nauðsyn krefur, að setja fram frekari upplýsingar um leiðréttinguna í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 ([1]).

7) Enn fremur, til viðbótar við stofnun varasjóðsins, ætti að gera nokkrar afleiddar breytingar á tilskipun 2003/87/EB í því skyni að tryggja samræmi og snurðulausa starfrækslu viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir. Einkum getur framkvæmd tilskipunar 2003/87/EB leitt til mikils fjölda losunarheimilda á uppboði í lok hvers viðskiptatímabils sem gæti grafið undan markaðsstöðugleika. Til samræmis við það, í því skyni að koma í veg fyrir ójafnvægi á markaði að því er varðar framboð á losunarheimildum í lok eins viðskiptatímabils og við upphaf þess næsta með hugsanlega skaðlegum áhrifum á markaðinn, ætti að kveða á um uppboð á hluta af mikilli aukningu á framboði í lok viðskiptatímabils á fyrstu tveimur árum næsta tímabils. Í því skyni að auka enn frekar stöðugleika evrópska kolefnismarkaðarins og til að koma í veg fyrir óeðlilega aukningu á framboði í lok viðskiptatímabilsins sem hófst árið 2013 ætti að færa losunarheimildir, sem ekki er úthlutað til stöðva skv. 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, og losunarheimildir, sem ekki er úthlutað til stöðva vegna beitingar á 19. og 20. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun (hér á eftir nefndar óúthlutaðar losunarheimildir), í varasjóðinn árið 2020. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða tilskipun 2003/87/EB í tengslum við þessar óúthlutuðu losunarheimildir og, ef við á, leggja fram tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um valkosti varðandi frekari aðgerðir.

8) Fyrirhuguð endurinnkoma 300 milljóna losunarheimilda 2019 og 600 milljóna losunarheimilda 2020, eins og ákvarðað er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2014 ([2]), græfi undan markmiði með varasjóðnum um að takast á við skipulagslegt ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Til samræmis við það ætti ekki að bjóða þessar 900 milljónir losunarheimilda upp 2019 og 2020 heldur ætti að færa þær í varasjóðinn.

9) Mikilvægt er að viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir hvetji til aukinnar kolefnisnýtni og að samkeppnishæfni iðnaðargreina í Sambandinu sem stafar raunveruleg hætta af kolefnisleka sé varin. Í fyrrgreindum niðurstöðum leiðtogaráðsins um stefnuramma fyrir loftslag og orku fram til ársins 2030 fólst skýr leiðsögn um áframhaldandi úthlutun án endurgjalds ásamt ákvæðum um kolefnisleka eftir 2020. Framkvæmdastjórnin ætti á grundvelli þessarar stefnumótandi leiðsagnar að endurskoða tilskipun 2003/87/EB, einkum 10. gr. a í henni, og leggja fram tillögu um endurskoðun þeirrar tilskipunar innan sex mánaða frá samþykkt þessarar ákvörðunar. Til að vinna að markmiðinu um jöfn samkeppnisskilyrði ætti endurskoðunin einnig að taka mið af samræmdum ráðstöfunum til að bæta upp fyrir óbeinan kostnað á vettvangi Sambandsins. Í endurskoðuninni ætti einnig að taka mið af því hvort veita ætti allt að 50 milljónum óúthlutaðra

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (Stjtíð. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1).

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 176/2014 frá 25. febrúar 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, einkum í því skyni að ákvarða fjölda heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða boðnar upp 2013-20 (Stjtíð. ESB L 56 26.2.2014, bls. 11).

losunarheimilda til fyrirliggjandi tilfanga í því skyni að stuðla að verkefnum, sem um getur í 8. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun, ásamt verkefnum í tengslum við atvinnunýjungar með lítilli koltvísýringslosun, til viðbótar við verkefni í öllum aðildarríkjum, þ.m.t. minni háttar verkefni, fyrir 2021.

10) Framkvæmdastjórnin ætti að fylgjast með starfsemi varasjóðsins í tengslum við árlega skýrslu um kolefnismarkaðinn. Í skýrslunni ætti að taka tillit til viðkomandi áhrifa á samkeppnishæfni, einkum í iðnaðargeiranum, m.a. í tengslum við vísa fyrir verga landsframleiðslu, atvinnu og fjárfestingar. Að auki ætti framkvæmdastjórnin, innan þriggja ára frá því að byrjað var að nota varasjóðinn og reglulega eftir það, að endurskoða starfsemi varasjóðsins í ljósi fenginnar reynslu af notkun hans. Við endurskoðun á starfsemi varasjóðsins ætti einkum að taka til athugunar hvort reglurnar um að færa losunarheimildir í varasjóðinn og taka þær þaðan út séu viðeigandi með tilliti til markmiðsins um að takast á við skipulagslegt ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Endurskoðunin ætti að fela í sér greiningu á markaðsjafnvægi, þ.m.t. allir viðkomandi þættir sem hafa áhrif á framboð og eftirspurn, og á hentugleika fyrirframskilgreinds sviðs sem hefur í för með sér leiðréttingu árlegs fjölda losunarheimilda sem fara á uppboð, ásamt hlutfallinu sem gildir um heildarfjölda losunarheimilda í umferð. Ef greiningin gefur til kynna að sviðið sé ekki lengur hentugt í ljósi breytinga á markaðsþróun og nýrra upplýsinga, sem liggja fyrir þegar endurskoðunin fer fram, ætti framkvæmdastjórnin að bregðast skjótt við með því að leggja fram tillögu til að takast á við slíkar aðstæður. Við endurskoðunina ætti einnig að athuga áhrif varasjóðsins á vöxt, atvinnu, samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu og á hættu á kolefnisleka. Endurskoðunin á starfsemi varasjóðsins ætti að vera hlutlæg og taka mið af þörfinni á að viðhalda stöðugleika við reglusetningu og tryggja fyrirsjáanleika til lengri tíma að því er varðar umskipti yfir í hagkerfi sem einkennist af lítilli koltvísýringslosun.

11) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, þ.e. að koma á fót markaðsstöðugleikavarasjóði og gera hann starfhæfan í Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.

12) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Markaðsstöðugleikavarasjóður

1. Koma skal á fót markaðsstöðugleikavarasjóði árið 2018 og skal vera unnt að færa losunarheimildir í varasjóðinn frá og með 1. janúar 2019.

2. Þeim 900 milljónum losunarheimilda sem eru dregnar frá þeim fjölda sem á að fara á uppboð á tímabilinu 2014–2016, eins og ákvarðað er í reglugerð (ESB) nr. 176/2014 skv. 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skal ekki bætt við fjöldann sem verður boðinn upp 2019 og 2020 heldur skal hann færður í varasjóðinn.

3. Losunarheimildir, sem er ekki úthlutað til stöðva skv. 7. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, og losunarheimildir, sem er ekki úthlutað til stöðva vegna beitingar 19. og 20. mgr. 10. gr. a í þeirri tilskipun, skulu færðar í varasjóðinn 2020. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða tilskipun 2003/87/EB í tengslum við þessar óúthlutuðu losunarheimildir og, ef við á, leggja fram tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta heildarfjölda losunarheimilda í umferð ár hvert fyrir 15. maí á síðara ári. Heildarfjöldi losunarheimilda í umferð á tilteknu ári skal vera samanlagður fjöldi losunarheimilda sem er gefinn út á tímabilinu frá 1. janúar 2008, þ.m.t. fjöldinn sem er gefinn út skv. 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2003/87/EB á því tímabili og réttindi til að nota alþjóðlegar inneignir sem stöðvar sem falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir nýttu að því er varðar losun fram til 31. desember á því tiltekna ári, að frádregnum samanlögðum tonnum af sannprófaðri losun frá stöðvum sem falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir frá 1. janúar 2008 til 31. desember á þessu sama tiltekna ári, losunarheimildum sem eru gerðar ógildar í samræmi við 4. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB og fjölda losunarheimilda í varasjóðnum. Ekki skal taka með í reikninginn losun á þriggja ára tímabilinu, sem hófst árið 2005 og lauk 2007, eða losunarheimildir sem eru gefnar út í tengslum við þá losun. Fyrsta birtingin skal fara fram eigi síðar en 15. maí 2017.

5. Á hverju ári skal draga fjölda losunarheimilda sem nemur 12% af heildarfjölda losunarheimilda í umferð, eins og sett er fram í síðustu birtingu sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, frá þeim fjölda losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB og skal hann færður í varasjóðinn á 12 mánaða tímabili, sem hefst 1. september það ár, nema fjöldi þeirra losunarheimilda sem færa skal í varasjóðinn yrði undir 100 milljónum. Á fyrsta árinu sem varasjóðurinn er notaður skal einnig færa 8% af heildarfjölda losunarheimilda í umferð, eins og sett er fram í síðustu birtingu, í varasjóðinn á tímabilinu milli 1. janúar og 1. september viðkomandi árs (sem samsvarar 1% fyrir hvern almanaksmánuð).

Með fyrirvara um heildarfjölda losunaheimilda sem skal dreginn frá samkvæmt þessari málsgrein fram til 31. desember 2025 skal ekki taka losunarheimildir, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, með í reikninginn þegar hlutdeild aðildarríkjanna í heildarfjöldanum er ákvörðuð.

6. Ef heildarfjöldi losunarheimilda í umferð er á einhverju ári undir 400 milljónum skal taka 100 milljón losunarheimildir út úr varasjóðnum og bæta þeim við þann fjölda losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Ef færri en 100 milljón losunarheimildir eru í varasjóðnum skal taka allar losunarheimildirnar út úr varasjóðnum samkvæmt þessari málsgrein.

7. Ef 6. mgr. þessarar greinar gildir ekki, á einhverju ári, og ráðstafanir eru samþykktar skv. 29. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal taka 100 milljón losunarheimildir út úr varasjóðnum og bæta þeim við þann fjölda losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Ef færri en 100 milljón losunarheimildir eru í varasjóðnum skal taka allar losunarheimildirnar út úr varasjóðnum samkvæmt þessari málsgrein.

8. Ef gripið er til aðgerða, í kjölfar birtingar á heildarfjölda losunarheimilda í umferð, skv. 5., 6. eða 7. mgr., skulu uppboðsalmanökin taka mið af þeim losunarheimildum sem færðar eru í varasjóðinn eða sem taka á út úr honum. Losunarheimildirnar skulu færðar í varasjóðinn eða teknar út úr honum á 12 mánaða tímabili. Þegar losunarheimildir eru teknar út úr varasjóði skv. 6. eða 7. mgr., óháð því á hvaða tímabili úttektin á sér stað, skal það samsvara hlutdeild aðildarríkjanna á þeim tíma sem losunarheimildirnar voru færðar í varasjóðinn og einnig vera í sömu röð og losunarheimildirnar voru færðar í varasjóðinn.

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/87/EB

Tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Frá og með árinu 2019 skulu aðildarríkin bjóða upp allar losunarheimildir sem ekki er úthlutað án endurgjalds í samræmi við 10. gr. a og 10. gr. c og eru ekki færðar í markaðsstöðugleikavarasjóðinn sem komið er á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 (*).“

(*) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarasjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við eftir 1. mgr.:

„1a. Ef fjöldi þeirra losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp á síðasta ári hvers tímabils, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. þessarar tilskipunar, fer meira en 30% yfir meðalfjölda losunarheimilda, sem búist er við að fari á uppboð á fyrstu tveimur árum næsta tímabils fyrir beitingu 5. mgr. 1. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814, skal draga tvo þriðju af mismuninum milli fjölda losunarheimilda frá þeim fjölda sem boðinn er upp á síðasta ári tímabilsins og bæta í jöfnum hlutum við þann fjölda losunarheimilda sem aðildarríkin skulu bjóða upp á fyrstu tveimur árum næsta tímabils.“

2) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu gefa út losunarheimildir til aðila fyrir yfirstandandi tímabil sem komi í stað losunarheimilda í handhöfn þeirra sem hafa verið gerðar ógildar í samræmi við fyrstu undirgrein. Að sama skapi skal losunarheimildum í markaðsstöðugleikavarasjóðnum sem eru ekki lengur gildar skipt út fyrir losunarheimildir sem eru gildar fyrir yfirstandandi tímabil.“

3. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með starfsemi varasjóðsins í tengslum við skýrsluna sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Í skýrslunni ætti að taka tillit til viðkomandi áhrifa á samkeppnishæfni, einkum í iðnaðargeiranum, m.a. í tengslum við vísa fyrir verga landsframleiðslu, atvinnu og fjárfestingar. Innan þriggja ára frá því að starfsemi varasjóðsins hefst og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli greiningar á eðlilegri starfsemi evrópska kolefnismarkaðsins, endurskoða varasjóðinn og leggja fram tillögu, eftir því sem við á, fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í hverri endurskoðun skal leggja sérstaka áherslu á hundraðshlutatöluna, sem er notuð til að fastsetja þann fjölda losunarheimilda sem skal færa í varasjóðinn skv. 5. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar, ásamt tölugildi viðmiðunarmarka fyrir heildarfjölda losunarheimilda í umferð og fjölda losunarheimilda sem taka skal út úr varasjóðnum skv. 6. eða 7. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar. Við endurskoðunina skal framkvæmdastjórnin einnig athuga áhrif varasjóðsins á vöxt, atvinnu, samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu og á hættu á kolefnisleka.

4. gr.

Umbreytingarákvæði

Ákvæði 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB ([1]), skulu gilda áfram til 31. desember 2018.

5. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 6. október 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	N. SCHMIT
forseti.	*forseti.*

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/336 2030/EES/49/30

frá 8. mars 2018

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum b-lið 3. mgr. 18. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB ([2]) breytti tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins taki til flugstarfsemi.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 ([3]) er tekin saman skrá yfir umráðendur loftfara, sem stunduðu flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, 1. janúar 2006 eða eftir þann dag.

3) Tilgangurinn með skránni er að draga úr stjórnsýslubyrði hjá umráðendum loftfara með því að leggja fram upplýsingar um það hvaða aðildarríki bera ábyrgð á tilteknum umráðanda loftfars.

4) Innfærsla umráðanda loftfars í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir er háð starfrækslu flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og er ekki háð innfærslu í skrána yfir umráðendur loftfara sem framkvæmdastjórnin tók saman á grundvelli 3. mgr. 18.gr. a. í þeirri tilskipun.

5) Breytingar á skránni yfir umráðendur loftfara eru byggðar á nýjustu gögnum frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu.

6) Brýnt er að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst til að uppfylla tímamörkin fyrir árlega uppfærslu á skránni yfir flugrekendur sem mælt er fyrir um í b-lið 3. mgr. 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 748/2009 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 70, 13.3.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu taki einnig til flugstarfsemi (Stjtíð. ESB, L 8, 13.1.2009, bls. 3).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009 frá 5. ágúst 2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint (Stjtíð. ESB L 219, 22.8.2009, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 748/2009 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

BELGÍA

CRCO-auðkennisnúmer	Heiti umráðanda	Ríki flugrekanda
31102	ACT AIRLINES	TYRKLAND
38484	AEROTRANSCARGO	LÝÐVELDIÐ MOLDÓVA
41049	AHS AIR INT	PAKISTAN
7649	AIRBORNE EXPRESS	BANDARÍKIN
33612	ALLIED AIR LIMITED	NÍGERÍA
27011	ASL AIRLINES BELGIUM	BELGÍA
31416	AVIA TRAFFIC COMPANY	TADSÍKISTAN
30020	AVIASTAR-TU CO.	RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ
123	Abelag Aviation NV	BELGÍA
908	BRUSSELS AIRLINES	BELGÍA
25996	CAIRO AVIATION	EGYPTALAND
4369	CAL CARGO AIRLINES	ÍSRAEL
29517	CAPITAL AVTN SRVCS	HOLLAND (NIÐURLAND)
f11336	CORPORATE WINGS LLC	BANDARÍKIN
32909	CRESAIR	BANDARÍKIN
32432	EGYPTAIR CARGO	EGYPTALAND
f12977	EXCELLENT INVESTMENT LLC	BANDARÍKIN
32486	FAYARD ENTERPRISES	BANDARÍKIN
f11102	FedEx Express Corporate Aviation	BANDARÍKIN
13457	Flying Partners CVBA	BELGÍA
29427	Flying Service N.V.	BELGÍA
— starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem í atvinnuskyni nota færanlegan búnað sem fyrirtækið veitir og gerir kleift að tengjast Netinu fyrir milligöngu dreifikerfa farsíma,

— aðgangur að færanlegum búnaði til að fá aðgang að tölvupóstkerfi fyrirtækisins,

— aðgangur að færanlegum búnaði til að fá aðgang að og breyta skjölum fyrirtækisins,

— aðgangur að færanlegum búnaði til að nota tiltekinn notkunarhugbúnað fyrir viðskipti,

v. fyrir fyrirtæki sem eru með vefsetur, upplýsingar um framboð á eftirfarandi þjónustu:

— lýsing á vörum eða þjónustu, verðlistar,

— pöntun eða bókun á Netinu,

— gestum er gert kleift að sérsníða eða sérhanna vörur eða þjónustu á Netinu,

— fylgni við eða staða innlagðra pantana,

— efni sem er lagað að þörfum hvers og eins á vefsetrinu fyrir fasta- eða reglulega gesti,

— tenglar eða vísanir til lýsinga á fyrirtækinu í samfélagsmiðlum,

vi. fyrir fyrirtæki sem greiða fyrir auglýsingar á Netinu, notkun einnar af eftirfarandi aðferðum við markmiðaðar auglýsingar:

— auglýsingaaðferð sem er byggð á efni vefseturs eða lykilorðum við leit notenda,

— auglýsingaaðferð sem er byggð á því að rekja fyrri netnotkun eða prófíl notenda,

— auglýsingaaðferð sem er byggð á landfræðilegri staðsetningu notenda Netsins,

— aðrar aðferðir við markmiðaðar auglýsingar á Netinu sem eru ekki tilgreindar hér að ofan.

c) **Rafræn verslun**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— viðtaka pantana á vörum og þjónustu, á fyrra almanaksári sem lagðar voru fram fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita (vefsölur),

— viðtaka pantana á vörum og þjónustu, á fyrra almanaksári, með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum (sala með rafrænum gagnaskiptum),

— (valkvætt) pantanir á vörum eða þjónustu, á fyrra almanaksári um vefsetur, smáforrit eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum,

ii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, á fyrra almanaksári:

— virði veltu, sett fram sem raungildi eða hlutfall heildarveltu í rafrænni verslun sem verður til vegna pantana sem tekið var við fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, á fyrra almanaksári,

— hlutfall veltu frá mótteknum pöntunum fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, sundurliðuð eftir sölu til einkaneytenda (rafræn samskipti fyrirtækis við neytanda: B2C-samskipti) og sölu til annarra fyrirtækja: (rafræn samskipti fyrirtækis við fyrirtæki: B2B-samskipti) og opinberra yfirvalda: (rafræn samskipti fyrirtækis við stjórnsýslu: B2G-samskipti), á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu eigin vefseturs eða smáforrita fyrirtækisins (þ.m.t. þeirra sem tilheyra móðurfélagi eða eignatengdu fyrirtæki eða gestanetum), á fyrra almanaksári,

— viðtaka pantana á vörum eða þjónustu um vefsetur eða smáforrit fyrir rafræna verslun sem mörg fyrirtæki nota til að selja vörur sínar, á fyrra almanaksári,

— hlutfall veltu frá pöntunum sem tekið var á móti fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, sundurliðað eftir pöntunum sem tekið var á móti fyrir milligöngu eigin vefseturs eða smáforrita fyrirtækisins (þ.m.t. þeirra sem tilheyra móðurfélagi eða eignatengdu fyrirtæki eða gestanetum) og eftir pöntunum sem tekið var á móti fyrir milligöngu rafrænnar verslunar eða smáforrita á markaði á vefsetri þar sem mörg fyrirtæki selja vörur sínar, á fyrra almanaksári,

iii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum, á fyrra almanaksári:

— virði veltu eða hlutfall af heildarveltu sölu í rafrænni verslun sem verður til vegna pantana sem tekið var við fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum, á fyrra almanaksári,

iv. fyrir fyrirtæki sem hafa pantað vörur eða þjónustu fyrir milligöngu vefseturs, smáforrita eða boðskipta með rafrænum gagnaskiptum (að undanskildum tölvupóstssamskiptum sem eru færð inn handvirkt), á fyrra almanaksári:

— (valkvætt) innlögn pantana á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu vefseturs eða smáforrita, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) innlögn pantana á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu boðskipta með rafrænum gagnaskiptum, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) innlögn pantana á vörum eða þjónustu fyrir milligöngu vefseturs, smáforrita eða boðskipta með rafrænum gagnaskiptum, að virði að minnsta kosti 1% af virði heildarkaupa, á fyrra almanaksári.

d) **Rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— notkun á þrívíddarprenturum fyrirtækisins, á fyrra almanaksári,

— notkun á prentþjónustu sem önnur fyrirtæki veita, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) notkun iðnaðarþjarka,

— (valkvætt) notkun þjónustuþjarka,

— (valkvætt) greining á stórgögnum (e. *Big Data*) með því að nota eigin gögn fyrirtækisins úr snjalltækjum eða skynugum skynjurum sem gagnalind, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) greining á stórgögnum með því að nota landfræðileg staðsetningargögn úr færanlegum búnaði sem gagnalind, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) greining á stórgögnum með því að nota gögn af samfélagsmiðlum sem gagnalind, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) greining á stórgögnum, með því að nota aðrar gagnalindir, sem hafa ekki verið skilgreindar í þessum lið, sem gagnalindir, á fyrra almanaksári,

— reikningar sem voru sendir á rafrænu formi í stöðluðu fyrirkomulagi fyrir sjálfvirka vinnslu (eInvoices), að undanskilinni sendingu á pdf-skrám, á fyrra almanaksári,

— reikningar sem voru sendir á rafrænu formi en henta ekki sjálfvirkri vinnslu (eInvoices), að undanskilinni sendingu á pdf-skrám, á fyrra almanaksári,

— reikningar sem voru sendir á pappír, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) reikningar sem tekið var á móti á rafrænu formi í stöðluðu fyrirkomulagi fyrir sjálfvirka vinnslu (eInvoices), að undanskilinni sendingu á pdf-skrám, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) reikningar sem tekið var á móti á rafrænu formi en henta ekki sjálfvirkri vinnslu, þ.m.t. sendingu á pdf-skrám, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) reikningar sem tekið var á móti á pappír, á fyrra almanaksári,

ii. fyrir fyrirtæki sem nota þrívíddarprentun, á fyrra almanaksári:

— prentun frumgerða eða líkana til sölu,

— prentun frumgerða eða líkana til notkunar innanhúss,

— prentun á söluvöru, að undanskildum frumgerðum eða líkönum,

— prentun vöru sem nota á í framleiðsluferli fyrirtækisins, að undanskildum frumgerðum eða líkönum,

iii. fyrir fyrirtæki sem nota þjónustuþjarka:

— (valkvætt) notkun til verkefna á sviðum eftirlits, öryggismála eða skoðunar,

— (valkvætt) notkun til flutnings á fólki eða vörum,

— (valkvætt) notkun til verkefna við hreinsun eða förgun úrgangs,

— (valkvætt) notkun fyrir stjórnunarkerfi vörugeymslna,

— (valkvætt) notkun fyrir samsetningu sem þjónustuþjarkar framkvæma,

— (valkvætt) notkun þjarka í tengslum við afgreiðslustörf í verslunum,

— (valkvætt) notkun við byggingarframkvæmdir eða viðgerðir á skemmdum,

iv. fyrir fyrirtæki sem greina stórgögn, á fyrra almanaksári:

— (valkvætt) starfsmenn fyrirtækisins eru nýttir til að framkvæma greiningu á stórgögnum, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) utanaðkomandi þjónustuaðilar eru nýttir til að framkvæma greiningu á stórgögnum, á fyrra almanaksári,

v. fyrir fyrirtæki sem hafa sent reikninga á rafrænu formi í stöðluðu fyrirkomulagi fyrir sjálfvirka vinnslu (eInvoices), að undanskilinni sendingu á pdf-skrám, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) hlutfall rafrænna reikninga af öllum reikningum sem voru sendir, eða hlutfall rafrænna reikninga af öllum reikningum sem voru sendir á eftirfarandi bili: [0, < 10], [10, < 25], [25, < 50], [50, < 75], [≥ 75], á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) rafrænir reikningar sem voru sendir til annarra fyrirtækja (rafræn samskipti fyrirtækis við fyrirtæki: B2B), á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) rafrænir reikningar sem eru sendir til opinberra yfirvalda (rafræn samskipti fyrirtækis við stjórnsýslu: B2G), á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) rafrænir reikningar sem eru sendir til einkaneytenda (rafræn samskipti fyrirtækis við neytendur: B2C), á fyrra almanaksári,

vi. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið við rafrænum reikningum í stöðluðu fyrirkomulagi sem hentar sjálfvirkri vinnslu (eInvoices), að undanskilinni sendingu á pdf-skrám, á fyrra almanaksári,

— (valkvætt) hlutfall rafrænna reikninga af öllum reikningum sem tekið var á móti eða hlutfall rafrænna reikninga af öllum reikningum sem tekið var á móti á eftirfarandi bili: [0, < 10], [10, < 25], [25, < 50], [50, < 75], [≥ 75], á fyrra almanaksári.

e) **Hæfni í upplýsinga- og fjarskiptatækni hjá fyrirtækjaeiningu og þörf á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

— ráðning sérfræðinga á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni,

— hvers konar tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir sérfræðinga á því sviði, á fyrra almanaksári,

— hvers konar tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir aðra starfsmenn, á fyrra almanaksári,

— ráðning eða tilraun til ráðningar sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni, á fyrra almanaksári,

— framkvæmd á eftirfarandi störfum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári, skipt niður í „Einkum af eigin starfsfólki, þ.m.t. þeim sem ráðnir hafa verið hjá móðurfélögum eða eignatengdum fyrirtækjum“, „Einkum af utanaðkomandi birgjum“, eða „Á ekki við“:

— viðhald á innviðum upplýsinga- og fjarskiptatækni (netþjónum, tölvum, prenturum, netkerfum),

— stuðningur við skrifstofuhugbúnað,

— þróun stjórnunarhugbúnaðar/stjórnunarkerfa fyrirtækja,

— stuðningur við stjórnunarhugbúnað/stjórnunarkerfi fyrirtækja,

— þróun veflausna,

— stuðningur við veflausnir,

— vernd og gagnaöryggi í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

ii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur og hafa ráðið eða reynt að ráða sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári:

— lausar stöður fyrir sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem var erfitt að ráða í.

f) **Aðgangur að og notkun á tækni sem gerir kleift að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

i. fyrir heimili með netaðgang:

— notkun skýjavinnsluþjónustu, að undanskilinni gjaldfrjálsri þjónustu,

ii. fyrir fyrirtæki með netaðgang sem keyptu skýjavinnsluþjónustu:

— notkun tölvupósts sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun skrifstofuhugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,

— hýsing gagnagrunns eða gagnagrunna fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,

— geymsla skjala sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun skrifstofuhugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun stjórnunar viðskiptatengsla (CRM, hugbúnaðar til að stjórna upplýsingum um viðskiptavini) sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun vinnslugetu til að knýja eigin hugbúnað fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,

— notkun skýjavinnsluþjónustu, sem fengin er frá sameiginlegum netþjónum þjónustuveitenda,

— notkun skýjavinnsluþjónustu, sem afhent er frá netþjónum þjónustuveitanda sem eru eingöngu ætlaðir fyrirtækinu.

3) Safna skal eftirfarandi bakgrunnsupplýsingum frá öllum fyrirtækjum eða nálgast þær eftir öðrum leiðum:

— aðalatvinnustarfsemi fyrirtækisins á fyrra almanaksári,

— meðalfjölda starfsmanna á fyrra almanaksári,

— heildarvirði veltu, að undanskildum virðisaukaskatti, á fyrra almanaksári.

B. UMFANG

Safna skal skráningaratriðum sem tilgreind eru í 2. og 3. lið A-hluta fyrir eftirfarandi flokka fyrirtækja:

1) Atvinnustarfsemi: fyrirtæki sem eru flokkuð samkvæmt eftirfarandi flokkum í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.):

Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.	Lýsing
Bálkur C	Framleiðsla
Bálkur D, E	Rafmagns-, gas- og gufuveitur, loftræstikerfi, vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun
Bálkur F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
Bálkur G	Heild- og smásöluverslun; viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
Bálkur H	Flutningur og geymsla
Bálkur I	Rekstur gististaða og veitingarekstur

Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.	Lýsing
Bálkur J	Upplýsingar og fjarskipti
Bálkur L	Fasteignaviðskipti
Deildir 69–74	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
Bálkur N	Stjórnunar- og stoðþjónusta
Flokkur 95.1	Viðgerðir á tölvum og fjarskiptabúnaði

2) Stærð fyrirtækis: fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri. Valfrjálst er hvort fjallað er um fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn.

3) Landfræðilegt gildissvið: fyrirtæki sem eru staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

C. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

Viðmiðunartímabilið er árið 2017 fyrir skráningaratriðin sem vísa til fyrra almanaksárs. Viðmiðunartímabilið er árið 2018 fyrir önnur skráningaratriði.

D. SUNDURLIÐANIR Á GÖGNUM

Afhenda á eftirtalin bakgrunnsatriði að því er varðar viðfangsefni og skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta:

1) Sundurliðun eftir atvinnustarfsemi: samkvæmt eftirfarandi samtölum í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.):

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, samtala (NACE, 2. endursk.) fyrir hugsanlegan útreikning á landbundnum samtölum
10 + 11 + 12 + 13 + 14 + 15 + 16 + 17 + 18
19 + 20 + 21 + 22 + 23
24 + 25
26 + 27 + 28 + 29 + 30 + 31 + 32 + 33
35 + 36 + 37 + 38 + 39
41 + 42 + 43
45 + 46 + 47
47
49 + 50 + 51 + 52 + 53
55
58 + 59 + 60 + 61 + 62 + 63
68
69 + 70 + 71 + 72 + 73 + 74
77 + 78 + 79 + 80 + 81 + 82
26.1 + 26.2 + 26.3 + 26.4 + 26.8 + 46.5 + 58.2 + 61 + 62 + 63.1 + 95.1

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, samtala (NACE, 2. endursk.) fyrir hugsanlegan útreikning á evrópskum samtölum
10 + 11 + 12
13 + 14 + 15

16 + 17 + 18
26
27 + 28
29 + 30
31 + 32 + 33
45
46
55 + 56
58 + 59 + 60
61
62 + 63
77 + 78 + 80 + 81 + 82
79
95,1

2) Sundurliðun eftir stærðarflokkum: sundurliða skal gögn í eftirfarandi stærðarflokka eftir fjölda starfsmanna:

Stærðarflokkur
10 starfsmenn eða fleiri
10–49 starfsmenn
50–249 starfsmenn
250 starfsmenn eða fleiri

Afhenda skal sundurliðun á gögnunum í samræmi við eftirfarandi töflu, þegar við á:

Stærðarflokkur
0–9 starfsmenn (valkvætt)
2–9 starfsmenn (valkvætt)
0–1 starfsmaður (valkvætt)

E. TÍÐNI

Leggja skal fram gögnin, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, einu sinni fyrir 2018.

F. FRESTUR SEM VEITTUR ER TIL AÐ SENDA NIÐURSTÖÐUR

1) Senda skal samantekin gögn, sem um getur í 6. gr. og 6. mgr. I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) eigi síðar en 5. október 2018, merkt með trúnaðarmerki eða óáreiðanleikamerki þegar nauðsyn krefur. Þann dag skal gagnasafnið vera fullgert, fullgilt og samþykkt.
2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 31. maí 2018.
3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. nóvember 2018.
4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur tilgreint, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.

———

II. VIÐAUKI

EINING 2: EINSTAKLINGAR, HEIMILI OG UPPLÝSINGASAMFÉLAGIÐ

A. VIÐFANGSEFNI OG SKRÁNINGARATRIÐI ÞEIRRA

1) Viðfangsefnin, sem fjallað verður um að því er varðar viðmiðunarárið 2018, eru valin úr skránni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, og eru eftirfarandi:

a) aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og fjarskiptatækni,

b) notkun einstaklinga og/eða heimila á Netinu og öðrum rafrænum kerfum í mismunandi tilgangi,

c) öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

d) hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni,

e) notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla),

f) aðgangur að og notkun tækni sem gerir kleift að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki).

2) Safna skal eftirfarandi skráningaratriðum:

a) **Aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir öll heimili:

— aðgengi að Netinu á heimilinu (með hvaða stýribúnaði sem er: tölvur, snjallsímar, leikjatölvur eða lestölvur),

ii. fyrir heimili með netaðgang:

— nettenging: föst breiðbandstenging,

— nettenging: færanleg breiðbandstenging (um dreifikerfi farsíma sem er að minnsta kosti 3G),

— (valkvætt) nettenging: hringiaðgangur með hefðbundinni símalínu eða ISDN-tengingu,

— (valkvætt) nettenging: færanleg mjóbandstenging (um farsímakerfi sem er undir 3G),

iii. fyrir einstaklinga sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, og hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— notkun tölva, fartölva, snjallsíma, taflna eða annars færanlegs búnaðar í launuðu aðalstarfi,

— notkun annars tölvuvædds búnaðar eða véla eins og þeirra sem notaðar eru í framleiðslulínum, við flutninga eða við aðra þjónustu, þ.m.t. lófabúnaður eins og sá sem notað er við birgðahald, í launuðu aðalstarfi,

iv. fyrir einstaklinga sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, og nota tölvur, fartölvur, snjallsíma, töflur eða annan færanlegan búnað í launuðu aðalstarfi og hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— tölvupóstsamskipti eða skráning gagna í gagnagrunni í launuðu aðalstarfi, að minnsta kosti einu sinni í viku,

— búa til eða lagfæra rafræn skjöl í launuðu aðalstarfi, að minnsta kosti einu sinni í viku,

— nota samfélagsmiðla við vinnu í launuðu aðalstarfi, að minnsta kosti einu sinni í viku,

— notkun forrita til að taka við verkefnum eða fyrirmælum, að undanskildum tölvupóstum, í launuðu aðalstarfi, að minnsta kosti einu sinni í viku,

— notkun sérstaks starfsgreinarhugbúnaðar (svo sem fyrir hönnun, gagnagreiningu eða vinnslu) í launuðu aðalstarfi, að minnsta kosti einu sinni í viku,

— þróa eða viðhalda upplýsingatæknikerfum eða hugbúnaði í launuðu aðalstarfi, að minnsta kosti einu sinni í viku,

— framkvæmdi enga af skráðri starfsemi í launuðu aðalstarfi, að minnsta kosti einu sinni í viku,

v. fyrir einstaklinga sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, og nota tölvur, fartölvur, snjallsíma, töflur, annan færanlegan búnað eða tölvuvæddan búnað eða vélar (eins og þær sem eru notaðar í framleiðslulínu, við flutninga eða í öðru þjónustustarfi) í launuðu aðalstarfi og hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— breyting á verkefnum í launuðu aðalstarfi sem kom til vegna innleiðingar nýs hugbúnaðar eða tölvuvædds búnaðar á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) tekur þátt í að velja, breyta eða prófa hugbúnað eða tölvuvæddan búnað sem notaður er við vinnu í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) breytingar á tíma sem varið er í föst verkefni í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum: aukning, lækkun, engar breytingar sem skipta máli,

— (valkvætt) breytingar á óhæði við skipulagningu eigin verkefna í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum: aukning, lækkun, engar breytingar sem skipta máli,

— (valkvætt) breytingar á eftirliti með eigin frammistöðu í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum: aukning, lækkun, engar breytingar sem skipta máli,

— (valkvætt) breytingar á tíma sem varið er í að afla nýrrar færni sem er nauðsynleg fyrir starfið í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum: aukning, lækkun, engar breytingar sem skipta máli,

— (valkvætt) breytingar á því hve auðvelt er að starfa með vinnu- eða viðskiptafélögum í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum: aukning, lækkun, engar breytingar sem skipta máli,

— (valkvætt) breytingar á fjölda óreglulegra vinnustunda (nótt, helgar, vaktavinna) í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum: aukning, lækkun, engar breytingar sem skipta máli,

— meðaltíðni vinnu sem stunduð er frá heimili á undanförnum 12 mánuðum: daglega eða nær daglega, a.m.k. vikulega (en ekki daglega), sjaldnar en vikulega, aldrei,

b) **Netnotkun einstaklinga og/eða heimila í mismunandi tilgangi**

i. fyrir alla einstaklinga:

— síðasta netnotkun, einhvers staðar og með hvers konar stýribúnaði: á undanförnum þremur mánuðum, frá þremur mánuðum til eins árs, fyrir meira en ári, hefur aldrei notað Netið,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum þremur mánuðum:

— meðaltíðni netnotkunar á undanförnum þremur mánuðum: daglega eða nær daglega, a.m.k. einu sinni í viku (en ekki daglega), sjaldnar en einu sinni í viku,

— notkun á borðtölvu til að tengjast Netinu á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun á fartölvu til að tengjast Netinu á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun á töflu til að tengjast Netinu á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun á farsíma eða snjallsíma til að tengjast Netinu á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun á öðrum fartækjum (t.d. margmiðlunar- eða leikjaspilara, lestölvu, snjallúri) til að tengjast Netinu á undanförnum 3 mánuðum,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að senda og taka á móti tölvupósti,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum fyrir talsímtöl um Netið, myndsímtöl (með vefmyndavél) um Netið (með því að nota forrit),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að taka þátt í samfélagsmiðlum (búa til notendalýsingu, senda inn skilaboð eða með annars konar framlagi),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að afla upplýsinga um vörur eða þjónustu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að hlusta á tónlist (t.d. vefútvarp, tónlistarstreymi),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að horfa á sjónvarpsstreymi á Netinu (beint eða tímaflakk) í gegnum sjónvarpsstöðvar,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að horfa á pöntunarsjónvarp frá viðskiptaþjónustu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að horfa á myndbandsefni frá samnýtingarþjónustu,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að spila eða hlaða niður leikjum,

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að leita upplýsinga er varða heilsu (t.d. um áverka, sjúkdóma, næringu, það að bæta heilsuna, o.s.frv.),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að panta tíma hjá lækni um vefsetur eða smáforrit (t.d. á sjúkrahúsi eða heilsugæslustöð),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til að selja vörur eða þjónustu (t.d. með uppboðum),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum þremur mánuðum til bankaviðskipta á Netinu,

— notkun á geymslusvæði á Netinu (skýjavinnslu) í eigin þágu á undanförum þremur mánuðum til að vista gögn, myndir, tónlist, myndbönd eða aðrar skrár,

— Netið notað (að undanskildum tölvupósti) á undanförnum þremur mánuðum til að kaupa eða selja hlutabréf, skuldabréf, fjármagn eða aðra fjárfestingarþjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað (að undanskildum tölvupósti) á undanförnum þremur mánuðum til að kaupa eða endurnýja fyrirliggjandi vátryggingarsamninga, þ.m.t. þá sem boðið er upp á sem hluta af pakka með annarri þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað (að undanskildum tölvupósti) á undanförnum þremur mánuðum til að taka lán eða veðlán eða gera ráðstafanir til að fá lán í bönkum eða öðrum fjármagnsveitendum í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið daglega eða nánast daglega á undanförnum þremur mánuðum:

— Netið notað oft á dag á undanförnum þremur mánuðum,

iv. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— notkun vefseturs eða smáforrits á undanförnum 12 mánuðum til að panta gistingu (t.d. herbergi, íbúð, hús, orlofshús, o.s.frv.) frá öðrum einstaklingi í eigin þágu: sérstök vefsetur eða smáforrit sem gegna aðeins hlutverki milliliðar við að panta gistingu, frá öðrum vefsetrum eða smáforritum (þ.m.t. samfélagsmiðlum), ekki notað,

— notkun vefseturs eða smáforrits á undanförnum 12 mánuðum til að panta flutningaþjónustu (t.d. með bifreið) frá öðrum einstaklingi í eigin þágu: sérstök vefsetur eða smáforrit sem gegna aðeins hlutverki milliliðar við að panta flutningaþjónustu, frá öðrum vefsetrum eða smáforritum (þ.m.t. samfélagsmiðlum), ekki notað,

— notkun vefsetra eða smáforrita sem gegna hlutverki millilliða við að fá launaða vinnu á undanförnum 12 mánuðum: sem megintekjulind, viðbótartekjulind, ekki notuð,

— síðustu kaup eða pöntun á vöru eða þjónustu um Netið (með því að nota vefsetur eða smáforrit, að undanskildum pöntunum með handfærðum tölvupóstsamskiptum, smáskilaboðum eða myndskilaboðum) í eigin þágu með hvers konar búnaði: á undanförnum þremur mánuðum, þremur mánuðum til eins árs, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei keypt eða pantað neitt á Netinu,

— notkun snjallsíma í eigin þágu,

v. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið til netviðskipta (kaupa eða panta vörur eða þjónustu) á undanförnum þremur mánuðum:

— fjöldi skipta þegar vörur eða þjónusta í eigin þágu var keypt eða pöntuð á Netinu á undanförnum þremur mánuðum: fjöldi skipta eða í flokkunum: 1 til 2 skipti, milli 3 og 5 skipti, milli 6 og 10 skipti, >10 skipti,

— heildarvirði vöru eða þjónustu (að undanskildum hlutabréfum eða annarri fjármálaþjónustu) sem er keypt eða pöntuð í eigin þágu á Netinu á undanförnum þremur mánuðum: fjárhæð í evrum eða í flokkunum: minna en 50 evrur, frá 50 evrum til minna en 100 evra, frá 100 evrum til minna en 500 evra, frá 500 evrum til minna en 1 000 evra, 1 000 evrur eða meira, óþekkt,

vi. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið til netviðskipta (til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu) á undanförnum 12 mánuðum:

— Netið notað til að kaupa eða panta matvæli eða matvörur í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta muni til heimilisnota (t.d. húsgögn, leikföng, o.s.frv. en að undanskildum sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta lyf í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta fatnað eða íþróttavörur í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta tölvuvélbúnað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta rafeindabúnað (þ.m.t. myndavélar) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta fjarskiptaþjónustu (t.d. sjónvarp, breiðbandsáskriftir, fastlínu- eða farsímaáskriftir, upphal fjármuna á fyrirframgreidd símakort) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta orlofsdvalarstað (t.d. hótel) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta aðra ferðatilhögun (t.d. farseðla, bílaleigu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta aðgöngumiða á viðburði í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta kvikmyndir eða tónlist í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta bækur, tímarit eða dagblöð í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta rafrænt námsefni í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta skjáleikshugbúnað, annan tölvuhugbúnað og hugbúnaðaruppfærslur í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta aðrar vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: innlendir seljendur,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: seljendur frá löndum Evrópusambandsins,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: seljendur frá þriðju löndum,

— Netið notað til að kaupa eða panta vörur eða þjónustu í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum eftir uppruna: upprunaland seljanda er óþekkt,

vii. fyrir einstaklinga sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, og nota tölvur, fartölvur, snjallsíma, töflur, annan færanlegan búnað eða tölvuvæddan búnað eða vélar (t.d. þann sem er notaður í framleiðslulínu, við flutninga eða í öðru þjónustustarfi) í launuðu aðalstarfi, og sem hafa notað Netið og unnið heiman frá á undanförnum 12 mánuðum:

— notkun Netsins í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum,

c) **Öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— notkun einfaldrar innskráningar með notendanafni og aðgangsorði sem auðkenningaraðferð fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— notkun innskráningar á samfélagsmiðlum er nýtt sem auðkenningaraðferð fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— notkun auðkennislykils sem auðkenningaraðferðar fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— notkun rafrænnar auðkenningar eða korts sem notað er með kortalesara sem auðkenningaraðferð fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— notkun aðferðar sem felur í sér að eigin farsími (svo sem kóði sem tekið var við með skilaboðum) er notaður sem auðkenningaraðferð fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— Notkun skrár með einstökum PIN-númerum (t.d. plastkort með kóðum, vinnukóði (e. *Scratch Code*), o.s.frv.) eða handahófskenndir stafir í lykilorði sem auðkenningaraðferð fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— notkun annarrar rafrænnar auðkenningaraðferðar fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) engin rafræn auðkenningaraðferð er notuð fyrir þjónustu á Netinu (t.d. bankaþjónustu á Netinu, opinbera þjónustu, pöntun eða kaup á vörum og þjónustu á Netinu) í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið og snjallsíma í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum:

— notkun á hvers konar öryggishugbúnaði eða þjónustu (t.d. veiruvörn, amapóstvörn eða eldvegg) sem er sjálfvirkt uppsettur eða fylgir með stýrikerfinu á snjallsíma í eigin þágu,

— notkun á hvers konar öryggishugbúnaði eða þjónustu (t.d. veiruvörn, amapóstvörn eða eldvegg) sem einstaklingurinn sjálfur eða einhver annar setur upp, eða gerðist áskrifandi að, á snjallsíma í eigin þágu,

— enginn öryggishugbúnaður eða þjónusta (t.d. veiruvörn, amapóstvörn eða eldveggur) er settur upp á snjallsíma í eigin þágu,

— ekki er vitað hvort einhvers konar öryggishugbúnaður eða þjónusta (t.d. veiruvörn, amapóstvörn eða eldveggur) sé settur upp á snjallsíma í eigin þágu,

— upplýsingar, skjöl, myndir eða annars konar gögn sem hafa glatast vegna veiru eða annarra fjandsamlegra forrita á snjallsíma í eigin þágu,

— engar upplýsingar, skjöl, myndir eða annars konar gögn hafa glatast vegna veiru eða annarra fjandsamlegra forrita á snjallsíma í eigin þágu,

— ekki er vitað um upplýsingar, skjöl, myndir eða annars konar gögn sem hafa glatast vegna veiru eða annarra fjandsamlegra forrita á snjallsíma sem er í eigin þágu,

— takmörkun eða synjun á aðgengi að persónuupplýsingum (t.d. staðsetningu, tengiliðaskrá) að minnsta kosti einu sinni þegar forrit er notað eða sett upp á snjallsíma í eigin þágu,

— engin takmörkun eða synjun á aðgengi að persónuupplýsingum (t.d. staðsetningu, tengiliðaskrá) þegar forrit er notað eða sett upp á snjallsíma í eigin þágu,

— engin vitneskja um hugsanlega takmörkun eða synjun á aðgengi að persónuupplýsingum (t.d. staðsetningu, tengiliðaskrá) þegar forrit er notað eða sett upp á snjallsíma í eigin þágu,

— forrit á snjallsíma hafa ekki verið notuð í eigin þágu,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa ekki lagt fram útfyllt rafræn eyðublöð í eigin þágu á vefsetri eða í smáforritum opinberra yfirvalda á undanförnum 12 mánuðum þó að þeir hafi þurft að leggja fram opinber eyðublöð, ástæður fyrir því að leggja þau ekki fram:

— áhyggjur af vernd og öryggi persónuupplýsinga á undanförnum 12 mánuðum.

d) **Hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni**

i. fyrir einstaklinga sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, og nota tölvur, fartölvur, snjallsíma, töflur, annan færanlegan búnað eða tölvuvæddan búnað eða vélar (t.d. til nota í framleiðslulínu, við flutninga eða í öðrum þjónustustörfum) í launuðu aðalstarfi og hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— hafa lært að nota nýjan hugbúnað eða tölvuvæddan búnað í launuðu aðalstarfi á undanförnum 12 mánuðum,

— telja sig hafa færni að því er varðar notkun tölva, hugbúnaðar og forrita í launuðu aðalstarfi: frekari þjálfunar er þörf til að geta ráðið vel við eigin skyldur, færni samsvarar vel við eigin skyldur, færni til að geta ráðið við meira krefjandi skyldur,

ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum, nám sem var stundað til að bæta færni sína í notkun tölva, hugbúnaðar eða forrita:

— gjaldfrjáls netþjálfun eða sjálfsnám á undanförnum 12 mánuðum,

— þjálfun greidd af viðkomandi á undanförnum 12 mánuðum,

— gjaldfrjáls þjálfun sem opinberar áætlanir eða stofnanir, aðrar en eigin vinnuveitandi, hafa veitt á undanförnum 12 mánuðum,

— þjálfun sem vinnuveitandi viðkomandi hefur greitt eða veitt á undanförnum 12 mánuðum,

— starfsþjálfun á vinnustað (t.d. samstarfsfélagar, yfirmenn) á undanförnum 12 mánuðum,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið og stundað nám til að bæta færni sína í tengslum við notkun tölva, hugbúnaðar og forrita á undanförnum 12 mánuðum, svið það sem námið var stundað á:

— (valkvætt) markaðssetning á Netinu eða rafræn verslun á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) samfélagsmiðlar á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) forritunarmál, þ.m.t. hönnun eða stjórnun vefsetra á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) gagnagreining eða stjórnun gagnagrunna á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) viðhald á tölvunetum, netþjónum, o.s.frv. á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) upplýsingatækniöryggi eða stjórnun á friðhelgi einkalífs á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) tiltekinn notkunarhugbúnaður í vinnu á undanförnum 12 mánuðum,

— (valkvætt) önnur svið þjálfunar sem varðar notkun tölva, hugbúnaðar eða forrita á undanförnum 12 mánuðum.

e) **Notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla)**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að afla upplýsinga af vefsetrum opinberra yfirvalda eða þjónustuaðila (undanskilja ætti tölvupóstssamskipti sem eru færð inn handvirkt),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að niðurhala eða prenta opinber eyðublöð af vefsetrum opinberra yfirvalda eða þjónustuaðila (undanskilja ætti tölvupóstssamskipti sem eru færð inn handvirkt),

— Netið notað í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum til að skila inn útfylltum eyðublöðum á rafrænan hátt til opinberra yfirvalda eða þjónustuaðila (undanskilja ætti tölvupóstssamskipti sem eru færð inn handvirkt),

ii. fyrir einstaklinga sem hafa ekki lagt fram útfyllt rafræn eyðublöð í eigin þágu á vefsetri eða í smáforritum opinberra yfirvalda á undanförnum 12 mánuðum:

— hafa ekki lagt fram útfyllt eyðublöð vegna þess að ekki var nauðsynlegt að leggja fram opinber eyðublöð í eigin þágu á undanförnum 12 mánuðum,

iii. fyrir einstaklinga sem hafa ekki lagt fram útfyllt rafræn eyðublöð í eigin þágu á vefsetri eða í smáforritum opinberra yfirvalda á undanförnum 12 mánuðum þó að nauðsynlegt hafi verið að leggja fram opinber eyðublöð, ástæður fyrir því að leggja þau ekki fram:

— engin slík þjónusta á Netinu var tiltæk,

— skortur á færni eða þekkingu (viðkomandi aðilar vissu t.d. ekki hvernig nota skyldi vefsetur eða of flókið var að nota það),

— annar aðili sendi inn útfyllt eyðublöð á Netinu fyrir hönd svaranda (t.d. ráðgjafi, skattaráðgjafi, skyldmenni eða aðstandandi),

— aðrar ástæður fyrir því að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð á Netinu til opinberra yfirvalda.

f) **Aðgangur að og notkun á tækni sem gerir kleift að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförnum þremur mánuðum:

— notkun farsíma eða snjallsíma til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun fartölvu til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun töflu til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

— notkun annarra fartækja (t.d. margmiðlunar- eða leikjaspilara, lestölva eða snjallúra) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar, á undanförnum þremur mánuðum,

— engin fartæki voru notuð til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförnum þremur mánuðum,

ii. fyrir einstaklinga sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, og nota tölvur, fartölvur, snjallsíma, töflur, annan færanlegan búnað eða tölvuvæddan búnað eða vélar (t.d. til nota í framleiðslulínu, við flutninga eða í öðrum þjónustustörfum) í launuðu aðalstarfi og hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— (valkvætt) tíðni vinnu utanhúss (t.d. byggingarsvæði, við landbúnað eða á öðru opinberu svæði eða einkasvæði) eða á ferðalagi (t.d. í farartæki) á síðustu 12 mánuðum: daglega eða næstum daglega, að minnsta kosti vikulega (en ekki daglega), sjaldnar en vikulega, aldrei,

iii. fyrir einstaklinga sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, og nota tölvur, fartölvur, snjallsíma, töflur, annan færanlegan búnað eða tölvuvæddan búnað eða vélar (t.d. til nota í framleiðslulínu, við flutninga eða í öðrum þjónustustörfum) í launuðu aðalstarfi, unnið utandyra (svo sem á byggingarsvæði, við landbúnað eða á öðru opinberu svæði eða einkasvæði) eða á ferðalagi (t.d. í farartæki) og hafa notað Netið á undanförnum 12 mánuðum:

— (valkvætt) notkun fartölva, snjallsíma, taflna eða annars færanlegs búnaðar við eigið starf þegar unnið er utandyra (t.d. á byggingarsvæði, við landbúnað eða á öðru opinberu svæði eða einkasvæði) eða á ferðalagi (t.d. í farartæki) á undanförnum 12 mánuðum.

B. UMFANG

1) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og varða heimili eru heimili þar sem a.m.k. einn aðili er í aldurshópnum 16–74 ára.

2) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og varða einstaklinga eru einstaklingar á aldrinum 16 – 74 ára.

3) Landfræðilegt gildissvið samanstendur af heimilum eða einstaklingum, eða hvoru tveggja, sem búa einhvers staðar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

C. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

Aðalviðmiðunartímabilið fyrir söfnun hagskýrslna er fyrsti ársfjórðungur 2018.

D. FÉLAGSLEG OG HAGRÆN BAKGRUNNSATRIÐI

1) Safna á eftirtöldum bakgrunnsatriðum varðandi viðfangsefnin og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið A-hluta þessa viðauka er varða heimili:

a) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun svæða í flokkun hagskýrslusvæða 1 (NUTS1),

b) (valkvætt) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2 (NUTS2),

c) landfræðileg staðsetning, þ.e. hvort búið sé á landsvæði sem er á eftir í þróun, á svæði í umbreytingarferli eða á þróaðra landsvæði,

d) stig þéttbýlismyndunar, þ.e. hvort búið sé á þéttbýlu svæði, á meðalþéttbýlu svæði eða á strjálbýlu svæði,

e) gerð heimilis, tilgreinið fjölda heimilismanna: (valkvætt) fjöldi heimilismanna á aldrinum 16–24 ára, (valkvætt) fjöldi nema á aldrinum 16–24, (valkvætt) fjöldi einstaklinga á aldrinum 25–64 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 65 ára eða eldri og, þessu skal safna sérstaklega, fjöldi barna undir 16 ára aldri, (valkvætt) fjöldi barna á aldrinum 14 til 15 ára, (valkvætt) fjöldi barna á aldrinum 5 til 13 ára, (valkvætt) fjöldi barna 4 ára eða yngri,

f) (valkvætt) mánaðarlegar hreinar tekjur heimilis, sem taka skal saman sem gildi eða í stærðarflokkum sem eru samrýmanlegir tekjufjórðungum,

g) (valkvætt) jafngildar mánaðarlegar hreinar heildartekjur heimilis, gefnar upp í fimmtungsmörkum.

2) Safna á eftirtöldum bakgrunnsatriðum varðandi viðfangsefnin og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta þessa viðauka og tengjast einstaklingum:

a) kyn,

b) fæðingarland, tilgreina skal hvort einstaklingurinn er innfæddur eða fæddur utanlands, í síðara tilvikinu skal einnig tilgreina hvort einstaklingurinn er fæddur í öðru aðildarríki ESB eða í landi utan ESB,

c) ríkisfangsland þar sem tilgreint er hvort einstaklingurinn er ríkisborgari eða ekki; í síðara tilvikinu þarf einnig að taka fram hvort einstaklingurinn er ríkisborgari annars aðildarríkis ESB eða lands utan ESB,

d) aldur í heilum árum; (valkvætt) yngri en 16 ára eða eldri en 74 ára eða bæði,

e) menntunarstig, tilgreina skal hæsta stig menntunar sem lokið er með árangursríkum hætti samkvæmt Alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 2011), hvort sem það er á lægsta framhaldsskólastigi (ISCED 0, 1 eða 2), eða efra framhaldsskólastigi og viðbótarstigi háskólastigs (ISCED 3 eða 4), eða háskólastigi (ISCED 5, 6, 7 eða 8), eða minna en barnaskólamenntun (ISCED 0), eða barnaskólamenntun (ISCED 1), eða á unglingastigi (ISCED 2), eða framhaldsskólamenntun (ISCED 3), eða viðbótarmenntun eftir framhaldsskóla (ISCED 4), eða fyrrihlutanám á háskólastigi (ISCED 5), eða á bakkalársstigi (BA/BS-próf) eða sambærilegu (ISCED 6), eða meistarastigi eða sambærilegu (ISCED 7), doktorsstigi eða sambærilegu (ISCED 8),

f) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingurinn er starfsmaður eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu (starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í fullu starfi, starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í hlutastarfi, starfsmaður, starfsmaður í föstu starfi eða með ótilgreindan ráðningartíma, starfsmaður í tímabundnu starfi eða með starfssamning í takmarkaðan tíma, sjálfstætt starfandi þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu),

g) tilgreina skal atvinnuveg á vinnumarkaði:

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., bálkar	Lýsing
A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar
B, C, D og E	Framleiðsla, námugröftur, vinnsla hráefna úr jörðu og aðrar atvinnugreinar
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
G, H og I	Heild- og smásöluverslun, flutningur, rekstur gististaða og veitingarekstur
J	Upplýsingar og fjarskipti
K	Fjármála- og vátryggingastarfsemi
L	Fasteignaviðskipti
M og N	Viðskiptaþjónusta
O, P og Q	Opinber stjórnsýsla, varnarmál, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta
R, S, T og U	Önnur þjónustustarfsemi

h) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingur er atvinnulaus eða háskólanemi sem er ekki á vinnumarkaði eða annar einstaklingur sem á annan hátt er ekki á vinnumarkaði, þar sem valkvætt er að tilgreina hvort einstaklingur er á eftirlaunum eða snemmteknum eftirlaunum eða er hættur atvinnustarfsemi, varanlega fatlaður, í skyldubundinni herþjónustu eða samfélagsþjónustu, heimavinnandi eða utan vinnumarkaðar af annarri ástæðu,

i. starfsgrein samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), tilgreina skal hvort einstaklingur er flokkaður sem verkamaður, ekki verkamaður, starfsmaður í upplýsinga- og fjarskiptatækni, annað starfsfólk en starfsmenn í upplýsinga- og fjarskiptatækni, og valkvætt, allar starfsgreinar samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), kóðaðar í tveggja tölustafa þrepi.

E. TÍÐNI

Gögnin sem mælt er fyrir um í þessum viðauka skal leggja fram einu sinni fyrir 2018.

F. FRESTUR SEM VEITTUR ER TIL AÐ SENDA NIÐURSTÖÐUR

1) Senda skal stöku gagnaskrárnar til Hagstofu Evrópusambandsins eigi síðar en 5. október 2018, þegar bein auðkenning viðkomandi hagskýrslueininga, sem um getur í 6. gr. og 6. lið II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 808/2004, er ekki möguleg. Þann dag skal gagnasafnið vera fullgert, fullgilt og samþykkt.

2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins eigi síðar en 31. maí 2018.

3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. nóvember 2018.

4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/561 2030/EES/49/32

frá 29. janúar 2018

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 að því er varðar kröfur um prótín í stoðblöndum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 ([1]), einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 ([2]) er m.a. mælt fyrir um reglur um samsetningar og merkingar fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur.

2) Í framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 er sérstaklega kveðið á um að stoðblöndur, sem framleiddar eru úr kúamjólkur- eða geitamjólkurprótínum, skuli innihalda a.m.k. 1,8 g prótín/100 kkal (0,43 g/100 kJ).

3) Framkvæmdastjórnin fékk beiðni frá stjórnanda matvælafyrirtækis um að setja á markað stoðblöndu, sem er að stofni til úr óbreyttu prótíni úr kúamjólk með prótíninnihald sem nemur a.m.k. 1,61 g/100 kkal, sem er undir leyfðu magni í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB ([3]) og framseldri reglugerð (ESB) 2016/127.

4) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar gaf Matvælaöryggisstofnun Evrópu út vísindalegt álit 5. apríl 2017 um öryggi stoðblandna með prótíninnihald sem nemur a.m.k. 1,6 g/100 kkal og nothæfi þeirra fyrir ungbörn ([4]). Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að notkun stoðblöndu, sem er að stofni til úr óbreyttu prótíni úr kúamjólk eða geitamjólk, með prótíninnihald sem nemur 1,6 g/100 kkal (0,38 g/100 kJ) og sem er að öðru leyti í samræmi við kröfurnar í viðeigandi reglum Sambandsins, sé örugg og henti heilbrigðum ungbörnum sem búa í Evrópu og fá viðbótarfæðu af nægilegum gæðum. Á grundvelli þess álits og til að stuðla að þróun nýjunga í vörum ætti að lækka lágmarksinnihald prótíns, sem er krafist samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2016/127 fyrir stoðblöndur sem eru að stofni til úr kúamjólk eða geitamjólk, í 1,6 g/100 kkal.

5) Því ætti að breyta II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) nr. 2016/127 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 12.4.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls 1.)

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtíð. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(5), 4781.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/127 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað töflunnar í lið 2.1 (Stoðblöndur sem eru framleiddar úr kúamjólkur- eða geitamjólkurprótínum) í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/127 komi eftirfarandi:

Lágmark	Hámark
0,38 g/100 kJ (1,6 g/100 kkal)	0,6 g/100 kJ (2,5 g/100 kkal)

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1951 **2030/EES/49/33**

frá 25. október 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 með því að framlengja hana til 2020

(Texti sem varðar EES og Sviss) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 338. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Áreiðanlegar og viðeigandi vísbendingar er byggjast á tímanlegum evrópskum hagskýrslum sem eru aðgengilegar öllum og nota má við stefnumótun, eru mikilvægar til að mæla framgang og meta skilvirkni stefnu og áætlana Sambandsins, einkum í samhengi áætlunarinnar Evrópa 2020 sem kynnt var í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. mars 2010 undir fyrirsögninni „Evrópa 2020: Stefnuáætlun fyrir snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ (Evrópa 2020) og áætlun framkvæmdastjórnarinnar fyrir störf, vöxt, sanngirni og lýðræðislegar breytingar.

2) Nálgast ætti evrópskar hagskýrslur á yfirgripsmikinn og víðtækan hátt sem lætur í té nákvæm gögn til að hjálpa til við frekara samrunaferli í Sambandinu.

3) Tiltækileiki áreiðanlegra og yfirgripsmikilla evrópskra hagskýrslna er mikilvægur í almannaþágu og er til hagræðis fyrir þá sem taka ákvarðanir, rannsakendur og almenning.

4) Gott jafnvægi á milli efnahagslegra- og félagslegra markmiða í Evrópuönninni er sérstaklega mikilvægt fyrir sjálfbærni og lögmæti Efnahags- og myntbandalagsins. Til samræmis við það hafa markmið í félags- og atvinnumálum orðið umfangsmeiri innan Evrópuannarinnar, bæði með skýrslum einstakra landa og tilmælum fyrir hvert land þar metnar áskoranir í félags- og atvinnumálum og stefnuumbætur eru efldar á grunni bestu starfsvenja. Í því skyni eru tölfræðilegar upplýsingar um félagsmál sérlega mikilvægar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 75, 10.3.2017, bls. 53.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. september 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 9. október 2017.

5) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ([1]) er með evrópsku hagskýrsluáætluninni („áætluninni“) settur rammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna í háum gæðaflokki þar sem ákveðin eru helstu svið og markmið áætlaðra aðgerða á tímabili sem samsvarar því sem nær yfir fjárhagsramma til margra ára. Því ætti að framkvæma áætlunina með sérstökum hagskýrsluaðgerðum í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009. Árlegar starfsáætlanir ættu að byggjast á áætluninni.

6) Reglugerð Evrópusambandsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 ([2]) nær aðeins yfir tímabilið frá 2013 til 2017 á meðan núverandi fjárhagsrammi til margra ára nær fram til 2020. Því ætti tafarlaust að breyta reglugerð þessari til að framlengja áætlunina til 2020 og til að fylla hagskýrslueyður þar sem bráðnauðsynlegt er.

7) Með skírskotun til áætlunar framkvæmdastjórnarinnar um bætta lagasetningu ætti að hanna og fylgjast með stefnumálum Sambandsins í vaxandi mæli á grunni áreiðanlegra vísbendinga sem hafa traustan grunn í hagskýrslum. Evrópskar hagskýrslur gegna sérstöku hlutverki í þeim efnum og geta ráðið úrslitum, einkum í þeim málaflokkum þegar greiningargildi sem byggist á áreiðanlegum gögnum og viðbragðsflýti eru lykill þess að stefnumál skili árangri.

8) Vandaðar hagskýrslur eru því mikilvægar til að fá betri niðurstöður og leggja af mörkum til betri Evrópu. Gera ætti frekara átak til að auka fjárfestingar í opinberum hagskýrslum, bæði á evrópskum og landsbundnum vettvangi. Áætlunin ætti einnig að veita leiðsögn um mikilvæga málaflokka, uppbyggingu á getu og viðvarandi forgangsröðun. Jafnframt ætti að styrkja samvinnu við alþjóðastofnanir til að tryggja samhæfða nálgun við að ná markmiðum þessarar reglugerðar.

9) Grípa ætti til aðgerða til að takast á við þær hagskýrslueyður sem eru hvað mest aðkallandi, auka tímanleika og styðja pólitískan forgang og samræmingu efnahagsstefnu yfir alla Evrópuönnina. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti einnig að veita nýjar fólksfjöldaspár í náinni samvinnu við hagstofur aðildarríkja, þ.m.t. að því er varðar straum innflytjenda, í því skyni að uppfæra greiningu á því hvaða áhrif hækkandi aldur þjóða hefur á félagsmál, efnahag og fjárlög og um efnahagslegan ójöfnuð.

10) Því ætti að styðja við skilvirka stefnumótun með tímanlegri birtingu vísa. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti, í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009, að tilkynna opinberlega um tímanleika, þ.m.t. ákvæðin um viðkomandi upplýsingar að því er varðar ófullnægjandi tímanleika sem gæti átt sér stað, sem þátt í gæðum hagskýrslna.

11) Þróa ætti enn frekar vistkerfisreikninga og hagskýrslur um loftslagsbreytingar sem byggjast á tilraunum, þ.m.t. þær sem varða loftslagsbreytingar og „fótspor“, með því að nota fyrirliggjandi gögn. Evrópska orkusambandið og loftslags- og orkuramminn 2030, sem stefna að því að gera efnahags- og orkukerfi Sambandsins samkeppnishæfara, skilvirkara, öruggara og sjálfbærra, mun krefjast nýrra hagskýrslna um orkunotkun, orkunýtni, endurnýjanlega orkugjafa, orkuhæði og afhendingaröryggi, ásamt nýjum hagskýrslum um hringlaga hagkerfið.

12) Vandaðar hagskýrslur sem voru þróaðar, teknar saman og þeim miðlað samkvæmt áætluninni, einkum hagskýrslur um nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarfsemi, félagslegar hagtölur, hagskýrslur um umhverfismál og einnig hagskýrslur um orku og flutninga, ættu að heimila eftirlit með almennum og sértækum markmiðum áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá 2030, sem sett verður á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna og leggja þannig sitt af mörkum til að þessi almennu og sértæku markmið náist.

13) Framþróun ætti að eiga sér stað í því að bæta eiginlegar og megindlegar upplýsingar, sem leggja af mörkum til að þjóðhagsreikningar verði tæmandi og greiða þannig fyrir betri áætlunum, og skattagöt og undanskot frá skatti.

14) Framlenging áætlunarinnar er tækifæri sem nota ætti til að breyta og endurspegla nýja stöðu mála, einkum í samræmi við sýn evrópska hagskýrslukerfisins fyrir árið 2020, til að bæta við fyrirliggjandi markmið, áframhaldandi forgangsröðun og tiltækileika gagna í því samhengi þar sem Sambandið þarf að bregðast við mikilvægum áskorunum að því er varðar efnahagsþróun og félagslega samheldni. Þetta ætti að tryggja áframhaldandi samvinnu milli

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 frá 15. janúar 2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013–2017 (Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12).

framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) og hagstofa aðildarríkja og ætti að tryggja reglulegar samræður við ráðgjafanefndina um evrópskar hagskýrslur sem komið var á með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 234/2008/EB ([1]). Þetta ætti einnig að tryggja samræmingu milli evrópska hagskýrslukerfisins og seðlabankakerfis Evrópu. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) ætti að fylgjast með reglufylgni aðildarríkjanna við meginreglur um evrópska hagskýrslugerð (reglur um starfsvenjur).

15) Einkum er mikilvægt að mæla svæði með háu hlutfalli atvinnuleysi, þ.m.t. atvinnuleysi meðal ungs fólks á landamærasvæðum.

16) Viðeigandi hækkun á fjárhagsáætlun vegna hagskýrslna á vettvangi Sambandsins ætti að styðja við breytingar á áætluninni og viðvarandi hagræðingu evrópska hagskýrslukerfisins með því að skapa umtalsverðan virðisauka og niðurstöður fyrir aukin gæði gagna með umfangsmiklum verkefnum, skipulögðum vogunaráhrifum og stærðarhagkvæmni sem gæti bætt hagskýrslukerfið á vettvangi aðildarríkja.

17) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma vegna framlengingar áætlunarinnar sem nær yfir tímabilið frá 2018 til 2020 og á að vera helsta viðmiðunarfjárhæðin við árlega fjárlagagerð Evrópuþingsins og ráðsins, í skilningi 17. liðar samstarfssamningsins milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2013 um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun ([2]).

18) Þegar framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) framlengir áætlunina ætti hún einkum að gefa gaum að afleiðingum þess að aðildarríki segir sig úr Sambandinu.

19) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að framlengja áætlunina svo hún nái yfir tímabilið frá 2018 til 2020, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

20) Drög að tillögum um framlengingu áætlunarinnar svo að hún nái yfir tímabilið frá 2018 til 2020, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 223/2009, hafa verið lögð fram fyrir nefndina um evrópska hagskýrslukerfið, ráðgjafanefndina um evrópskar hagskýrslur og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð til fyrirframskoðunar með ákvörðun ráðsins 2006/856/EB ([3]).

21) Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 99/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr.:

„Framlengja skal áætlunina svo að hún nái yfir tímabilið frá 2018–2020.“,

2) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er kveðið á um áætlunarramma fyrir þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna, höfuðsviðin og markmiðin með þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu 2013–2020, í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.“

([1]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 234/2008/EB frá 11. mars 2008 um stofnun ráðgjafanefndarinnar um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 91/116/EBE (Stjtíð. ESB L 73, 15.3.2008, bls. 13).

([2]) Stjtíð. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

([3]) Ákvörðun ráðsins 2006/856/EB frá 13. nóvember 2006 um að koma á fót hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (Stjtíð. ESB L 332, 30.11.2006, bls. 21).

3) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 7. gr.:

„Fjárhagsramminn vegna framkvæmdar áætlunarinnar fyrir tímabilið 2018–2020 skal vera 218,1 milljónir evra sem fellur undir áætlunartímabilið 2014–2020.“

4) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Árlegar vinnuáætlanir

Til að koma áætluninni í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin samþykkja árlegar vinnuáætlanir er skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009 og þar sem sett skulu fram markmiðin sem þær miða að og áætlaðar niðurstöður, í samræmi við almennu og sértæku markmiðin sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að viðeigandi áhersla sé lögð á aðgerðir sem miðast að því að efla reglufylgni við reglurnar um starfsvenjur. Senda skal hverja árlega vinnuáætlun til Evrópuþingsins í upplýsingaskyni.“

5) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins við framkvæmd starfsemi sem fjármögnuð er samkvæmt þessari reglugerð með því að beita forvarnarráðstöfunum gegn svikum, spillingu og öllu öðru ólöglegu athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarréttur Evrópusambandsins skulu hafa heimild til að láta fara fram athugun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk frá Sambandinu samkvæmt þessari áætlun.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 (*) og reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 (**), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu eða annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkákvörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt þessari áætlun.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfssamningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að framkvæma slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

5. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. þar sem framkvæmd aðgerðar er útvistuð eða öðrum veitt umboð þar að lútandi, að fullu eða að hluta til, eða þegar gera þarf innkaupasamning eða láta í té fjárstyrk til þriðja aðila skal samningur, styrktarsamningur eða ákvörðun um styrk innihalda skuldbindingu verktakans eða styrkþegans til að krefja hlutaðeigandi þriðju aðila um skilmerkilegt samþykki á yfirvaldi framkvæmdastjórnarinnar, endurskoðunarréttarins og Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

(**) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).“

6) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal leggja fram framvinduskýrslu um framkvæmd áætlunar nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið fyrir 31. desember 2019. Í þessari skýrslu skal ræða ítarlega um viðhorf framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) á horfum fyrir áætlunina innan fjárhagsramma til margra ára sem hefst 2021. Skýrsla þessi skal einnig lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Fyrir 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við nefnd evrópska hagskýrslukerfisins, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið lokamatsskýrslu um framkvæmd áætlunarinnar. Í skýrslunni skal einkum meta:

a) niðurstöðu endurforgangsröðunar og kostnaðarmats við hagskýrsluvörur,

b) aðgerðir sem evrópska hagskýrslukerfið grípur til í því skyni að draga úr framkvæmdar- og framleiðslukostnaði aðildarríkja og takmarka heildarbyrði sem hlýst af hagskýrsluverkefnum og sviðum sem áætlunin nær til,

c) framvindu þess að auðvelda aðgengi að opinberum hagskýrslum og gera þær notendavænni, þ.m.t. afhending gagna á vefsetri Hagstofu Evrópusambandsins og

d) framvindu þess að bæta tiltækileika gagna, þ.m.t. um starfsemi í félagslegu hagkerfi og um vísa í Evrópu 2020.“

7) Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. október 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	M. MAASIKAS
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 99/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar viðaukans komi eftirfarandi:

„Grunnvirki hagskýrslna og markmið evrópsku hagskýrsluáætlunarinnar 2013–2020“

2) Inngangínum er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta og annars liðar komi eftirfarandi:

„Framkvæmd á stefnu Sambandsins krefst vandaðra, samanburðarhæfra og áreiðanlegra tölfræðilegra upplýsinga um efnahagslega, félagslega, svæðisbundna og umhverfislega stöðu Sambandsins og hluta þess á lands- og svæðisvísu. Evrópskar hagskýrslur eru einnig ómissandi fyrir Sambandið, þar sem þær gera almenningi og evrópskum borgurum kleift að skilja og taka þátt í hinu lýðræðislega ferli og rökræðum um núverandi stöðu og framtíð Sambandsins.

Í áætluninni er látinn í té lagarammi um þróun, gerð og miðlun evrópskra hagskýrslna fyrir tímabilið frá 2013–2020.“

b) Í stað fjórða liðar komi eftirfarandi:

Hagskýrslur sem eru þróaðar, búnar til og þeim miðlað samkvæmt áætluninni stuðla að framkvæmd á stefnum Sambandsins, eins og þær koma fram í Sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og Evrópu 2020, og viðkomandi forystuverkefnum þess, ásamt öðrum stefnum sem settar eru fram í stefnumótandi forgangsverkefnum framkvæmdastjórnarinnar.“

3) Í kaflanum „Markmið“ komi eftirfarandi í stað markmiðs 1:

„— Markmið 1: að veita tölfræðilegar upplýsingar, tímanlega og á kostnaðarhagkvæman hátt, án óþarfa tvíverknaðar, til að styðja þróun, vöktun og mat á stefnum Sambandsins, sem endurspegla forgangsatriði á tilhlýðilegan hátt og halda um leið jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra, svæðisbundinnar og umhverfislegra sviða og þjóna þörfum hins breiða hóps notenda evrópskra hagskýrslna, þ.m.t. annarra sem taka ákvarðanir, vísindamanna, fyrirtækja og evrópskra borgara almennt.“

4) 1. hluta, Hagskýrslur, er breytt sem hér segir:

a) Í lið 1.1., Evrópa 2020, komi eftirfarandi í stað fyrsta liðar:

„Stuðningur við Evrópu 2020 hefur að miklu leyti mótað skipulagsáætlun fyrir stefnur Sambandsins og aðildarríkjanna á komandi árum. Innan þeirrar áætlunar hafa mörg markmið og framtaksverkefni sem evrópska hagskýrslukerfið hefur afhent hagvísa fyrir hlotið samþykki á fjölda sviða, eins og að bæta aðstæður til nýsköpunar, rannsóknir og þróunarstarfsemi; stuðla að mannsæmandi vinnu, stuðla að jafnrétti kynjanna; uppfylla markmið Sambandsins um loftslagsbreytingar og í orkumálum, auðlindanýtni; hækka menntunarstig, þ.m.t. draga úr brottfalli úr námi; auka starfstengt ævinám og hreyfanleika í námi; heilbrigði á efri árum og virk öldrun; stuðla að félagslegri aðlögun og að draga úr fátækt. Þörf er á kyngreindum hagskýrslum, eftir því sem við á, til að skilja hvað kynbundin mismunun felur í sér, þar sem athygli er beint að kynbundnu ofbeldi.“

b) Markmiði 1.1.1. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:

„Að veita vandaðar, tölfræðilegar upplýsingar, sem gera skal tiltækar tímanlega fyrir Evrópuönnina, til að fylgjast með framkvæmd Evrópu 2020. Nýir vísar skulu, að því marki sem hægt er, grundvallast á tiltækum hagskýrslugögnum.“

ii. Í stað fjórða undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:

„— vísum um atvinnumál, þar sem greint er á milli hlutastarfa og fullra starfa og á milli tímabundinnar ráðningar og varanlegrar ráðningar, sem og vísum um atvinnuleysi sem taka tillit til þeirra sem taka þátt í virkjandi úrræðum á borð við þjálfun. Vísar þessir ættu að fela í sér gögn um mismun kynjanna.“

c) Í markmiði 1.2.1. komi eftirfarandi í stað annars undirliðar í öðrum lið:

„— veita hagskýrsluupplýsingar sem nýtast við að efla samninginn um stöðugleika og vöxt sem sérstaklega miðar að gerð og afhendingu vandaðra hagskýrslna um halla og skuldir ríkissjóðs,

— veita hagskýrsluupplýsingar til að geta fylgst með efnahagslegum ójöfnuði á skilvirkan hátt,“

d) Markmiði 1.3.1. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:

„Að efla þá vísa og þær tölfræðilegu upplýsingar um hnattvæðingu efnahagslífsins og hnattrænar verðmætakeðjur sem þeir sem taka ákvarðanir í Sambandinu og almenningur hefur aðgang að. Þessar upplýsingar ættu að veita betri skilning á efnahags-, félags- og umhverfislegum áhrifum hnattvæðingar.“

ii. Í stað þriðja undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:

„— veita gögn sem greiða fyrir greiningu á jákvæðum og neikvæðum afleiðingum á markaðinn í Sambandinu, einkum vinnumarkaðinn í Sambandinu,

— greina hnattrænar verðmætakeðjur, mögulega með viðeigandi aðfanga-/afurðatöflum og hagskýrslum um utanríkisviðskipti og viðskipti, þ.m.t. tenging við einstaklingsbundin gögn; og samræmingu afurðar þessarar greiningar við alþjóðlegt framtaksverkefni um hagsmuni Sambandsins, og“

e) Í stað 2. liðar „Reikningsskilaumgjörð“, komi eftirfarandi:

„2. Reikningsskilaumgjörð

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 20. ágúst 2009, undir fyrirsögninni „Verg landsframleiðsla og fleira: Framfarir mældar í breytilegum heimi“ („Verg landsframleiðsla og fleira“), og birting Stiglitz-Sen-Fitoussi-skýrslunnar um mælingar á efnahagslegum árangri og félagslegum framförum, hafa hleypt nýjum krafti í lykilviðfangsefni evrópska hagskýrslukerfisins, þ.e. hvernig á að fá fram betri hagskýrslur um þverlæg málefni og samþættari hagskýrslur til að lýsa flóknum félagslegum, umhverfislegum og efnahagslegum fyrirbærum umfram hefðbundnar mælingar á fjárhagslegum afrakstri. Vinna við verga landsframleiðslu innan evrópska hagskýrslukerfisins beinir sjónum að þremur forgangssviðum: hagskýrslum um heimili og tölfræðilegum upplýsingum sem mæla dreifingu tekna, neyslu og auðæfa; mæla lífsgæði á margvíðan hátt og mæla umhverfislega sjálfbærni. Ný markmið sjálfbærrar þróunar á heimsvísu sem samþykkt voru 2015 veitir frekari hvata. Evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið (ESA) býður upp á samþættan og samræmdan ramma fyrir allar efnahagslegar hagskýrslur og við hann ætti að bæta öðrum vísum til að veita víðtækari upplýsingar fyrir stefnumörkun og ákvarðanatöku. Framkvæmd evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (ESA) 2010 til fulls, mun njóta stuðnings hefðbundins gæða- og reglufylgnismats þar sem tekið er tillit til áframhaldandi gildisloka á undanþágum fram til 2020 sem leiðir til frekari endurbóta í tímanleika og tiltækilega vísa.“

f) Í stað liðar 2.1.„Árangur á efnahagslegum og félagslegum sviðum“ komi eftirfarandi:

„2.1. Árangur á efnahagslegum og félagslegum sviðum

Efnahagskreppan hefur aukið þörfina á vönduðum þjóðhagslegum vísum í því skyni að skilja betur og greina efnahagslegar sveiflur og jafnframt betur skilið og greint þróun efnahagslegs ójöfnunar og áhrif hans á samfélagið og greiða þannig fyrir ákvarðanatökuferlinu. Sífellt hnattvæddari framleiðsla gerir það nauðsynlegt að þróa samræmdan ramma sem auðveldar túlkun og samþættingu hagskýrslna frá mismunandi svæðum.“

g) Í markmiði 2.1.1. er öðrum lið breytt eins og hér segir:

i. Í stað annars undirliðar komi eftirfarandi:

„— framleiða vísa um tekjur, neyslu- og auðdreifingu heimila, og afstemmingu lykilstærða þjóðhagsreikninga við könnunargögn um heimili eða stjórnsýslugögn.“

ii. Í stað fjórða undirliðar komi eftirfarandi:

„— styrkja tengsl við þjóðhagsreikninga á sviðum félagsverndar, heilbrigðis og menntunar,

— þróa ramma til að mæla lífsgæði styrkja sjónarmið heimila í þjóðhagsreikningum,

— þróa verga landsframleiðslu og fleira sem varðar vísa sem mæla umhverfislega sjálfbærni og ytri áhrif út frá sjónarmiði þjóðhagsreikninga.“

iii. Eftirfarandi undirliðir bætast við á eftir fimmta lið:

„— auka þróun á tímanlegum félagsvísum, þ.m.t. þróaðri tækni fyrir samtíðarspá og skyndimöt,

— stuðningur við alþjóðlega samnýtingu gagna fyrir þjóðhagsleg gögn til að minnka byrði framleiðendur gagna og bæta tiltækileika samanburðarhæfra og samræmdra gagna fyrir notendur,

— þróun og fínstilling samanlagðra vísa fyrir tekjur og þátta í ójöfnuði auðæfa,

— mæling og greining á kynbundnum ójöfnuði, þ.m.t. launabilið,“,

h) Í markmiði 2.1.2. komi eftirfarandi í stað síðasta undirliðar í öðrum lið:

„— hafa samræmdra hagskýrslur um húsnæðisverð aðgengilegar og framlengjanlegar fyrir öll aðildarríkin.“

i) Í stað annars liðar markmiðs 2.2.1 komi eftirfarandi:

„Markmiðið verður framkvæmt með því að:

— þróa frekar samræmt kerfi umhverfisreikninga sem „hliðarreikninga“ við aðalþjóðhagsreikningana, sem veitir upplýsingar um losun efna í andrúmsloftið, orkunotkun, flæði náttúruauðlinda, viðskipti með hráefni, umhverfisskatta og útgjöld til umhverfisverndar, mögulega að meðtöldum umhverfisvænum vexti eða innkaupum,

— þróa frekar tilraunakennda vistkerfisreikninga sem myndu heimila notkun fyrirliggjandi gagna, þ.m.t. þeirra sem stofnanir Sambandsins, aðilar, skrifstofur eða sérstofnanir taka saman sem hluta af langtíma framtaksverkefni um samræmingu gagna,

— þróa frekar betri notkun á fyrirliggjandi gagnasöfnum um tölfræðilegar upplýsingar sem varða loftslagsbreytingar og

— þróa frekar vísa sem mæla umhverfisleg „fótspor“ sem byggjast á fyrirliggjandi gögnum.“,

j) Markmiði 3.1.1. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:

„Að auka skilvirkni og árangur í hagskýrslugerðarferlinu. Núverandi löggjöf varðandi undirstöðu hagskýrslna um fyrirtæki þarf að einfalda í samræmi við áætlunina um bætta lagasetningu. Í þessu samhengi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til takmarkaðs fjármagns sem framleiðendur hafa tiltæk og heildarbyrði á svarendur í samræmi við reglubundna hreysti- og frammistöðuáætlun (e. *Regulatory Fitness and Performance Programme, REFIT*) framkvæmdastjórnarinnar. Að setja fram vandaðar hagskýrslur á lykilsviðum þar sem fyrirtæki eru í brennidepli, á borð við hagskýrslur um fyrirtæki, skammtímavísa, fjárfestingu þeirra í mannauði og færni, alþjóðleg viðskipti, hnattvæðingu, vöktun innri markaðarins, rannsóknir, þróun og nýsköpun og ferðaþjónustu. Beina skal sérstakri athygli að því að upplýsingar á sviði iðnaðar og þjónustu með mikinn virðisauka séu tiltækar, einkum í umhverfisvæna hagkerfinu, stafræna hagkerfinu, samvinnuhagkerfinu, og heilbrigðis-, mennta- og félagslega hagkerfinu.“

ii. Í stað fyrsta undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:

„— endurnota gögn sem til eru í hagskýrslukerfinu eða samfélaginu, koma á sameiginlegum lagagrundvelli fyrir hagskýrslur um fyrirtæki og framleiða sameiginlegt grunnvirki og sameiginleg tæki,

k) Markmiði 3.2.1. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:

„Að setja fram hagskýrslur á helstu sviðum félagsmálastefnu þar sem borgararnir eru í brennidepli, t.d. varðandi velsæld, sjálfbærni, félagslega samheldni, fátækt, ójöfnuð, lýðfræðileg viðfangsefni, einkum hækkandi aldur íbúa, fólksfækkun, dreifing og flutningar íbúa og fólksflutninga, vinnumarkaðinn, menntun og þjálfun, þ.m.t. menntun barna, fullorðinsfræðsla, starfsþjálfun og hreyfanleiki ungmenna vegna náms, menningar, líkamsrækt, lífsgæða, öryggis, heilbrigðis, fötlunar, neyslu, frjálsrar för og innri markaðarins, hreyfanleika ungmenna, tækninýjunga og nýrra lífstílsmöguleika. Þessar hagskýrslur skulu aðgreindar eftir kyni, eftir því sem við á, að því er varðar hópa sem eru sérstaklega áhugaverðir fyrir þá sem móta félagsmálastefnu. Forgangsverkefni skulu ákveðin í samræmi við 6. gr. Núverandi löggjöf varðandi undirstöðu félagslegra hagskýrslna þarf að einfalda í samræmi við áætlunina um bætta lagasetningu. Í þessu samhengi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til takmarkaðra tilfanga sem framleiðendur hafa aðgengi að og á heildarbyrði á svarendur í samræmi við reglubundna hreysti- og frammistöðuáætlun.“

ii. Í stað fjórða undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:

„— setja fram hagskýrslur um tekjuójöfnuð, með vísum eins og Gini-stuðlinum og þróun í að hæstu tíundarhlutar í tekjudreifingu láti í té samanburðarhæfan og landsbundinn vísi, ásamt gögnum um ójöfnuð í aðgangi að grunnvörum og þjónustu.“

iii. Í stað sjöunda undirliðar annars liðar komi eftirfarandi:

„— koma í framkvæmd aðgerðum í starfsáætlun um að samþætta hagskýrslur um fólksflutninga þar sem tekið er tillit til nýrra áskorana, einkum í þróun á alþjóðavettvangi,

— afhenda fólksfjöldaspár og uppfæra þær árlega,

— þróa yfirlitsvísa um stöðu farandfólks innan Sambandsins,

— auka samvinnu með sérstofnunum og stofnunum varðandi stöðu flóttafólks,

— þróa aðferðafræði um könnun að eigin frumkvæði á kynbundnu ofbeldi, í samvinnu við evrópskar stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanirsem starfa á þessu sviði,

— koma á sameiginlegum lagagrundvelli fyrir hagskýrslur um félagsmál og framleiða sameiginlegt grunnvirki og sameiginleg tæki.“

l) Í lið 3.3. „Landfræðilegar hagskýrslur og hagskýrslur um umhverfismál, landbúnað og aðra geira“, komi eftirfarandi í stað þriðja liðar:

„Landbúnaður verður áfram mikilvægur málaflokkur í Sambandinu. Sameiginlega landbúnaðarstefnan undirstrikar þörfina fyrir fæðuframleiðslu, sjálfbæra stjórnun náttúruauðlinda og aðgerðir í loftslagsmálum og jafna svæðisbundna þróun, sem eru meginmarkmið þeirrar stefnu. Áhersla verður lögð á þætti sem tengjast umhverfismálum, líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfinu, efnahagsmálum, heilbrigði manna og öryggi og félagsmálum.“,

m) Markmiði 3.3.1. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:

„Að styðja gagnreynda stefnumótun með enn sveigjanlegri og meiri notkun landupplýsinga í tengslum við félagslegar, svæðisbundnar, efnahagslegar og umhverfislegar tölfræðilegar upplýsingar um svæði, svæðisbundnar gerðaflokkanir, borgir og stig þéttbýlismyndunar.“

ii. Eftirfarandi undirliðir bætast við annan lið:

„— innleiða notkun á hagskýrslum um landnotkun og landþekju,

— samræma hagskýrslur fyrir svæði, borgir og svæðisbundnar gerðaflokkanir.“

n) Markmiði 3.3.3. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liður bætist við á eftir fyrsta lið:

„Í samræmi við forganginn sem ‚Evrópska orkusambandið‘ nýtur hjá framkvæmdastjórninni og, er að því marki sem unnt er grundvallað á fyrirliggjandi gögnum, verður sérstakri athygli beint að hagskýrslum sem varða orkunotkun, orkunýtni, endurnýjanlega orkugjafa, orkuhæði, þætti í orkufátækt og afhendingaröryggi og hringlaga hagkerfið. Enn fremur munu hagskýrslur um orkumál þurfa að styðja loftslags- og orkurammann 2030 sem stefnir að því að gera efnahags- og orkukerfi Sambandsins samkeppnishæfara, öruggara og sjálfbærra.“

ii. Eftirfarandi undirliður bætist við annan lið:

„— orkuhæði og afhendingaröryggi.“

o) Markmiði 3.3.4. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta liðar komi eftirfarandi:

„Að setja fram hagskýrslur um landbúnað, sjávarútveg og skógrækt til að þróa og vakta sameiginlegu landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnurnar, sem endurspegla lykilskipulagsmarkmið Sambandsins í tengslum við sjálfbærni, sem og dreifbýlisþróun með því að framkvæma reglulega aðgerðir sem tengjast þróun, gerð og miðlun hagskýrslna. Núverandi löggjöf varðandi hagskýrslna um landbúnað þarf að einfalda í samræmi við áætlunina um bætta lagasetningu. Í þessu samhengi ætti að taka tilhlýðilegt tillit til takmarkaðra tilfanga sem framleiðendur hafa aðgengi að og á heildarbyrði á svarendur í samræmi við reglubundna hreysti- og frammistöðuáætlun.“

ii. Eftirfarandi undirliðir bætast við annan lið:

„— undirbúa og framkvæma landbúnaðarkönnunina sem áætlað er að fari fram 2020,

— koma á sameiginlegum lagagrundvelli fyrir hagskýrslur um landbúnaðartengd málefni og framleiða sameiginlegt grunnvirki og sameiginleg tæki.“

5) Í II. hluta er, „Aðferðir við gerð evrópskra hagskýrslna“, breytt eins og hér segir:

a) Í stað inngangsliðar komi eftirfarandi:

„Evrópska hagskýrslukerfið fæst um þessar mundir við nokkrar áskoranir. Væntingar um gildissvið, gæði og sambærileika evrópskra hagskýrslna fara vaxandi. Með hnattvæðingu hefur flókinn veruleiki komið í ljós og verður að takast að færa hann inn í opinberar hagskýrslur og sem vekur upp aðferðafræðilegar áskoranir. Síaukið framboð gagna frá einkaaðilum og hinu opinbera býður upp á möguleika til að bæta tímanleika og mikilvægi opinberra hagskýrslna ásamt því að draga úr svarbyrði. Evrópska hagskýrslukerfið mun, í því skyni að takast á við þessar áskoranir á sama tíma og glímt er við takmarkanir á tilföngum, framkvæma í áföngum stefnumótandi markmið sem skilgreind eru í Framtíðarsýn evrópska hagskýrslukerfisins 2020 og byggja það á heildrænni nálgun til að bæta gæði og skilvirkni við að:

— taka virkan þátt í reglulegu samtali við notendur til að skilja þörf þeirra enn nánar og viðurkenna að ólíkir notendahópar hafa mismunandi þarfir sem þarf að fjalla um á réttan hátt,

— láta í té hágæðavörur og -þjónustu og bæta gæðanálgun á stjórnun, skipulagi og stjórnarhætti evrópska hagskýrslukerfisins,

— grundvalla hagskýrsluvörur og -þjónustu á bæði hefðbundnum könnunum og öðrum tilföngum, þ.m.t. stjórnsýslugögnum, landfræðilegum gögnum og, þegar hægt er, stórgögnum,

— fá aðgang að nýjum gagnalindum, búa til aðferðir og finna viðeigandi tækni til að nota slíkar gagnalindir til að taka saman evrópskar hagskýrslur á áreiðanlegan hátt,

— bæta skilvirkni í gerð hagskýrslna með því að efla miðlun þekkingar, reynslu og aðferðafræði en einnig með því að miðla úrræðum, gögnum, þjónustu og tilföngum þegar það er viðeigandi og tilhlýðilega réttlætanlegt. Samstarfið mun byggjast á viðurkenndum stöðlum og sameiginlegum þáttum í tæknilegu- og tölfræðilegu grunnvirki,

— til að framkvæma miðlunar- og samskiptaáætlun fyrir evrópskar hagskýrslur sem er nógu sveigjanleg til að laga sig að nýtilkominni tækni, veitir leiðbeiningar í heimi gagnabyltingar og gegnir hlutverki sem áreiðanleg undirstaða lýðræðis.“

b) Í markmiði 1.1. komi eftirfarandi í stað fyrsta undirliðar í þriðja lið:

„— taka upp nýtt samþætt, skilvirkt og nothæft gæðatryggingakerfi sem byggt er á reglum um starfsvenjur og gæðatryggingaramma evrópska hagskýrslukerfisins,

— meta reglufylgni við reglurnar um starfsvenjur.“

c) Markmiði 4.1. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liður bætist við á undan fyrsta lið:

„Ríkisborgarar í Evrópu ættu að geta skilið evrópskar hagskýrslur auðveldlega og án hindrana til að hjálpa þeim að nota slík gögn við fræðslu sína og ákvarðanatöku. Markmið þetta verður framkvæmt með því að auka notendavænleika evrópskra hagskýrslna og greiða fyrir aðgengi að gögnum. Beina skal sérstakri athygli að auðvelda endurheimtanleika og breytanleika tölfræðilegra gagna til hagnýtrar notkunar, þ.m.t. með línuritum og kortum. Fleiri ríkisborgarar ættu að njóta hagræðis af evrópskum hagskýrslum og leggja því á skilvirkan hátt af mörkum til að auka miðlum tölfræðilegra upplýsingar um allt samfélagið.“

ii. Eftirfarandi undirliður bætist við fimmta lið:

„— greina gagnakröfur, bæði núverandi og framtíðar, til að veita fjölnota og sérstaklega sniðnar vörur og þjónustu fyrir endanlegan notanda.“

d) Í markmiði 5.1. er eftirfarandi undirlið bætt við eftir þriðja undirlið í fjórða lið:

„— greina þörf á nýrri færni sem tengist gagnavísindum og samþættingu þeirra við námsáætlanir.“

6) Í III. hluta. „Samvinna“, er eftirfarandi undirliðum bætt við eftir fjórða undirlið annars liðar í markmiði 1.4:

„— auka vitundarvakningu ríkisborgara í Evrópu um mikilvægi opinberra hagskýrslna og samskipta við alla hagsmunaaðila með því að fagna evrópska hagskýrsludeginum hinn 20. október á hverju ári,

— miðla viðkomandi tölfræðilegum gögnum til að styðja evrópsku nágrannastefnuna og viðeigandi samstarfssamninga,

— stuðla að evrópskum gildum og framtaksverkefnum eins og bestu starfsvenjum, gæðatryggingarramma evrópska hagskýrslukerfisins og stöðlun og samræmingu nálgunar við þriðju lönd og svæði“.

_____